Myndir ársins 2008

Ljósmyndarar Fréttablaðsins eiga fjölmargar myndir á sýningu Blaðaljósmyndarafélagsins á myndum ársins 2008.

LJÓSMYNDSÝNING 24

INDVERSK EXÓTÍK Í PARÍS

TÍSKA 50

Mín Borg
ferðablað Icelandair fylgir með Fréttablaðinu í dag.
GEYMIÐ BLAÐIÐ
ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

HELGARÚTGÁFA

14. mars 2009 — 64. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

HELGARVIÐTAL 22

Nína Dögg og flakk hennar um heiminn

FÓLK 36

Lesið í augu frægra Íslendinga

MATUR 6

Lystugir réttir á Nítjándu og Vox

TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG

Tóku stjarnfræðilega há lán

Sölumenn bankanna ferðuðust um landið til að bjóða smábátasjómönnum kvótalán. Dæmi um stjarnfræðilegar lánsupphæðir miðað við umfang fyrirtækja. Nýju bankarnir frystu kvótalánin í nóvember.

SJÁVARÚTVEGUR Eigendur öflugra smábáta tóku erlend lán til kvótakaupa upp á tugi og hundruð milljóna í sumum tilvikum. Sölumenn gömlu viðskiptabankanna ferðuðust um landið til að bjóða kvótalánin og lánsupphæðum voru lítil takmörk sett.

„Þetta sveiflast frá því að vera eðlileg skuldsetning upp í stjarnfræðilegar upphæðir miðað við umfang fyrirtækisins," segir Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda (LS). Flestir ef ekki allir smábátaeigendur hafa látið frysta kvótalán sín í eitt til tvö ár. „Meirihluti smábátaeigenda er í ágætis málum. Þeir sem eru einir á handfæra- eða línuveiðum hafa ekki verið að kaupa mikinn kvóta. En þeir sem gera út öflugri bátana hafa tekið lán sem hlaupa á hundruðum milljóna," segir Arthur. „Fjölmargir skulda engum neitt, og það skal haft hugfast í umræðu um útgerð í landinu. Hins vegar er staða margra grafalvarleg, það er rétt."

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri LS, telur næsta víst að allir sem hafa tekið lán til kvótakaupa hafi nýtt sér möguleikann á að frysta lánin í eitt til tvö ár. „Menn hafa því getað plummað sig en staðan er mjög erfið, sérstaklega eftir að fiskverð lækkaði eins mikið og raun ber vitni. Kvótinn var keyptur þegar verð var afar hátt en bankarnir mátu það sem svo að innistæða væri fyrir því. Þess vegna var afar auðvelt að fá lán til kvótakaupa."

Fréttablaðið greindi frá því í vikunni að starfsmenn bankanna ferðuðust um sveitir landsins til að bjóða lán til kaupa á mjólkurkvóta. „Þetta er nákvæmlega sama og gert var við smábátaeigendur," segir Arthur.

Vilhjálmur Bjarnason, formaður Samtaka fjárfesta, segir að ekki megi velta allri ábyrgðinni á bankana. „Það var val einstaklinganna að þiggja gylliboðin." - shá

HANAR OG HAGLEIKSSMIÐIR Í ÁSGARÐI Viðurinn tekur á sig ýmsar myndir á handverkstæðinu í Ásgarði. Hagleikssmiðirnir voru líka stoltir þegar þeir sýndu blaðamanni og ljósmyndara inn í braggann í Mosfellsbænum þar sem verkstæðið er til húsa. Ásgarður hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins nú á dögunum. Sjá síðu 30 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Byr tapar 29 milljörðum:

Sækir um fé frá stjórnvöldum

VIÐSKIPTI „Þetta eru mikil vonbrigði," segir Ragnar Z. Guðjónsson, sparisjóðsstjóri Byrs, en bankinn tapaði tæpum 29 milljörðum króna á síðasta ári.

RAGNAR Z. GUÐJÓNSSON

Ragnar segir afkomuna í takt við áfallið sem dunið hafi á landsmenn í fyrra en bankinn færir niður 29 milljarða króna af útlánum og viðskiptavild í varúðarskyni. Þá bætist við tap upp á tíu milljarða króna vegna hlutdeildarfélaga.

Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins hrundi úr 40 prósentum í hittiðfyrra í 8,3 prósent í lok síðasta árs. Sparisjóðurinn ætlar að sækja um framlag frá stjórnvöldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði í næstu viku.

- jab / Sjá síðu 12

Búdapest
23. apríl

Ótrúlegt sértilboð!
Þriggja nátta helgarferð
frá 49.990
Flug og gisting

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Heimsferðir
www.heimsferdir.is

Sigríði Á. Andersen
í eitt af 4 efstu sætunum
Tökum þátt í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík í dag

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
24 Hagkaup
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SPURNING DAGSINS

Lárus, ætlarðu að breyta nemendunum í grautarhausa?

„Nei, en ég vona að grauturinn geri þeim gott."

Nemendur Menntaskólans við Hamrahlíð eiga kost á ókeypis hafragraut alla morgna nema á mánudögum fram á vor. Lárus H. Bjarnason er rektor skólans.

Bílgreinasambandið segir seinagang í kerfinu hafa hamlað bílasölu:

Sárafáir bílar seldir úr landi

VIÐSKIPTI Lagabreyting til að liðka fyrir að notaðir bílar yrðu seldir úr landi hefur skilað litlu frá því hún var samþykkt 11. desember síðastliðinn. Aðeins 73 bílar hafa verið seldir úr landi og 98 umsóknir bíða afgreiðslu. Alls hafa borist 190 umsóknir en nítján hefur verið hafnað. Þetta er aðeins brotabrot af því sem menn gerðu sér vonir um, en talið var raunhæft að gjaldeyristekjur af slíkum útflutningi gæti numið um milljörðum króna. Ástæðan gerðu ráð fyrir að seldir yrðu að minnsta kosti 5.000 bílar úr landi.

Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, segir

BÍLAFLOTI Erlendir bílasalar segja hik stjórnvalda hafa komið í veg fyrir útflutning á bílum sem skila áttu miklum gjaldeyristekjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

að tækifærið hafi runnið mönnum úr greipum vegna seinagangs í kerfinu. „Við fórum af stað fljótlega upp úr bankahruninu og lögðum fram tillögur við fjármálaráðuneytið. Þegar stjórnkerfið var búið að fara höndum um þetta voru menn fallnir á tíma. Til viðbótar var sett tveggja milljóna króna þak á samanlagða endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts á hvern bíl. Þetta gerði það að verkum að dýru bílarnir fara ekkert úr landi. Þetta missti því gjörsamlega marks.

Mikill áhugi var á meðal útlendra bílasala, sem flykktust til landsins eftir bankahrunið vegna hugsanlegra viðskipta. Fulltrúar fyrirtækja frá Þýskalandi og Danmörku hugðust kaupa „heilu bílaflotana", eins og Özur orðar það. - shá

Snjóflóðahætta í Bolungarvík:

Þriðja húsrýmingin á mánuði

VEÐUR Fólk í fjórum húsum í Bolungarvík var beðið um að rýma hús sín fyrir miðnætti í gær vegna snjóflóðahættu. „Við kippum okkur ekkert upp við þetta, ef við erum beðin að fara út þá förum við út," sagði Þorkell Már Þrándarson, einn íbúanna sem varð að yfirgefa hús sitt. Það er í þriðja sinn á einum mánuði sem hann hefur þurft að gera svo. „Bærinn finnur fyrir okkur íbúð," segir hann þegar hann var spurður hvar hann muni halla höfði.

Lögreglan á Vestfjörðum segir að um tíu til tólf manns hafi þurft að yfirgefa hús sín. - jse

Viðskiptaráðherra:

FME má greina frá launum skilanefnda

STJÓRNSÝSLA Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segist ekki mótfallinn því að stjórn Fjármálaeftirlitsins gefi upp hver séu laun skilanefnda bankanna.

Hann hafi ekki nákvæma tölu yfir þau, en honum skiljist að þau séu úr takti við eðlileg laun fyrir ábyrgðarstörf hjá hinu opinbera. Ráðherra hefur mælt fyrir lagafrumvarpi, en samkvæmt því yrðu launin greidd af þrotabúum bankanna en ekki af ríkinu.

Gunnar Haraldsson, stjórnarformaður FME, segist hafa fundað um þetta í gær. Ákvörðun komi fljótlega. Spurður vill hann ekki segja hvort til standi að gefa launin upp nákvæmlega, og vísar til þess að gott verði að sjá fyrst hvað komi út úr frumvarpi ráðherra. - kóþ

Skotárásin í Þýskalandi:

Netspjall hugsanlega falsað

ÞÝSKALAND, AP Lögreglan í Þýskalandi leitaði í gær samstarfs við lögregluyfirvöld í Bandaríkjunum til að fá úr því skorið hvort netspjall, sem virtist mikilvæg heimild um aðdraganda skotárásarinnar í gagnfræðaskóla í Winnenden á miðvikudag, væri gabb.

Talsmenn þýsku lögreglunnar segjast nú vera mjög efins um sannleiksgildi afritsins af netspjallinu, sem virtist hafa átt sér stað milli hins sautján ára Tims Kretschmer og spjallfélaga á netinu sex klukkustundum áður en Kretschmer hóf skothríðina sem varð sextán manns að bana.

Netþjónninn sem þjónustar netspjallsgátt þá sem um ræðir er í Bandaríkjunum og því þarf aðkomu yfirvalda þar í landi. - aa

Ríkissaksóknari stöðvar efnahagsbrotadeild

Saksóknari efnahagsbrota vildi ákæra Jón Ólafsson athafnamann aftur fyrir skattalagabrot, en málinu hafði áður verið vísað frá. „Dómstólar hafa gert allt sem þeir geta til að fjalla ekki efnislega um málið," segir saksóknari efnahagsbrota.

DÓMSMÁL Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari leggst gegn því að saksóknari efnahagsbrota hjá ríkislögreglustjóra, Helgi Magnús Gunnarsson, leggi fram ákæru á nýjan leik á hendur Jóni Ólafssyni athafnamanni og félögum.

Málið snýst um skattalagabrot vegna skattskila mannanna og skattskila fyrirtækjanna Norðurljósa, Skífunnar og Íslenska útvarpsfélagsins, sem höfðu verið rannsökuð í rúm sjö ár. Jóni var gefið að sök að hafa svikið undan skatti 360 milljónir króna.

Í úrskurði héraðsdóms frá 17. desember var vísað til þess að ríkisskattstjóri hefði þegar sektað mennina fyrir brotin. Af þeim sökum mætti ekki refsa þeim aftur og málinu var því vísað frá.

Saksóknari efnahagsbrota fór þá með málið fyrir Hæstarétt, sem vísaði því einnig frá, en í þetta sinn vegna formgalla. Saksóknari efnahagsbrota sótti um leyfi til að kæra málið að nýju, en því var hafnað 5. mars síðastliðinn.

Í bréfi ríkissaksóknara til saksóknara efnahagsbrota er farið yfir lög sem banna meðal annars að kæra tvisvar sama málið til sama dómstóls. Einnig segir ríkis-saksóknari að ný ákæra í sama máli myndi reyna á sömu efnisatriði og þegar hefur verið úrskurðað um. Málinu sé því lokið.

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota, segir að rök ríkislögreglustjóra séu gild, því ekki séu fordæmi fyrir annars konar málsmeðferð.

„Héraðsdómurinn stendur og við skulum vona hans vegna að hann hafi verið réttur. Þeir og aðrir dómstólar hafa gert allt sem þeir geta til að fjalla ekki efnislega um málið, en það er svo sem ekki nýtt í efnahagsbrotamálum," segir hann: „Ég vildi bara að þeir gerðu það sem þeir eiga að gera; að skera úr í svona málum."

Það verði skemmtilegt eða hitt þó heldur fyrir sérstakan saksóknara bankahrunsins að mæta þessu viðmóti hjá dómstólum: þegar mál séu af ákveðinni stærðargráðu sé dómaframkvæmdum breytt.

„Við sáum þetta í Baugsmálinu, við sáum þetta í olíumálinu og við sjáum þetta í þessu máli. Svo er sagt að dómstólar hafi alltaf rétt fyrir sér," segir Helgi Magnús.

klemens@frettabladid.is

SKATTAMÁLIÐ STOPPAÐ Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari sér ekki að Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota, geti gengið lengra í skattamálinu gegn Jóni Ólafssyni athafnamanni.

HAMFARIR Rústir nokkurra húsanna í flæðarmálinu en þangað svipti aurskriðan þeim í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Aurskriða í Mið-Noregi:

Nokkur hús í sjóinn í Namsós

NOREGUR, AP Aurskriða lenti á nokkrum íbúðarhúsum í bænum Namsós í Norður-Þrændalögum í Mið-Noregi í gær, með þeim afleiðingum að húsin steyptust bókstaflega í sjó fram. Engar fregnir voru af manntjóni.

Marit Dahl, talsmaður lögreglunnar í Norður-Þrændalögum, sagði sjö manns hafa verið bjargað af hamfarasvæðinu og svo virtist sem enginn þeirra væri alvarlega slasaður. Björgunarsveitir og -þyrlur könnuðu hvort fleiri væru í rústunum. Vegagerð er í gangi í grennd við skriðustaðinn, sem kann að skýra hvað kom henni af stað. - aa

Kannabisplöntur á Arnarnesi:

Lögreglan tók 100 plöntur

VÍMUEFNI Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitaði í húsi á Arnarnesinu í gær og fann eitt hundrað kannabisplöntur í ræktun. Maður var handtekinn og yfirheyrður. Lögreglan fór einnig í hús í Kópavogi og fann þar tvö hundruð grömm af kannabisefnum í söluumbúðum.

Síðustu daga hafa laganna þjónar gert upptækar hátt í þúsund plöntur í fjórum húsleitum. Fimm hafa verið handteknir og síðan verið sleppt. Vísbendingar munu hafa gefist um að málin tengist öll. - kóþ

Brotist inn í nepalskan veitingastað örfáum dögum fyrir opnun:

Bjóst ekki við þessu á Íslandi

LÖGREGLUMÁL „Þetta er mikið áfall. Ég bjóst aldrei við að þetta myndi gerast hér á Íslandi," segir Deepak Panday, eigandi nepalska veitingastaðarins Eldhússins við Laugaveg, sem hefur starfsemi sína á þriðjudaginn næsta. Brotist var inn í húsnæði staðarins í fyrrinótt.

Panday, sem er frá Nepal en hefur búið á Íslandi í átta mánuði, segir staðinn hafa verið tilbúinn undir opnunina á þriðjudaginn fyrir innbrotið. „Þessir innbrotsþjófar voru mjög faglegir og brutu engar rúður heldur spenntu einfaldlega upp hurðina og tóku sér góðan tíma í það sem þeir ætluðu sér að gera. Þeir tóku öll glösin, allt áfengið af barnum, glænýja kaffivél, tvo flatskjái og fartölvuna mína, svo eitthvað sé nefnt. Þeir hafa augljóslega verið vel búnir því flatskjáirnir héngu

ÁFALL Deepak Panday, eigandi Eldhússins við Laugaveg, segir greinilegt að þjófarnir hafi verið vel búnir og tekið sér nægan tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

neðan úr loftinu, en þjófunum tókst að skrúfa þá niður."

Panday segist ætla að gera allt sem í hans valdi standi til að hefja rekstur Eldhússins á þriðjudag eins og ætlunin var. Sem betur fer sé staðurinn tryggður og skaðinn verði því vonandi ekki of mikill. „Lögreglan kom hingað og leitaði að fingraförum og slíku. Þeir lofuðu að láta mig vita ef þeir yrðu einhvers vísari, og ég vona bara að það verði sem fyrst," segir Deepak Panday. - kg

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.is • SÍA

GENGIÐ 13.03.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	112,33	112,87
Sterlingspund	157,53	158,29
Evra	144,76	145,58
Dönsk króna	19,418	19,532
Norsk króna	16,415	16,511
Sænsk króna	13,09	13,166
Japanskt jen	1,1441	1,1507
SDR	165,56	166,54

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 177,8586

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn um framsóknarniðurfellingu skulda:

Slæmur valkostur sem enginn velur

EFNAHAGSMÁL „Niðurstaðan væri að þið mynduð enda með eitthvað sem yrði mjög dýrt fyrir ríkisstjórnina, en ná litlum árangri," sagði Mark Flanagan, yfirmaður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á Íslandi, um efnahagstillögu Framsóknarflokks um flatan tuttugu prósenta niðurskurð á skuldum.

Spurður hvort slík niðurfelling skulda væri möguleg sagði Flanagan: „Í stuttu máli, nei. Það væri mjög vond stefnuákvörðun og ég held hún yrði ekki tekin." Hann sagði að þeir sem ekki þyrftu á því að halda myndu hagnast verulega á þessari leið, en þeir sem þyrftu á aðstoð að halda fengju hana ekki. „Byggt á þeirri greiningu [á skuldum og skuldurum] sem Seðlabankinn hefur gert, tel ég að enginn færi þessa leið."

Aðspurður sagðist Flanagan ekki hafa áhyggjur af því að kosningar og pólitískur órói myndi hafa áhrif á samstarf AGS og Íslands, þó að einhver seinkun yrði.

FORYSTUMENN FRAMSÓKNAR Tillaga flokksins um tuttugu prósenta niðurfelling skulda er ekki möguleg að mati AGS. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áfram myndi AGS styðja ný stjórnvöld til góðra verka. Þá fylgi kosningum ávallt kosningaloforð og það væri rúm til nýrra útgjalda, ef sparnaður í ríkisfjármálum kæmi á móti. „Ég tel að það sé nokkuð góð samstaða um góðar stefnur," sagði Flanagan. - ss

Ófriður á Norður-Írlandi:

Leiðtogar á Írlandi sameinast

BELFAST, AP Lögreglumenn og stjórnmálamenn víðs vegar að af Írlandi söfnuðust saman í bænum Banbridge, suðvestur af Belfast á Norður-Írlandi, í gær til að vera viðstaddir jarðarför lögreglumanns sem var myrtur á mánudagskvöld.

Klofningshópur úr írska lýðveldishernum hefur lýst morðinu á lögreglumanninum Stephen Carroll á hendur sér. Pólitískir leiðtogar á Írlandi hafa sameinast í fordæmingu á ódæðinu. Í fyrsta sinn í sögunni sendi stjórnmálaflokkurinn Sinn Fein, sem hefur verið tengdur írska lýðveldishernum, fulltrúa sinn í jarðarför lögreglumanns. - kg

Alþingiskosningar:

Listarnir skýrast um helgina

STJÓRNMÁL Fjöldi prófkjara og forvala fer fram um helgina og munu efstu sæti á framboðslistum Samfylkingar, Vinstri grænna og Framsóknar liggja fyrir í öllum kjördæmum eftir helgi.

Sjálfstæðismenn munu þá aðeins eiga eftir að ganga frá efstu sætum á sínum lista í Norðvesturkjördæmi. Um helgina fer einnig fram landsþing Frjálslynda flokksins þar sem kosið verður um formann flokksins. - jse

PRÓFKJÖR OG FORVAL UM HELGINA

Sjálfstæðisflokkurinn
Reykjavík, Suðvestur, Suður, Norðaustur

Samfylkingin
Reykjavík, Suðvestur

Vinstrihreyfingin grænt framboð
Suðvestur, Norðvestur (kjördæmisráðsfundur

Framsóknarflokkurinn
Norðaustur, Norðvestur*

*fór fram í gær og úrslit kynnt í dag

LEIÐRÉTTING

Missagt var í dálkinum Frá degi til dags í gær að frambjóðandi Vinstri grænna hefði sagt í þættinum Krossgötum á Rás 1 að frambjóðendur í prófkjörum þyrftu að vaða blóð upp að mitti til að ná árangri. Rétt er að það var Auður Styrkársdóttir stjórnmálafræðingur sem lét þessi orð falla í þættinum.

Í myndatexta með frétt um geymslumál safna og Íslenskrar tónverkamiðstöðvar í gær var sagt að starfsmenn ÍT væru að pakka niður handritum. Það er rangt. Á myndinni eru Brynja Guðmundsdóttir eigandi og Gunnhildur Manfreðsdóttir, starfsmaður Gagnavörslunar ehf., sem önnuðust frágang handritanna.

Horfur í efnahagslífi gætu batnað í árslok

Fulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins segir hægt að lækka stýrivexti, en ekki leggja af gjaldeyrishöft. Framfarir í endurreisn bankanna séu nauðsynlegar. Efnahagslífið gæti snúist til betri vegar síðar á þessu ári. Meira atvinnuleysi en spáð var.

EFNAHAGSMÁL „Þróun efnahagslífsins hefur, í grófum dráttum séð, fylgt því sem við spáðum í upphafi samstarfsins," sagði Mark Flanagan, yfirmaður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) hér á Íslandi, á fundi með blaðamönnum í gær. „Við vonum enn að efnahagslífið muni snúast til betri vegar síðar á þessu ári. Fyrir því eru nokkur jákvæð merki. Verðbólgan hefur náð hámarki og krónan hefur verið stöðug í nokkurn tíma."

AGS spáir nú aðeins meiri samdrætti í þjóðarframleiðslu en við upphaf samstarfsins, eða 10 til 10,5 prósenta samdrætti í stað 9,6. Þá er aðeins meira atvinnuleysi nú spáð, eða átta til tíu prósent, í stað 5,7 prósenta. „Það gæti náð hámarki seint á þessu ári eða snemma á því næsta," sagði Flanagan.

Fundurinn var haldinn í tilefni af því að sendinefndin, sem hingað kom fyrir fyrstu endurskoðun lánasamnings Íslands og AGS, var að halda af landi brott eftir um tveggja vikna dvöl.

Endurskoðuninni hefur ekki verið lokið, þar sem ekki er komin niðurstaða um tæknileg útfærsluatriði, en Flanagan sagði að henni ætti að ljúka fljótlega, vonandi á næstu vikum. Eftir að endurskoðuninni lýkur mun skýrsla sendinefndarinnar vera lögð fyrir framkvæmdastjórn AGS og verði hún samþykkt mun sjóðurinn greiða út annan hluta lánsins.

„Í endurskoðun fjármálakerfisins verðum við að sjá framfarir," sagði Flanagan. Hann sagði virkt bankakerfi eina af forsendum þess að hægt væri að losa um gjaldeyrishöftin. Til að bankakerfið verði aftur virkt þyrfti að endurfjármagna bankana, en það væri ekki nóg því ýmis atriði í efnahagsreikningi þeirra þyrfti að laga. Þá myndi vinnu sjóðsins um ráðleggingar hvað varðar reglugerðir og eftirlit með bankakerfinu ljúka nú í lok mánaðar. „Ég geri ráð fyrir að þar verði að finna ráðleggingar sem verða ræddar á næstu mánuðum," sagði Flanagan. Hann sagðist virkilega vona að bankakerfið yrði aftur komið í lag um mitt þetta ár.

Þrátt fyrir að ekki væru heppilegar aðstæður nú til að losa um gjaldeyrishöftin, meðal annars vegna ástandsins á alþjóðavísu, sagði hann að rúm væri fyrir stýrivaxtalækkanir, en það væri Seðlabankans og peningastefnunefndar að ákveða slíkt.

svanborg@frettabladid.is

MARK FLANAGAN Segir rúm til að lækka nú stýrivexti, ákveði Seðlabankinn það. Losun fjármálahafta sé þó ekki raunhæf sem stendur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Í endurskoðun fjármálakerfisins verðum við að sjá framfarir.
>
> **MARK FLANAGAN**
> ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐNUM

Alþýðusamband Íslands:

Góð tíðindi en meira þarf til

EFNAHAGSMÁL „Þetta voru jákvæðir punktar sem þarna komu fram en þetta er þó nóg til að fleyta okkur í gegnum þetta," segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. „Gjaldeyrissjóðurinn er í raun að lýsa því yfir að hann telji allar forsendur vera fyrir því að lækka vexti. Við höfum verið þeirrar skoðunar nokkuð lengi. En við teljum einnig að leiðin til að skapa traust sé að gefa út að stjórnvöld hyggist sækja um aðild að Evrópusambandinu og taka upp evruna." - jse

GYLFI ARNBJÖRNSSON

Samtök atvinnulífsins:

Vilja stýrivexti í 10 prósent

EFNAHAGSMÁL „Við teljum að forsendur séu fyrir því að lækka stýrivexti niður í 10 prósent svo okkur þykir það heldur lítil lækkun sem þarna um ræðir," segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, um málflutning Marks Flanagan, fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Og þó hann hafi sagt að afnám gjaldeyrishafta væru í sjónmáli vill Vilhjálmur aðhafast strax í þeim efnum. „Okkur hefur alltaf þótt þessi höft vera of víðtæk og hefðum heldur kosið að þau tækju einungis til þeirra útlendinga sem eiga skuldabréf í íslenskum krónum." - jse

VILHJÁLMUR EGILSSON

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

DAGURINN Í DAG

Eins og fram kemur á forsíðu er víða stormur á landinu núna í morgunsárið, síst þó á Austurlandi. Vindur gengur víðast niður eftir hádegi en vex þó að nýju sunnan til seint í dag. Þá er mjög myndarlegt úrkomusvæði yfir landinu núna í fyrstu, snjókoma eða slydda en rigning syðst. Þetta úrkomuloft gengur útaf landinu eftir hádegi og þá styttir víða upp en þó vex úrkoma aftur sunnan til síðar í dag.



HEIMURINN

Alicante	21°
Amsterdam	13°
Basel	14°
Berlín	11°
Billund	6°
Eindhoven	15°
Frankfurt	14°
Friedrichshafen	12°
Gautaborg	6°
Kaupmannahöfn	7°
Las Palmas	25°
London	13°
New York	12°
Orlando	28°
Ósló	3°
París	13°
Róm	18°
Stokkhólmur	3°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

TAX FREE DAGAR

Fatnaður á alla fjölskylduna

Dagana 12.-15. mars afnemum
við VSK af ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-, herra og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 15. mars 2009.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN

Hefur þú stundað sjósund?

Já	10,4%
Nei	89,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Eiga þingmenn að starfa fram að kosningum frekar en að fara í kosningabaráttu?

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Formlega tilkynnt um kosningar til Alþingis 25. apríl en þing starfar þó áfram:

Deilt um hvenær fresta skal þingi

ALÞINGI Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra las upp forsetabréf á Alþingi í gær um þingrof 25. apríl og þingkosningar sama dag. Hún sagði jafnframt að þingið myndi starfa áfram þar til öll brýn mál hefðu verið afgreidd.

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagðist ekki gera athugasemd við ákvörðun um þingrof, en gagnrýndi hins vegar að þingið ætti að starfa jafnvel vikum saman eftir þá tilkynningu.

Geir sagði að stjórnmálaflokkar þyrftu tíma til að undirbúa kosningar og benti á að heimild væri í lögum til að láta þing koma saman á milli þingrofstilkynningar og kosninga til þess að unnt sé að bregðast við óvæntum aðstæðum. „Það er ekkert slíkt yfirvofandi núna sem vitað er um," sagði Geir.

FORSETABRÉF LESIÐ Jóhanna las upp bréf frá forseta Íslands um þingrof 25. apríl. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagðist ekki hafa áhyggjur af forminu eins og sakir stæðu. „Áhyggjur mínar snúa að íslensku samfélagi, að íslenskum almenningi og hvernig honum reiðir af," sagði hann og lagði áherslu á að brýn mál yrðu kláruð áður en þingi yrði frestað. Hófstillt kosningabarátta væri við hæfi við þessar aðstæður.

Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, og Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslyndra, sögðu báðir mikilvægt að afgreiða frumvörp um stjórnarskrárbreytingar og persónukjör fyrir kosningar. - sh

Karl V. Matthíasson:

Úr Samfylkingu til Frjálslyndra

STJÓRNMÁL Alþingismaðurinn Karl V. Matthíasson hefur sagt sig úr Samfylkingunni og gengið til liðs við Frjálslynda flokkinn. Í tilkynningu um málið segir hann ástæðuna vera þá að skoðanir hans á sjávarútvegsmálum eigi betri hljómgrunn í Frjálslynda flokknum en í Samfylkingunni.

Karl sóttist eftir öðru sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi. Hann hafnaði í fimmta sæti en færðist upp í það fjórða vegna kynjakvóta. Karl segir laka útkomu í prófkjörinu skýrast af því að áherslur hans í sjávarútvegsmálum eigi ekki upp á pallborðið í flokknum. - sh



ÓLÖF NORDAL 2.-3. SÆTI

www.olofnordal.is

Kjósum Ólöfu Nordal í 2.-3. sæti
í prófkjöri sjálfstæðismanna 13.-14. mars 2009

Verið velkomin á kosningaskrifstofu mína að Laugavegi 178, 4. hæð.
Sími 840 6464 - Opið frá 14-21.

NÁLGAST HEIMSMET Mörg hundruð Íslendinga sóttu kynningarfund um atvinnutækifæri í Kanada. Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, sagði á fundinum að atvinnuleysi ykist svo hratt hér á landi að það nálgaðist heimsmet. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Atvinnuleysi eykst hraðast á Íslandi

Atvinnuleysi eykst svo hratt á Íslandi og á svo skömmum tíma að það nálgast heimsmet, að sögn forstjóra Vinnumálastofnunar. Hundruð Íslendinga sóttu kynningu um atvinnutækifæri í Kanada. „Ég hef vinnu úti," segir fundargestur.

ATVINNUMÁL Mörg hundruð Íslendingar voru á kynningarfundi Vinnumálastofnunar og kanadíska sendiráðsins á atvinnutækifærum í Kanada í Kennaraháskólanum í gær. Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, sagði á fundinum að atvinnuleysi mældist nú níu prósent og það væri meira en nokkurn tímann hér á landi.

„Atvinnuleysi eykst hraðar en nokkurs staðar. Aukningin nálgast heimsmet," sagði Gissur og benti á að níu prósenta atvinnuleysi væri ástand sem þjóðin gæti ekki sætt sig við.

Á fundinum kom fram að starfsmenn vantar í 38 starfsgreinar víðs vegar um Kanada en þó fyrst og fremst í Manitoba-fylki. Það geti tekið hálft til eitt ár að finna starf, fá tilskilin leyfi frá kanadískum yfirvöldum og flytja.

Óðinn Hugi Ágústsson múrari var á fundinum. Hann hefur verið atvinnulaus í rúmlega fjóra mánuði og sér ekki að það fari að breytast. Hann hefur verið að kanna möguleikana á að flytja til Kanada þar sem erfiðlega hefur gengið að fá verkefni hér á landi. Óðinn hefur komist að raun um að hann getur fengið vinnu á svæði sem er á mörkum Ontario og Manitoba.

„Ég gæti farið þangað í dag ef ég hefði atvinnuleyfi og fjármagn til að koma mér út. Ég hef vinnu úti og þá er bara spurningin hvort ég sé mér fært að fara og þá hvernig," segir hann og kveðst hafa komið á fundinn til að „kanna hvort maður getur fengið hjálp við að flytja út og koma sér fyrir eða hvort maður þarf að gera allt upp á eigin spýtur".

Óðinn Hugi á dóttur úti á landi og segir að hún sé það eina sem bindi hann við Ísland. Það sé hins vegar fórn sem hann verði að færa flytji hann utan. „Það er annaðhvort að vera í sömu sporunum hérna eða breyta eitthvað til. Ég sé ekki að það breytist neitt hér," segir hann.

Garðar Smári Vestfjörð byggingameistari telur að það sé vel skoðandi að flytja til Kanada en hann hefur rekið eigið fyrirtæki og verið atvinnulaus frá því um jólin. „Ég ætla að skoða upplýsingarnar betur," segir hann og telur tungumálið kost við Kanada. „Ég hef komið til Kanada og mér finnst landið mjög fallegt."

Garðar Smári býr með syni sínum sem byrjar í háskóla í haust. Hann telur hugsanlegt að sonurinn flytji með sér utan ef af verður. „Við erum opnir fyrir öllu."

ghs@frettabladid.is

Námskeið á vegum Endurmenntunar LbhÍ

Notkun varnarefna í landbúnaði og garðyrkju

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Námskeiðið er einkum ætlað þeim sem vilja öðlast réttindi til að kaupa og nota efni í X og A hættuflokkum.

Kennarar: Sigurgeir Ólafsson Matvælastofnun, Sigríður Kristjánsdóttir Umhverfisstofnun, Guðmundur Halldórsson Landgræðslu ríkisins, Halldór Sverrisson LbhÍ /Skógrækt ríkisins, Grímur Ólafsson Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogs, Jón Guðmundsson LbhÍ, Magnús Ágústsson Bændasamtökum Íslands, Svava Þórðardóttir Háskóla Íslands, Sigríður Jansen Umhverfisstofnun, Jóhannes Helgason Vinnueftirliti ríkisins, Helgi Jóhannesson garðyrkjukandídat, Hjalti Lúðvíksson Frjó

Tími: 23.- 24. mars kl. 9:00-16:00 hjá LbhÍ í Reykjavík
Allar nánari upplýsingar má finna á www.lbhi.is/namskeid

SKRÁNINGARFRESTUR ER **17. MARS**, HÆGT ER AÐ SKRÁ SIG Á ENDURMENNTUN@LBHI.IS EÐA Í SÍMA 433 5000

treystum grunninn – tryggjum velferð

Jórunn Frímannsdóttir
2. sæti

Kæru sjálfstæðismenn
Það er til fyrirmyndar hvernig við höfum tekið höndum saman í borgarstjórn Reykjavíkur undanfarna mánuði við lausn þeirra erfiðu verkefna sem við erum að takast á við. Ég vil flytja þá reynslu með mér yfir í landsmálin.

Kosningaskrifstofa Glæsibæ, sími 618 4469
Prófkjör Sjálfstæðisflokksins verður 13.-14. mars www.jorunn.is

Skoðanakönnun um fylgi við formann í Sjálfstæðisflokknum:

Flestir vilja Bjarna Benediktsson

SKOÐANAKÖNNUN 44,2 prósent segjast vilja að Bjarni Benediktsson verði næsti formaður Sjálfstæðisflokksins. Næstflestir eða 29,5 prósent vilja að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir verði næsti formaður flokksins.

Nokkur kynjamunur er á stuðningi við Bjarna og Þorgerði. 51,7 prósent karla vill að Bjarni verði næsti formaður, en 35,8 prósent kvenna. 20,0 prósent karla vilja hins vegar að Þorgerður Katrín verði næsti formaður, en 40,2 prósent kvenna.

Hönnu Birnu Kristjánsdóttur nefna 7,6 prósent. 5,5 prósent nefna Kristján Þór Júlíusson og sama hlutfall vill að Illugi Gunnarsson verði næsti formaður. 3,9 prósent vilja að Guðlaugur Þór Þórðarson verði næsti formaður Sjálfstæðisflokksins.

NÆSTI FORMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Bjarni Benediktsson	44,2%
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir	29,5%
Hanna Birna Kristjánsdóttir	7,6%
Illugi Gunnarsson	5,5%
Kristján Þór Júlíusson	5,5%
Guðlaugur Þór Þórðarson	3,9%
Aðrir	3,7%

SKV. KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 11.03.'09

Ef einungis er litið til kjósenda Sjálfstæðisflokksins segjast 55,7 prósent þeirra vilja að Bjarni verði næsti formaður, 23,7 prósent vilja Þorgerði Katrínu í formannssætið og 6,2 prósent Illuga Gunnarsson. Rúm fjögur prósent nefna Hönnu Birnu og rúm þrjú prósent styðja Guðlaug og Kristján Þór hvorn.

Hringt var í 800 manns miðvikudaginn 11. mars. Spurt var: Hver vilt þú að verði næsti formaður Sjálfstæðisflokksins. 54,3 prósent tóku afstöðu. - ss

LEIKANDI í GOGGINN

GOTT

Klikkaður í Cocoa Puffs!

ÍSLENSKA SÍA IS / NAT 37714 05/2007

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hverja bað Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra afsökunar á fimmtudag?*
2. *Hvaða fyrirtæki hlaut Nýsköpunarverðlaunin í ár?*
3. *Lög hvaða tónlistarmanns munu hljóma á væntanlegri plötu Papanna?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 62

Baugur Group tekið til gjaldþrotaskipta og skiptastjóri skipaður í héraðsdómi:

Fallið frá ákæru í Baugsmáli

BAUGSMÁLIÐ Saksóknari felldi í gær niður ákæru á hendur Baugi Group í þeim anga Baugsmálsins sem snýr að skattamálum. Ekki er venjan að sækja gjaldþrota fyrirtæki til saka, segir Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra.

„Þetta er í samræmi við venjur sem við höfum mótað í svona tilvikum," segir Helgi Magnús. Verði félög í þeirri stöðu sektuð sé í raun verið að sekta kröfuhafa í félagið. Slíkt hafi enga réttarvörslulega þýðingu. Eftir stendur ákæra á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Kristínu Jóhannesdóttur, Tryggva Jónssyni og Fjárfestingafélaginu Gaumi. Ákært er fyrir brot á skattalögum. Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Verjendur þeirra sakborninga sem eftir eru skiluðu greinargerð. Saksóknari hefur nú tæpar þrjár vikur til að skila sinni greinargerð. - bj

BAUGUR Í ÞROT

Dómari féllst á ósk Baugs Group um gjaldþrotaskipti í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Erlendur Gíslason, hæstaréttarlögmaður á Logos, var skipaður skiptastjóri félagsins.

Stjórn Baugs Group ákvað að óska eftir því að félagið yrði tekið til gjaldþrotaskipta eftir að héraðsdómur hafnaði kröfu félagsins um framlengingu á greiðslustöðvun.

EÐLILEGT Ákvörðun um að falla frá ákæru á hendur gjaldþrota fyrirtæki er í samræmi við dómvenju, segir Ragnar H. Hall, verjandi Baugs. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Kjararáð um laun dómara:

Greiðslur lækka

VINNUMARKAÐUR Kjararáð hefur ákveðið að lækka laun dómara á sama hátt og laun annarra embættismanna. Lækkunin er á bilinu fimm til fimmtán prósent og tekur ákvörðunin gildi um miðjan mars.

Heildarlaun upp á 1.156 þúsund á mánuði lækka um fimmtán prósent en heildarlaun sem eru 450 þúsund á mánuði lækka um fimm prósent. Í ákvörðun meirihluta Kjararáðs kemur fram að minnst röskun felist í því að lækka launin þannig að dregið verði úr yfirvinnugreiðslum en mánaðarlaun haldist óbreytt eftir því sem við verður komið. Minnihluti ráðsins skilaði sératkvæði og taldi ekki forsendur til að lækka laun dómara. - ghs

Gylfi Þór Þórisson 5.-7.sætið

ENDURNÝJUM TIL ENDURREISNAR!

Kæra Sjálfstæðisfólk

Sjálfstæðisstefnan, sem við öll sameinumst um, þarf að verða leiðandi afl í endurreisn Íslands.

Ég hef menntun, reynslu og vilja til að taka þátt í að endurreisa íslenskt þjóðfélag með réttlæti, virðingu og gott siðferði að leiðarljósi.

Ég skora á Sjálfstæðisfólk að sýna hugrekki og svara kröfu um endurnýjun.

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

gylfithor.blog.is

FRJÓSEMI Megnið af fólksfjölguninni verður í þróunarlöndum Afríku og Asíu. NORDICPHOTOS/AFP

Ný mannfjöldaspá Sameinuðu þjóðanna kynnt:

Jarðarbúar verða sjö milljarðar 2012

NEW YORK, AP Jarðarbúar fara yfir sjö milljarða markið snemma á árinu 2012 og verða yfir níu milljarðar árið 2050. Þetta kemur fram í nýjustu uppfærslu mannfjöldaspár Sameinuðu þjóðanna, sem birt var í vikunni.

Fjölgunin verður að langmestu leyti í þróunarlöndum í Asíu og Afríku. Engar miklar breytingar hafa orðið á spánni frá því að hún kom síðast út árið 2006, að því er Hania Zlotnik, yfirmaður mannfjöldaskrifstofu SÞ, sagði á blaðamannafundi í höfuðstöðvum SÞ í New York á miðvikudag.

„Við spáum því enn að árið 2050 verði íbúafjöldi heimsins komin í um 9,1 milljarð," sagði hún. „Spáin byggir á þeirri forsendu að frjósemi, sem er nú í kringum 2,56 börn á konu að meðaltali, muni lækka í um 2,02 börn á konu á tímabilinu."

En hún bætti við að héldist frjósemi um hálfu barni á konu hærri en 2,02 yrðu íbúar heimsins 10,5 milljarðar árið 2050. Yrði frjósemin aftur á móti hálfu barni minni á konu þá myndi mannkyninu ekki fjölga nema í átta milljarða fram til ársins 2050.

Gert er ráð fyrir að um mitt þetta ár verði jarðarbúar orðnir 6,8 milljarðar. - aa

Samfylkingin

PRÓFKJÖR SAMFYLKINGARINNAR Í REYKJAVÍK

KOSNINGU LÝKUR Í DAG!

Prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík vegna vals á framboðslista til Alþingiskosninga lýkur í dag, laugardag kl 18. Kjörið fer fram á internetinu og því mögulegt að kjósa hvar sem er, svo lengi sem tölva, nettenging og aðgangur að heimabanka eru til staðar. Kosið er á samfylking.is.

Hefðbundinn kjörstaður er í kosningamiðstöð Samfylkingarinnar á Skólabrú við Austurvöll. Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu, nota ekki heimabanka eða vilja kjósa á pappír, er velkomið að kjósa á Skólabrú. Framvísa þarf persónuskilríkjum á kjörstað. Opið kl. 9 - 18.

Svona fer netkosning fram

Farið á **samfylking.is**
→ Smellið á PRÓFKJÖR og veljið kjördæmi
→ Skráið inn kennitölu
→ Smellið á merki heimabanka (*nýr gluggi opnast*)
→ Sækið lykilorð í heimabanka (*yfirlit-netyfirlit eða yfirlit-rafræn skjöl*)
→ Lokið glugga heimabankans
→ Skráið inn lykilorð
→ Staðfestið upplýsingar
→ Kjörseðill birtist með nöfnum allra frambjóðenda. Setjið **minnst 4** og **mest 8** frambjóðendur í sæti með því að velja númer fyrir framan nafn viðkomandi. Númer 1 fyrir fyrsta sæti, númer 2 fyrir annað sæti og þannig koll af kolli.
→ Greiðið atkvæði

Nánari upplýsingar á samfylking.is og í síma 414 2200.

Ásta R.

3. sæti

Skoppa og Skrítla skemmta börnunum kl. 15:30

Tónlist kl. 16:30

Prófkjörsmiðstöð
Kirkjuhvoli
Kirkjutorgi 4
Sími 551 1101

Prófkjör 14. mars

Samfylkingin

Kauptu nýju COOLPIX S220

– myndavélin sem fær höfuð til að snúast

Allar Nikon myndavélar koma með íslenskum leiðarvísi.

NÚ KEMUR COOLPIX S220 – ARFTAKI HINNAR VINSÆLU S210

Nýja Nikon COOLPIX S220 á margt sameiginlegt með forvera sínum S210. Hún er jafnlitrík og jafnlítil (18 mm á þykkt), en með 10 megapixla upplausn og fleiri nýjum aðgerðum: Þú getur lagfært myndirnar þínar á skjá myndavélarinnar í stað þess að gera það í tölvunni. COOLPIX lagar sjálfkrafa hreyfðar myndir (Mode Detector). Fæst í mörgum líflegum litum – veldu eftirlætið þitt!

- 2.5 tommu LCD skjár
- 3x NIKKOR aðdráttarlinsa
- Sjálfvirkar myndstillingar fyrir t.d hágæða nærmyndir
- Hraðlagfæring í myndavélinni sjálfri

Heimilistæki, Reykjavik • **Sjónvarpsmiðstöðin**, Reykjavik • **Beco**, Reykjavik
Fotoval, Reykjavik • **MAX**, Garðabær • **MAX**, Reykjavik • **Samkaup**, Borgarnes
Hljómsýn, Akranes • **Blómsturvellir**, Hellissandur • **Skipavík**, Stykkishólmur
Samkaup, Grundarfjörður • **Samkaup**, Ísafjörður • **Kaupfélag V-Húnvetninga**, Hvammstangi • **Krákur**, Blönduós • **Samkaup**, Blönduós • **Skagfirðingabúð**, Sauðárkrókur • **Heimilistæki**, Akureyri • **Hemilistæki/Öryggi**, Húsavík
Samkaup, Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Fáskrúðsfjörður • **Martölvan**, Höfn í Hornafirði
Mosfell, Hella • **Hemilistæki/Fossraf**, Selfoss • **Geisli**, Vestmannaeyjar
Foto, Vestmannaeyjar • **Tækniráð**, Grindavík • **Samkaup**, Njarðvík

At the heart of the image

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Heilbrigðisþjónusta á tímamótum

Ný viðhorf - nýjar lausnir – aukinn jöfnuður
Hverju þarf að breyta?

Heilbrigðisráðherra boðar til morgunverðarfundar á Grand hóteli fimmtudaginn 19. mars nk. Fundurinn er öllum opinn og starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar er sérstaklega hvatt til að mæta.

Dagskrá
8:00 **Morgunverður**
8:15 **Ávarp heilbrigðisráðherra, Ögmundar Jónassonar**
8:20 **Guðbjörg Lind Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands**:
Kreppan,
heilbrigðiskerfið og vinnutengd líðan Jóns og Gunnu
8:40 **Sigurður Thorlacius, dósent við læknadeild Háskóla Íslands:**
Tengsl atvinnuleysis og heilsufars
9:00 **Inga Jessen, viðskiptafræðingur:**
Að hafa endalausan tíma, atvinnulaus í kreppunni
9:10 **Fyrirspurnir og umræður**
9:30 **Fundi slitið**

Fundarstýra: Halla Gunnarsdóttir, aðstoðarkona heilbrigðisráðherra

Verð fyrir þátttöku og morgunverð: 1.750 kr.

Námskeið fælir unga ökumenn frá brotum

Nýliðar í umferðinni brjóta mun sjaldnar umferðarreglur eftir að ungum ökuföntum var gert að sæta tímabundnu akstursbanni og sækja sérstök námskeið. Kynnt hefur verið ný 367 milljóna króna umferðaröryggisáætlun ársins 2009.

UMFERÐ Ungum ökumönnum sem afla sér fjögurra punkta eða fleiri í ökuferilsskrá hefur fækkað um 60 prósent frá því í apríl 2007, þegar þeim var gert að sækja sérstök námskeið vegna punktanna. Þetta er meðal þess sem fram kom í máli samgönguráðherra þegar hann kynnti umferðaröryggisáætlun ársins 2009.

Hinar hertu reglur kváðu á um að handhafar bráðabirgðaökuskírteina skyldu sæta tímabundnu akstursbanni ef þeir fengu fjóra eða fleiri refsipunkta í skrána, sækja námskeið og taka ökupróf aftur.

Kristján Möller samgönguráðherra sagði frá árangrinum af þessu á blaðamannafundi á miðvikudag. Þar kom fram að þeim sem þetta á við um hefði fækkað um 60 prósent á tveimur árum. Þá hafi 65 prósent þeirra sem hafa þurft að sækja námskeiðið ekki brotið af sér aftur að því loknu, og enginn sem sótti sérstakt námskeið vegna ölvunaraksturs hafi gerst sekur um sama brot eftir það. „Þetta sýnir okkur glöggt að forvarnaáhrifin eru mikil," sagði Kristján.

Umferðaröryggisáætlun ársins 2009 var kynnt á fundi á Litlu kaffistofunni í gær og 87 milljóna króna samningar um aukið eftirlit lögreglu undirritaðir. Þar kom fram að 367 milljónum yrði varið í umferðaröryggismál í ár, þar af 110 milljónum í að eyða svokölluðum svartblettum í þjóðvegakerfinu, en það eru staðir eða vegkaflar sem reynst hafa sérstaklega varasamir. Þar er meðal annars átt við svæði í kringum einbreiðar brýr og grjóthreinsun meðfram vegum. Einnig verður 100 milljónum varið í að lagfæra umhverfi vega og koma upp vegriðum og tíu milljónir fara í gerð hvíldarsvæða eða áningarstaða við þjóðvegi. Þá verða 36,5 milljónir króna lagðar í áróður og fræðslu.

stigur@frettabladid.is

SAMIÐ UM ÖRYGGI Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri, Karl Ragnars, forstjóri Umferðarstofu, Kristján L. Möller samgönguráðherra og Hreinn Haraldsson vegamálastjóri við undirritunina á Litlu kaffistofunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

ÁFORM UM SUÐURLANDSVEG Í SKOÐUN

Það styttist í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um tvöföldun Suðurlandsvegar. Fyrri ríkisstjórn hafði kynnt áætlun sem gerði ráð fyrir 2+2 vegi og að byrjað yrði á kaflanum frá Litlu kaffistofunni að Hveragerði.

Kristján segir þessa forgangsröð hafa ráðist af því að talið var að hægt yrði að klára þann kafla á styttri tíma, jafnvel þótt slys væru tíðari og alvarlegri á milli Hveragerðis og Selfoss. „Ég hef sjálfur sagt að þetta var dálítið svona 2007. Þess vegna erum við að endurskoða það mál núna," segir Kristján. Meta þurfi hlutina upp á nýtt í ljósi efnahagsástandsins. „Við vitum hvað við getum gert með 2+2 vegi og við vitum hvað við getum gert miklu meira með 2+1 vegi, en þar erum við ennþá samt sem áður að uppfylla aðalatriðið sem er umferðaröryggið og að aðskilja akstursleiðirnar," segir hann.

LEIGÐU ÞÉR MYND MEÐ EINUM
TAKKA Á FJARSTÝRINGUNNI Á AÐEINS:

350 kr.

STÓR-LÆKKAÐ VERÐ

- Yfir **2000** titlar
- Tilboð **350 kr**. nýtt og eldra efni
- Allar myndir **alltaf inni**
- Enginn skilafrestur, **aldrei sektir**
- Úrval af nýju barnaefni og þáttum í **Frítt efni**
- **Hraðvirkt** og þægilegt viðmót
- **Bestu** mögulegu myndgæði

Kynntu þér úrvalið og skoðaðu sýnishorn úr myndunum á **skjarinn.is**

Það er auðvelt að tengjast!
Þú færð SkjáBíó í gegnum Sjónvarp Símans sem þú getur pantað í **800 7000** eða á **siminn.is**.
Þá kemur starfsmaður Símans eins fljótt og hægt er til að tengja

Ef þú ert með Sjónvarp Símans smellirðu bara á **VOD takkann** á fjarstýringunni og fjörið byrjar!

SKJÁRBÍÓ

ÞÚ GETUR PANTAÐ SKJÁBÍÓ Í SÍMA 800 7000 EÐA Á SIMINN.IS

ENNEMM / SÍA / NM36992

Breiðavíkursamtökin:

Fallast á afsökunarbeiðni

SAMFÉLAGSMÁL Félagsfundur Breiðavíkursamtakanna lýsir yfir innilegu þakklæti sínu fyrir afsökunarbeiðni Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra, fyrir hönd stjórnvalda, til fyrrum vistmanna Breiðavíkurheimilisins og fjölskyldna þeirra. Tillaga þess efnis var samþykkt á fundinum á fimmtudagskvöld.

Í tillögu fundarins kemur einnig fram að Breiðavíkursamtökin taki afsökunarbeiðni forsætisráðherra fagnandi og fallist feginsamlega á hana. Stórt og mikilvægt skref hafi verið stigið áleiðis að góðri sáttargjörð í málinu. - kg

Lögregla upplýsir ekki hve margir gætu sótt bætur vegna ólögmæts búnaðar:

Gefa ekki upp fjölda eftirfara

DÓMSMÁL Lögregla heldur nákvæma skrá yfir þá sem hún hefur fylgst með með hjálp eftirfararbúnaðar sem nú liggur fyrir að var notaður ólöglega fram til síðustu áramóta. Lögregla getur hins vegar ekki gefið upp hversu margir þeir eru. Þetta segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri.

Maður sem búnaðinum var beitt gegn fékk nýverið dæmdar skaðabætur vegna þess. Lögmaður hans hefur í kjölfarið kallað eftir því að yfirvöld hafi frumkvæði að því að greina öllum þeim sem fylgst var með á þennan hátt frá því, gera þeim grein fyrir þeirri skaðabótaskyldu sem kann að hafa myndast og jafnvel bjóða þeim bætur að fyrra bragði.

STEFÁN EIRÍKSSON Lögreglan getur ekki gefið upp með hversu mörgum hún hefur fylgst með hjálp eftirfararbúnaðar.

Búnaðurinn var dæmdur ólögmætur á þeim forsendum að hann væri þess eðlis að dómsúrskurð þyrfti til að beita honum. Fram til áramóta var hins vegar ekki heimild til þess í lögum fyrir dómara að veita slíkan úrskurð þar sem hvergi var kveðið á um notkun búnaðarins í lögum.

Nefnd á vegum ríkissaksóknara komst að því árið 1999 að ekki þyrfti dómsúrskurð til að beita búnaðinum og á því voru reglur lögreglu um hann byggðar. Dómstólar hafa nú lýst sig ósammála þeirri niðurstöðu. Í nefndinni sátu meðal annars Atli Gíslason, nú þingmaður, og Björg Thorarensen, nú prófessor í stjórnsýslurétti. - sh

Guðjón Arnar fær keppni:

Magnús Þór vill verða formaður

STJÓRNMÁL Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins, gefur kost á sér til formennsku á landsþinginu um helgina. Hann fer þar gegn Guðjóni Arnari Kristjánssyni.

Magnús Þór sóttist eftir öðru sæti í prófkjörinu í Norðvesturkjördæmi en hafnaði í fjórða. Í yfirlýsingu segir Magnús flokkinn í grafalvarlegri stöðu og ef fram fari sem horfi nái hann engum á þing. Því sé þörf á breytingum. Aðspurður segir Guðjón styrkleikamerki að fleiri hafi áhuga á forystustörfum. Guðni Halldórsson hefur dregið formannsframboð sitt til baka. - sh

Í FULLUM SKRÚÐA Ráðherra tók sig vel út í gær. MYND/LHG

Ráðherra í lausu lofti:

Ragna hífð í björgunarþyrlu

ÖRYGGISMÁL Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra var hífð upp í TF-EIR, björgunarþyrlu Landhelgisgæslunnar, í gær, þegar hún tók þátt í æfingu Gæslunnar og Slysavarnaskóla sjómanna. Ragna var að kynna sér starfsemi Gæslunnar ásamt starfsmönnum úr ráðuneytinu.

Heimsóknin hófst í stjórnstöð Gæslunnar, þar sem hópnum var kynnt starf sprengjudeildar. Hádegisverður var síðan snæddur í varðskipi Landhelgisgæslunnar. Heimsókn Rögnu og fylgdarliðs lauk á Reykjavíkurflugvelli þar sem henni var kynnt starfsemi flugdeildar. - shá

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins:

Nítján sóttu um stöðuna

STJÓRNSÝSLA Sautján karlmenn og tvær konur sóttu um stöðu forstjóra Fjármálaeftirlitsins, en umsóknarfrestur rann út 11. mars.

Meðal umsækjenda voru Vilhjálmur Bjarnason, lektor og formaður Samtaka fjárfesta, og Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá ríkislögreglustjóra.

Hjá Capacent-ráðningum er unnið úr umsóknunum. Gunnar Haugen, framkvæmdastjóri þar, segir að gerð verði óbindandi skýrsla yfir þá hæfustu og hún send til eftirlitsins. Erfitt sé að áætla hvenær það verði: „En það verður í fyrsta lagi í seinni hluta næstu viku sem línur fara eitthvað að skýrast.“ - kóþ

Sækja um forstjórastólinn:

Dr. Arnar Bjarnason
Arnbjörn Ingimundarson
Árni Thoroddsen
Bolli Héðinsson
Guðmundur Ásgeirsson
Gunnar Þ. Andersen
Halldór Eiríkur S. Jónhildarson
Helgi Magnús Gunnarsson
Ingólfur Guðmundsson
Jóhann Gunnar Ásgrímsson
Jóhann Halldór Albertsson
Magnús Ægir Magnússon
Már Wolfgang Mixa
Tamara Lísa Roesel
Sigrún Helgadóttir
Sigurður Guðjónsson
Vilhelm R. Sigurjónsson
Vilhjálmur Bjarnason
Þorsteinn Ólafs

ÁGÆTU REYKVÍKINGAR!

Sem borgarfulltrúi, alþingismaður og ráðherra hef ég öðlast víðtæka reynslu af stjórnmálum. Í störfum mínum hef ég ávallt fylgt þeirri sannfæringu að ganga eigi hreint til verks við að leysa þau verkefni sem við er að glíma hverju sinni. Ég vil láta verkin tala.

Meginverkefni mitt sem heilbrigðisráðherra fólst í að hagræða í heilbrigðisþjónustunni en gæta um leið hagsmuna notendanna – fólksins í landinu. Á 20 mánuðum kom ég eftirfarandi í verk:

- Batt enda á alræmdar sumarlokanir á sjúkrastofnunum
- Kom sjúklingum af göngum Landspítalans
- Eyddi biðlistum á Landspítala eftir varanlegri vist á öldrunarstofnunum
- Stóð að löngu tímabærum umbótum á rekstri BUGL
- Kom jafnvægi á rekstur Landspítala
- Sparaði 1,5 milljarða í útgjöldum vegna lyfja og lækkaði lyfjakostnað sjúklinga
- Náði samkomulagi við borgarstjóra um sameiningu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu í Reykjavík

Ég hef áður glímt við erfið verkefni með góðum árangri og sem leiðtogi sjálfstæðismanna í Reykjavík er ég reiðubúinn að vinna hratt að lausn þess vanda sem við blasir. Reykvíkingar þurfa forystumann sem þorir.

Þess vegna óska ég eftir stuðningi þínum í 1. sætið í Reykjavík.

Guðlaugur Þór Þórðarson,
1. þingmaður Reykjavíkur norður

STÉTT MEÐ STÉTT ▪ Samstaða um endurreisn ▪ Ármúla 18 ▪ 108 Reykjavík ▪ sími 568 4876 ▪ gth@gudlaugurthor.is ▪ www.gudlaugurthor.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

Fjöldi viðskipta: 29 **Velta:** 156 milljónir

OMX ÍSLAND 15
221 **+1,11%**

OMX ÍSLAND 6
571 **+1,44%**

MESTA HÆKKUN

CENTURY ALUMIN.	12,39%
ÖSSUR	3,43%
FØROYA BANKI	0,97%

MESTA LÆKKUN

BAKKAVÖR	0,69%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 2,80 +0,00% ... Atlantic Airways 171,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 235,00 +0,00% ... Bakkavör 1,44 -0,69% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,75 +0,00% ... Føroya Banki 104,00 +0,97% ... Icelandair Group 11,20 +0,00% ... Marel Food Systems 49,30 +0,61% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Össur 75,30 +3,43%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Aflétta bankaleynd

Stjórnvöld í Austurríki, Lúxemborg og Sviss létu undan alþjóðlegum þrýstingi í gær og afnámu hina helgu bankaleynd að hluta í því augnamiði að svipta hulunni af skattsvikurum.

Ákvörðunin var tekin í kjölfar viðræðna við Efnahags- og framfarastofnun (OECD) um aukið gagnsæi á fjármálamörkuðum.

Ríkisstjórnir landanna feta í fótspor smáríkjanna Andorra og Liechtenstein, sem afléttu bankaleynd að hluta á fimmtudag.

Bandaríska dagblaðið New York Times segir líklegt að fleiri ríki fylgi fordæminu.

Bankaleynd var harðlega gagnrýnd fyrir ári þegar þýska leyniþjónustan komst yfir upplýsingar um að bankar í Liechtensten hefðu hjálpað hundruðum auðmanna að komast hjá skattgreiðslum með því að millifæra fé í skattaskjól.

Líklegt þykir að hertari reglur um millifærslur og undanskot með þessum hætti verði samþykktar á leiðtogafundi tuttugu stærstu iðnríkja heims í Lundúnum um næstu mánaðamót. **- jab**

SKATTASKJÓL Yfirvöld í Liechtenstein hafa samþykkt að svipta hulunni af þeim sem hafa svikið undan skatti í skjóli bankaleyndar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Sampo keypti meira í Nordea

Finnska fjármálafyrirtækið Sampo jók við hlut sinn í Nordea, umsvifamesta banka Norðurlandanna, í hlutafjáraukningu bankans á miðvikudag og situr nú á fimmtán prósentum bréfa í bankanum.

Sampo er næststærsti hluthafi Nordea á eftir sænska ríkinu með fimmtán prósenta hlut. Exista var stærsti hluthafi bankans en seldi hann allan í október.

Jarmo Salonen, talsmaður Sampo, segir í samtali við Reuters, að stjórnendur fjármálafyrirtækisins hafi aldrei farið í felur með þá ætlun sína að auka við hlut sinn í bankanum. Ekki standi þó til að leggja fram yfirtökutilboð í hann. **- jab**

SJÓNAR HÓLL

Hver ræður för?

Málþing Sjónarhóls um félagslega stöðu barna með sérþarfir
fimmtudaginn 19. mars kl. 12.30 – 17.00 á Grand Hótel, Sigtúni 38.

Á málþinginu verður fjallað um félagslega stöðu barna með sérþarfir, um reynslu þeirra og upplifun.

Fagfólk, foreldrar, systkini, afar og ömmur og allir þeir sem láta sig málefni barna með sérþarfir varða eru hvattir til að mæta.

Skráning fer fram á heimasíðu Sjónarhóls
www.sjonarholl.net

Byr tapaði 29 milljörðum

Síðasta ár var það erfiðasta sem stjórnendur Byrs hafa staðið frammi fyrir. Lýsandi dæmi um áfallið sem dundi á landsmönnum, segir sparisjóðsstjórinn.

„Þetta eru mikil vonbrigði," segir Ragnar Z. Guðjónsson, sparisjóðsstjóri Byrs, um afkomuna á síðasta ári. Hún hefur aldrei verið verri.

Byr tapaði 28,8 milljörðum króna í fyrra, sem er umtalsverður viðsnúningur frá í hittiðfyrra þegar hagnaðurinn nam rúmum 7,9 milljörðum.

Mest munar um varúðarniðurfærslu á útlánum upp á 25 milljarða króna og niðurfærslu á viðskiptavild (óefnislegum eignum) upp á um fjóra milljarða. Á sama tíma í fyrra nam virðisrýrnun sparisjóðsins tæpum 817 milljónum. Við bætist tap af fjáreignum og hlutdeildarfélögum upp á rúma tíu milljarða króna.

RAGNAR Z. GUÐJÓNSSON

Ragnar segir niðurstöðuna lýsandi dæmi um það áfall sem dunið hafi á landsmenn frá í fyrrahaust. Við fall bankanna hafi farið af stað atburðarás sem enn sjái ekki fyrir endann á, að sögn Ragnars. „Það hafa tapast óheyrileg verðmæti á stuttum tíma. Við erum að verða fyrir því nú en erum þó ánægð að standa enn eftir þennan brotsjó." Eiginfjárhlutfall Byrs fór úr 40,2 prósentum í hittiðfyrra í 8,3 prósent á síðasta ári. Eiginfjárhlutfallið má ekki fara undir 8,0 prósent, samkvæmt reglum um fjármálafyrirtæki.

Stjórnendur Byrs hafa gripið til ýmissa aðgerða í hagræðingarskyni, svo sem dregið úr eignastýringu og fjárfestingarstarfsemi. Þá ætlar Byr að sækja um framlag frá stjórnvöldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, erindið verður sent fjármálaráðherra í næstu viku.

Lög þessa efnis heimila ríkissjóði að leggja sparisjóðum til fjárhæð sem nemur allt að fimmtungi af bókfærðu eigin fé í árslok 2007, gegn stofnfjárbréfum í viðkomandi sparisjóði, sem endurgjald í samræmi við framlagið.

Ragnar segir ekki liggja fyrir hvenær kallinu verði svarað. Einn sparisjóður hafi sótt um framlag frá ríkinu í janúar en hann ekki fengið lausn sinna mála enn. „Við vitum ekki hvenær svar berst," segir hann. Þrýst hafi verið á stjórnvöld að setja tímaramma fyrir umsóknarferli sem þetta.

jonab@markadurinn.is

Inneignartilboð!

Sony Ericsson G502

Þú getur talað fyrir **12.000 kr.** 1.000 kr. inneign á mánuði í eitt ár fylgir.

SONY ERICSSON G502

Símalán - útborgun: 900 kr.

Aðeins 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð: 24.900

Tilboðið gildir meðan birgðir endast

ENNEMM / SÍA / NM35599

GÆSLA VIÐ DÓMSHÚSIÐ Verðir með alvæpni gættu þess að reiðin syði ekki upp úr hjá fyrrverandi viðskiptavinum Bernard Madoffs þegar réttað var í máli hans í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Réttað í máli fjársvikahrapps

Bandaríski svikahrappurinn Bernard Madoff játaði brot sín þegar réttað var í máli hans í New York í Bandaríkjunum á fimmtudag.

Madoff viðurkenndi að hafa svikið viðskiptavini verðbréfafyrirtækis sem hann rak í tæpa hálfa öld með þeim afleiðingum að þeir töpuðu 65 milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði tæpra 7.400 milljarða íslenskra króna.

Þetta er umsvifamesta fjársvikamál sögunnar sem einstaklingur stendur á bak við.

Saksóknarar rannsaka nú hvort eiginkona Madoffs, synir hans og samstarfsfólk hafi tekið þátt í svikunum, að sögn Associted Press-fréttastofunnar.

Dómur fellur um miðjan júní og þykir líklegt að hann hljóti lífstíðardóm.

Fjöldi fokillra viðskiptavina Madoffs beið hans við dómshús borgarinnar en vopnaðir verðir gættu hans.

Á LEIÐ Í STEININN Á teikningunni má sjá löggæslumenn leiða Bernard Madoff í járnum úr réttarsalnum á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bloomberg-fréttaveitan segir svo geta farið að væntanlegir samfangar Madoffs setji hann á bás með þeim sem sök eiga á fjármálakreppunni og því geti vist hans orðið fremur óbærileg.

- jab

www.jongunnarsson.is

Þitt atkvæði - þitt val

– nýtum atkvæðisréttinn

Í dag fer fram prófkjör Sjálfstæðisflokksins í SV-kjördæmi og hvet ég alla flokksmenn til þess að nýta rétt sinn og taka þátt. Þannig tryggjum við best lýðræðið og við frambjóðendur fáum nauðsynlegt umboð til þeirra mikilvægu verka sem framundan eru.

Kjörstaðir verða opnir frá kl. 09-18 í dag en hægt er að kjósa í húsnæði Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ, Kópavogi, Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi. Í Hafnarfirði er kosið í Víðistaðaskóla og á Álftanesi í nýja Vallarhúsinu.

Opið hús verður á kosningaskrifstofu minni í húsi Kraftvéla að Dalvegi 6 í Kópavogi á meðan kjörstaðir eru opnir. Heitt á könnunni.

Manchester United - Liverpool í beinni á risaskjá.
Jói Fel verður á grillinu á milli kl. 12-14. Allir velkomnir.

3. sæti

Jón Gunnarsson
Alþingismaður

Tryggjum Jóni Gunnarssyni 3. sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi í dag.

Aðgerðaáætlun Símans fyrir fólkið og fyrirtækin!

Síminn kynnir þrjár nýjar leiðir í GSM

Lægsta mínútuverðið 11,90 kr.

- Lægsta mínútuverð í GSM á Íslandi, 11,90 kr. óháð kerfi.
- Einn GSM vinur innan kerfis.
- Hentar þeim sem tala jafnan lengi í hverju símtali.
- Nánari upplýsingar á siminn.is.

eða

Sex vinir óháð kerfi

- Veldu þér sex GSM vini í hvaða kerfi sem er.
- Þetta er leiðin fyrir þá sem hringja mest í sama fólkið aftur og aftur.
- Nánari upplýsingar á siminn.is.

eða

Núll í alla heimasíma

- Ekkert mínútugjald úr GSM í alla heimasíma á Íslandi.
- Þrír GSM vinir innan kerfis.
- Nánari upplýsingar á siminn.is.

Hringdu núna í síma 800 7000 og veldu þín leið!

Þitt val • Það er Síminn

BRJÁLUÐ
BREYTT OG BETRI VERSLUN

ódýrt 1.995 ~~3.855~~
50stk TAKMARKAÐ MAGN

Verkfærataska Mustang
25" 600x285x330 mm
5024501

10 ltr. 2.999 ~~4.990~~
170stk TAKMARKAÐ MAGN

Húsasmiðjumálning
Góð veggmálning innanhúss, hrímhvít og beinhvít gljástig 10
7119963/7

Þrekhjól
YK-B19
3899530

12.990 ~~17.990~~
26stk TAKMARKAÐ MAGN

12.995 ~~24.995~~
28stk TAKMARKAÐ MAGN

Borhamar Hitachi
800W SDS, 0-3.2 joule
5247150

B-
ALLAR B VÖRUR LÆKKA
TAKMARKAÐ MAGN 12 STK.

verðdæmi 39.900
2 stk til á lager

Kælir/frystir Electrolux
182 sm.
1809314

ódýrt 499
100stk TAKMARKAÐ MAGN

Bakki og rúllusett
7014822

Snjóskófla TrallNor
Sterk og góð.
5082474

1.895 ~~3.695~~
60stk TAKMARKAÐ MAGN

999
FLÍSPEYSUR
BLANDAÐ ÚRVAL
HERRA OG DÖMU

ódýrt 299

Bollasstell
4 bollar og undirskálar.
2009181

4.999 ~~9.995~~
30stk TAKMARKAÐ MAGN

Hjólbörur Ravendo
100 ltr. 30 mm profíll á grind.
5080048

ódýrt 199

Akrýlkítti Soudal
Hvítt.
6510075

149.900 ~~289.900~~
6stk TAKMARKAÐ MAGN

Ethanol arinn
Stór og veglegur arinn, þarf ekki skorstein.
Hvítur/svartur.
5856630-5856633

1.490m² ~~4.290 m²~~
168m² TAKMARKAÐ MAGN

1.490m² ~~4.290 m²~~
72m² TAKMARKAÐ MAGN

Gólfflís Lersundi Marfi
31,6x31,6.
8600350

Gólfflís Lersundi Marron
31,6x31,6.
8600350

50% afsláttur af ljósum

Túlipanasýning í Skútuvogi

blómaval
heillandi heimur

3 stk prímulur 299

50% afsláttur af öllum pottaplöntum

TILBOÐIN GILDA AÐEINS Í SKÚTUVOGI
LAUGARDAG - SUNNUDAG, MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
OPNUM KL. 10:00 LAUGARDAG

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

TILBOÐ
SKÚTUVOGI

KJÖTSÚPA
190 kr
11:30-14:00



OPNUM TIMBURRÁÐGJÖF Í SKÚTUVOGI

Í SKÚTUVOGI FÆRÐU RÁÐGJÖF HJÁ SÉRFÆÐINGUM OKKAR VARÐANDI:

- TIMBUR
- BYGGINGALAUSNIR
- VIÐHALD
- PÍPULAGNIR
- GARÐINN
- PALLINN

BRJÁLAÐ TILBOÐ!!!

Hydropool rafhitaðir pottar
sérframleiddir fyrir norðlægar slóðir

Nuddpottur
SerM5000 Gold, loftnudd.
8082623-25
420.000 ~~695.000~~
3 stk. takmarkað magn

Nuddpottur
Hydropool 575
8084024-27
499.000 ~~790.000~~
4 stk. takmarkað magn

Nuddpottur
Hydropool 625
8087100-02
649.000 ~~1.090.000~~
3 stk. takmarkað magn

420.000 ~~695.000~~
3stk TAKMARKAÐ MAGN

VERTU TIL FYRIR VORIÐ

FÁÐU TILBOÐ Í PALLINN
Pallaefni gagnvarin fura
28x95, lengdir 3.6 og 3.9
628636/39, **229** kr/m
21x95, lengdir 5.1 og 6.0
621651/60 **189** kr/m

19.990 ~~31.990~~
25stk TAKMARKAÐ MAGN

Gasgrill Outback Trooper
2 ryðfríir brennarar.
3000236

8.900 ~~17.929~~
25stk TAKMARKAÐ MAGN

Handklæðaofn
rúnnaður, 80x50 sm.
9200053

999m² ~~1.995 m²~~
182m² TAKMARKAÐ MAGN

Veggflís Dublin
Hvítar glansandi m/bugðóttu yfirborði, stærð 20x25 sm.
8611000

PYLSA OG KÓK
99 kr

39.990 ~~54.990~~
5stk TAKMARKAÐ MAGN

Göngubretti
0-12 km/h
3899532

11.900 ~~28.526~~
50stk TAKMARKAÐ MAGN

Eldhúsblöndunartæki
Damixa Jupiter.
8000090

39.990 ~~59.990~~
20stk TAKMARKAÐ MAGN

Helluborð Electrolux
1805501

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

skoðun

greinar@frettabladid.is

Stjórnmál án vegvísa og framtíðarsýnar:

Kosningasvik

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Forseti Alþýðusambandsins lýsti á dögunum vonbrigðum með viðtal við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Í því hafði komið fram að óskýrar áætlanir eru um hvernig koma má landinu úr fjötrum gjaldeyrishafta. Þetta var réttmæt athugasemd í því ljósi að nú skiptir tvennt mestu máli: Að varða þær leiðir sem fylgja á til að endurreisa peningakerfið og ná jöfnuði í ríkisfjármálum.

Væntanlega er ríkisstjórnin búin að greina Alþjóðagjaldeyrissjóðnum frá áformum sínum í ríkisfjármálum. Þeim á hins vegar að halda leyndum þar til eftir kosningar. Það þýðir að kjósendur eiga ekki kost á að velja leið út úr þeim mikla vanda.

Ríkisstjórnin sýnir aukheldur engan vegvísi í peningamálum. Þar af leiðir að þjóðin fær ekki að kjósa þar um og veita ríkisstjórninni skýrt umboð. Enn sem komið er hefur stjórnarandstaðan ekki heldur sýnt endurreisnaráætlun. Ríkisstjórnin og stjórnarandstaðan jóðla um evru og krónu án þess að taka af skarið. Á meðan sekkur þjóðin dýpra í fenið. Öllum á þó að vera ljóst að upp úr því kemst hún ekki án skýrrar framtíðarstefnu.

Forsætisráðherra hefur lagt frumvarp til stjórnskipunarlaga fyrir Alþingi. Þar er ekki að finna heimild sem opnar möguleika á aðild að Evrópusambandinu. Hitt er verra að í því er ákvæði sem með rökum hefur verið bent á að beinlínis hindri að Ísland geti tekið það skref og stefnt óhikað að upptöku evru.

För forsætisráðherra á fund Viðskiptaráðs er lýsandi fyrir stöðuna. Þar kallar hann á Evrópusambandsaðild. Rakleiðis þaðan heldur hann á Alþingi. Þar krefst hann þess að stjórnarskránni verði breytt jafnvel þó að þar með sé settur Þrándur í Götu Evrópusambandsaðildar.

Að verðleikum hefur forsætisráðherra unnið sér traust á málasviði sínu fyrir stefnufestu. Í nýju hlutverki skipar ráðherrann sér hins vegar á burstina við hliðina á vindhananum. Illa fer á því. Hlutverk forsætisráðherrans er einfaldlega of stórt til að eiga þar heima.

Með fullnýttum fiskistofnum leggur sjávarútvegurinn ekki mikið til hagvaxtar á komandi tíð. Landbúnaðurinn eykur tæplega framleiðslu með því að þjóðin borðar ekki mikið meira en hún gerir. Báðar þessar atvinnugreinar þurfa á hinn bóginn að auka framleiðni með færri framleiðslueiningum og færra fólki.

Hagvöxturinn verður að koma frá iðnaði og þjónustu. Þær atvinnugreinar kalla á opið alþjóðlegt hagkerfi með gjaldgengri mynt. Að öðrum kosti eiga þær takmarkaða vaxtarmöguleika og skapa ekki ný störf í þeim mæli sem þörfin krefur. Vandinn er sá að hvorki ríkisstjórnin né stjórnarandstaðan hafa sýnt þjóðinni vegvísi að þessu viðskiptalega umhverfi.

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa ríflegan meirihluta á Alþingi. Skoðanakannanir sýna að hann mun fremur styrkjast en hitt. Þar af leiðir að ekki er verið að kjósa til að gefa öðrum umboð. Á hinn bóginn þarf að kjósa til þess að gefa fólkinu í landinu kost á að segja til um hvaða leiðir á að fara. Það fæst ekki.

Forsætisráðherra virðist staðráðinn í því að sýna ekki á spil ríkisstjórnarinnar, hvorki í peningamálum né ríkisfjármálum. Stjórnarandstaðan er enn sem komið er í sömu sporum. Bjóði stjórnmálin ekki upp á skýra vegvísa og trúverðuga framtíðarsýn á slíkum örlagatímum er verið að svíkja kjósendur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

POLARN O. PYRET
Kringlunni • Simi 568 1822 og Smáralind • sími 564 1822
www.polarnopyret.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fljótur að gleyma?
Framboð Magnúsar Þórs Hafsteinssonar til formennsku í Frjálslynda flokknum er æði sérstök ákvörðun. Fyrir það fyrsta metur Magnús það svo að hann njóti slíks stuðnings í flokknum að hann geti veitt honum forystu á landsvísu. Þegar Magnús tilkynnti um framboð sitt var hins vegar ekki liðinn nema hálfur annar dagur frá því að varaformaðurinn sjálfur beið afhroð í prófkjöri flokksins í Norðvesturkjördæmi og hafnaði þar í fjórða sæti. Þetta kallar maður að eflast við mótlætið, þótt deila megi um dómgreindina sem að baki liggur.

Litli hjálpari stingur af
Þar að auki ákveður Magnús að fara fram gegn vinsælum sitjandi formanni, Guðjóni Arnari Kristjánssyni. Það væri fyrst og fremst kokhreysti en ekki bara skrítið ef ekki væri fyrir þá staðreynd að Magnús Þór er í fullu starfi sem aðstoðarmaður Guðjóns á Alþingi og hlítir þar fyrirmælum hans lögum samkvæmt. Ætla má að andrúmsloftið verði lævi blandið á skrifstofunni hjá þeim næstu daga og vikur.

Séra sér að sér
Karl V. Matthíasson, sem kjörinn var á þing fyrir Samfylkinguna árið 2007, fór aðra leið en Magnús. Hann bauð sig til dæmis ekki fram til formennsku í Samfylkingunni eftir að hafa verið hafnað rækilega í prófkjöri – jafnvel þótt þar sé nú öllu meiri spurn eftir formannsefnum en í Frjálslynda flokknum. Presturinn tók krók á móti bragði, hafnaði kjósendunum sem höfnuðu honum og hljóp í faðm Guðjóns og Magnúsar. Það verður spennandi að sjá hvort Magnús velur sömu leið og séra Karl komi til þess að flokkurinn hafni honum í annað sinn. Eða hvort hann þarf þriðju afneitunina til að forða sér í tíma.

stigur@frettabladid.is

„Kommúnistar“ samtímans?

HJÖRLEIFUR JAKOBSSON
Í DAG | Bankamenn

Þessi spurning virðist fljótt á litið fjarstæðukennd en við lifum einfaldlega á fjarstæðukenndum tímum. Í kjölfar heimsstyrjaldarinnar síðari ríkti mikill ótti í Bandaríkjunum vegna útbreiðslu kommúnismans. Rússar voru komnir með kjarnorkuvopn og Maó orðinn formaður í alþýðulýðveldinu í Kína. Margir stjórnmálamenn og fjölmiðlungar reyndu að ávinna sér hylli almennings með því að berjast hatrammlega gegn kommúnistum. Þar eð lítið var um alvöru kommúnista í Bandaríkjunum, þurfti einfaldlega að búa þá til. Fremstur í flokki í þessari „baráttu“ var öldungardeildarþingmaðurinn Joseph McCarthy. Hann tók fjölda kunnra einstaklinga fyrir í yfirheyrslum, greinaskrifum og ræðum og vændi alla miskunnarlaust um kommúnisma. Hugtakið kommúnisti var víkkað út að geðþótta ákærendanna.

Hæpnar alhæfingar

Ótta- og spennuþrungið andrýmið í bandarísku þjóðfélagi á þessum tíma var mjög móttækilegt fyrir umræðu sem þessari og margir af þeim sem urðu fyrir barðinu á McCarthy biðu þess aldrei bætur. Sá sem kallaður var kommúnisti nógu oft af stjórnmálamönnum og fjölmiðlum, var einfaldlega stimpláður kommúnisti af alþjóð og honum í raun útskúfað úr þjóðfélaginu. Alhæfingar og sleggjudómar voru skilgetið afkvæmi einsleitrar upplýsingamiðlunar sem skorti í senn hlutlægni og dýpt. Loks hristu fjölmiðlar þó af sér doðann og tóku að spyrja gagnrýnna spurninga um aðferðir McCarthy og hvort hinn eða þessi væri í raun kommúnisti. Að lokum sáu allir í gegnum McCarthy. Fall hans var að sönnu mikið en hann naut líka mikillar lýðhylli þegar hæst stóð.

Íslensk þjóð á í miklum erfiðleikum nú um stundir. Þjóðin er skuldug og atvinnuleysi blasir við mörgum. Stjórnvöldum hefur ekki enn auðnast að skilgreina orsakir efnahagsvandans og það hvarflar lítt að stjórnmálamönnum og embættismönnum að líta í eigin barm enda stutt í kosningar. Fjölmiðlar horfa til þess sem best lætur í eyrum í stað þess að brjóta málin til mergjar. Í slíku andrými ábyrgðarleysis og óvissu kraumar reiði og þjóðin er enn stödd þar í sorgarferli kreppunnar sem leitað er blóraböggla.

Hin gullna regla réttarríkisins að fólk teljist saklaust þar til sekt þess er sönnuð, á eðlilega erfitt uppdráttar við slíkar aðstæður. Hið sama gildir um gagnrýna hugsun sem felst í því að efast um fullyrðingar annarra – og jafnvel sínar eigin ályktanir – að trúa aldrei í blindni. Það þarf góða dómgreind og þroska til að taka ekki þátt í þeirri keðjuverkun viðtekinna fullyrðinga sem ganga ómeltar milli manna undir æsilegum formerkjum og bjóða upp á þægilega yfireinföldun á orsakasamhengi hlutanna. Ef við höfum verið blind í trú okkar á endalausar framfarir, hagvöxt og góðæri í uppsveiflunni, er ekki síður ástæða til að vara sig á blindri trú á gróusögur sem vega að æru heilu þjóðfélagshópanna. Öll kurl eru einfaldlega ekki komin til grafar í rannsókn á orsökum efnahagshrunsins á Íslandi. Til þess er málið allt of víðfeðmt og flókið.

Svonefndir útrásarvíkingar eru nærtækir blórabögglar. Annar óvinahópur, sem auðvelt er að skilgreina, er bankamenn. Enn er alhæft og allir þeir sem komu nálægt bönkum og útrás eru nú úthrópaðir sem „glæpamenn“ og „landráðamenn“. Hugtakið er víkkað út að geðþótta ákærendanna. Ekki er spurt að sekt og sönnun, en hin tæra spurning dagsins er „Hvernig getum við náð peningunum af öllum þessum stóra hópi glæpamanna sem komu okkur í þennan vanda?“

Máttur ofurbloggara

Bloggið gerir berserkjum óhróðurs enn auðveldara fyrir en á tímum McCarthy að eyðileggja mannorð. Þar sjást menn lítt fyrir og geta í skjóli nafnleyndar ausið óhróðri yfir nafngreinda einstaklinga í boði ofurbloggarans. Ofurbloggarinn skrifar eiturpillu og á örskotsstundu fljúga gífuryrðin um netið og millistjórnendur í bönkum eru skyndilega orðnir að stórglæpamönnum.

Mér er oft hugsað til Joseph McCarthy þegar ég horfi á upphrópanir sumra stjórnmálamanna og fjölmiðlamanna þessa dagana. Skyldi þeim sem hæst tala núna einhvern tíma verða hugsað til hans?

Höfundur er forstjóri Kjalars.

Glórulaus peningastjórn

UMRÆÐAN
Gunnar Tómsson skrifar um efnahagsmál

GUNNAR TÓMASSON

Á morgunfundi Viðskiptaráðs 18. nóvember sl. vék formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands að stjórntækjum bankans til „að halda verðbólgu í skefjum“ og sagði stýrivexti vera „því sem næst eina tæki[ð] sem honum var til þess fengið“. Það er ekki rétt. Annað og öflugra stjórntæki er heimild hans í 13. gr. seðlabankalaga að setja bönkum reglur um gjaldeyrisjöfnuð. Slíkar reglur gegna lykilhlutverki í virkri peningastjórn í opnu hagkerfi því innlend eignastaða viðskiptabanka er meiri eða minni eftir því hvort gjaldeyrisstaða þeirra er neikvæð eða jákvæð. Seðlabankinn hefur hins vegar kosið að gera heimildina óvirka með glórulausri útfærslu hennar, sbr. 2. gr. reglu, 4. júní 2008: „Til gengisbundinna liða í reglum þessum skal telja eignir og skuldir svo og liði utan efnahagsreiknings sem eru í erlendum gjaldmiðli og liði í íslenskum krónum séu þeir með gengisviðmiðun.“ Bankarnir höfðu sem sé ótakmarkaða heimild til erlendrar lántöku til að fjármagna gengisbundin krónulán. Undir þetta rituðu Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar, og Eiríkur Guðnason bankastjóri.

Formaður bankastjórnar sagði reglur um gjaldeyrisjöfnuð „litlu máli skipta í því sem nú hefur gerst“ – hruni bankakerfisins. Það er ekki rétt. Með raunhæfri útfærslu á reglunni hefði neikvæð gjaldeyrisstaða bankanna í septemberlok 2008 í mesta lagi verið um 100 milljarða í stað 2.843 ma. Gengisbundin krónulán hefðu verið nær þeirri upphæð í stað 2.963 ma. (56% af innlendum útlánum og kröfum bankanna). Fagleg útfærsla reglunnar hefði þannig (1) gert stýrivaxtatækið óþarft, (2) tekið fyrir vaxtamunarviðskipti, og (3) stemmt stigu við hágengi krónunnar og meðfylgjandi viðskiptahalla. Í dag hefðu allar aðstæður þjóðarbúsins því verið ólíkt betri – og þjóðargjaldþrot ekki í myndinni.

Á fundinum leit formaður bankastjórnar yfir farinn veg og nefndi „dæmi um þung aðvörunarorð af hálfu Seðlabankans“ og „margítrekaða umvöndun yfir því að bankarnir skyldu vera að lána almenningi og fyrirtækjum í erlendum gjaldmiðli sem viðkomandi hafði ekki tekjur í. Vissulega komust margir þannig undan aðgerðum Seðlabankans til að knýja verðbólguna niður. Þau undanbrögð urðu til þess að vextir Seðlabankans urðu að vera hærri en ella og standa lengur hátt. Á þessi aðvörunarorð var lítt hlustað og því ekki eftir þeim farið. Og enn spyr ég hvort ekki sé líklegt að það hefði fremur verið gert ef fjölmiðlar landsins hefðu ekki verið í þeim heljarfjötrum sem þeir hafa verið í um alllanga hríð?“

Hver sem ábyrgð Baugsmiðla kann að vera þá verður þeim ekki kennt um óreiðustjórn íslenzkra peningamála síðustu árin.

Höfundur er hagfræðingur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Verndum börnin - eða eiga börnin að vernda sig sjálf?

UMRÆÐAN
Halldóra Halldórsdóttir skrifar um öryggi barna

Að gefnu tilefni vilja Stígamót vekja athygli á því hversu varhugavert það getur verið að gera börn ábyrg fyrir öryggi sínu.

Til Stígamóta berast fjölmargar og víðfeðmar upplýsingar um afleiðingar kynferðisofbeldis í æsku á líf fólks þegar það kemur á fullorðinsárin. Til Stígamóta hafa komið á síðastliðnum 19 árum 5.279 manns, allt frá unglingsaldri til fólks yfir sjötugt. Af þeim sem til Stígamóta hafa komið hafa 59% þeirra verið misnotuð kynferðislega á aldrinum 5 til 14 ára. En flestir sem leita til Stígamóta, eða um 58,5%, eru 20 til 39 ára. Fólk leitar sér aðstoðar með afleiðingarnar af misnotkuninni mörgum mánuðum, árum eða jafnvel áratugum eftir að ofbeldinu lýkur. Margir eru að segja í fyrsta sinn frá misnotkuninni.

HALLDÓRA HALLDÓRSDÓTTIR

Kynferðisleg misnotkun skilur eftir sig margvíslegar afleiðingar. Sektarkenndin er algengust afleiðinga ásamt skömminni. Það er algjörlega órökrétt en engu að síður staðreynd að þeir sem eru beittir ofbeldinu bera þungar minningar og tilfinningar um sekt og skömm. Sjálfsmyndin ber þess merki og þótt fólk sé fullkomlega fært um að lifa lífinu með þeim ábyrgðum og skyldum sem því fylgja, er það engu að síður staðreynd að þessi þungbæra reynsla skyggir á lífsgæðin og lífsgleðina og kemur í veg fyrir að fólk njóti sín og hæfileika sinna til fulls. Þess vegna sækir fólk Stígamót heim, til að leita leiða til að losa sig við þá byrði sem sektin og skömmin er og hefja uppbygginguna til betra lífs. Að byrja að treysta sjálfum sér og öðrum aftur eftir þann trúnaðarbrest sem misnotkunin er.

Barn getur aldrei borið ábyrgð á öryggi sínu. Þegar fullorðið fólk misnotar trúnaðartraust barns og nýtir sér barnaskap og þroskaleysi þess í eigin þágu, þá á ekki að gera kröfu um að barnið geti sagt nei og þannig afstýrt eða stöðvað ofbeldið. Börn eru gjörn á að finna skýringar á því sem lífið býður þeim upp á í eigin hegðun – það á einnig við þegar þau eru beitt kynferðislegri misnotkun. Það gefur auga leið að þegar þeim er kennt að þau eigi að segja nei til að koma í veg fyrir að vera misnotuð styrkjast enn meira þær sjálfsskýringar barna að þau hafi á einhvern hátt framkallað misnotkunina eða kallað hana yfir sig þegar misnotkunin heldur áfram hvort sem þau hreyfi mótbárum eða ekki. Eftir situr barnið með þá vissu að það hafi samþykkt ofbeldið og geti þar af leiðandi sjálfu sér um kennt. Þessi reynsla býr síðan með barninu fram á fullorðinsárin. Fræðsla til barna um líkamann sinn – ásamt leiðbeiningum um að læra að segja nei við óvelkominni snertingu getur friðað almenning og látið fólki finnast að það sé verið að vinna fyrirbyggjandi starf og tryggja öryggi barna. En er það svo?

Kjarni málsins er sá að fullorðnir eru ábyrgir fyrir öryggi barnanna jafnt innan fjölskyldna sem utan, og sá sem misnotar börn ber að sjálfsögðu fulla ábyrgð á sínum gjörðum. Allar tilraunir til að telja börnum trú um að þau geti varið sig fyrir misnotkun eru byggðar á fölskum forsendum.

Höfundur er listmeðferðarfræðingur og ráðgjafi á Stígamótum.

Færri og skýrari verkefni

UMRÆÐAN
Sigríður Á. Andersen skrifar um ríkisrekstur

Menn hafa lengi reynt að spara í ríkisrekstrinum með flötum niðurskurði. Öllum ríkisstofnunum er reglulega gert að spara um svona 1%, jafnvel 2% ef fjármálaráðherrann vill sýnast sparsamur. Niðurstaðan er jafnan að útgjöldin aukast ár frá ári. Í haust var litið svo á að öllum ráðuneytum hefði verið gert að skera niður um 5-10%. Það hljómaði vel en útgjöldin árið áður höfðu raunar verið aukin um nær 20%. Það var ekkert borð fyrir báru. Alþingi samþykkti því í desember síðastliðnum fjárlög fyrir þetta ár með 150 milljarða króna halla.

SIGRÍÐUR Á. ANDERSEN

Flatur niðurskurður er vissulega þægilegur fyrir stjórnmálamenn að því leyti að þeir komast þá hjá því að taka afstöðu til einstakra verkefna. Nú er hins vegar svo komið að það verður ekki um það að ræða, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, að halda áfram þessum vinnubrögðum sem tíðkast hafa með flötum niðurskurði. Það sem skiptir máli nú er að endurskoða fjárlögin, hvern einasta lið þeirra, með það að markmiði að fækka verulega verkefnum. Stjórnmálamenn verða að hafa dug í sér til þess að taka afstöðu með og á móti einstökum verkefnum sem nú eru í höndum ríkisins. Menn geta ekki leyft sér að láta staðar numið við það að gera lítilfjörlegar breytingar á framkvæmdahraða, þjónustustigi eða öðrum þáttum. Sumum verkefnum hins opinbera verður einfaldlega ekki haldið áfram. Það eru ekki til peningar fyrir þeim. Spurningin er bara hvaða verkefni það eru sem ríkið hættir að sinna. Því miður báru þingmenn ekki gæfu til þess að spyrja sig þessarar spurningar nú í desember þegar það var einmitt svo brýnt. Þeir vissu sem var að þá þyrftu þeir helst einnig að svara henni. Það virðist vera þeim flestum um megn.

Ný vinnubrögð eru ekki bara nauðsynleg við gerð fjárlaga ríkisins. Ekki er síður brýnt að fjárhagsáætlanir sveitarfélaga taki mið af breyttum og mun verri aðstæðum í íslensku efnahagslífi. Sveitarfélög þurfa að slá af verkefni ef þau eiga að geta staðið undir tiltekinni þjónustu sem þau meta nauðsynlega. Það verður ekki allt gert fyrir alla í þessum efnum.

Höfundur er héraðsdómslögmaður og 1. varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík-norður.

Beinna og virkara lýðræði

UMRÆÐAN

Björn Einarsson skrifar um lýðræði

Lýðræði, sem ekki er í framþróun, er í afturþróun, sbr. ljóð Jónasar Hallgrímssonar „Ísland“: „Það er svo bágt að standa í stað, og mönnunum munar, annaðhvort aftur á bak, ellegar nokkuð á leið.“

Þróun lýðræðisins

Lýðræðishugsjónin á sér rætur í Grikklandi hinu forna og Alþingisstofnun á þjóðöld. Hún var endurvakin með tilkomu borgarastéttarinnar í iðnbyltingunni. Fulltrúalýðræðið, sem við búum við, var framfaraspor frá einveldi til lýðræðis. Þrískipting ríkisvaldsins fól í sér valddreifingu. Löggjafarvaldið setti framkvæmdavaldinu skorður, þ.e. konungi og ráðgjöfum hans. Síðar varð útvíkkun lýðræðisins, eignalausir og konur fengu kosningarétt.

Lýðræðið í dag

Næsta skref er að auka beint lýðræði á kostnað hins óbeina fulltrúalýðræðisins. Ákvörðunarvald lýðsins takmarkast við kosningar til löggjafarþingsins. Þess á milli

BJÖRN EINARSSON

er hann valdalaus. Stjórnmálaflokkarnir á Alþingi koma sér saman um ríkisstjórn, lýðurinn ræður engu hver sest í æðsta valdastólinn, forsætisráðherrastólinn.

Sterkt flokksræði er ráðandi og takmarkar lýðræði fólksins. Prófkjör og útstrikanir á kjörseðli breyta engu þar um.

Þrískipting ríkisvaldsins er óskýr, framkvæmdavaldið er orðið of sterkt og of samtvinnað löggjafarvaldinu. Þingið velur ríkisstjórn, sem síðan stýrir starfsemi þess. Meiri hluti þingsins er óvirkur, minnihlutinn þarf einn að halda uppi gagnrýni á ríkisstjórnina. Framkvæmdavaldið gnæfir einnig yfir dómsvaldinu með því að dómsmálaráðherra skipar í embætti dómara.

Eftir því sem líður á kjörtímabilið, fjarlægjast þingmenn og ráðherrar umbjóðendur sína. Þótt aðstæður og forsendur fyrir umboði lýðsins til stjórnmálamanna breytist, er ekkert sem rekur þá úr valdastólum sínum.

Beinna lýðræði

Lýðræðishugsjónin byggir á því að valdið komi frá lýðnum. Valdið á að liggja sem næst þeim sem málin varða. Lýðurinn, fólkið í landinu, þarf að þroskast til að taka ábyrgð á sjálfum sér. Pólitísk vitund eflist eftir því sem pólitísk réttindi aukast. Slíkt hefur alltaf gerst við aukin lýðréttindi; þegar eignalausir fengu kosningarétt, þegar konur fengu kosningarétt og þegar kosningaaldur hefur verið færður niður.

Fulltrúalýðræði verður þó alltaf við lýði í einhverri mynd. En kjörnir fulltrúar lýðsins eiga að endurspegla vilja umbjóðenda sinna. Beint lýðræði er trúlega hvergi minna en hérlendis, ef litið er til lýðræðisríkja hins vestræna heims. Lýðræði er virkast þegar lýðurinn kýs beint í efstu valdasætin. Með styttingu kjörtímabila ná kjörnir fulltrúar síður að fjarlægjast umbjóðendur sína. Þjóðaratkvæðagreiðslur eiga að vera um öll stærri mál, sem varðar þjóðina í heild. Aldrei eru meiri tæknilegir möguleikar en nú að gera þær ódýrar og öruggar með netkosningum. Möguleika verður að koma á til að koma sitjandi valdhöfum frá fyrir lok kjörtímabilsins, misnoti þeir vald sitt og hafi þeir misst tengsl við umbjóðendur sína.

Stjórnarskráin og allar breytingar á henni eiga að vera settar af lýðnum, á stjórnlagaþingi en ekki á Alþingi.

Pólitískur forseti og sterkara Alþingi

Mörg lönd, sem hafa losnað undan erlendu valdi eða hafa þróað sitt lýðræði, hafa valið að lýðurinn kjósi beint fulltrúa sína í framkvæmdavaldið, ríkisstjórnina. Það gerðu Bandaríki Norður-Ameríku, Írland, Finnland og Frakkland. Þar er forsætisráðherrann pólitískur forseti, þjóðhöfðingi síns lands, þ.e. forsetaræði. Þessa skipan ræddu Bjarni Benediktsson og Gylfi Þ. Gíslason 1940 og Vilmundur Gylfason 1982, eins og kom fram í grein Svavars Hávarðssonar í Fréttablaðinu 12. febrúar sl.

Þannig næst beinna lýðræði og aðskilnaður framkvæmda og löggjafarvalds. Forsetinn velur með sér ráðherra í ríkisstjórn. Sjálfstæði Alþingis eykst, og er mótvægi við framkvæmdarvaldið, með því að hafa löggjafarvaldið og þar með fjárlagavaldið.

Dómstjóri Íslands og umboðsmaður lýðsins

Sjálfstæði dómsvaldsins er mikilvægt til að tryggja hlutleysi þess. „Dómstjóra Íslands“ ætti að kjósa beint af lýðnum. Hans hlutverk væri að vera yfirmaður dómsvaldsins og að hafa eftirlit með því að ný lög frá Alþingi stangist ekki á við stjórnarskrána og gerðir ríkisstjórnarinnar stönguðust ekki á við lög.

„Umboðsmann lýðsins“ ætti einnig að kjósa beint af lýðnum. Hans hlutverk væri að hafa málskotsréttinn, að vísa í þjóðaratkvæði málum sem vörðuðu þjóðarheill; hafa þingrofsréttinn til að boða til alþingiskosninga, vísa til þjóðarinnar vantrausti á ríkisstjórn og boða til stjórnlagaþinga. Hann yrði valdalaus að öðru leyti, aðeins formlegur eftirlitsaðili fyrir virku lýðræði.

Forsetaembættið í núverandi mynd væri þá hægt að leggja niður, þar sem hlutverki þess væri lokið. Þjóðarleiðtogahlutverkið er þá í höndum forsætisráðherra þ.e. pólitísks forseta, og hlutverk hans við stjórnamyndanir er ekki lengur til staðar.

Þar með hæfist annað lýðveldi Íslands.

Höfundur er læknir og heimspekinemi.



Karlar, mataræði og heilsan

UMRÆÐAN
Hólmfríður Þorgeirsdóttir skrifar um heilsu

HÓLMFRÍÐUR ÞORGEIRSDÓTTIR

Það sem við borðum hefur mikil áhrif á heilsuna. Með því að fylgja ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringarefni má draga úr líkunum á ýmsum sjúkdómum, þar með talið krabbameinum. Í ráðleggingunum er áhersla lögð á fjölbreytt mataræði í hæfilegu magni.

Karlmenn eru sérstaklega hvattir til að huga að þyngdinni og halda henni innan marka. Offitu fylgja auknar líkur á ýmsum sjúkdómum, m.a. sumum tegundum krabbameina. Takmarka þarf neyslu á orkuríkum mat, það er fitu- og sykurríkum vörum sem og sykruðum drykkjum. Vatn er besti svaladrykkurinn en neysla á sykruðum drykkjum tengist auknum líkum á offitu og rannsóknir sýna að karlar á Íslandi drekka mikið af gosdrykkjum. Að auki er lykilatriði að hreyfa sig reglulega, að minnsta kosti 30 mínútur á dag. Gefnar hafa verið út sérstakar hreyfiráðleggingar sem hægt er að fá hjá Lýðheilsustöð.

Meira af grænmeti og ávöxtum

Mikill ávinningur er af því að borða meira af grænmeti, ávöxtum, grófum kornvörum (heilkorna) og baunum því rífleg neysla grænmetis og ávaxta virðist minnka líkur á mörgum langvinnum sjúkdómum. Áhrifin virðast meiri eftir því sem meira er borðað af mismunandi tegundum ávaxta og grænmetis, t.d. tómötum og tómataafurðum, spergilkáli, blómkáli og gulrætum. Einstök efni í töfluformi veita ekki sömu áhrif. Í skýrslu World Cancer Research Fund (WCRF), sem kom út í lok árs 2007, er einmitt ráðlagt að uppfylla þörf fyrir næringarefni sem mest úr fæðunni í stað þess að taka fæðubótarefni. Þar er einnig ráðlagt að takmarka neyslu á rauðu kjöti (í skýrslunni skilgreint sem nauta-, svína- og lambakjöt) við 500 g á viku og draga úr neyslu á unnum kjötvörum skilgreindum sem saltar og reyktar vörur.

Þá eru karlmenn hvattir til að fylgja ráðleggingum um neyslu á mjólk og mjólkurmat, sem eru tveir skammtar af mjólk eða mjólkurvörum á dag og velja fitulitlar og lítið sykraðar vörur. Ekki er æskilegt að neyta mikið meira en ráðleggingar segja til um því mikil neysla kalkríkra vara getur mögulega tengst auknum líkum á því að karlmenn fái blöðruhálskrabbamein.

Oftar fisk

Borða ætti fisk sem aðalrétt að minnsta kosti tvisvar í viku, bæði feitan og magran og taka þorskalýsi eða annan D-vítamíngjafa daglega. Í fiski eru ýmis næringarefni sem eru í fáum öðrum matvælum en sjávarfangi svo sem joð, langar ómega-3 fitusýrur og D-vítamín. Ráðlagt er að neyta fitu og feitra matvara í hófi og að velja fremur olíu (ein- og fjölómettaða) en harða fitu (mettaða fitu eða transfitusýrur) á borð við smjörlíki eða smjör við matreiðslu. Mikil hörð fita er óæskileg fyrir heilsuna en hún hækkar LDL-kólesteról í blóði (vonda kólesterólið) sem er áhættuþáttur fyrir hjarta- og æðasjúkdóma. Nota ætti mismunandi gerðir af olíum því í hverri og einni er mismunandi samsetning næringarefna. Ólífuolía og rapsolía gefa okkur t.d. mikilvægar fitusýrur í mismunandi magni.

Æskilegt er að stilla saltneyslu í hóf. Karlar ættu ekki að neyta meira en 7 g af salti á dag en til að geta takmarkað saltneysluna þarf m.a. að lesa á umbúðir matvæla. Í tilbúnum réttum, pakkasúpum og nasli er almennt mikið salt, rétt er að velja lítið unnin matvæli, takmarka notkun salts við matargerð og bera ekki fram salt með matnum.

Spennandi og hollar uppskriftir

Að lokum er vakin athygli á nýútkominni matreiðslubók, *Af bestu lyst 3*, sem er samstarfsverkefni Lýðheilsustöðvar, Krabbameinsfélagsins og Hjartaverndar. Þar sést að heilsusamleg fæða þarf ekki að vera neinn meinlætakostur heldur eru hollusta og gæði sameinuð í ljúffengum réttum.

Höfundur er verkefnisstjóri nærringar hjá Lýðheilsustöð.

HÖFUM FJÖLBREYTNINA Í FYRIRRÚMI

- grænmeti og ávextir daglega
- fiskur – að minnsta kosti tvisvar í viku eða oftar
- gróft brauð og annar trefjaríkur kornmatur
- fituminni mjólkurvörur
- olía eða mjúk fita í stað harðrar fitu
- salt í hófi
- þorskalýsi eða annar D-vítamín-gjafi
- vatn er besti svaladrykkurinn

HUGUM AÐ ÞYNGDINNI

- borðum hæfilega mikið
- hreyfum okkur daglega

Síðumúla 24 // Sími 515 2000 // tm@tm.is // www.tm.is
TM

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNU

VISA

NÝTT KORTATÍMABIL

998

ÍG KRYDDAÐAR GRÍSAKÓTILETTUR
998 kr./kg

998

ÍG GRÍSAKÓTILETTUR Í RASPI
998 kr./kg.

798

BÓNUS GRÍSAKÓTILETTUR
798 kr./kg.

198

BÓNUS MAJONES
550 ml 198 kr.

69

BÓNUS FLATKÖKUR 5 stk 69 kr.

398

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
398 kr./kg.

159

KORNBRAUÐ „heilt kíló" 159 kr.

1998

BÓNUS HANGIÁLEGG
MERKT VERÐ 2498 KR./KG.
20% AFSLÁTTUR. 1998 kr./kg.

13 KR. ÞVOTTURINN

2598

BÓNUS ÞVOTTAEFNIÐ
10 KG. - 210 ÞVOTTAR

NÝ BAKAÐ

198

BÓNUS KORNKUBBAR 4 stk 198 kr.

1998

MACKINTOSH 2,9 KR
aðeins 1998 kr.
SENNILEGA LÆGSTA VERÐ Í EVRÓPU

159

MJÓLKU RJÓMI
240 ml 159 kr.
400 ml 259 kr.

1359

KS FROSIÐ LAMBALÆRI
Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.

JONAGOLD EPLI
129 kr./kg.

GILLETTE FUSION RAKSTURSGEL
20% extra 240 ml 598 kr.
ES BÓMULLARSKÍFUR
120 stk 129 kr.
ASITON NAGLAHREINSIR
400 ml 259 kr.

569

KS FROSINN LAMBABÓGUR
MERKT VERÐ 759 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR 569 kr./kg.



598

FILIPPO BERIO 750ml 598 kr.
ExtraVirgin olía - 50% meira magn
Eitt lægsta verð í Evrópu.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL

1198

80 stk. FINISH UPPÞOTTA-VÉLATÖFLUR **1198 kr.**

15 kr. pr. þvott

598

ALI FERSKUR KJÚKLINGUR

MERKT VERÐ 998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR **598 kr./kg.**

198

159

COLGATE TANNKREM REGULAR 100 ml **198 kr.**

COLGATE ZIGZAG TANNBURSTI medium **159 kr.**

40% AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

MERKT VERÐ 2798 KR./KG 40% AFSLÁTTUR **1679 kr./kg.**

198

BÓNUS MJÚKAR KRINGLUR 4 stk **198 kr.**

878

NF SJÓFRYST ÝSUFLÖK

MERKT VERÐ 1098 KR./KG.

20% AFSLÁTTUR **878 kr./kg.**

198

BÓNUS BLÁBERJA MUFFINS **198 kr.**

359

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR

MERKT VERÐ 598 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR **359 kr./kg.**

598

NF SALTFISKBITAR **598 kr./kg.**

198

BÓNUS ÞRIGGJA KORNABRAUÐ 500g **198 kr.**

523

HOLTA FERSKUR KJÚKLINGUR

MERKT VERÐ 872 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR **523 kr./kg.**

698

BÓNUS ÝSUBITAR Í RASPI 800g **698 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

Megum aldrei missa móðinn

Að standa frammi fyrir tveimur jafngóðum kostum eru verstu aðstæður sem **Nína Dögg Filippusdóttir** gæti hugsað sér að lenda í. Þá vildi hún helst leita ráða hjá spákonu og fá að vita hvert næsta skref ætti að vera. Nína virðist hins vegar sjálf gædd þeirri náðargáfu að veðja alltaf á réttan hest þótt sá gæðingur hafi flutt hana og fjölskylduna heimshorna á milli. *Freyr Gígja Gunnarsson* ræddi við leikkonuna um fjölskyldulífið í langferðarbifreið og framtíð íslenskra listamanna.

SAMEIGINLEG ÁSTRÍÐA Nína lítur á það sem styrk að hún og Gísli skuli hafa sömu ástríðu fyrir áhugamálinu. Þau leika saman í enska leikritinu Don John sem er nú á sýningarferðalagi um gjörvallt Bretland.

Nína og eiginmaður hennar, Gísli Örn Garðarsson, hafa aðeins einu sinni mætt í viðtal saman. Þá voru þau nýútskrifuð úr leiklistarskólanum, blaut bak við eyrun. „Eftir á fannst okkur það koma asnalega út og gerðum með okkur samning um að þetta skyldum við ekki gera aftur," segir Nína en þau Gísli eru um þessar mundir að leika saman í sýningunni Don John í leikstjórn Emmu Rice. Gísli leikur titilhlutverkið en Nína túlkar Önnu sem kvennabósinn Don tekur í kennslustund í holdsins lystisemdum. Ekki í fyrsta skipti sem þau Nína og Gísli leika saman á sviði og ekki í það síðasta. Samt sem áður hefur þeim tekist, undarlegt nokk, að halda sig frá því sem þau kalla „korní"-hjónaviðtöl. Bæði í íslenskum og breskum fjölmiðlum. Enn fremur eru nöfn þeirra ekki samtvinnuð heldur hafa þau náð að skapa sér sterkt nafn og stöðu, sitt í hvoru lagi.

Dóttirin stelur senunni

Don John hefur fengið prýðilega dóma í bresku pressunni, en þykir eilítið groddaleg og margir supu hveljur þegar hún var frumsýnd í hinu virta Royal Shakespeare Theater í Stratford Upon-Avon. Þar hafa gestirnir frekar vanist fínum og virðulegum leikritum hirðskálds breska konungsveldisins, Williams Shakespeare, en pönkuðum uppfærslum á borð Don John.

Sýningin er nú á ferðalagi um Bretland og leikararnir ferðast um í rútu eins og rokkhljómsveit. Sýningaferðalaginu í Bretlandi lýkur í London. Don John hefur hins vegar verið boðið á óperuhátíð í Norður-Karólínu og hyggst þekkjast það.

Nína viðurkennir að þetta sé mun meiri vinna en hún hafði reiknað með. „Ég er með helling af verkefnum sem ég ætlaði að vera að vinna í en mér hefur einfaldlega ekki gefist tími til þess og stundum ætlar maður sér líka aðeins of mikið í einu." Nína sér þó ekki eftir þeim tíma sem farið hafi í verkið. „Undirbúningurinn að Don John var alveg frábær. Við fluttum út í nóvember og æfðum í lítilli hlöðu í Cornwall. Við erum að vinna með frábæru fólki og maður lærir sitt lítið af hverjum og einum," segir Nína.

Dóttirin Rakel María er með þeim Nínu og Gísla og Nína segir að hún hafi staðið sig eins og hetja og heillað alla upp úr skónum. „Raunar er alveg ótrúlegt hvað okkur hefur verið sýnd mikil þolinmæði. Það er aðeins meiri fyrirferð í okkur þrem, það þarf að taka þríhjólið og koppinn með en þetta hefur allt gengið fullkomlega upp. Enn sem komið er."

Nína og Gísli og njóta aðstoðar íslenskrar au-pair stúlku sem Nína segir vera alveg yndislega. Hún sér um Rakel þegar þau þurfa að vera frá vegna sýninga. Að öðru leyti þvælist hún með hvert sem foreldrarnir fara. Skiptir engu hvort að það sé á æfingar eða út að borða. „Auðvitað var ég pínu kvíðin að fara með hana í svona langt ferðalag. En hún hefur ferðast með okkur út um allt alveg frá því að hún fæddist. Hún fær bara svona sígaunauppeldi. Ég er ekki með neitt samviskubit yfir því að vera með hana á þessu flakki. Hún og við fáum bara öðruvísi tíma saman í staðinn."

Elskar íslenska hugrekkið

Umræðan um fjarlægð frá föðurlandinu og fjölskyldu heldur áfram. Nína viðurkennir að auðvitað sé erfitt að vera fjarri vinum og ættingjum í svona langan tíma. Þau þrjú séu hins vegar ein heild. „Ég bý að góðri reynslu frá því að ég var au-pair í Danmörku. Þá reyndar sendi ég öllum vinum mínum og ættingjum bréf, ég held að þau hafi örugglega verið hundrað talsins." Og tæknin hefur gert vegalengdirnar styttri, tölvupóstur og símaforritið Skype létta mikið undir. „Auðvitað fær maður stundum svona saknaðartilfinningu þegar maður sér að vinkonurnar eru að hittast eða eitthvað mikilvægt er að gerast hjá fjölskyldunni. Þá langar mann virkilega bara að koma heim."

Nína þverneitar hins vegar að þau séu að fara setjast að úti í Bretlandi þótt þau hafi öðlast mikla reynslu í ensku leikhúsi. „Það er bara gott að koma hingað út og kynnast öðruvísi vinnubrögðum og umhverfi. Ég er hins vegar svo hrifin af íslenska brjálæðinu, hvernig við látum okkur bara flakka fram af bjargbrúninni og hvernig við vinnum, að ég myndi alltaf vilja vera hér heima. Við erum svo óhrædd og Eurovision-keppnin er kannski besta dæmið um það. Þar mætir fólk úr ólíkum áttum með lögin sín og leyfir þjóðinni að dæma um hvort þau séu góð eða ekki. Mér finnst keppnin alveg mögnuð að þessu leyti og hún er gott dæmi um þessa djörfungu sem við virðumst búa yfir. Við erum ofurhugar."

> „Ég vil sjá meiri útflutning á öllu sem við Íslendingar eigum og ég held að það sé alveg markaður fyrir það. Við hjá Vesturporti finnum til að mynda fyrir miklum áhuga á kvikmyndunum okkar, Börnum og Foreldrum."

Nínu liggur mikið á hjarta þegar talið berst að Íslandi og hvað heimahagarnir hafa upp á að bjóða. „Við tökum ekki nógu mikið eftir því sjálf en það er magnað að sjá hvað margir íslenskir listamenn eru að gera það gott úti í hinum stóra heimi. Baltasar Kormákur með sína Hollywood-mynd. Magnús Scheving og Latabæjarævintýrið er svo sérkafli út af fyrir sig. Ég hef séð Latabæ um allan heim og fyllist alltaf jafnmiklu stolti. Vesturport er að fara í leikhúsferð í apríl og maí til Tasmaníu og Ástralíu og svo skemmtilega vill til að Gjörningaklúbburinn verður með sýningu þar líka á svipuðum tíma," segir Nína og ljóst að útflutningur íslenskrar listar er henni mikið hjartans mál. „Þetta er bara brotabrot af því sem er að gerast hjá Íslendingum erlendis. Ég vil hins vegar sjá meiri útflutning á öllu sem við Íslendingar eigum og ég held að það sé markaður fyrir það. Við hjá Vesturporti finnum til að mynda fyrir miklum áhuga á kvikmyndunum okkar, Börnum og Foreldrum."

MÖGNUÐ ÞJÓÐ OG OFURHUGA Nína segist hvergi annars staðar vilja vera en á Íslandi. Hún elski brjálæðið sem einkenni íslensku þjóðina og hugrekkið. Íslendingar séu hálfgerðir ofurhugar.

Verð ekki Hollywood-eiginkonan

Nína segist kunna því vel, enn sem komið er, að vita ekki hvað morgundagurinn beri í skauti sér. Það sé hennar eðli að stökkva á tækifærin þegar þau bjóðast, grípa gæsina þegar hún gefst. „Að standa frammi fyrir einhverju vali eru verstu aðstæður sem ég get hugsað mér. Þá langar mig bara að fara til spákonu og spyrja hana hvað ég eigi að gera," segir Nína og skellihlær. Bætir því við að sem betur fer séu þau hjónin bæði svona. „Don John kom upp með tiltölulega skömmum fyrirvara og ég var á leiðinni í allt annað verkefni. En ég sá þarna skemmtilegt tækifæri og greip það."

Og tækifærin og ævintýrin hafa svo sannarlega verið í næsta nágrenni. Besta dæmið um það er kannski að fjölskyldan hafði pantað sér frí til Noregs fyrir ári síðan til að vinda aðeins ofan af sér eftir erfiða törn og mikil ferðalög þegar síminn hjá Gísla Erni hringdi og hann beðinn um að koma í prufur fyrir Hollywood-stórmyndina Prince of Persia: Sand of Time. Framhaldið þekkja margir, Gísli leikur stórt hlutverk í myndinni og þetta er án nokkurs vafa eitt stærsta tækifæri sem nokkrum íslenskum leikara hefur boðist.

Nína segist hins vegar eiga erfitt með að sjá sig í hlutverki einhverrar Hollywood-eiginkonu í Beverly Hills. „Karlinn bara að vinna og maður liggur á sundlaugarbakkanum með bótox og silíkon, nei takk," segir Nína en bætir því við um leið að þær mæðgur hafi notið góðs af þessari ákvörðun. Gísli hafi nefnilega flogið þeim til Marokkó þegar hann var þar við tökur. Þar gistu hún og Rakel María á fimm stjörnu hóteli og sóluðu sig við hótelsundlaugina á meðan fjölskyldufaðirinn púlaði. „Auðvitað yrði það frábært ef eitthvað meira kæmi út úr þessu þessu og maður á aldrei að segja aldrei. Kannski verð ég bara svona „Hollywood-wife"," segir Nína og skellir upp úr, á augljóslega erfitt með að sjá sig í því hlutverki.

Þýðir ekkert að væla

Líkt og hjá knattspyrnufjölskyldum, þar sem umræðurnar við kvöldverðarborðið taka fljótlega að snúast um leikkerfi og markaskorun er það sama uppi á teningnum hjá Nínu og Gísla. „Ég lít á það sem styrk að við skulum hafa sama áhugamál og sömu ástríðu fyrir því sem við erum að gera. Við erum auðvitað ekki alltaf sammála en leiklist er bara svo stór partur af okkar lífi. Jú, jú, auðvitað koma upp þau augnablik að annað okkar segir hvort við eigum ekki að tala um eitthvað annað en leiklist. En yfirleitt fara umræðurnar fljótlega aftur yfir á það svið."

Fjölskyldan flutti út til Bretlands skömmu eftir að efnahagslífið hrundi á Íslandi og á tímabili segir Nína að þeim hafi fundist sem þau væru að svíkja lit. „En svo litum við bara þannig á hlutina að við værum að ná í gjaldeyri. Við lásum allt sem við komumst yfir á netinu en svo fjarlægðist þetta smám saman. Ég var því svo þakklát að koma heim í janúar og fá mótmælin beint í æð. Þá áttaði ég mig á því hvað þetta væri mögnuð þjóð."

Nína gerir sér fyllilega grein fyrir því að umhverfi listamanna hefur gjörbreyst eftir fall bankanna. „Oft er sagt að listin blómstri á krepputímum en auðvitað verður erfiðara fyrir listamenn fá pening í verkefnin sín. Við verðum hins vegar bara að finna aðrar leiðir. Það er ekkert hægt að væla þótt það verði erfiðara að fá styrki, maður getur ekki leyft sér slíka hegðun þegar maður horfir upp á margra milljarða niðurskurð í heilbrigðiskerfinu. Listamenn verða bara að sníða sér stakk eftir vexti og hugsa hlutina upp á nýtt og þeir mega alls ekki missa móðinn. Ég fann fyrir því fyrst þegar allt hrundi að ég gafst upp í smá stund á sjónvarpsverkefni sem ég er að vinna að. Við megum samt ekki gleyma því að fólk vill sjá íslenskt, það vill sjá spjallþætti, Spaugstofuna og annað íslenskt leikið efni, Þetta eru þeir hlutir sem tengja okkur saman sem þjóð."

➜ NÍNA Í HNOTSKURN

Nína er í stjörnumerkinu Fiskur, fædd 25.febrúar 1974
Fyrsta stóra hlutverkið í kvikmynd var í Hafinu eftir Baltasar Kormák.
Fyrsta stóra hlutverkið á sviði var hlutverk Karenar í Englabörnum eftir Hávar Sigurjónsson sem sýnt var í Hafnarfjarðarleikhúsinu
Nína og Gísli Örn voru búin að vera saman í tvö ár áður en þau fóru í leiklistarskólann.
Fjölskylda Nínu hyggst opna vefverslun á netinu, boxid.is, þar sem hægt verður að kaupa íslenska hönnun af öllum stærðum og gerðum.
Vesturport sá fram á að sýningar á Rómeó og Júlíu yrðu kannski tíu. Þær eru nú orðnar tæplega fjögur hundruð. Þau æfðu í hálft ár án þess að fá borgað.

~~12.990,-~~ **5.990,-**



~~14.990,-~~ **7.990,-**

~~3.990,-~~ **1.990,-**



~~3.990,-~~ **1.890,-**

~~5.790,-~~ **2.490,-**

~~4.990,-~~ **990,-**

~~3.990,-~~ **990,-**



~~2.990,-~~ **490,-**

~~9.980,-~~ **4.990,-**



~~3.490,-~~ **1.490,-**

~~3.690,-~~ **1.490,-**

~~3.490,-~~ **1.490,-**

Síðustu dagarnir!
Ekki missa af Bókamarkaðnum!

Bókamarkaðurinn
Perlunni
Alla daga til 15. mars



~~5.590,-~~ **690,-**

~~1.290,-~~ **590,-**

~~2.990,-~~ **490,-**

~~2.490,-~~ **1.250,-**



~~14.800,-~~ **6.900,-**

~~4.380,-~~ **1.490,-**

~~5.480,-~~ **990,-**

Opið frá kl. 10 – 18

Ekki missa af lokahelginni!

DYNAMO REYKJAVÍK

GAS, GAS, GAS Lögreglumaðurinn ungi sem þekktur varð sem gasmaðurinn eftir að vörubílstjórum og lögreglumönnum laust saman er viðfangsefni þessarar myndar Pjeturs Sigurðssonar sem tekin var í apríllok á síðasta ári.. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR.

GRÍMUR Eitt óvenjulegt portrett eftir Vilhelm Gunnarsson ljósmyndara. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

FALLINN Í VALINN Koma tveggja ísbjarna til Skagafjarðar í júní 2008 verður lengi í minnum höfð. Valgarður Gíslason tók þessa mynd við bæinn Hraun í Skagafirði þegar búið var að drepa þann sem síðar kom til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.

Ljósmyndir ársins 2008

Árleg ljósmyndasýning **Blaðaljósmyndarafélags Íslands** á myndum ársins 2008 verður opnuð í dag í Gerðarsafni. Ljósmyndarar Fréttablaðsins eiga stóran hluta myndanna eða 67 af 171 mynd sem hangir uppi á sýningunni sem nýtur ætíð mikilla vinsælda.

VÉR MÓTMÆLUM ÖLL! Mótmæli við Alþingishúsið voru ófá síðastliðið haust eftir bankahrunið. Anton Brink tók þessa mynd af ungum mótmælendum og þreytulegum yfirlögregluþjóni, Geir Jóni Þórissyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON.

FUNDAÐ AÐ KVÖLDLAGI Daníel Bergmann ljósmyndari sat fyrir þeim Björgólfi Thor Björgólfssyni, fyrrum eiganda Landsbankans, og þáverandi bankastjórum Landsbankans, þeim Sigurjóni Þ. Árnasyni og Halldóri J. Kristjánssyni að kvöldi 29. september er þeir voru á leið á fund með Geir H. Haarde forsætisráðherra. Þann dag var Glitnir þjóðnýttur en Landsbankinn fór sömu leið nokkrum dögum síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL.

EKKI MEIR Mótmælandi úr hópi vörubílstjóra virðist að niðurlotum kominn á þessari mynd Stefáns Karlssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SNÚÐU SNÆLDUNNI MINNI Snældusnúður frá elleftu öld með rúnaletri var á meðal þess sem grafið var upp í fornleifauppgreftri við Alþingishúsið. Gunnar V. Andrésson tók þessa mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

www.ellingsen.is

Columbia Sportswear Company

COLUMBIA-DAGAR

5.–14. mars

Columbia er eitt af stærstu fyrirtækjum heims á sínu sviði, með næstum 70 ára reynslu í þróun og framleiðslu á útivistarfatnaði og skóm. Vandaður og slitsterkur búnaður fyrir þá sem gera kröfur um hámarksgæði.

35–50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM COLUMBIA FATNAÐI

TBWA\REYKJAVÍK - SÍA

REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
mánud.–föstud. 10–18 • Laugard. 10–16

AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
mánud.–föstud. 8–18 • Laugard. 10–16

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

ALLT FYRIR

GJAFAKORT Í INTERSPORT

ER TILVALIN FERMINGARGJÖF

McKINLEY

MCKINLEY TJALD
17.990
(fullt verð 21.990)

MCKINLEY KATMANDU
3ja manna tjald, gott fortjald, 4,5 kg., hæð 110 cm.

7.490
MCKINLEY WILLOW COMFORT
Svefnpoki. þægindamörk 4°C, Jaðarhiti -10°C.

4.990 (fullt verð 6.990)
MCKINLEY CAMPER 180 AIR
Sjálfuppblásanleg dýna. Þyng: 890g.
Stærð: 183x51x2,5 cm.

TILVALIN FERMINGAR-GJÖF



4.990 (fullt verð 6.490)
IKURA 3000 GT SPINNHJÓL
Veiðihjól.

5.990
SILVA POCKET 8 X 21
Vasasjónauki. Stækkun 8 x 21 kr. 5.990.
Stækkun 10 x 25 kr. 6.990.

5.990
SNOWBEE VEIÐIVESTI
Fæst í barna og fullorðinsstærðum.

6.990
ABU CARDINAL SET
Stangveiðisett. Kaststöng 6.5 fet, opið cardinal spinnhjól, lína.



PÓSTVERSLUN – SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

3 VERSLANIR – ALLTAF LÆGRA VERÐ

INTERSPORT HÚSGAGNAHÖLLINNI **SÍMI 585 7220** Mán. - föstud. 10 - 19. Laugardaga 10 - 18. Sunnudaga 12 -18
INTERSPORT SMÁRALIND **SÍMI 585 7240** Mán. - föstud.11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 13 - 18
INTERSPORT LINDIR **SÍMI 585 7260** Mán. - föstud.11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 12 - 18

SKRÁÐU ÞIG Í CLUB INTERSPORT OG FÁÐU FLEIRI TILBOÐ

CLUB INTERSPORT

EXPO • www.expo.is

ÚTIVISTINA

ADIDAS DÚNÚLPA
15.990
(fullt verð 18.990)

TILVALIN FERMINGAR-GJÖF

ADIDAS DOWN JACKET
Dúnúlpa. Litir: Grá, svört.
Stærðir: S-XL.

7.990 (fullt verð 9.990)
MCKINLEY BORA 45 L
Vandaður 45 lítra útivistarbakpoki.

26.990 (fullt verð 32.990)
CRAZY CREEK STUNT
Snjóbretti. Stærðir 125-145.

14.990 (fullt verð 17.990)
MERRELL INTERCEPT
Gönguskór á herra með slitsterkum og gripgóðum Vibram-sóla og góðri dempun. Litur: Gráir, brúnir. Stærðir: 41-47.

TILVALIN FERMINGAR-GJÖF

22.990 (fullt verð 26.990)
SALOMON 3D FASTPACKER
Gönguskór með góðri dempun og Gore-tex vatnsvörn. Litur: Svartir. Stærðir: 36-48.

14.990
CRAZY CREEK SP500
Línuskautar. Stærðir: 41-45.

INTERSPORT

Góðærið færði þessum krökkum ekkert

Ólöf Bjarnadóttir fæddist fjölfötluð, án litla heila og stóri heilinn er lítill. Þrátt fyrir að geta ekki talað eða tjáð sig öðruvísi en með látbragði hélt Ólöf upp á 19 ára afmæli sitt í haust að venju með fullt hús af fólki og móðir hennar, **Gyða Einarsdóttir,** segir að það fari ekki á milli mála að Ólöfu finnist mun skemmtilegra að halda veislur sjálf en sækja aðrar þar sem hún er ekki í aðalhlutverki. ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** hitti þær mæðgur á heimili Ólafar.

Um síðustu helgi birtist viðtal í Fréttablaðinu við mæðgurnar Helgu Hjörleifsdóttur og Bergdísi Jónsdóttur en Bergdís er fjölfötluð. Gyða segir að Helga hafi verið brautryðjandi í málefnum fatlaðra barna og hún hafi notið góðs af því sem komið var til leiðar í tíð Helgu. Gyða segist til að mynda alltaf hafa fengið góða umönnun og stuðning frá því að Ólöf fæddist. Ólöf er núna á starfsbraut við Fjölbrautaskólann í Ármúla og það er framtíðin sem er efst á baugi hjá þeim mæðgum því Gyða segir fá úrræði vera fyrir fjölfatlaða krakka eftir skólaskyldu. Góðærið hafi litlu breytt þar um.

Gerðum okkur ekki óraunhæfar vonir

„Á meðgöngunni var það talsvert á reiki hvað ég var komin langt á leið. Höfuðið var minna en það átti að vera miðað við hversu langt ég var gengin og af einhverjum ástæðum var ekki kallað á sérfræðing til að skoða það nánar. Ólöf fæddist svo hálfum mánuði fyrir tímann og þá sást strax að það var eitthvað sem var ekki í lagi. Ég var þreytt eftir erfiða fæðingu og eyddi þeim hugsunum bara. Barnalæknirinn ráðfærði sig við kollega sína og tilkynnti okkur fljótlega hvers kyns var. Við tóku svo rannsóknir og þá kom í ljós hversu alvarlega fötluð Ólöf var. Ég get samt ekki sagt að við foreldrarnir höfum fengið þetta áfall sem yfirleitt fylgir því að eignast fatlað barn. Við ræddum strax fyrsta daginn um að reyna að hafa lífið sem eðlilegast og taka á þessu með raunsæi og gera okkur engar vonir.“

Hefur ekki borðað mat í tíu ár

Ólöf er með klofinn mjúka góminn sem þýðir að hún hefur alla tíð átt erfitt með að nærast en hún lærði þó að taka pela. Ólöf þurfti að læra alla hluti eins og að sofa en það gekk erfiðlega að kenna henni það. „Það var það sem var erfiðast fyrstu árin. Hún tók allan sólarhringinn eins og svaf helst, ef eitthvað var, á kvöldin. Þegar hún var tveggja og hálfs árs gáfumst við upp en við sáum það eftir eina helgina að samskipti okkar hjóna þá helgi höfðu verið þegar við hittumst við það að fara sitt á hvað inn í svefnherbergi og leggja okkur. Við fengum því svefnmeðal fyrir Ólöfu og allt breyttist mjög mikið. Hún varð rólegri og þótt hún sváfi yfirleitt ekki alla nóttina kom það þó fyrir.“

Heilsufar Ólafar hefur oft verið mjög slæmt og spítalaferðir voru margar fyrstu árin þar sem hún var til að mynda með mikið magabakflæði. „Í maí 1999 var ákveðið að setja upp magasondu hjá Ólöfu, þar sem illa gekk að gefa henni að borða og eftir það hefur hún ekki viljað sjá mat. Hún er einnig með afar viðkvæmt ónæmiskerfi og stundum er enga skýringu að finna á veikindunum. Fyrir tveimur árum fékk hún mjög slæma lungnabólgu, en það var þriðja skiptið á stuttum tíma, en hefur verið nokkuð hraust síðustu tvö árin. Við erum mjög þakklát, og Ólöf, fyrir hvern góðan dag. Það er ekkert líf að vera svona veikur,“ segir Gyða.

DAMA Í SÉR Ólöf Bjarnadóttir er 19 ára og er að sögn móður hennar, Gyðu Einarsdóttur, mikil dama og elsk að fallegum fötum. Ólöf fæddist fjölfötluð og getur ekki tjáð sig en hlustar mikið á tónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hefur ekki stjórn á hreyfingum sínum

Í dag býr Ólöf á heimili fyrir fjölfatlaða í Fossvogi en hún hefur búið þar alveg frá fimm ára aldri. „Hún flutti hingað tæplega fimm ára og var þá viku hér og viku heima. Nú seinni árin, frá 1999, hefur hún hins vegar alveg búið hér því við getum ekki boðið henni upp á svo góðar aðstæður sem eru hér og henni líður mun betur í þessu umhverfi þar sem hún er alveg örugg. Hér sefur hún í bólstruðu rúmi því skortur á litla heila hefur þau áhrif að hún hefur ekki stjórn á hreyfingum sínum og á því til að slasa sig.“ Gyða segir að þegar henni hafi boðist vistun í Fossvoginum hafi þau foreldararnir ekki þurft að hugsa sig um. „Það komst mikil regla á þegar við þurftum ekki lengur að vera á flakki milli heimilisins, stuðningsfjölskyldu og skammtímavistunar í Álfalandi. Hún fór að sofa betur á nóttunni enda var alltaf einhver vakandi yfir henni. Við foreldrarnir gátum því líka tekist betur á við það að geta ekkert sofið eina vikuna þegar við vissum að við myndum geta hvílt okkur þá næstu.“

Norah Jones í uppáhaldi

Ólöf er mikil dama að sögn móður hennar og elskar falleg föt. Hún fer stundum í bíó, og vill þá helst sjá hugljúfar myndir, og hlustar mikið á tónlist Noruh Jones. „Hún er sterkur karakter og hefur miklar meiningar. Þegar hún var yngri og vildi til að mynda ekki dvelja í sumarbúðum Reykjadals þóttist hún vera ægilega veik en læknaðist svo í bílnum á leiðinni heim. Hún fer líka í manngreinarálit og tekur ekki alltaf öllum svo glatt strax. Ákveðni hennar hefur líka hjálpað henni mikið í gegnum veikindin því hún hefur alltaf farið þetta á hnefanum. Það er mikill töggur í henni,“ segir Gyða og Ólöf lætur vita að henni finnist sitthvað um það sem móðir hennar segir.

Í ÞROSKAÞJÁLFUN Ólöf er þarna tveggja ára. Hún er afar ákveðinn karakter og segir móðir hennar skapi hennar að þakka hve vel henni hefur gengið að sigrast á veikindum sínum.

Á FERMINGARDAGINN Ólöf fermdist fyrir sex árum og stefnir nú að útskrift í vor úr Fjölbrautaskólanum í Ármúla.

Engin framtíðarúrræði

Ólöf mun útskrifast í vor en þá er ekki víst hvað tekur við og í raun engin úrræði að sögn Gyðu. „Lyngás, dagheimilið hennar, er frábær staður, en þar hefur hún og þessir fjölfötluðu einstaklingar verið frá því þeir voru tveggja ára. Það myndi engin manneskja sætta sig við að vera fullorðin enn þá á leikskólanum. Það eru sjálfsögð mannréttindi allra að fá að hafa eitthvað fyrir sinn aldur fyrir stafni. Góðærið færði þessum krökkum ekkert, framtíðin hefur alltaf verið afskaplega óljós. Og á Lyngási er bara dagskrá smá brot úr degi fyrir þennan aldur. Fjölmennt býður líka upp á námskeið en það eru líka fáar stundir í viku. Á milli er ekkert fyrir þau að hafa nema hanga heima sem er engum manni boðlegt.“ Gyða segist vera búin að panta tíma hjá félagsmálaráðherra en hafi ekki enn þá fengið viðtalstíma, líklega vegna ástandsins. Hún hafði svo samband við Svæðisskrifstofu Reykjavíkur á fimmtudag og fékk þau svör að eitthvað væri í bígerð og segist bíða spennt eftir því. „Maður vonar að þessir einstaklingar gleymist ekki núna. Þau þurfa mikla aðhlynningu og það var algjör lukkupottur að komast með hana í Fjölbraut í Ármúla. En svona hefur maður þurft að taka þetta – eitt ár í einu – og sjá svo hvað verður næst. Dagþjónustuúrræði fyrir þennan fjölfatlaða aldurshóp annar ekki eftirspurn og ég veit að úrræðin eru engin. Einstaklingur eins og Ólöf þarf umhverfi þar sem hún er innan um fólk, eins mikil selskapsmanneskja og hún er.“

Tryggjum endurnýjun!

Sjálfstæðismenn, kjósum Jón Rúnar

í 3. sætið

Öflugan mann í endurreisn atvinnulífs

www.jonrunar.is

Stuðningsmenn

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISMANNA Í SV-KJÖRDÆMI 14. MARS

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Heimsókn í Bónus á Korputorg borgar sig

129

JONAGOLD EPLI **129 kr./kg.**

2398

KS FERSKT LAMBAFILLET M/FITURÖND
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR **2398 kr./kg.**

598

FROSIN ÝSUFLÖK **598 kr./kg.**

49

COKE & COKE LIGHT
33 cl **49 kr**

49

1554

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2220 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR **1554 kr./kg.**

898

BÓNUS NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR
MERKT VERÐ 1198 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR **898 kr./kg.**

298

GÓÐKAUP WC PAPPÍR
12 rúllur **298 kr**

1198

80 stk. FINISH UPPÞOTTA-VÉLATÖFLUR **1198 kr.**

VISA

BÓNUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

STEMNING Á VERKSTÆÐINU Verkstæði Ásgarðs er til húsa í gömlum bragga í Álafosskvosinni. Þegar Ásgarður keypti húsnæðið fyrir sex árum var það nánast ónýtt en hefur síðan verið algerlega endurbyggt. Starfsmennirnir annast sjálfir alla smíðavinnu og eru að vonum ekki síður stoltir af húsakynnunum en öllum þeim fjölmörgu fallegu gripum sem framleiddir eru á verkstæðinu. Borðið sem hópurinn hefur safnast í kringum er hjarta verkstæðisins. Þarna sitja menn með sandpappírinn og pússa eins og þeir eigi lífið að leysa og ræða málin um leið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gleðin við völd í Ásgarði

Ásgarður handverkstæði hlaut á dögunum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins. *Stefán Karlsson* og *Steinunn Stefánsdóttir* heimsóttu Ásgarð af því tilefni, hittu fyrir glaða starfsmenn, skoðuðu framleiðsluvörurnar og fræddust um starfsemina og hugmyndafræðina sem hún byggir á. Handverkstæðið er til húsa á tveimur stöðum í Álafosskvosinni, bragga og fyrrverandi ölstofu. .

KUBBARNIR KOMNIR Siggi er nýbúinn að fá sendingu af kubbum neðan af verkstæði. Nú þarf að lita á þá og olíubera en það er gert í listasmiðjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

STOLTUR HÓPUR Hanarnir eru það nýjasta í framleiðslu Ásgarðs. Þeir reigja sig stoltir og Steingrímur er ekki síður stoltur af framleiðslunni.

GÓÐ SAMVINNA Í listasmiðjunni voru þeir Holberg og Stefán að búa til koparskál. Þarna skiptir samvinnan máli og að sögn Einars, leiðbeinanda í listasmiðjunni, hafa þeir félagar verið að þjálfa hana markvisst síðastliðnar vikur.

VANUR MAÐUR Í RENNIBEKK Steindór hefur unnið í Ásgarði nánast frá upphafi og er alsæll með vinnuna. Auk þess að vinna á verkstæðinu annast hann ýmis tölvumál svo sem heimasíðugerð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

EINBEITING Aron er nemandi í Brúarskóla í Reykjavík en hefur unnið í Ásgarði síðan í haust. Hann er mjög ánægður með vistina og vinnuna í Ásgarði og segir andann þar einstakan. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

PÚSSAÐ AF LIST Guðjón er mikill pússari og leggur metnað í að vinna starf sitt vel.

2009

MÍN BORG

ICELANDAIR

Vildarklúbbur

Flug til Bergen gefur 2.500–8.000 Vildarpunkta.

MIÐBÆRINN OG BRYGGEN

Þegar sólin skín streyma Bergenbúar niður í miðbæ, göturnar fyllast af fólki og lifnar yfir öllu. Þá er bara að setja regnhlífina inn í fatahengi, finna kaffihús eða bar við Bryggen eða Zakkariasbryggen og fá sér kaldan bjór. Útsýnið er yfir höfnina sem er full af skemmtibátum, stórum og smáum.

Elstu húsin á Bryggen eru sjaldgæfur fjársjóður og virkilega þess virði að gefa sér tíma til að skoða þau og kynna sér sögu þeirra. Þarna eru söfn, verslanir, sem selja skandinavíska hönnunarvöru, matsölustaðir og barir, allt í gamla stílnum.

STÆRSTA SEGLSKIP NORÐMANNA

Í Bergen er heimahöfn stærsta seglskips Norðmanna, Statsraad Lehmkuhl, sem var smíðað árið 1914. Tignarlegt skip. Þegar skipið er í höfn er hægt er að kaupa sér ferð með því að kvöldi til og sigla um skerjagarðinn fyrir utan Bergen. Spiluð er lifandi músík.

SÖFN OG TÓNLIST

Það er mikið af söfnum í Bergen og menningin lifir góðu lífi. Mest er um að vera í byrjun sumars. Þá eru tvær hátíðir sem vert er að mæla með: Festspillene, 20. maí–3. júní (*fib.no*) og Nattjazz 20.–30. maí (*nattjazz.no*).

Í STRIGASKÓM MEÐ KVIKK-SÚKKULAÐI

Gönguferðir kosta ekkert og í Bergen er um margar gönguleiðir að velja. Farið í strigaskóna, pakkið niður Kvikk-súkkulaði og vatni og skellið ykkur út í náttúruna. Þeir sem eru í sæmilegu formi ættu að ganga upp Stoltzekleiven. Þetta er brattur stígur í göngufjarlægð frá miðbænum. Þeir sem eru lofthræddir þurfa ekki að hafa neinar áhyggjur og útsýnið er stórkostlegt. Þegar upp er komið er hægt að fara sömu leið niður eða ganga áfram, t.d. yfir til Fløyen og þaðan niður í miðbæ. Gefið ykkur góðan tíma á leiðinni niður Fløyen meðan þið nálgist miðbæinn. Hér er mikið af gömlum timburhúsum sem standa við þröngar, brattar götur. Afskaplega sjarmerandi. Fyrir þá sem eru fótlúnir eða hafa minni tíma er bara að taka Fløybanen upp á Fløyen og ganga svo niður.

SÆDÝRASAFNIÐ NORDNESBAKKEN 4
Ef börn eru með í för hafið þið góða afsökun til að heimsækja Sædýrasafnið (Akvariet). Þar finnið þið m.a. krókódílinn Samson, selinn Linus og mörgæsina Pingrid Alexöndru. Stórskemmtilegt fyrir fólk á öllum aldri.

VERSLANIR

Í miðbænum eru verslunarmiðstöðvar eins og Galleriet, Xhibition og Kløverhuset. Ef þið viljið sjá eða kaupa fallega norska fatahönnun, mæli ég með búðinni Oleana, Strandkaien 2. Til að finna eitthvað sem er „öðruvísi“ þarf maður að fara út fyrir Torgallmenningen og leita í hliðargötunum.

MÍN BERGEN

Helga Jóhannsdóttir, rafmagnsverkfræðingur

Flug og gisting í 2 nætur frá 57.900 kr.

*á mann í tvíbýli á Thon Hotel Sandviken Brygge ****
Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar, gisting og morgunverður.

Reykjavík – Bergen frá 14.900 kr.

Flug aðra leiðina með flugvallarsköttum. Flogið er 2 sinnum í viku.

Veitingastaðir

ESCALON VETRLIDSALLMENNINGEN 21
Uppáhaldsmatsölustaðurinn minn. Lítill tapasstaður í kjallara rétt við Fløybanen. Munið að panta borð. Matsölustaðir með þessu nafni eru á fleiri stöðum í Bergen en mér finnst þessi notalegastur.

HOLBERGSTUEN TORGALLMENNINGEN 6
BRYGGELOFTET & STUENE BRYGGEN 6
Ég mæli með þessum veitingastöðunum þegar sannir Íslendingar ætla að sinna þeirri sjálfsögðu skyldu að kynna sér björgvinska matarmenningu. Hún er ekki sérlega „elegant“ en matarmikil og „back to basics“. Prófið lapskaus, persetorsk eða fimmtudagsmatinn raspeballer. Pinnekjøtt og lutefisk er því miður bara hægt að fá í kringum jólin.

POTETKJELLEREN KONG
OSCARSGATE 1A
Góður en dýr matsölustaður í enn einni kjallaraholunni, eins og nafnið gefur til kynna. Sjarmerandi staður og frábær matur.

PYGMALION
NEDRE KORSKIRKEALLMENNINGEN 4
CAFÉ OPERA ENGEN 18
Ágætismatur á ágætisverði.

TO GLASS VINBAR
VETRLIDSALLMENNINGEN 19
Ég mæli með þessum bar. Þar er gott að sötra ljúffengt rauðvín og panta jafnvel ólívur og serrano-skinku með sem snakk.

BOCCA ØVRE OLE BULLPLASS 3
Bar á góðum stað, miðsvæðis í bænum og í næsta nágrenni við leikhús, matsölustaði og næturklúbba.

COLONIALEN ENGEN 8
Þið verðið að prófa þennan „gourmet-stað“ þar sem hægt er að fá brauð með girnilegu kjötáleggi og ostum sem eru hver öðrum betri. Ég mæli með öllu á matseðlinum og verðið er sanngjarnt miðað við magn og gæði. Líka er hægt að kaupa gómsætar samlokur og taka með. Fyrir matnautnafólk er þetta veitingastaður á kvöldin (í kjallaranum að sjálfsögðu) og þar fáið þið með betri mat sem hægt er að fá í Bergen. Það kostar sitt og verður að panta borð, helst með góðum fyrirvara.

GODT BRØD VESTRE TORGGATE
Ef ég fæ ekki borð á Colonialen rölti ég yfir á Godt brød. Þarna eru smurðar samlokur sem fólk velur sjálft áleggið á, og allt er lífrænt, þ.e. hollt og gott. Staðurinn er víðar í Bergen. Prófið líka Café Aura, Marken 9, sem stendur við sjarmerandi göngugötu og býður góðar veitingar á góðu verði, og Vågen Fetevare, Kong Oskarsgate sem er kaffihús með sál og góðar veitingar.

Besta verðið okkar*

Amsterdam	frá 17.300 kr.
Bergen	frá 14.900 kr.
Barcelona	frá 17.300 kr.
Berlín	frá 17.300 kr.
Boston	frá 29.720 kr.
Düsseldorf	frá 17.300 kr.
Frankfurt	frá 17.300 kr.
Glasgow	frá 14.900 kr.
Halifax	frá 25.400 kr.
Helsinki	frá 17.300 kr.
Kaupmannahöfn	frá 14.900 kr.
London	frá 14.900 kr.
Madrid	frá 17.300 kr.
Manchester	frá 14.900 kr.
Milano	frá 17.300 kr.
Minneapolis	frá 29.720 kr.
München	frá 17.300 kr.
New York	frá 29.720 kr.
Orlando	frá 31.220 kr.
Osló	frá 14.900 kr.
París	frá 17.300 kr.
Stavanger	frá 14.900 kr.
Stokkhólmur	frá 14.900 kr.
Toronto	frá 25.400 kr.

+ Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR

Öll verð miðast við lægstu verð í verðskrá og geta á einhverjum tímapunkti verið uppseld.

*Verð aðra leiðina með sköttum og gjöldum.

matur

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT]

mars 2009

Fiskiálegg og hnetubrauð

Þó hafragrauturinn standi alltaf fyrir sínu á morgnana er gaman að breyta til. Börnin verða líka glöð þegar eitthvað nýtt og skemmtilegt er á boðstólum. BLS. 6

Orka í gönguna

Jón Gauti Jónsson fjallaleiðsögumaður gefur hugmyndir að orkuríku fæði fyrir og eftir erfiðar göngur. BLS. 2

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Girnileg upplifun um helgar

Morgunstund gefur gull í mund. Það má með sanni segja að þetta gamla íslenska máltæki eigi vel við um upplifun þeirra matargesta sem leggja leið sína um helgar í brunch eða dögurð á veitingastöðunum Vox á hótelinu Hilton Nordica og Nítjándu í Turninum í Kópavogi.

Allsnægtir ráða ríkjum í „brunch-hlaðborðum“ Nítjándu og Vox og úrvalið með eindæmum. Allt frá salötum og súpum til fiskrétta, eggjarétta og nautakjöts í bernaise-sósu.

Ekki er amalegt að byrja daginn með slíkri máltíð á laugardegi og sunnudegi. Þar geta ástfangin pör jafnt og fjölskyldur og vinahópar komið saman og notið góðrar stundar.

Dögurður með útsýni

Útsýnið úr veitingastaðnum Nítjándu er magnað. Út um stóra glugga sést til allra átta, út á Álftanes og Reykjanes, til Bláfjalla og út á haf. Þar er ekki amalegt að tylla sér niður um helgar til að gæða sér á þeim fjölbreyttu réttum sem í boði eru í „brunch-hlaðborði“ Nítjándu.

„Við erum með nokkra fasta rétti á hlaðborðinu eins og egg Benedikt sem er einkennisréttur okkar og nauta rib eye með bernaise-sósu,“ segir Stefán Ingi Svansson, kokkur á Nítjándu, og tekur fram að fastagestir staðarins sæki mikið í þessa tvo rétti. Þess má geta að nautakjötið er eldað í tólf klukkustundir.

Annar fastur liður er súkkulaðikakan sem er sívinsæl svo og humarsúpan klassíska.

FRAMHALD Á BLS. 4

Fermingartilboð Nings

Sparaðu vinnu og fyrirhöfn

Hafðu samband og við veitum ráðgjöf þér að kostnaðarlausu.

Veislubjónusta NINGS

Síminn er 588 0999 og 822 8833

- Marineraðar kjúklingabringur á spjóti Teriyaki
- Svínakjöt á spjóti með Satay sósu
- Kókoshjúpaðar risarækjur með hvítlaukssósu
- Blandaðar Sushi rúllur með soya og engifer
- Te reyktur lax með engifer, coriander og kaldri lime jógúrtsósu
- Kalkúnalæri og grænmeti í Malasíu karrý og kókósmjólk
- Shar shui svínasteik með hoi sin og plómusósu
- Steikt hrísgrjón með eggjum og grænmeti
- Ferskt salat, fullt af góðgæti

Gos frá Ölgerðinni fylgir fermingarveislum Nings.

Verð aðeins 2490 kr. á mann (miðað við 50 gesti eða fleiri).

Öllum fermingarveislum Nings fylgir vegleg gjöf til fermingarbarnsins.

GULL Í MUNN

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir skrifar

Morgnar eru dásamlegasti tími dagsins. Eitt sinn átti ég því láni að fagna að hjóla daglega meðfram sjávarsíðunni mjög síðla nætur, eða þegar komið var undir rauðasta morgun. Þá stoppaði ég gjarnan við bryggjupollann til að leyfa töfrum árdagsins að gagntaka mig í fegurð sinni, kyrrð og ferskleika. Á undan mér á fætur voru smáfuglar sem sungu nýjum degi dýrðarlag í takt við róandi öldugjálfur sem lék sér eftirvæntingarfullt við fjörustein og yfir hreinum himni húsþaka liðaðist lokkandi ilmur bakarans sem byrjaður var að galdra fram morgunkrásir handa enn sofandi íbúum og lífið var blátt áfram lofandi yndislegt.

Þessar stundir eru ógleymanlegar og í raun synd hve margir fara á mis við þennan fegursta tíma sólarhringsins, þegar allt virðist þrungið frjósemi, lífsgleði og fögnuði yfir að fá að vakna enn einn daginn; bæði náttúran, mannfólkið, og vitaskuld matarlystin. Við eigum nefnilega morgundaginn ekki vísan og þurfum að muna að njóta dagrenningarinnar eins og miðdagsins og aftansins, rétt eins og æskunnar, blóma lífsins og gulláranna, því hver tími dagsins hefur sinn sjarma, eins og aldursskeiðin og morgunmáltíðir lífsins.

Reyndar þarf ekki morgungaldra sem þessa til að draga fram matarlyst mína á ljúfmetis árbít, því tilhlökkunarefni nýs dags felst vitaskuld líka í lystisemdum góðs morgunverðar, áður en haldið er áfram í dagsins önn. Á letilegri vikudögum er svo upplífgandi tilbreyting að sameina síðbúinn morgunverð við hádegishressingu, og upplifa rómantískan dögurð í rúmi í bland við kossa, eða setjast til hlaðborðs girnilegra snemmdagsrétta í félagskap kærleika, tilhlökkunar og samræðna góðra vina og fjölskyldu.

Ég held að Íslendingar séu á villigötum sem nátthrafnar þegar kemur að matarboðum og öðrum samfundum; en kannski er um að kenna myrkri stóran hluta ársins þegar ljúfara er að sofa meðan birtir af degi, heldur en að ráðast til atlögu við hafragrautsgerð og molasopa. Miklu nær samt væri að hittast snemma dags, halda saumaklúbba á morgnana, afmælisveislur í hádeginu, og kokkteilboð um miðjan daginn, til að nýta daginn til fulls og njóta samveru og matargjörnings meðan andinn er vakandi, hugurinn ferskur og lystin heilbrigð og fús. Þá er líka unnt að ganga fyrr til hvílu að kvöldi, eftir dýrmætan dag snemmtekinna ævintýra, með mettan maga, vel nærður á líkama og sál, og vakna endurnærður til næstu morgundýrðar, hvort sem þá verður borið fram veisluborð morgunkossa, hefðbundinn morgunverður eða dögurður með óvæntu ívafi.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

Hvunndags · Hvunndags/til hátíðabrigða · S Smáréttir · E Eftirréttur · D Drykkir · Hollt · Fiskur · Grænmeti · Kökur · Ávextir

Jón Gauti segir næringu fyrir göngur ekki nein vísindi og í raun dugi íslenskur heimilismatur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ferskir ávextir og fræ eru tilvalin til að hressa upp á gamla góða hafragrautinn.

GÓÐGÆTI GÖNGUGARPSINS

Fjallgöngur útheimta mikla orku og er mikilvægt að nærast vel fyrir og eftir göngu. Jón Gauti Jónsson segir íslenskan heimilismat uppfylla helstu kröfur.

Hollt og gott!

Morguninn er tími fjallgöngufólks og með staðgóðum morgunverði er lagður grunnur að ánægjulegum og góðum degi á fjöllum. „Þar sem fjallgöngur útheimta mikla orku í langan tíma henta þær ekki sem megrunarátak. Líkaminn þarf orku og hana má nálgast í venjulegum mat. Þótt góður morgunverður sé mikilvæg undir-staða fyrir átök dagsins er einnig rétt að borða vel kvöldið áður og strax eftir göngu því margt bendir til að líkaminn sé þá fljótari að jafna sig og eftirköstin verði minni," segir Jón Gauti Jónsson fjallaleiðsögumaður hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum.

„Þótt fjallgöngur séu enginn íþróttaviðburður eru þær mun fremur langhlaup en spretthlaup, enda er áreynslan hófleg en langvarandi. Við langvarandi álag er mikilvægt að vinnandi frumur líkamans hafi jafnan aðgang að orkuríkri næringu til að viðhalda jafnvægi blóðsykurs ferðina á enda. Kolvetni eru trúlega mikilvægasta uppspretta orku í hefðbundinni dagsgöngu á fjall. Ekki svo að skilja að sneiða eigi hjá hinum orkuefnunum því margt bendir til að framlag þeirra verði mikilvægara eftir því sem áreynslan varir lengur," útskýrir Jón Gauti áhugasamur og bætir við að ekki megi gleyma mikilvægi þess að viðhalda vökvabúskap líkamans. „Einn kaffibolli að morgni gerir ekki útslagið en ef koffíndrykkir eru einu drykkirnir er hætt við að vökvatap verði of mikið vegna þess að koffín ýtir undir þvaglosun. Vatn er besti svaladrykkurinn," segir hann ákveðinn og nefnir að íslenskur heimilismatur sé nógu góður. „Óþarfi er að setja sig í vísindalegar stellingar til að undirbúa dagsferð á fjöll. Stór skál af hafragraut, lítið sætt morgunkorn og mjólk eða gróft brauð með osti og grænmeti hentar ágætlega. Síðan er ágætt að muna eftir að drekka fyrir ókomnum þorsta eins og góðra fjallamanna er siður." - hs

HAFRAGRAUTUR JÓNS GAUTA

Hafragrjón, soðin í vatni og salti

Epli skorið í smáa bita

Banani skorinn í smáa bita

Rúsínur eða niðurskornar döðlur

Sólblómafræ, graskersfræ, sesamfræ og hörfræ

Setjið ávexti og fræ út í tilbúinn grautinn. Berið fram með mjólk og lýsi.

VERSLUN SÆLKERANS

Filippseyjar á Hverfisgötu

Í versluninni Filippseyjum fæst allt sem þarf í filippseyska og taílenska matargerð. Þar er gott úrval af dósamat, kryddi, sósum, núðlum og grjónum. Þá fæst allt til sushi-gerðar og auk þess úrval af frosnum kínarúllum.

Priscilla Zanoria, eigandi verslunarinnar, segir töluverðan mun á taílenskum og filippseyskum mat og að sá taílenski sé mun sterkari. Hún segir Adobo-krydd einkennandi fyrir filippseyskan mat og er það sérstaklega gott í pottrétti. Talsvert hefur borið á því að sögn Priscillu að Íslendingar komi í búðina og fái aðstoð við að gera eigin kínarúllur. „Við erum með baunaspírur, gulrótarræmur, hvítkálsræmur, krydd og fleira sem fólk setur inn í sérstök kínarúllublöð hjá okkur. Þetta er svo hægt að fara með beint heim og steikja." Í versluninni fæst oftar en ekki frosið sjávarfang eins og smokkfiskur, krabbi og makríll og á Priscilla von á nýrri sendingu innan tíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

matur kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Sólveig Gísladóttir og Emilía Örlygsdóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason **Pennar:** Hrefna Sigurjónsdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Sólveig Gísladóttir, Vera Einarsdóttir, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*

Kátari

Kraftmeiri krakkar

Cheerios er trefjaríkt, sykurlítið morgunkorn, unnið úr heilum höfrum, hlaðið kolvetnum, orku og uppbyggjandi hollustu fyrir lítið fólk sem er að vaxa. Í hverri skeið eru lífsnauðsynleg næringarefni, 14 fjörefni og steinefni, og við foreldrar vitum að börn, sem borða hollan mat, verða sprækari, hreyfa sig meira og dafna betur.

Gott fyrir þá sem eru að stækka

Cheerios inniheldur mikið af hafratrefjum sem bæta meltingu með því að drekka í sig vatn og bólgna út á leið sinni í gegnum meltingarveginn. Börnunum líður betur og um leið fær líkaminn lífsnauðsynleg efni og orku til að byggja upp nýjar frumur fyrir vefi í örum vexti. Þess vegna er Cheerios gott fyrir börnin þín.

ÍSLENSKA SÍA.IS NAT 43886 10.2008



Rauðará kynnir
Food And Fun
18.til 22. mars

Rauðará kynnir með ánægju John Mooney meistarakokk frá Florida.
Komið og njótið góðra veitinga í rómantísku umhverfi.

Við lofum ykkur því að Food And Fun hátíðin hjá okkur stendur undir nafni.

Verið hjartanlega velkomin
starfsfólk Rauðarár!

RAUÐARÁ RESTAURANT

Rauðará
Rauðarástíg 39
s: 562 6766
raudara@raudara.is

Súkkulaðikakan á Nítjándu er fastur punktur í hlaðborðinu um helgar enda sívinsæl.

Mímósan á Nítjándu er spennandi og fersk. Hún er blanda af appelsínusafa og kampavíni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Egg Benedikt er einkennisréttur Nítjándu.

Boðið er upp á fjölda annarra rétta, átta til níu tegundir af salati, ferska fiskrétti, alls kyns eggjarétti auk hefðbundins morgunverðarhorns með ristuðu brauði og áleggi.

„Svo er smoothie vinsæll hjá öllum," segir Stefán en hann er búinn til úr skyri, ferskum berjum og klaka, og borinn fram í smekklegu staupi.

Stefán segir algengt að fjölskyldur og hópar mæti í dögurðinn og er þar aldurinn afstæður. „Til okkar kemur fólk frá tveggja ára og upp í áttrætt," segir Stefán glaðlega en á virkum dögum er Nítjánda hádegisverðarstaður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI
Stefán I. Svansson kokkur á Nítjándu segir gesti staðarins á öllum aldri.

Klassískt með nýjum áherslum

Á veitingastaðnum Vox á Hilton Hotel er boðið upp á sígildan sælkeramorgunverð en þó með nýstárlegum áherslum eins og matreiðslumönnum staðarins eru einum lagið.

„Við bjóðum til að mynda upp á girnilega gulrótar- og hnetuböku, en setjum út í hana fræ og hnetur og svo kókosmjólk og rjóma í staðinn fyrir rjóma og egg og beikon eða skinku sem er yfirleitt notað til að bragðbæta hana," bendir Sigurrós Pálsdóttir, en hún starfar á Vox.

Sigurrós tekur fram að með bök-

E S D

GIRNILEGAR UPPSKRIFTIR FRÁ NÍTJÁNDU OG VOX

DÖGURÐUR Á NÍTJÁNDU

SKYR SMOOTHIE
300 g skyr
100 ml mjólk
50 g jarðarber
20 g hindber
20 g bláber
20 g flórsykur

Allt sett saman í blandara og blandað vel saman. Skreytt með myntulaufi og fersku hindberi.

SÚKKULAÐIKAKA TURNSINS
500 g súkkulaði
200 g smjör
200 g sykur
8 stk. egg

Smjör og súkkulaði brætt saman yfir vatnsbaði, eggjum og sykri þeytt vel saman. Súkkulaðiblöndunni blandað varlega saman við eggin og sykurinn, sett í form og bakað við 175 gráður í 15-20 mín. Borið fram með þeyttum rjóma eða ís.

EGG BENEDIKT
Fyrir fjóra
4 stk. egg
½ bolli borðedik
4 bollar vatn
Salt og pipar

Vatn og edik hitað að suðu, eggin brotin varlega útí pottinn og látin vera í ediksvatninu í 7 mínútur. Þá eru eggin veidd upp úr og haldið heitum.

HOLLANDAISE-SÓSA
300 g smjör
3 stk. eggjarauður
1 msk. hvítvínsedik
Salt og pipar

Þeytið eggjarauður yfir volgu vatnsbaði. Bræðið smjörið, hellið varlega út í. Þeytið vel saman allan tímann. Athugið að smjörið má ekki vera of heitt. Kryddið til með hvítvínsediki, salti og pipar. Berið fram á smjörsteiktu brauði og steiktri skinku.

MORGUNVERÐARVEISLA AÐ HÆTTI VOX

AMERÍSKAR PÖNNUKÖKUR
220 g hveiti
2 tsk. lyftiduft
1 tsk. salt
2 tsk. flórsykur
250 ml mjólk
60 g smjör
2 stk. egg

Hrærið saman eggjarauðum, smjöri og mjólk. Sigtið þurrefni saman í skál og hellið mjólkurblöndunni smátt og smátt saman við. Stífþeytið eggjahvíturnar og blandið þeim varlega í deigið. Berið fram með hlynsýrópi, berjum, hnetusmjöri, beikoni eða bara íssósunum.

MÚFFUR MEÐ HVÍTU SÚKKULAÐI OG HINDBERJUM
Smjör 75 g
Sykur 2,5 dl.
Egg 2 stk.
Sýrður rjómi 18% 3 dl
Lyftiduft 1,5 tsk.
Hveiti 4,5 dl
Kakó 2 msk.
Hindber 125 g
Hvítt súkkulaði 125 g

Hrærið saman sykri og smjöri. Setjið eggin eitt í einu og síðan sýrða rjómann. Sigtið þurrefnin út í, hrærið saman. Brytjið hvíta súkkulaðið gróft. Blandið hindberjum og súkkulaði varlega saman. Bakist í múffuformum 30 mín. við 180 gráður ca. 20 stk.

MELÓNU- OG TRÖNUBERJASKOT
Trönuberjasafi 1 l
Lime 2 stk.
Hunangsmelóna ca. 1/4
Vatnsmelóna ca 1/4 klaki

Skerið utan af melónunum og

SÍTRÓNUKREISTUR
Í Gautaborg stendur yfir sýning á óteljandi sítrónukreistum af öllum stærðum og gerðum.
BLS. 4

KRÆSINGAR Á FATI
Nokkurra hæða kökudiskar njóta vinsælda enda ákveðin reisn yfir þeim. Þá bjóða speglabakkar upp á skemmtilegt sjónarhorn á krásirnar.
BLS. 4

heimili&hönnun

FRÉTTABLAÐIÐ LAUGARDAGUR 14. MARS 2009

HLÝLEGT & RÓMANTÍSKT

Kolbrún Birna Halldórsdóttir er mikið fyrir hluti með sögu og sál og hefur blandað þeim á skemmtilegan máta við nýrri húsmuni. BLS. 6

KitchenAid

KJÖLFESTA Á HEIMILUM ÍSLENDINGA Í ÁRATUGI

90 1919–2009

Hvaða lit má bjóða þér?

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

HEIMILISHALD
RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR

Fyrirmynd við verkin

Ég er gjörn á að fresta heimilisverkunum til morguns. Það vil ég þó ekki kenna mínum afkomendum og reyni að vera góð fyrirmynd. Að virkja börnin sér til aðstoðar við heimilisverkin held ég líka að sé sniðugt til að kenna þeim sæmilega umgengni. Einn daginn þegar við mæðgur vorum einar heima ákvað ég því að fá þriggja ára skottuna í tiltekt með mér til að kenna henni góða siði. Henni leist vel á það og vatt sér í verkin af krafti. Við byrjuðum í herberginu hennar á að sortera dótið af gólfinu ofan í dótaskúffur en eftir meira en hálftíma vinnu sá ekki högg á vatni. Gólfið flaut bara í öðrum leikföngum en áður. Ég klóraði mér í hausnum yfir þessu en ákvað að taka á þessu seinna og við færðum okkur inn í eldhús. Þar gekk mér vel að koma leirtaui í uppþvottavélina og strjúka af borðum meðan skottan sópaði hvað mest hún mátti. Þegar ég sneri mér við hafði hún sópað öllum kubbunum sínum vandlega undir eldhúsborðið og vel út í hornin. Ég hrósaði henni fyrir dugnaðinn og hugsaði með mér að ég gengi bara frá kubbunum á eftir.

„Þegar ég sneri mér við hafði hún sópað öllum kubbunum sínum vandlega undir eldhúsborðið og vel út í hornin.“

Við færðum okkur inn í stofu þar sem við þurrkuðum af og brutum saman þvottinn. Það verkefni fór úr böndunum þar sem skottan leysti fötin jafnharðan úr brotunum svo ég gafst upp og ákvað að klára þetta bara á eftir. Baðherbergið var næst og ég náði að þvo baðkarið og klósettið meðan skottan þvoði baðdýrin sín í vaskinum. Smituð af ákafanum í móður sinni þvoði hún dýrin af svo miklum móð að gusurnar gengu um allt gólf. Sjálf var hún orðin rennandi blaut svo ég ákvað að klára baðherbergið á eftir og sendi skottuna eftir þurrum fötum í skápinn meðan ég tæki til hressingu handa okkur eftir hamaganginn.

Ég gleymdi mér við að skræla epli og smyrja brauð svo skottan náði að tína hverja einustu flík út úr skápnum sínum. Ég klæddi hana og gaf henni að borða og hugsaði með mér að ég gengi frá fötunum aftur um leið og ég tæki leikföngin upp af gólfinu, á eftir. Eftir að eitt mjólkurglas hafði oltið um koll og kæfubrauðsneið lent á hvolf niður á gólf vorum við mæðgur mettar. Ég ákvað að leggja mig í nokkrar mínútur í sófanum fyrir næstu törn. Á meðan dundaði skottan sér við að raða leikföngum í kringum mig og nota mig sem fjall í bílaleik. Eftir blundinn leit ég svo yfir verk okkar mæðgna. Þvottur og leikföng voru á víð og dreif í stofunni, mjólkupollur og kæfa á eldhúsgólfinu innan um kubbana, baðdýrin flutu í polli á baðgólfinu og inn í herbergi skottunnar var ekki fært fyrir fötum og dóti. Mér féllust hendur og ég frestaði því snarlega til morguns að ganga frá.

● **Forsíðumynd:** Gunnar V. Andrésson tók myndina á heimili Kolbrúnar Birnu Halldórsdóttur **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

Dögg Guðmundsdóttir, iðn- og vöruhönnuður, í íslenskri lopapeysu á dönsku heimili sínu, en hún hefur búið í Danaveldi síðan hún hóf þar nám fyrir áratug.

Fiskiljósið Uggi eftir Dögg og Fanneyju Antonsdóttur frá 2001 hefur verið sýnt vítt og breitt um heiminn og verður sýnt í sumar í Hönnunarsafninu. Sjá www.uggi-lights.com.

Langar að leita í ruslinu

● Dögg Guðmundsdóttir, iðn- og vöruhönnuður, skapar fallega og forvitnilega nytjalist með Ísland í hjartanu en undir sterkum skandinavískum áhrifum í bland.

„Ísland er alltaf með mér, í sinni, sál og hönnun, þótt ekki sé ég haldin heimþrá,“ segir Dögg Guðmundsdóttir hönnuður sem starfað hefur í Kaupmannahöfn undanfarin ellefu ár. „Ég kem svo reglulega heim að ég hef einskis að sakna, nema auðvitað náttúrunnar, sem lítið sést af villtri og ósnortinni hér í Danmörku. Þannig kem ég alltaf heim á vorin til að taka góða törn í fiskvinnslu, til að verka og þurrka þorsk í fisklampana okkar Fanneyjar,“ segir Dögg um fræga hönnun þeirra Fanneyjar Antonsdóttur síðan 2001 og enn er vinsæl á sýningum og til einkaeignar, en þær stöllur framleiða árlega um þrjátíu eintök til sölu í völdum galleríum.

Dögg lauk námi í iðnhönnun frá Istituto Europeo di Design í Mílanó á Ítalíu 1996 og síðan tveggja ára námi í vöruhönnun frá Denmark‘s Designskole í Kaupmannahöfn. „Mér þótti spennandi og framandi í senn að stunda nám á Ítalíu þótt ítölsk áhrif fylgi mér ekki áfram. Ég hleð hönnunar-batteríin einna helst í náttúrunni heima og hanna mest undir skandinavískum áhrifum. Þó sæki ég nafngiftina á nýju lömpunum mínum til Ítalíu, en þeir bera nafnið Trinitas, sem merkir heilög þrenning, og sýndir voru í París og Köln í janúar, en eru nú komnir á markað hjá Ligne Roset. Hugmyndin spratt út frá aðventuljósi sem fer áfram á markað í haust, en þríhyrningsformið mun ég einnig nota í glös, bakka, vasa og fleira sem tilheyra sömu seríu og ég vinn nú úr gleri,“ segir Dögg sem er nýfarin að vinna aftur eftir eins árs fæðingarorlof.



Trinitas-lampinn er nýjasta útspil Daggar og framleiddur fyrir Ligne Roset.

„Nú er ég á lokasprettinum með nýjan stól og vinn einnig í samstarfi við þrjá danska hönnuði að heildstæðri heimilislínu fyrir taívanskt fyrirtæki, þar sem allir hlutir, allt frá stærri húsmunum upp í skrautmuni, eru í stíl og sömu seríu. Þannig ganga kaupin fyrir sig í Taívan, því íbúarnir hafa knappan tíma til að fara á milli verslana, en kaupa þess í stað alla uppstillinguna sem sýnd er í búðinni,“ segir Dögg sem einnig horfir hýru auga til sorphauga Danmerkur. „Mig langar mikið að vinna meira með rusl og endurnýta það til augnayndis og frekari notkunar, eins og rauð þorsksins. Skandinavar eru óduglegir að flokka rusl og ég hef áður gert ruslainnsetningar til vakningar um þessi mál, eins og sel sem fór með gasgrímu í kringum ruslahaug á sýningu. Ég fer því kannski næst að koma mér í samband við ruslakallana hérna,“ bætir hún við og skellihlær.

Fjaðrastóll frá 1999 er nú sýndur á sýningunni European Design since 1985: Shapin the New Century, í Indiana Museum of Art. Sýningin stendur til 21. júní í sumar.

Sjá www.doggdesign.com.

- þlg

ego dekor

-30%

TV-skenkur m/ljósi
Hvíttuð eik
Stærð: Br:200cm D:48cm
H:33cm
Verð áður: 89.000,-
VERÐ NÚ: 62.300,-

Borstofusett
Borð og sex stólar
VERÐ NÚ: 149.150,-
Stækkanlegt borð
Stærð: 160cm(248cm)x100cm
Verð áður: 89.000,-
-15%
VERÐ NÚ: 75.650,-
Paris leðurstóll
Verð áður: 17.500,-
-30%
VERÐ NÚ: 12.250,-

-15%

RIO stóll
Fáanlegur í nokkrum litum
Verð áður: 14.800,-
Verð nú:
12.580,-

-20%

Aurora sófaborð
Stærð: 120cmx70cm
Verð áður: 37.000,-
VERÐ NÚ: 29.600,-

Borðstofusett
Borð og sex stólar
VERÐ NÚ: 125.860,-
Borð 160x90
Gegnheil eik
Verð áður:
85.000,-
VERÐ NÚ:
59.500,-
VIP leðurstóll
Verð áður:
15.800,-
VERÐ NÚ:
11.060,-

-30%

Vegghengdur skenkur
Eik-hvítt háglans
Fáanlegur í stærðum:

120cmx40cmxH:60cm
Verð áður: 76.000,-
VERÐ NÚ: 53.200,-

180cmx40cmxH:60cm
Verð áður: 98.000,-
VERÐ NÚ: 68.600,-

-30%



FRÁBÆR TILBOÐ Í MARS

PLAZA tungusófi
Stærð: 285x162cm
Fáanlegur í 3 litum
Verð áður:
248.000,-
Verð nú:
198.400,-

-20%



Morris tungusófi
Stærð: 260cmX180cm
Microfiber áklæði
Fáanlegur í tveimur litum
Verð áður:
209.000,-
VERÐ NÚ:
156.750,-

-25%



-10%

Comfort tungusófi
Stærð: 327cmX200cm
Fáanlegur í nokkrum litum
Verð áður:
198.000,-
VERÐ NÚ:
178.200,-

-25%



Metro tungusófi
Stærð: 266cmX166cm
Microfiber áklæði
Fáanlegur í tveimur litum
Verð áður:
198.000,-
VERÐ NÚ:
148.500,-

Comfort sófasett
2ja sæta
Verð áður: 112.000,-
VERÐ NÚ:
89.600,-

3ja sæta
Verð áður: 123.000,-
VERÐ NÚ:
98.400,-

-20%

Titan leður hornsófi
Stærð: 225x210cm
Eingöngu fáanlegur í svörtu leðri
Verð áður:
235.000,-
Verð nú:
199.750,-

-15%



Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Dagskrá Hönnunar-Marsins verður kynnt betur í næstu viku en Greipur er verkefnastjóri hátíðarinnar.

HönnunarMars um víðan völl

● Íslensk hönnun hefur hlotið byr undir báða vængi undanfarið og snýst HönnunarMarsinn um að kynna íslenska hönnun.

„Við viljum vekja athygli á íslenskri hönnun, hvers konar, og er HönnunarMarsinn settur upp sem eins konar bæjarhátíð úti um alla Reykjavík," segir Greipur Gíslason, verkefnastjóri HönnunarMarsins hjá Hönnunarmiðstöð Íslands.

HönnunarMarsinn verður haldinn dagana 26. til 29. mars og er hátíðin hugsuð fyrir alla. „Verslanir með íslenska hönnun tengjast hátíðinni sem og hönnuðir en hátíðin er ætluð almenningi, fjölmiðlum og fólki í hönnunargeiranum," útskýrir Greipur áhugasamur en auk þess að bjóða upp á sýningar á íslenskri hönnun verður fyrirlestraröð um hönnun og arkitektúr. „Í Ráðhúsinu verður til dæmis sýning á útskriftarverkum ungra arkitekta sem lært hafa erlendis og málþing um skipulag og lýðheilsu," segir hann. Einnig hafa veitingastaðir og kaffihús verið virkjuð með í marsinn og boðið verður upp á skoðunarferðir með leiðsögn, veislur, kynningar og fleira.

Hönnunarmiðstöð Íslands stendur fyrir HönnunarMarsinum og má búast við því að Reykjavík iði af lífi þá daga sem marsinn ber upp á. „Sannarlega er uppgangur í íslenskri hönnun og mikil athygli sem hún hefur fengið undanfarið en við þurfum samt að halda vel á spöðunum og vera dugleg við frekari kynningar," segir Greipur ákveðinn og bætir við: „HönnunarMarsinn verður hins vegar kynntur nánar í næstu viku og þá kemur út nákvæmari dagskrá. Þar má finna viðburði fyrir alla fjölskylduna. Hátíðin er haldin nú í fyrsta skipti en verður í framhaldinu að árlegum viðburði." - hs

Kræsingum gert hátt undir höfði

● Kökuboð þurfa ekki að kosta mikla fyrirhöfn og er ráð að raða nokkrum múffum eða kexkökum á fallegan kökudisk, hella upp á könnuna og njóta. Nokkurra hæða kökudiskar njóta vinsælda enda ákveðin reisn yfir þeim. Þá bjóða speglabakkar upp á skemmtilegt sjónarhorn á krásirnar.



1. Krásir á mörgum hæðum Kræsingarnar, hverjar sem þær eru, koma enn betur út á mörgum hæðum. Þessi þriggja hæða glerbakki frá Nachtmann fæst í Lífi og list í Smáralind. Verð 14.320 krónur.

2. Litríkt og formfagurt Múffur í margliturum silíkonformum sóma sér vel á mörgum hæðum. Líf og list, Smáralind. Verð 1.640 kr.

3. Bakað af ást Fljótlegt er að skella í múffur og ekki er verra að hafa þær svona fallegar í laginu. Líf og list, Smáralind. Verð 1.960 krónur.

4. Kökur í nýju ljósi Spegladiskur sem þessi gefur skemmtilegt sjónarhorn á krásirnar. Laura Ashley. Verð 2.940 krónur.

5. Rómantík Spegladiskur sem undirstrikar gúmmelaðið svo um munar. Laura Ashley. Verð 7.700 krónur.

6. Veisla á svipstundu Girnilegu gotteríi er komið fyrir á tveggja hæða kökudiski og veislan er tilbúin! Líf og list, Smáralind. Verð 6.980 krónur. - ve

Sítrónukreistur úr öllum áttum

Í Röhsska-safninu í Gautaborg stendur nú yfir áhugaverð sýning á sítrónukreistum.

Með sýningunni vill safnið benda á þann vanda sem skapast í hönnun þegar einföldustu húsverk falla í skuggann af hátækni og tölvuvæðingu nútímans. Sítrónupressan sé einfalt tæki sem finnist á hverju heimili en spurningin sé hvaða kröfur það þurfi að uppfylla í dag.

Sítrónukreisturnar á sýningunni koma úr einkasafni sænsks áhugasafnara, Anders Alvaarson, en hann hefur safnað sítrónukreistum í tuttugu ár. Anders á í kringum 850 stykki úr ólíkum efnum, gleri, postulíni, plasti, tré og stáli og hefur sýnt safn sitt víða, meðal annars á sýningunni „Sítrónusumar" árið 2000 í Sofiero Slott í Helsingborg. Árið 2001 fékk Anders viðurkenningu fyrir safn sitt en einnig safnar hann flöskum með spiladósum í botninum og fleiri skemmtilegum hlutum. Nánar má forvitnast um safn Anders á síðunni www.lemonsqueezer.se

Sýningin var opnuð í janúar og stendur til 7 júní.

Á sýningunni er gaman að velta fyrir sér sambandi forms og nýtileika þessa einfalda eldhúsáhalds. MYND/ FRIDA BERGLUND, HUSMUSEN.BLOGG.SE

Kreisturnar eru af öllum stærðum, gerðum og litum.

DANSLEIKUR félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður haldinn annað kvöld frá klukkan 20.00 til 23.30 að Stangarhyl 4. Hljómsveitin Klassík leikur fyrir dansi og má búast við góðri skemmtun.

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Patti húsgögn
NÚ RÝMUM VIÐ FYRIR NÝJUM VÖRUM
50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM
Hornsófar, tungusófar sófasett, rúm, borðstofusett ofl.
aðeins í eina viku
takmarkað magn
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Sirrý Sigfús spákona ásamt hundum sínum þeim Sjeffer og Pollí. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Krumminn í garðinum

Sirrý spákona hefur á síðustu tveimur árum hænt að sér fjölda hrafna sem hún fóðrar í garðinum hjá sér. Hrafnarnir gæða sér á afgöngum af kjúklingi, kartöflum, eggjum og eplum svo eitthvað sé nefnt.

Sirrý Sigfús spákona á óteljandi dýr. Reyndar búa aðeins tvö þeirra heima hjá henni, dobermanhundurinn Sjeffer og silkiterríertíkin Pollí. En úti í garði sveima tugir og jafnvel hundruð vina Sirrýjar sem hún hefur laðað að sér í gegnum tíðina með góðum bita. Þar ber helst á stórum hópi hrafna sem Sirrý hefur mjög gaman af.

„Í þessum töluðu orðum sé ég um sjö hrafna úti í garði," segir Sirrý þegar blaðamaður slær á þráðinn. Sirrý hefur lengi verið hrifin af fuglum og átti á tímabili 28 stóra páfagauka enda stóð hún í fuglaræktun. Með vinnu var það hins vegar of mikið verk svo Sirrý fann fuglum sínum nýtt heimili.

„Þegar ég flutti í Bleikjugrófina fyrir tveimur árum tók ég eftir að mikið af fuglum var í kringum húsið mitt og fór að hæna að mér bæði smáfugla og hrafna," segir Sirrý en smátt og smátt hefur hröfnunum fjölgað. „Þeir koma að gluggum og sitja uppi á þaki. Í gær þurfti ég að gefa þeim þrisvar," segir Sirrý sem byrjar daginn á því að hleypa hundunum sínum út og gefur að því loknu fuglunum.

Og hvað gefur hún fuglunum? „Spurðu heldur hvað ég gef þeim ekki," svarar Sirrý hlæjandi. Ég gef þeim alla afganga, sérstaklega finnst þeim gott kjöt svo ég tali ekki um kjúklinga. Stundum steiki ég handa þeim kartöflur með mikilli fitu enda sækja þeir í það. Núna var ég að sjóða handa þeim egg og skar áðan niður heilt epli og gaf þeim," segir Sirrý og er nánast orðin altalandi á hrafnamáli. „Ég kalla orðið á þá og þeir svara mér," segir hún glettin og finnst yndislegt að fá fuglasöng í morgungjöf á hverjum morgni.

solveig@frettabladid.is

Sevilla
23.-26. apríl
Hin glæsta höfuðborg Andalúsíu!

Frábært sértilboð - mjög fá sæti í boði!
Heimsferðir bjóða nú frábæra helgarferð, á sumardaginn fyrsta til Sevilla höfuðborgar hins einstaka Andalúsíuhéraðs á Spáni. Sevilla er einstaklega fögur borg, rík af sögu og stórfenglegum byggingum, s.s. Dómkirkjunni með Giraldaturninn þeirri þriðju stærstu í heimi. Í miborginni og hinum eldri hlutum borgarinnar er einstök stemmning, þröngar götur, veitinga- og kaffihús og heillandi torg. Auk þess er óendanlegt úrval verslana í borginni. Vorið bregður Sevilla í sinn fegursta búning og hún skartar öllu sem hún hefur til að bera. Bjóðum frábært sértilboð á góðri gistingu, Suites Vega del Rey. Gríptu þetta einstaka tækifæri og smelltu þér í einstaka helgarferð þar sem tíminn nýtist einstalega vel, en flogið er út að morgni fimmtudags (sumardagsins fyrsta) og komið heim að kvöldi sunnudags (aðeins einn vinnudagur).

Beint morgunflug
- á sumardaginn fyrsta

Frá kr. 69.990
Netverð á mann. Sértilboð. Flug, skattar og gisting í tvíbýli á Suites Vega del Rey með morgunverði í 3 nætur. Aukagjald fyrir hálft fæði kr. 5.900. Aukagjald fyrir einbýli kr. 14.200.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

INNRÉTTINGATILBOÐ
SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF!
30% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum í 3 vikur
30%

EINNIG 25% AFSLÁTTUR AF RAFTÆKJUM

OPIÐ
Mán. - föst.kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16
www.friform.is
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

HELGIN

FREESTYLE danskeppni verður haldin klukkan 18 í dag í Kvos Menntaskólans á Akureyri. Prima, dansfélag Menntaskólans á Akureyri, stendur fyrir keppninni og eru atriðin alls 26 og þátttakendur um 70 á aldrinum 13 til 20 ára.

Sérlega þægilegir dömuskór úr leðri, skinnfóðraðir

Stærðir: 36 - 41
Litir: rautt, brúnt
Verð: 9.685.-

Stærðir: 36 - 41
Litir: Rautt, brúnt og svart
Verð: 9.685.-

stærðir: 37 - 41
Litur: svart
Verð: 14.450.-

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Vorið er á næsta leiti

Þeir sem er farið að lengja eftir vorinu ættu að leggja leið sína í Blómaval um helgina en þar stendur yfir sýning á túlípönum og liljum frá íslenskum blómabændum. Keppt verður um túlípana ársins.

Túlípanarnir koma frá tveimur íslenskum blómaræktendum og verður keppt um túlípana ársins.

Yfir 60 afbrigði túlípana verða kynnt, sum sérstaklega ræktuð fyrir sýninguna.

Í ár verða liljur með á sýningunni í fyrsta sinn en ræktandi þeirra er Sveinn Sæland.

„Tveir stærstu túlípanaræktendur á Íslandi koma fram á blómasýningunni hjá okkur um helgina með sína ræktun," útskýrir Ásdís Ragnarsdóttir deildarstjóri hjá Blómavali. „Þarna verða um það bil 60 tegundir af túlípönum sem koma annars vegar frá Gunnari Þorkelssyni blómabónda í Ártanga og frá Gísla blómabónda í Dalsgarði."

Blómasýningin er nú haldin í þriðja sinn og verður bryddað upp á þeirri nýjung í ár að sýna einnig liljur sem koma frá Sveini Sæland blómabónda. Markmið sýningarinnar er að sýna þau afbrigði sem er verið að rækta á Íslandi og segir Ásdís sjón vera sögu ríkari.

„Við bjuggum til ofsalega skemmtilegan garð með trjám og fleiru, sem hægt er að ganga í gegnum. Túlípanarnir þekja botninn á garðinum svo þetta er í líkingu við náttúruna. Svo verður valinn fallegasti túlípaninn og veitt verðlaun fyrir."

Gestir sýningarinnar taka þátt í að velja túlípana ársins og með þátttökunni geta þeir unnið inneign í Blómavali. Einnig verða túlípanar og liljur á tilboði yfir helgina og laukblóm í pottum.

„Páskaliljurnar eru komnar og einnig perluliljurnar og nú er um að gera að fara að setja þær út til að flýta fyrir og byrja að skreyta utandyra," segir Ásdís og bætir því við að Íslendingar séu duglegir við að kaupa blóm, kreppan setji þar ekkert strik í reikninginn.

Ásdís Ragnarsdóttir deildarstjóri Blómavals heldur utan um blómasýninguna um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Blóm eru eitthvað sem fólk þarf á þessum tíma og við merkjum engan samdrátt í blómasölu, frekar aukningu ef eitthvað er. Fólk er meira heima og er að gera notalegt heima hjá sér. Það grípur frekar blómvönd en vínflösku því blómin hafa ekki hækkað eins og vín. Blómasýning er akkúrat það sem við þurfum í öllu þessu krepputali og góð áminning um að vorið sé að koma."

Sýningin er opin í dag milli klukkan 10 og 19 . Á morgun er opið milli klukkan 11 og 19 og stendur sýningin eitthvað fram yfir helgina. *heida@frettabladid.is*

KOLAPORTIÐ

Kolaportið er OPIÐ laugardaga og sunnudaga

frá kl. 11⁰⁰-17⁰⁰

Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Nýttu tímann
námskeið • fyrirlestrar • samverur

Dagskrá

16. mars	Prjón og hekl 1 - tvö skipti (biðlisti)
17. mars	Skattaskýrslugerð (biðlisti)
18. mars	Prjón og hekl 2
23. mars	Hreyfing 1 - Tai chi og jóga - fjögur skipti
25. mars	Fatasaumur 1 - fjögur skipti (biðlisti)
30. mars	Hreyfing 2 - Tai chi og jóga
1. apríl	Fatasaumur 2
6. apríl	Hreyfing 3 - Tai chi og jóga
8. apríl	Fatasaumur 3
15. apríl	Hreyfing 4 - Tai chi og jóga
20. apríl	Fatasaumur 4
22. apríl	Opið hús - fyrirlestur um heilsufar og matarræði
27. apríl	Ræktun kryddjurta
29. apríl	Nýsköpun
4. maí	Taflkennsla
6. maí	Briddskennsla
11. maí	Ljósmyndakennsla
13. maí	GPSkennsla - kennsla á GPS-tæki

Viðburðirnir eru á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 10 - 13 og eru fyrst og fremst ætlaðir atvinnulausum og þeim sem hafa þurft að minnka við sig vinnu, þeim að kostnaðarlausu.

Skráning og nánari upplýsingar í síma 554 6626 eða á www.redcross.is/kopavogur

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Kópavogsdeild, Hamraborg 11, sími 554 6626, kopavogur@redcross.is

SAFNAÐU FJÖLLUM
MEÐ FERÐAFÉLAGI ÍSLANDS

FÍ

Skráðu þau fjöll sem þú gengur á í Fjallabók FÍ.
Í lok árs eru veittar viðurkenningar fyrir hverja fjallabók sem þú hefur fyllt út og ferðafélagi hefur staðfest með undirskrift.

SKRÁÐU ÞIG INN – DRÍFÐU ÞIG ÚT!



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 568 2533 | Fax: 568 2535 | Netfang: fi@fi.is
www.fi.is

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

Fiskur og fjör um helgina

Sagt hefur það verið um Suðurnesjamenn að þeir séu gestrisnir, duglegir og lífsglaðir. Umgjörð þeirra heimkynna er ekki síður yndisleg og nú er tækifæri um helgina til að sækja þá heim, kynnast og njóta.

„Suðurnesin eru að mörgu leyti hin óþekkta veröld fyrir höfuðborgarbúann og mikil áskorun að kynna sér allt það skemmtilega sem þau hafa að bjóða og er svo miklu fleira en menn átta sig á í fljótu bragði. Í hugum margra er ferðin suður með sjó leiðin til útlanda, en ég býst við að menn séu enn dálítið fastir í því að sunnudagsbíltúrinn þurfi að vera austur fyrir fjall," segir Gísli Sverrir Árnason, verkefnisstjóri safnahelgarinnar Söfn og sjávarfang, sem fram fer á Suðurnesjum um helgina.

Þá munu söfn, setur og fjölbreyttar sýningar opna gáttir sínar fyrir gestum og gangandi, ásamt því sem veitingahús á svæðinu munu bjóða upp á matseðla með sjávarfangi í bland. Auk þess verða ýmis gallerí opin þar sem handverk og listmunir heimamanna verða til sýnis.

„Það kemur mörgum á óvart hversu stórbrotin og formfögur náttúra Reykjaness er, byggðarlögin svipmikil, menningarlífið lifandi og metnaðarfullt og veðurfar svo prýðilegt, þótt hér loði enn við óverðskuldaður rokstimpill," segir Gísli Sverrir um ókannaðar slóðir og einstaka töfra Suðurnesja.

„Suðurnesjamenn eru óskaplega hjartahlýir og miklir höfðingjar heim að sækja. Að sjálfsögðu er hér mikið um töffara, enda eimir enn af amerískum áhrifum ofan af Velli á þessum mestu rokkslóðum landsins, og sérstök ástæða til að koma við á Poppminjasafninu til að ná síðustu sýningarhelgi um rokkárin á Íslandi," segir Gísli Sverrir um einn af mörgum viðburðum helgarinnar.

Af nógu er að taka hvort sem stoppað er í Grindavík, Sandgerði, Garði, Vogum, Njarðvíkum eða Keflavík.

Sjávarfangið er heillandi ungum og áhugasömum líffræðingum, eins og sjá má á þessari mynd úr Fræðasetrinu í Sandgerði.

„Í boði verður fjölbreytt dagskrá með tónleikahaldi, sýningum, fyrirlestrum og margs konar uppákomum, í bland við endalaust úrval af humarsúpum, saltfiskbollum og öðru góðgæti.

Þá verður slegið upp bryggjuballi og hægt að dansa við harmóníkutónlist, ásamt fullt af freistandi afþreyingu fyrir alla fjölskylduna. Það er því spennandi helgi í vændum að fara á milli bæjarfélaga til að gera sér glaðan dag, sýna sig og sjá aðra."

Aðgangur í söfn á Suðurnesjum er ókeypis alla helgina. Dagskrána í heild má finna á www.vf.is.

thordis@frettabladid.is

Í Saltfisksetrinu í Grindavík.

KYNNING

Í Föndru er allt í fermingarboðskortin, ásamt fallegum fermingarkortum. Þar er mikið af hugmyndum að fallegum kortum, sem auðvelt er að gera sjálfur.

Einnig er mikið úrval af kertum, servíettum og alls kyns skrauti á fermingarborðið.Vinsælt er að gera albúm fyrir fermingarbarnið, þar sem fermingardagurinn er allur tekinn saman í eitt albúm.

Þar eru varðveitt boðskortið, servíettan, myndir af öllum gestunum, ásamt kortunum frá þeim, skeyti, gestalisti og svo myndir af athöfninni og fjölskyldunni. Það voru að koma albúm fyrir sportkrakkana, þ.e. fótbolta, sund, íshokki, tónlistar, körfubolta og fl. Gaman er að leyfa áhugamálum barnanna að njóta sín. Föndra bíður upp á að handmála á kerti og er mjög vinsælt að mála félagabúningana.
Einnig er mikið úrval af kertavaxskreytingum sem auðvelt er að gera sjálfur, límmiðum og steinum.

Áletranir á servíettur og sálmabækur, ásamt vinsælu skrautrenningum á fermingaborðið.

Vattjakkar í úrvali

BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

Skoðið úrvalið á laxdal.is

Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?

Námskeið með Ebbu Guðnýu í Yggdrasil

Ebba fræðir okkur um það hvernig hægt er að útbúa einfaldan og næringarríkan mat fyrir börn frá 6 mánaða aldri.
Námskeiðið nýtist líka þeim sem eru með eldri börn.

Upplýsingar og skráning eru í síma 694-6386 eða á netfanginu: ebbagudny@internet.is. Verð 3.500 kr

Þriðjudagana 17. og 24. mars kl. 20:00-22:00
Tvö námskeið í verslun Yggdrasils, Skólavörðustíg 16

Farið verður yfir hvernig á að meðhöndla og búa til rétti sem innihalda :
Ávexti og grænmeti
Heilt korn eins og quinoa, hirsi, hafra, spelt o.fl.
Baunir, kaldpressaðar olíur, möndlumauk, tahini, möndlur og fræ.

Veglegt uppskriftar- og fróðleikshefti fylgir með námskeiðinu.

Yggdrasill



Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854

LOKADAGUR LAGERSÖLU 70% AFSLÁTTUR AF ÖLLU
MaxMara HVERFISGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862
MARINA RINALDI
STÆRÐIR 42-54

NÁM

ENDURMENNTUN Háskóla Íslands verður með kynningu klukkan 14 í dag á þeim tólf námsbrautum sem verða í boði á haustmisseri 2009 í húsi Endurmenntunar að Dunhaga. Í fyrsta sinn verður boðið upp á námsbrautir á meistarastigi.

Á námskeiðunum er hægt að læra létta dagsförðun og íburðarmeiri kvöldförðun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Læra að nota eigin förðunarvörur

Þura Stefánsdóttir býður upp á förðunarnámskeið fyrir konur sem vilja ná góðum tökum á því að farða sig sjálfar.

Förðunar- og snyrtifræðimeistarinn Þura Stefánsdóttir hjá makeuptime4u býður upp á förðunarnámskeið fyrir hópa og einstaklinga. Námskeiðið hentar til að mynda vinkonum, saumaklúbbum og vinnustöðum og er bæði hægt að læra létta dagsförðun og íburðarmeiri kvöldförðun.

Yfirleitt er boðið upp á opin námskeið fyrir blandaða hópa á þriðjudögum en hópum og einstaklingum er síðan frjálst að panta þann tíma sem hentar.

Hagstæður fjöldi á námskeið er 4-8 konur í hóp en þannig er reynt að tryggja einstaklingsmiðaða og árangursríka kennslu. Þátttakendur koma með eigin förðunarvörur og læra að nota þær. Verð á mann er 6.900 krónur en innifalin eru kennslugögn, snyrtibudda og gloss. Nánari upplýsingar er að finna á www.makeuptime4u.is. *- ve*

Grænni skógar landsins

Sagan segir að eitt sinn hafi Ísland verið skógi vaxið milli fjalls og fjöru. Námskeiðið Grænni skógar miðar að því að ræktendur skóga á Íslandi ná sem bestum árangri í gróðursetningu og umhirðu plantna.

Grænni skógar er heitið á námskeiðaröð á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands í samstarfi við Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins og fleiri. Námskeiðin eru hugsuð fyrir áhugafólk um skógrækt á Íslandi. „Þessi námskeið eru sérstök fyrir þær sakir að þetta er námskeiðaröð sem stendur yfir í þrjú ár og fólk er með alveg frá byrjun öll árin," útskýrir Björgvin Eggertsson verkefnisstjóri Grænna skóga. Þátttakendur fá að meðaltali tvö til þrjú námskeið á önn sem taka tvo daga í kennslu.

„Þetta þjappar skógræktendum saman. Þarna hittist fólk með sama áhugamál og getur borið saman bækur sínar í kaffispjallinu. Eftir að hafa verið saman í þetta langan tíma á námskeiði er fólk farið að þekkjast vel og umræðan verður bæði markvissari og skemmtilegri."

Björgvin segir kostinn við að dreifa námskeiðstímanum á fleiri ár vera að þátttakendur fái þá tækifæri til að prófa og uppgötva hluti í ræktuninni hjá sér í millitíðinni. Námskeiðin eru í fyrirlestrarformi en einnig er lögð áhersla á verklega kennslu tengdri hverri árstíð og farið í vettvangsferðir. Námskeiðin hafa verið haldin í hverjum landsfjórðungi fyrir sig undanfarin átta ár og nú þegar er í gangi námskeið á Norðurlandi. Þessa dagana er verið að taka við skráningu á tvö ný námskeið, á Suðurlandi annars vegar og Vesturlandi hins vegar.

Vaskur hópur í vettvangsferð á námkeiðinu Grænni skógar. MYND/ÚR EINKASAFNI

Björgvin segir árangurinn af námskeiðunum ótvíræðan en um 200 manns hafa farið í gegnum prógrammið. „Námskeiðaröðin skiptir miklu máli fyrir skógræktarverkefni um allt land til að ná meiri árangri með sínum skógræktarbændum," segir Björgvin. „Fyrir nokkrum árum gróðursettu menn bara og afföll voru mikil á gróðursettum plöntum. Nú er vitneskja þeirra sem eru að rækta á allt öðru stigi en bara fyrir tíu árum og afföll miklu minni."

Með haustinu er svo í bígerð að kynna framhaldsnámskeið, Grænni skógar 2 fyrir þá sem hafa tekið fyrri námskeiðin og segir Björgvin það starf í mótun. Það er því kraftur í ræktun skóga á Íslandi í dag. „Menn eru ekkert að hætta að rækta skóg á Íslandi. Það er mikill hugur í mönnum að halda áfram. Þá er fræðslustarfið svo mikilvægur hluti."

Hægt er a skrá sig á námskeiðin sem hefjast í vor á www.sudurskogur.is og www.vesturskogar.is fyrir 20. mars. Einnig má senda fyrirspurnir á www.bjorgvin@lbhi.is *heida@frettabaldid.is*

Styrktu stöðu þína

Tölvur og upplýsingatækni

Þrívíddarvinnsla

Farið verður í grunnatriði þrívíddarvinnslu.

Tími: 5. - 19. maí.
Námskeiðsgjald: 23.000 kr.

Umhverfi og útivist

GPS tæki og rötun

Almennt námskeið fyrir byrjendur og þá sem vilja upprifjun í notkun á staðsetningartækjum.

Tími: 5., 7. og 9. maí.
Námskeiðsgjald: 12.500 kr.

Grjóthleðslur – náttúrugrjót

Námskeið fyrir þá sem vinna við eða hafa áhuga á grjóthleðslum úr náttúrugrjóti. **Fjögur laus pláss.**

Tími: 25. - 27. mars eða 4. og 18. apríl.

Málmur og tré

Málmsuða - byrjendur

Námskeið fyrir þá sem eru að fást við málmsuðu og langar að læra meira.

Tími: 28. - 30. apríl.
Námskeiðsgjald: 21.500 kr.

Hönnun og handverk

Íslensk vistvæn hönnun

Vinnustofa undir handleiðslu Karls Aspelund fatahönnuðar.

Tími: 18. mars, kl. 19:00 - 22:00.
Námskeiðsgjald: 3.500 kr.

Rekstur og stjórnun

Nýsköpun og stofnun fyrirtækja

Hagnýtt námskeið er miðar að þróun viðskiptahugmyndar yfir í viðskiptatækifæri og gerð fullbúinnar viðskiptaáætlunar.

Tími: 30. mars - 16. maí. Lotufjarnám.
Námskeiðsgjald: 50.000 kr.

Rekstur flugfélaga

Farið verður í helstu form flugrekstrar, rekstrarumhverfi flugfélaga og hvernig það er frábrugðið öðrum rekstri.

Tími: 30. mars - 16. maí. Lotufjarnám.
Námskeiðsgjald: 50.000 kr.

Undirbúningsnámskeið fyrir sveinspróf

Undirbúningsnámskeið fyrir sveinspróf í rafvirkjun

Kennt er á kvöldin og um helgar.

Tími: Hefst 11. maí.
Námskeiðsgjald: 40.000 kr.

Skip- og vélstjórn

Undirbúningsnámskeið fyrir skemmtibátapróf

Kennd verða bókleg atriði, sem krafist er skv. námskrá til skemmtibátaprófs, í siglingafræði, siglingareglum og stöðugleika.

Tími: 21. - 26. mars og fjarnám frá 5. apríl.
Námskeiðsgjald: 28.500 kr.

Smáskipanámskeið (12 m)

Smáskipanám kemur í stað þess sem áður var nefnt 30rl réttindanám (þungapróf).

Tími: Námskeiðið hefst 15. apríl og í lotufjarnámi 4. apríl.
Námskeiðsgjald: 105.000 kr.

Skip- og vélstjórnarréttindi

Ætlað þeim sem vilja endurnýja réttindin og kynna sér nýjungar í atvinnugreinunum.

Tími: Skipstjórn 1. - 3. apríl.
Vélstjórn 4. - 6. maí.
Námskeiðsgjald: 72.000 kr.

Hásetafræðsla - aðstoðarmenn í brú

Verkleg þjálfun skv. staðli STCW-A, II/4.

Tími: 11. og 12. maí.
Námskeiðsgjald: 65.000 kr.

ARPA ratsjárnámskeið

Grunn- og endurnýjunarnámskeið sem uppfylla kröfur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um notkun ratsjár og ARPA. **Tvö laus pláss.**

Tími: 19. - 20. mars (endurnýjun).
14. - 17. apríl (grunn- og endurnýjun).
Grunnnámskeið: 72.000 kr.
Endurnýjunarnámskeið: 33.000 kr.

Smáskipavélavörður 750kW

Námskeið fyrir smáskipavélaverði skv. reglugerð nr. 175/2008.

Tími: 4. - 15. maí.
Námskeiðsgjald: 96.000 kr.

IMDG

Grunn- og endurnýjunarnámskeið um meðferð og flutning á hættulegum varningi um borð í þurrlestarskipum. Námskeiðið uppfyllir kröfur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).

Tími: 4 - 7. maí.
Grunnnámskeið: 55.000 kr.
Endurnýjunarnámskeið: 17.000 kr.

GMDSS GOC-ROC

Alþjóða neyðar- og öryggisfjarskiptakerfið. Námskeiðið er tvískipt. ROC hentar þeim sem ætla að ná sér í 65 BT réttindi. **Tvö laus pláss.**

Tími: Hefst 16. mars.
GOC: 125.000 kr.
ROC: 65.000 kr.

zetor

Nánari upplýsingar og skráning er á vefsíðu Tækniskólans **www.tskoli.is**, á **ave@tskoli.is** og í síma **514 9601**.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

REYKJALUNDUR endurhæfing

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS auglýsir lausar til umsóknar stöður:

Sálfræðings á tauga- og hæfingarsviði

Laus er til umsóknar 90% staða sálfræðings á tauga-og hæfingarsviði. Um tímabundna ráðningu til tveggja ára er að ræða. Viðkomandi þarf að hafa þekkingu og reynslu á sviði taugasálfræði, taugasálfræðilegrar greiningar full-lorðinna svo og á klínískri sálfræði og sálfræðiviðtölum. Reynsla af vinnu með hópa og aðstandendur er mikilvæg. Reynsla af hugrænni atferlismeðferð er æskileg.

Starfið felst í sérhæfðri vitrænni meðferð fólks sem hlotið hefur heilaskaða. Lögð er áhersla á langtíma meðferð og stuðning við sjúklinga og aðstandendur.
Laun samkvæmt kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands og fjármálaráðherra. Umsóknir berist til Ingu Hrefnu Jónsdóttur, forstöðusálfræðings (ingah@reykjalundur.is). Upplýsingar um starfið veita Smári Pálsson taugasál-fræðingur (smarip@reykjalundur.is) og Ólöf H. Bjarnadóttir yfirlæknir tauga- og hæfingarsviðs (olofb@reykjalundur.is). **Umsóknarfrestur er til 26 mars. Viðkomandi þarf að geta hafið störf hið fyrsta**.

Sálfræðings á tauga- og hæfingarsviði

Laus er til umsóknar 60% staða sálfræðings á tauga-og hæfingarsviði Reykjalundar. Um tímabundna ráðningu til tveggja ára er að ræða. Viðkomandi þarf að hafa þekkin-gu og reynslu á sviði klínískrar sálfræði og hugrænnar at-ferlismeðferðar. Reynsla af vinnu með hópa og aðstand-endur er mikilvæg svo og reynsla af sálfræðilegri vinnu vegna afleiðinga alvarlegra veikinda og áfalla. Reynsla af sálfræðilegri greiningu fullorðinna er æskileg.
Starfið felst í meðferð fólks með langvinna taugasjúkdóma og áunna heilaskaða.

Laun samkvæmt kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands og fjármálaráðherra. Umsóknir berist til Ingu Hrefnu Jónsdóttur, forstöðusálfræðings (ingah@reykjalundur.is). Upplýsingar um starfið veita Smári Pálsson taugasál-fræðingur (smarip@reykjalundur.is) og
Ólöf H. Bjarnadóttir yfirlæknir tauga- og
hæfingarsviðs (olofb@reykjalundur.is).
Umsóknarfrestur er til 26 mars. Viðkomandi þarf að geta hafið störf hið fyrsta.

Félagsráðgjafi

Laus er til umsóknar 50% staða félagsráðgjafa. Um tímabundna ráðningu til tveggja ára er að ræða. Við- komandi þarf að hafa starfsleyfi sem félagsráðgjafi á Íslandi. Vinnan felst í félagsráðgjöf við sjúklinga í endurhæ-fingu og aðstandendur þeirra. Félagsráðgjafar sinna m.a. samskiptum við þjónustustofnanir og samstarfsaðila sem koma að málefnum viðkomandi til úrlausnar félagslegra vandamála.

Laun samkvæmt kjarasamning Félags íslenskra félagsráðgjafa og fjármálaráðherra. Umsóknir berist til Magnúsar Pálssonar, forstöðufélagsráðgjafa (magnusp@reykjalundur.is) sem veitir upplýsingar um starfið. **Umsóknarfrestur er til 26 mars. Viðkomandi þarf að geta hafið störf hið fyrsta.**

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegum teymum . Krafist er góðrar hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS. Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

---

Óskum eftir að ráða vélvirkja / vélfræðing til starfa. Leitað er eftir mönnum með menntun og starfsreynslu.

Óskum eftir að ráða plötusmiði / suðumenn til starfa. Leitað er eftir mönnum með menntun og starfsreynslu.

Upplýsingar hjá verkstjórum í síma 660 3535 og 840 0930
Umsóknir með upplýsingum umsækjanda óskast sendar á netfangið arni@framtak.is

Framtak og Stálsmiðjan hafa áratugareynslu af krefjandi verkefnum í málm- og véltækni. Viðskiptavinirnir geta treyst þjónustu okkar.

FRAMTAK
VÉLAVIÐGERÐIR OG ÞJÓNUSTA
NÝSMÍÐI OG BREYTINGAR

STÁLSMIÐJAN
Mýrargata 10-12

Íbúðalánasjóður

Tilgangur Íbúðalánasjóðs er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks á að eignast og leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Starfsmannastefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun. Umsóknir gilda í 6 mánuði ef ráðið verður í önnur störf á þeim tíma.

Verkefnastjóri á upplýsinga- og tæknisviði

**Íbúðalánasjóður óskar eftir að ráða öflugan verkefnastjóra til starfa.
Viðkomandi aðili mun starfa að fjölbreyttum verkefnum og vinna þverfaglega á önnur svið.
Þekking og reynsla af verkefnastjórnun á hugbúnaðarsviði skilyrði.**

Starfssvið

- Verkefnastjórnun á öllum sviðum
- Þarfagreiningar vegna hugbúnaðarverkefna
- Skýrslugerð og eftirfylgni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Þekking á hugbúnaðarvinnslu
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun á hugbúnaðarsviði
- Hæfni til að tjá sig vel í töluðu og rituðu máli
- Góð samskiptahæfni

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

Upplýsingar um starfið veitir Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum í síma 552-1600, lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 22. mars 2009

Sérfræðingur í útlánaeftirlit

**Íbúðalánasjóður óskar eftir að ráða starfsmann í útlánaeftirlit á rekstrarsvið.
Starfið er krefjandi og krefst góðrar greiningarhæfni og nákvæmni í vinnubrögðum.**

Starfssvið

- Almennt útlánaeftirlit Íbúðalánasjóðs
- Tölfræðigreining á útlánum
- Formlegar prófanir á virkni útlána
- Eftirlit með þróun veðhlutfalla og þróun vanskila
- Mat á áhættudreifingu og samþjöppunaráhættu
- Almenn skýrslugerð

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Góð þekking og reynsla af tölfræðiverkefnum
- Góð greiningarhæfni
- Öguð og nákvæm vinnubrögð
- Hæfni til að tjá sig vel í töluðu og rituðu máli

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

Upplýsingar um starfið veitir Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum í síma 552-1600, lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 22. mars 2009

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969, fax: 569 6800

Vélvirkjar

Við óskum að ráða vélvirkja í dagvinnu og vaktavinnu hjá Norðuráli á Grundartanga.

Hvaða kröfur gerum við?

- Sveinspróf í vélvirkjun og a.m.k. tveggja ára starfsreynslu
- Áhugi, góð samskiptahæfni og geta til að vinna sjálfstætt
- Reynsla af vinnu í iðnaðarumhverfi eða við sambærileg störf er æskileg
- Kunnátta í ensku og almennri tölvunotkun kemur í góðar þarfir
- Æskilegt er að umsækjendur séu búsettir á Vesturlandi

Hvað veitum við?

Við bjóðum þér traust og gefandi starf hjá nútímalegu fyrirtæki. Þú vinnur mikilvæg verk með góðu samstarfsfólki og við tökum vel á móti þér. Verkefnin eru fjölbreytt og felast m.a. í viðhaldi, bilanaleit, endurnýjun og endurbótum á tæknibúnaði Norðuráls, með aukinni áherslu á fyrirbyggjandi viðhald.

- Starfsþjálfun og símenntun
- Nýtt mötuneyti á staðnum
- Atvinnuöryggi, traustar tekjur og laun að hluta árangurstengd
- Fyrirtækið greiðir þér aukið framlag í lífeyrissjóð

Hjá Norðuráli starfar öflugt starfsmannafélag sem stendur reglulega fyrir ýmsum áhuga-verðum uppákomum.

Nánari upplýsingar veita:

Einar F. Björnsson, viðhaldsstjóri, og Fjalar Ríkarðsson, framkvæmdastjóri viðhaldssviðs, í síma 430 1000.

Hvernig sækir þú um?

Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir 23. mars n.k. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins, www.nordural.is, sent umsókn þína á netfangið umsókn@nordural.is eða póstlagt umsóknina merkta: Vélvirki. Við förum með umsókn þína sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

Jafnrétti

Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.

Norðurál er eftirsóttur vinnustaður. Starfsmenn eru ríflega fimm hundruð talsins, verkefnin margvísleg og störfin fjölþætt. Hjá fyrirtækinu starfa m.a. verkfræðingar, tæknifræðingar, viðskiptafræðingar, sálfræðingar, efnafræðingar, eðlisfræðingar, líffræðingar, tölvunarfræðingar, rafvirkjar, vélvirkjar, vélstjórar & rafsuðumenn, auk ófaglærða starfsmanna sem öðlast dýrmæta sérhæfingu við störf sín og nám hjá fyrirtækinu.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

KÓPAVOGSBÆR

Sumarstörf

- **Opnað verður fyrir umsóknir um sumarstörf hjá Kópavogsbæ sunnudaginn 15. mars.**

Umsóknir og upplýsingar um störfin eru á heimasíðu Kópavogsbæjar *www.kopavogur.is*.

Umsóknarfrestur er til 5. apríl 2009.

www.kopavogur.is

VINNUMÁLA STOFNUN

Starf hjá Fæðingarorlofssjóði

Hvammstanga

Vinnumálastofnun leitar eftir starfsmanni til að sinna símsvörun og almennum skrifstofustörfum.

Starfssvið

- Símsvörun
- Skráning skattkorta
- Tölvuskráning
- Upplýsingagjöf til umsækjenda
- Önnur tilfallandi skrifstofustörf

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð reynsla af skrifstofustörfum
- Góð tölvukunnátta
- Framhaldskólanám er æskilegt
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Samskiptahæfni og rík þjónustulund ásamt skipulagshæfileikum, sjálfstæði og metnaði til að skila góðu starfi

Um er að ræða fullt starf. Viðkomandi starfsmanns bíður að sinna krefjandi verkefnum með jákvæðum og uppbyggilegum samstarfshópi.

Laun eru greidd samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist til Leó Arnar Þorleifssonar á netfangið leo.thorleifsson@vmst.is eða til Vinnumálastofnunar/Fæðingarorlofssjóðs, Strandgötu 1, 530 Hvammstanga, fyrir 29. mars 2009.

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir gilda í sex mánuði. Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi stofnunarinnar á heimasíðu hennar www.vinnumalastofnun.is

Frekari upplýsingar fást hjá Leó Erni Þorleifssyni, forstöðumanni Fæðingarorlofssjóðs á ofangreindu netfangi og hjá Hugrúnu B. Hafliðadóttur, starfsmannastjóra í síma 515-4800.

VERKEFNASTJÓRI

Fyrirtækið hefur verið starfrækt í 20 ár og starfsaðstaða þess er miðsvæðis í Reykjavík. Þetta er traust og vel rekið fyrirtæki sem starfar við framleiðslu, þjónustu og útflutning. Ársvelta fyrirtækisins er 13-14 hundruð milljónir.

Traust og vel rekið þjónustufyrirtæki óskar eftir að ráða tæknimenntaðan starfsmann til fjölbreyttra verkefna. Þetta er til dæmis áhugavert tækifæri fyrir nýútskrifaða einstaklinga af tæknisviði. Hér er um eins árs ráðningu að ræða með möguleika á framhaldi.

Starfssvið

- Umsjón með innleiðingu nýs vélbúnaðar
- Ábyrgð á vélum og þjálfun starfsmanna
- Samskipti við viðskiptavini
- Samningagerð
- Verkefni tengd útflutningi
- Önnur fjölbreytt verkefni í samráði við framkvæmdastjóra

Menntunar- og hæfniskröfur

- Tæknimenntun, t.d. véltæknifræði, véliðnfræði eða sambærilegt
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Skipulagning og agi í vinnubrögðum
- Samskiptahæfni
- Metnaður til að ná árangri

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Snyrtifræðingur óskast

Meistari kostur, ekki skilyrði.
Umsóknir sendist til; snyrtifraedinguroskast@gmail.com

MAST Matvælastofnun

Dýralæknir svínasjúkdóma

Matvælastofnun óskar eftir að ráða í starf dýralæknis svínasjúkdóma á dýraheilbrigðissvið stofnunarinnar. Um er að ræða fullt starf á aðalskrifstofu Matvælastofnunar á Selfossi.

Helstu verkefni:
- Vinna að bættu heilbrigði svína og sjúkdómavörnum á því sviði
- Umsjón eftirlits með innflutningi svína og erfðaefnis þeirra
- Upplýsinga- og gagnaöflun ásamt skýrslugerð
- Samskipti við innlendar og erlendar stofnanir
- Frumkvæði að framkvæmd nauðsynlegra rannsókna
- Umsjón eftirlits með notkun dýralyfja
- Störf á sviði dýravelferðar
- Önnur tilfallandi störf

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Dýralæknismenntun
- Sérmenntun á sviði svínasjúkdóma æskileg
- Æskilegt að umsækjandi hafi starfað við opinbert eftirlit
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veita Halldór Runólfsson (halldor.runolfsson@mast.is) og Hafsteinn Jóh. Hannesson (hafsteinn.hannesson@mast.is) og í síma 530-4800. Umsóknum ásamt ferilskrá og öðrum nauðsynlegum upplýsingum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum "Dýralæknir svínasjúkdóma" eða með tölvupósti á mast@mast.is en umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2009. Öllum umsóknum verður svarað. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna. Upplýsingar um Matvælastofnun má nálgast á vefsíðu stofnunarinnar, www.mast.is.

Sumarvinna

Garðyrkjudeild Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma leitar að rösku fólki til starfa sumarið 2009

Um er að ræða störf í Fossvogskirkjugarði, Gufuneskirkjugarði, Hólavallagarði við Suðurgötu og Kópavogskirkjugarði. Tímabil vinnu er frá 26. maí til 21. ágúst 2009.

Leitað er að starfsfólki í almenn garðyrkjustörf, í flokksstjórastörf og einstaklingum með dráttarvélaréttindi. Laun eru greidd samkvæmt taxta stéttarfélagsins Eflingar.

Þeir, sem hug hafa á að sækja um sumarvinnu hjá Kirkjugörðunum, athugi eftirfarandi skilyrði fyrir ráðningu:

- Umsækjandi sé fæddur árið 1992 eða fyrr.
- Umsókn berist skrifstofu Kirkjugarðanna í Fossvogi fyrir 1. apríl 2009.

Umsóknareyðublöð eru afhent á skrifstofu Kirkjugarðanna í Fossvogi og í Gufunesgarði, þar er hægt að fá upplýsingar um starfið. Einnig er hægt að fylla út umsókn á heimasíðunni www.kirkjugardar.is og senda rafrænt. Skrifstofusímar eru: 585-2700 eða sími: 585-2770. Myndsími er 585-2701. Heimilisfang: Vesturhlíð 8 105 Reykjavík.

Nánari upplýsingar um Kirkjugarðana má nálgast á Netinu: **http://www.kirkjugardar.is** (upplýsingar um sumarstörf).

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Slippurinn hárgreiðslustofa óskar eftir fólki í stólaleigu.

Nánari upplýsingar gefur Kristján í síma 844-5064 eða á maili kristjansson.kristjan@gmail.com

VÖR

SJÁVARLÍFFRÆÐINGUR

Vör Sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð óskar eftir að ráða sjávarlíffræðing til starfa. Starfsmaður mun taka þátt í uppbyggingu rannsóknastarfsemi Varar. Meðal annars felst starfið í skipulagningu eigin rannsóknarverkefna, auk virkrar þátttöku í núverandi rannsóknum Varar. Um er að ræða fullt starf og starfsvettvangur er í Stykkishólmi.

Einstaklingur þarf að hafa lokið doktorsnámi í líffræði, hafa brennandi áhuga á sjávarlíffræði og hugnast að njóta alls þess sem búsetu á Snæfellsnesi hefur upp á að bjóða.

Umsóknarfrestur er 30. mars, 2009.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf auk nafna tveggja meðmælenda berist Vör Sjávarrannsóknarsetri við Breiðafjörð, Norðurtanga, 355 Stykkishólmur eða á netfangið: erla@sjavarrannsoknir.is

Allar nánari upplýsingar um starfið gefur Erla D. Ólafsdóttir, S: 436-6626 eða 897-4356.

Metnaður – Frumkvæði – Kraftur

Viltu hafa áhrif á launin þín?

Öhhh... já!

Hjá söluveri Símans starfar kraftmikið og framtakssamt fólk sem veitir öfluga söluráðgjöf og leysir málin.

Við leitum að hressu fólki, 20 ára og eldra, sem hefur mikinn metnað og frumkvæði til að skara framúr.

Umsækjendur verða að vera fljótir að læra, hafa mikinn áhuga á mannlegum samskiptum og vera tilbúnir að láta til sín taka. Ef þessi lýsing á við þig erum við að leita að þér!

Um er að ræða hlutastörf þar sem unnið er 2-4 kvöld í viku.

Mjög góð laun í boði fyrir rétt fólk.

Upplýsingar í síma 550-6470 kl. 14.00 - 16.00 alla virka daga.

Umsókn ásamt ferilskrá skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, www.siminn.is.

Umsóknarfrestur er til sunnudagsins 22. mars nk.

800 7000 – siminn.is

Það er Síminn

Atvinna í boði

Aðstoðarmann tannlæknis eða tanntækni vantar á tannlæknastofu í Garðabæ tvo eftirmiðdaga í viku. Vinnutími frá 13-18 mánudaga og þriðjudaga.

Starfsreynsla ekki nauðsynleg, en viðkomandi þarf að hafa góða kunnáttu í mannlegum samskiptum.

Áhugasamir um vinnuna sendi starfsumsókn ásamt starfsferilskrá á box@frett.is merkt "Garðabær222"

FRAMKVÆMDASTJÓRI ÓSKAST

Eignarhaldsfélag í miklum vexti óskar eftir framkvæmdastjóra til margs kyns verkefna hérlendis sem erlendis. Umsókn sendist á fjarfesting@internet.is ásamt ferilskrá og öðrum gagnlegum upplýsingum.

Stálsmíðaverkstæði

Óska eftir réttindamönnum á vandað stálsmíðaverkstæði á höfuðborgarsvæðinu. Næg verkefni framundan. **Upplýsingar í s. 848 9710**

UMHVERFISSTOFNUN

Landvarsla - sumarstörf 2009

Umhverfisstofnun auglýsir eftir landvörðum sumarið 2009 á eftirtalin svæði: Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, verndarsvæðið Mývatn og Laxá, Suðurland, Vesturland, Miðhálendi og sunnanverða Vestfirði.

- Um er að ræða tímabundin 100% störf en starfstími er breytilegur eftir svæðum. Þeir fyrstu hefja störf í lok apríl og síðustu ljúka störfum í september.
- Störf landvarða felast m.a. í vöktun, eftirliti, fræðslu og móttöku gesta.
- Umsóknarfrestur um störfin er til 30. mars 2009. Í umsókn þarf að koma fram hvaða svæði verið er að sækja um eða forgangsröðun þar um.
- Ítarlegri upplýsingar um svæðin, tímabil hvers starfs, störfin, hæfniskröfur og umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu stofnunarinnar, **umhverfisstofnun.is.** Einnig er hægt að leita nánari upplýsinga hjá **Ólafi A. Jónssyni** deildarstjóra og **Sigrúnu Valgarðsdóttur** starfsmannastjóra í síma 591 2000.
- Sjá nánari upplýsingar um Umhverfisstofnun á **www.ust.is**

Njótum umhverfisins og stöndum vörð um það saman.

Orkuveita Reykjavíkur

Sumarstörf hjá Orkuveitu Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur vill ráða ungt fólk til sumarstarfa. Um er að ræða almenn sumarstörf, afleysingastörf og ýmis sérverkefni fyrir háskólanema. Orkuveita Reykjavíkur tekur við umsóknum frá þeim sem eru fæddir 1992 eða fyrr. Umsóknarfrestur um sumarvinnu er til 22. mars 2009. Allar nánari upplýsingar eru á www.or.is

ÍSLENSKA SIA.IS ORK 45483 32.2009

• Orkuvinnsla í sátt við umhverfi www.or.is

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

SUMARSTÖRF 2009

Vatnajökulsþjóðgarður er ríkisstofnun, sem hefur umsjón með rekstri landsvæða sem ná alls yfir u.þ.b. 12.000 km² og mynda Vatnajökulsþjóðgarð.

Vatnajökulsþjóðgarður óskar eftir að ráða starfsfólk í störf á eftirtöldum stöðum:

- **Skaftafell:** Landverðir, starfsfólk í móttöku og upplýsingagjöf, á tjaldsvæði, í ræstingu og almenn störf.
- **Lónsöræfi:** Landvörður. Frekari upplýsingar má fá með því að senda tölvupóst á: regina@vatnajokulsthjodgardur.is (Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður á Suðursvæði) svo og í síma: 470 8301.
- **Jökulsárgljúfur:** Landverðir, starfsfólk í móttöku og upplýsingagjöf, starfsfólk á tjaldsvæði, í ræstingu og almenn störf. Frekari upplýsingar má fá með því að senda tölvupóst á: hjorleifur@vatnajokulsthjodgardur.is (Hjörleifur Finnsson, þjóðgarðsvörður á Norðursvæði) svo og í síma: 842 4360 (á skrifstofutíma).
- **Herðubreiðarlindir og Dreki:** Landverðir og skálaverðir í samvinnu við Ferðafélag Akureyrar.
- **Hvannalindir, Kverkfjöll og Snæfell:** Landverðir og skálaverðir í samvinnu við Ferðafélag Fljótsdalshéraðs. Frekari upplýsingar má fá með því að senda tölvupóst á: agnes@vatnajokulsthjodgardur.is (Agnes Brá Birgisdóttir, þjóðgarðsvörður á Austursvæði) svo og í síma: 470 0840.
- **Hólaskjól og Nýidalur:** Landverðir. Frekari upplýsingar má fá með því að senda tölvupóst á: thordur@vatnajokulsthjodgardur.is svo og í síma: 575 8400.

Starfsfólk lýtur stjórn viðkomandi þjóðgarðsvarðar.

Starfstími ofangreindra starfa er almennt frá byrjun júní til loka ágúst, í einhverjum tilvikum er byrjað í maí og sum störfin krefjast viðveru fram í september. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsgreinasambandsins. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um.

Varðandi landvarðastöður og starf í móttöku og upplýsingagjöf er haft til viðmiðunar að umsækjendur séu 20 ára og hafi lokið landvarðanámskeiði eða hafi reynslu af landvörslu eða sambærilegu. Einnig er gerð krafa um gott vald á íslensku svo og enskukunnáttu. Frekari tungumálakunnátta er kostur, t.d. Norðurlandamál, þýska, franska, spænska, ítalska.

Almennar kröfur eru að viðkomandi hafi ökuréttindi, hafi ríka þjónustulund, sé jákvæður, sýni lipurð í mannlegum samskiptum og geti unnið undir álagi. Staðarþekking er einnig æskileg.

Æskilegast er að umsóknum sé skilað á sérstökum umsóknareyðublöðum fyrir störfin, sem hægt er að nálgast á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs; www.vatnajokulsthjodgardur.is

Umsóknarfrestur er til og með 30. mars nk. og skulu umsóknir sendar á netfangið: umsoknir@vatnajokulsthjodgardur.is eða í pósti merktum: Vatnajökulsþjóðgarður, Klapparstígur 25-27, 101 Reykjavík.

PORT hönnun

NORDKYN KRAFTLAG

Nordkyn Kraftlag AL er fyrirtæki sem framleiðir, selur og dreifir raforku. Fyrirtækið hefur 12 starfsmenn. Stjórn þess hefur aðsetur í Kjøllefjord í Norður-Noregi þar sem búa 1150 manns. Strandferðaskip koma þangað daglega, þjóðvegur tengist staðnum og flugferðir eru um Mehamn-flugvöll. Á staðnum er fyrir hendi öll nauðsynleg þjónusta, svo og ýmis starfsemi og góðar aðstæður til útvistar allt árið um kring. Þeir sem búa á Finnmörku fá afslátt af námslánum, lægri skatta og hærri barnabætur.

Rafveituvirki (Energimontør)

Nordkyn Kraftlag AL vill ráða tvo rafveituvirkja

Starfið:
- Smíð, rekstur og viðhald háspennu- og lágspennuvirkja, svo og ljósleiðara
- Eftirlit með kerfum og búnaði

Hæfniskröfur:
- Sveinsbréf skv. A- eða H-flokki í Noregi eða sem rafveituvirki (háspennuvirki)
- Ökuskírteini sem samsvarar a.m.k. B-flokki í Noregi
- Þessi er krafist að umsækjandi geti tjáð sig á norsku eða dönsku

Persónulegir eiginleikar:
- Sveigjanleiki
- Þjónustulund
- Ábyrgð
- Geta til að starfa sjálfstætt

Við bjóðum upp á:
- góða framtíðarmöguleika
- samkeppnishæfar aðstæður
- góð eftirlaun og tryggingar
- áhugaverð og fjölbreytt verkefni við hlýlegar aðstæður
- aðstoð við útvegun húsnæðis

Nánari upplýsingar gefur Per-Kåre Langås í síma 0047 78 49 97 00 eða 0047 916 53 364.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2009.
Skriflegar umsóknir sendist til:
Nordkyn Kraftlag AL
Strandveien 114
N-9790 KJØLLEFJORD
Norge

Netfang: per@nordkyn-kraftlag.no

STARFSMAÐUR ÓSKAST

Vegna kaupa á nýrri tölvustýrðri skurðarvél í prentdeild leitum við eftir vandvirkum og duglegum einstaklingi.
Starfið felur í sér vinnu við skurð á filmum fyrir kröfuharðan markað.

Hæfniskröfur:
- Samviskusemi, stundvísi og reglusemi.
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð.
- Grunnkunnátta í íslensku og ensku nauðsynleg.

Umsóknafrestur er til 20. mars 2009

Hægt er að sækja um starfið á vefsíðu Plastprents, www.plastprent.is og í afgreiðslu **Plastprents hf** Fosshálsi 17 – 25.

Plastprent hf. er leiðandi fyrirtæki í umbúðaiðnaði á Íslandi og hefur í yfir 50 ár þjónað öllum sviðum atvinnulífsins.
Hjá fyrirtækinu starfar 90 starfsmenn sem þjóna viðskiptavinum bæði innanlands og erlendis.
Plastprent hf. hefur vottað gæðakerfi samkvæmt ISO 9002 og BRC stöðlum.

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

SUMARSTÖRF

Garðyrkjustjórinn í Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfsfólk til sumarstarfa.

Eftirfarandi störf eru í boði:
Í fegrunarflokki (Blómaflokki)
Í sláttuflokki
Í viðhaldsflokki

Lágmarksaldur umsækjenda er 17 ár (fæddir 1992).

Tekið verður á móti umsóknum í húsi Framkvæmdasviðs Hafnarfjarðar, Norðurhellu 2, frá 16. mars – 1. apríl milli kl. 7.30 og 16.30 alla virka daga nema föstudaga til kl. 15.00.

Umsóknareyðublöð má einnig nálgast og skila inn á skrifstofu Vinnuskóla Hafnarfjarðar í gamla Hjálparsveitarhúsinu v/ Hrauntungu, hjá Þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6, í Gamla bókasafninu Mjósundi og á hafnarfjordur.is.

Nánari upplýsingar í síma 585-5670. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið boddi@hafnarfjordur.is.

Umsækjendur eru hvattir til að sækja um rafrænt á hafnarfjordur.is

ÍTH óskar eftir að ráða starfsfólk í eftirtalin sumarstörf:

Flokksstjóra í Vinnuskóla Hafnarfjarðar
Leiðbeinendur á Íþrótta- og leikjanámskeið
Leiðbeinendur í Skólagörðum ÍTH

Lágmarksaldur umsækjenda um þessi störf er 21 ár (fæddir 1988)

Einnig eru eftirtalin sumarstörf laus til umsóknar:

Aðstoðarleiðbeinendur á Íþrótta- og leikjanámskeiðum
Aðstoðarleiðbeinendur í Skólagörðum ÍTH

Þessi störf eru ætluð 17 – 20 ára ungmennum.

Tekið verður á móti umsóknum á Skrifstofu Vinnuskóla Hafnarfjarðar (í gamla Hjálparsveitarhúsinu við Hrauntungu) 16. mars – 1. apríl frá kl. 12.00 – 16.00.

Umsóknareyðublöð má einnig nálgast og skila inn á eftirfarandi stöðum:

Í húsi Framkvæmdasviðs Hafnarfjarðar, Norðurhellu 2
Þjónustuverinu að Strandgötu 6 Skrifstofu ÍTH og skrifstofu forvarnafulltrúa í Gamla bókasafninu
Á www.hafnarfjordur.is

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 565-1899. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið ragna@hafnarfjordur.is

Umsækjendur eru hvattir til að sækja um rafrænt á hafnarfjordur.is

Rekstrarstjóri

Stjórn GEORG, sem er alþjóðlegur rannsóknaklasi í jarðhita, leitar að öflugum rekstrarstjóra til að taka þátt í stjórnun og rekstri klasans.

Helstu verkefni rekstrarstjóra eru:
- Ábyrgð á daglegri yfirumsjón verkefna og aðstoð við verkefnahópa ásamt samskiptum við styrktaraðila GEORG
- Stjórnun skrifstofu GEORG, og undirbúningur reglulegra skýrslna um kostnað og rekstur klasans fyrir Rannís, þar með talið árskýrslu
- Samantekt og úrvinnsla gagna frá verkefnahópum sem starfa innan GEORG
- Yfirsýn yfir stjórnunarlega áhættu og upplýsingaöflun til stjórnar varðandi frávik á kostnaði og verkefnastjórnun ásamt tillögugerð um til hvaða aðgerða megi grípa til að leiðrétta frávik.

Kröfur um menntun, hæfni og reynslu:
- Háskólapróf er skilyrði; meistarapróf í raunvísindum eða verkfræði æskilegt.
- A.m.k. fimm ára reynsla af verkefnavinnu og/eða rannsóknarstarfi auk stjórnunarreynslu.
- Hæfni til að vinna bæði sjálfstætt og í teymi.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í rituðu og mæltu máli.
- Æskilegt er að umsækjendur hafi þekkingu á rannsóknum á jarðhita- og vísindarannsóknum og nýsköpun.
- Góð samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum.

Ráðið verður í fullt starf til eins árs með möguleika á framlengingu, háð framvindu og fjáröflun GEORG. Aðsetur verður í Reykjavík og heyrir undir stjórnarformann GEORG. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 30. mars 2009. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Magnús Garðarsson í síma: 525-4659, eða netfangi: sigmg@hi.is

Umsóknum sem greina frá menntun og starfsreynslu skal skilað til Sigurðar Magnúsar Garðarssonar, prófessors og stjórnarformanns GEORG, Háskóla Íslands, Hjarðarhaga 2-6, 107 Reykjavík eða á netfangið: sigmg@hi.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

GEORG (GEOthermal Research Group) er alþjóðlegur rannsóknaklasi í jarðhita sem hefur nýlega verið veittur 7 ára styrkur úr markáætlun um öndvegissetur og klasa af stjórn Rannsóknasjóðs. GEORG hefur miðar að því að byggja brýr milli aðila á jarðhitasviðinu og mynda þannnig sterkt afl sem mun leiða til þess að vísindalegar og tæknilegar hindranir verða yfirstignar og leiða til fjölgunar sérfræðinga og skjótra framfara í jarðhitarannsóknum, verkfræði, og hönnun. Framtíðarsýn klasans er að verða leiðandi afl í alþjóðlegum jarðhitarannsóknum.

Aðalmarkmið klasans eru að:
- auka sjálfbæra nýtingu á jarðhitaauðlindinni og með því stuðla að minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu
- gera Ísland að fyrirmynd sem nánast orkusjálfbært þjóðfélag með nær enga losun gróðurhúsalofttegunda
- skapa grundvöll fyrir nýsköpun og útrás íslenskra fyrirtækja í jarðhita og menntun, bæði fyrir þátttakendur klasans og með því að skapa frjótt umhverfis innanlands og með alþjóðlegum tengingum.

Auglýst er laust til umsóknar starf tækni- og tækjamanns við Jarðvísindastofnun.

Jarðvísindastofnun Háskólans er miðstöð rannsókna í jarðvísindum við Háskóla Íslands. Á stofnuninni starfa um 50 vísindamenn, háskólakennarar og tæknifólk ásamt rúmlega 40 meistara- og doktorsnemum. Verkefnin eru mjög fjölbreytileg og mörg þeirra fela í sér verulega útivinnu við mælingar og rannsóknir.

Helstu verkefni
- Umsjón og viðhald á búnaði til ferðalaga
- Umsjón með öryggismálum í ferðum á vegum stofnunarinnar
- Þátttaka og aðstoð í mælingaferðum eftir því sem við verður komið
- Viðhald og umsjón með öðrum tækjabúnaði stofnunarinnar eftir því sem við verður komið

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Iðn- eða tæknimenntun sem nýtist í starfinu er æskileg
- Björgunarsveitarþjálfun eða viðlíka bakgrunnur er æskilegur
- Víðtæk reynsla af ferðalögum á Íslandi
- Enskukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Frumkvæði og hæfileiki til að vinna með öðrum

Umsóknarfrestur er til 30. mars nk. Umsóknir skulu sendar á netfangið starfsumsoknir@hi.is. Um meðferð umsókna, mat á hæfi umsækjenda og ráðningu í starfið er farið eftir ákvæðum laga um háskóla og reglna um Háskóla Íslands nr. 458/2000. Sjá nánar á www.hi.is/page/storf og www.starfatorg.is.

Nánari upplýsingar veita Anna Eiríksdóttir, skrifstofustjóri, sími 525 4492, netfang: annaeir@hi.is eða Magnús Tumi Guðmundsson, forstöðumaður Jarðvísindastofnunar, sími 525 5867, netfang; mtg@hi.is.
Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands og stofnanir hans er tekið mið af jafnréttisáætlun háskólans.

Félag prófessora við ríkisháskóla

Félag prófessora við ríkisháskóla auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra. Um hálft starf er að ræða.

Félag prófessora er stéttarfélag prófessora við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Hólaskóla - Háskólann á Hólum í Hjaltadal og Landbúnaðarháskóla Íslands, Hvanneyri, en starfsstöð framkvæmdastjóra verður í Reykjavík.

Framkvæmdastjórinn vinnur náið með stjórn félagsins að málefnum er varðar félagið og félagsmenn þess. Í því felst að fylgja eftir ákvörðunum stjórnar og sinna fyrirspurnum og fyrirgreiðslu við einstaka félagsmenn vegna kjaratengdra atriða. Einnig er ætlast til þess að framkvæmdastjóri sýni verulegt frumkvæði varðandi daglegan rekstur skrifstofu og varðandi stefnumótun til lengri tíma.

Kröfur um menntun og reynslu:
- Háskólamenntun er skilyrði.
- Viðamikil reynsla af stjórnun og/eða rekstri félagasamtaka er æskileg.
- Nákvæmni og öryggi í meðferð talnagagna.
- Færni í mannlegum samskiptum og samstarfi.
- Reynsla af rekstri, viðhaldi, uppfærslu og þróun heimasíðu.

Umsóknarfrestur er til og með 31. mars

Umsókn sendist til Félags prófessora við ríkisháskóla, Loftskeytastöðinni við Suðurgötu, 101 Reykjavík, merkt „STARFS-UMSÓKN". Frekari upplýsingar veitir Gísli Már Gíslason í síma 5254617 eða með því að skrifa honum rafbréf og biðja um frekari upplýsingar. Netfang gmg@hi.is

Félag íslenskra stórkaupmanna óskar að ráða

Framkvæmdastjóra

Félag íslenskra stórkaupmanna leitar að framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur félagsins. Við leitum að sterkum einstaklingi sem hefur áhuga á að stýra hagsmunasamtökum inn- og útflytjenda. Hlutverk FÍS er að gæta hagsmuna aðildarfyrirtækja sinna með því að vera framvörður heilbrigðra verslunarhátta sem tryggir réttlátar leikreglur í samkeppni og eflir hag viðskipta og verslunar á Ísland.

Starfssvið:
- Daglegur rekstur skrifstofu félagsins en þar starfa auk framkvæmdastjóra 3 starfsmenn
- Ráðgjöf við félaga í FÍS og aðal tengiliður þeirra
- Öflun nýrra félaga
- Talsmaður samtakanna gagnvart stjórnvöldum og öðrum hagsmunaaðilum
- Fylgjast með hagþróun og opinberri stefnumótun
- Skýrslugerð og eftirfylgni
- Þátttaka í öðum verkefnum í samvinnu við stjórn félagsins

Menntunar- og hæfniskröfur:
- MS gráða í hagfræði og /eða fjármálum
- A.m.k. 5 ára starfsreynsla í kröfuhörðu starfi
- Góð reynsla af greiningarvinnu
- Almenn rekstrarþekking
- Reynsla frá kennslu eða almannatengslum
- Áhugi á efnahagsmálum og hagsmunum verslunarstéttar í landinu
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð almenn málakunnátta

Við bjóðum:
- Áhugavert starf hjá félagasamtökum sem byggja á gömlum grunni sem nýlokið hafa vinnu við stefnumótun.
- Tækifæri til að hafa áhrif á þróun verslunar í landinu
- Góð tengsl við mörg áhugaverð fyrirtæki sem eru félagar í FÍS

Umsóknir óskast sendar til FÍS, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík fyrir 25. mars nk. eða á netfang bjarndis@fis.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir formaður FÍS, Margrét Guðmundsdóttir netfang margret@icepharma.is

Félag íslenskra stórkaupmanna var stofnað 1928 og hefur staðið vörð um hagi íslenskrar verslunar í 81 ár. Félagsmenn sem eiga aðild að samtökunum eru helstu fyrirtækin í inn- og útflutningi á Íslandi. Gildi FÍS eru: Heiðarleiki og rumkvæði.

FÍS
Fyrir íslenska verslun

LISTDANSKENNARAR
ÓSKAST TIL STARFA

Klassíski listdansskólinn er einkarekinn balletskóli sem leggur sérstaka áherslu á þjálfun einstaklingsins og sér til þess að hann fái til faglega leiðsögn. Klassíski listdansskólinn leggur áherslu á þjálfun nemenda sinna í hinum hefðbundna, sígilda þætti listdansins, jafnframt því að kynna aðra dansstíla og nýjar þróanir á sviði dansins. Jákvæð hvatning og uppbygging nemenda í minni námshópum er stór þáttur í starfi skólans. Skólinn var stofnaður 1993 af Guðbjörgu Astrid Skúladóttur, sem á að baki langan feril á sviði listdansins.

Klassíski listdansskólinn starfar eftir námsskrá Menntamálaráðuneytisins og eldri nemendur skólans geta fengið nám sitt metið sem hluta af framhaldsnámi.

Áhugasamir og metnaðarfullir listdanskennarar óskast til að kenna:
- klassískan ballett
- nútímadans á framhaldsbraut

Töluverð reynsla nauðsynleg en kennsluréttindi ekki skilyrði.

Umsókn og ferilskrá sendist eigi síðar en 27. mars á netfangið gudbjorg@ballet.is.
Nánari upplýsingar veitir Arna María Gunnarsdóttir í síma 616 2120.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

KLASSÍSKI LISTDANSSKÓLINN

Álfabakka 14a og Grensásvegi 14 - Sími 534 9030 - www.ballet.is

Óskum eftir vönum manni til að búa til sjónvarpsauglýsingar

Snillingur?

Ef þú ert öflugur í að búa til sjónvarpsauglýsingar þá ert þú sá sem við erum að leita eftir

Kunnátta á eftirfarandi forrit æskileg

Final Cut Pro, After Effects, Pro Tools, Photoshop, Flash, Indesign

Vinsamlega sendið umsóknina á atv@expo.is fyrir mánudaginn 23. mars
100% trúnaður

EXPO AUGLÝSINGASTOFA

Leiðandi á nýjum tímum

Skemmuvegur 4 / 200 Kópavogi / Sími: 515 4300 / www.expo.is

FÉLAGSRÁÐGJAFI

Fjölskyldusvið Garðabæjar óskar eftir að ráða félagsráðgjafa í fullt starf.

Starfssvið:
- Barnavernd
- Starf með unglingum
- Félagsþjónusta

Hæfniskröfur:
- Próf í félagsráðgjöf. Önnur menntun getur komið til greina ef fyrir hendi er veruleg reynsla af barnaverndarstarfi og starfi með unglingum.
- Reynsla af barnaverndarstarfi og starfi með unglingum er mikilvæg.
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, vera skipulagður og hafa færni í mannlegum samskiptum.

Laun eru skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

Vinsamlegast sækið um á vef Garðabæjar www.gardabaer.is. Einnig er hægt að skila umsóknum með upplýsingum um menntun og starfsferil í þjónustuver Garðabæjar, Garðatorgi 7, 1. hæð. **Umsóknarfrestur er til og með 27. mars 2009.**

Frekari upplýsingar veitir Bergljót Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri í síma **525 8500**, netfang; bergljot@gardabaer.is.

GARÐABÆR
Þjónusta til þín

www.gardabaer.is Fjölskyldusvið

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Atvinna

Rótgróið kaffihús á besta stað við Laugaveginn til sölu.

Góður leigusamningur fylgir, ásamt rekstrar- og veitingaleyfi, öllum innréttingum og fylgihlutum. Stöðugur rekstur allt árið.

Upplýsingar gefur Helena í síma 862-7094

Námskeið

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Námskeið á vegum Endurmenntunar Lbhí

Notkun varnarefna í landbúnaði og garðyrkju

Námskeiðið er einkum ætlað þeim sem vilja öðlast réttindi til að kaupa og nota efni í X og A hættuflokkum.

Kennarar: Sigurgeir Ólafsson Matvælastofnun, Sigríður Kristjánsdóttir Umhverfisstofnun, Guðmundur Halldórsson Landgræðslu ríkisins, Halldór Sverrisson LbhÍ /Skógrækt ríkisins, Grímur Ólafsson Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogs, Jón Guðmundsson LbhÍ, Magnús Ágústsson Bændasamtökum Íslands, Svava Þórðardóttir Háskóla Íslands, Sigríður Jansen Umhverfisstofnun, Jóhannes Helgason Vinnueftirliti ríkisins, Helgi Jóhannesson garðyrkjukandídat, Hjalti Lúðvíksson Frjó

Tími: 23.- 24. mars kl. 9:00-16:00 hjá LbhÍ í Reykjavík

Allar nánari upplýsingar má finna á www.lbhi.is/namskeid Skráningarfrestur er 17. mars, hægt er að skrá sig á endurmenntun@lbhi.is eða í síma 433 5000

Útboð

ÚTBOÐ

Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar:

Málningarvinna í fasteignum Reykjavíkurborgar, austurhluta.

Útboðsgögn á geisladiski verða seld á kr. 2.000, frá kl. 14:00, mánudaginn 16. mars 2009 í síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 25. mars 2009 kl 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12231
Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

www.mos.is MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

Tveir leikskólar í Mosfellsbæ - endurgerð leiksvæðis

Mosfellsbær óskar eftir tilboðum í lóðaframkvæmdir við leikskólana Reykjakot og Hulduberg vegna endurgerðar á lóð. Um er að ræða jarðvinnu, landmótun og yfirborðsfrágang.

Helstu magntölur:

Gröftur:	500 m³
Fyllingar:	500 m³
Girðingar:	300 m
Hellulögn:	520 m²
Snjóbræðslulagnir:	900 m
Niðursetning á tækjum:	11 stk

Áætluð verklok 15. ágúst 2009. Hægt er að nálgast útboðsgögn á geisladisk í Þjónustuveri Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 1. hæð, frá og með mánudeginum 16. mars n.k. Tilboðum skal skilað á sama stað fyrir kl. 11:00 þriðjudaginn 31. mars n.k. þar sem þau verða opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

Umhverfissvið Mosfellsbæjar

Útboð

Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur

ÚTBOÐ

Sorphirða í Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi

Sveitarfélöginn Blásskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur óska eftir tilboðum í verkið

"Sorphirða í Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi"

Samningstímabil þessa útboðs er 1 september 2009 - 31 ágúst 2015.

Útboðsgögn verða afhent hjá Verkfræðistofu Suðurlands frá og með miðvikudeginum 18 mars gegn 5000 kr. skilagjaldi.

Tilboðum skal skila til Verkfræðistofu Suðurlands Austurvegi 3-5 Selfossi fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 13 maí 2009, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Sveitarstjórinn í Bláskógabyggð og
Sveitarstjórinn í Grímsnes- og Grafningshreppi.

ÚTBOÐ

F.h. Reykjavíkurborgar: Rammasamningur um kaup á:

- ***Hreinlætispappír***
- ***Ræstinga- og hreinlætisefni***
- ***Tæki og áhöld til hreingerninga***
- ***Plastpokar o.fl.***

EES útboð
Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000, frá og með miðvikudeginum 18. mars 2009 í síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 14. apríl 2009, kl 14:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12223
Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

2009

FJÓRÐUNGSMÓT HESTAMANNA Á KALDÁRMELUM ÓSKAR EFTIR TILBOÐUM

Fjórðungsmót hestamanna á Kaldármelum verður haldið dagana 1. – 5. júlí nk. og óska mótshaldarar hér með eftir tilboðum í hina ýmsu verkþætti, þ.á.m.:

- Tjaldaleigu vegna veitingasölu, ca. 300 fm
- Vatns- og gámasalerni fyrir u.þ.b. 2.000 mótsgesti
- Umsjón og þrif á salernum
- Leigu á ruslagámum, 20 ft.
- Öryggisgæslu á svæðinu
- Ruslatínslu á mótsvæði
- Miðasölu
- Veitingar
- Verðlaunagripi, ca. 50 stk.

Framkvæmdanefnd Fjórðungsmóts á Kaldármelum áskilur sér rétt til að taka og/eða hafna hvaða tilboði sem er. Óskað er eftir tilboðum með flutningskostnaði og vsk þar sem við á. Tilboðsgjöfum er bent á að hafa samband á netfangið fjordungsmot@gmail.com og fá þeir sendar nánari upplýsingar eftir þörfum. Frestur til að skila inn tilboðum er til 27. mars nk og skal þeim skilað á ofangreint netfang.

Framkvæmdanefnd

Tilkynningar

Krossara af gerðinni Kawasaki KX 250 árgerð 2006 var stolið úr bílageymslu að Seljabraut 22 í Reykjavík þann 21. febrúar síðastliðinn. Skráningarnúmer hjólsins er SE 976 og er hjólið sambærilegt því sem sést á myndinni, en með bleikur felgumiðjur og rauð handföng fyrir bremsu og kúplingu.

Þeir sem mögulega geta veitt upplýsingar um málið er beðnir um að hafa sambandi við Svein Fjalar á netfangið sveinna@vis.is eða í síma 560-5322. Fundarlaun í boði.

ÁS STYRKTARFÉLAG

Aðalfundur

Ás styrktarfélag heldur aðalfund sinn í Bjarkarási, Stjörnugróf 9, þriðjudaginn 17. mars kl. 20:00.

- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Kynntar leiðbeinandi reglur við gerð auðskilins texta.
- Kaffiveitingar.

Félagar og áhugafólk fjölmennið.
Stjórnin.

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Kynningarfundur

Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur og hverfisráðs Laugardals

Opinn fundur í Menntaskólanum við Sund

Kynnt verður tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð Menntaskólans við Sund. Fundurinn verður haldinn í fyrirlestrarsal skólans, Bjarmalandi, þriðjudaginn 17. mars frá 17.30-19.00.

DAGSKRÁ:

Inngangur:
Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi:
Sigurður Halldórsson arkitekt FAÍ
Gláma-Kím arkitektar

Fyrirspurnir og umræður

Fundarstjóri:
Gunnhildur Gunnarsdóttir, arkitekt
Verkefnisstjóri hjá Skipulags- og byggingarsviði

Fundarritari:
Harri Ormarsson hdl
Lögfræðingur hjá Skipulags- og byggingarsviði

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi felur í sér að heimilt verði að rífa einnar hæðar byggingu (Langholt) samsíða Gnoðarvogi og stað hennar verði reist 3. hæða álma fyrir kennslustofur auk kjallara. Einnig eru gerðir nýjir byggingarreitir fyrir tengibyggingar svo unnt sé að stækka mötuneyti skólans, fjölga lyftum og bæta aðgengi milli álma. Deiliskipulag á lóð Vogaskóla frá 2004 er óbreytt.

Tillagan hefur verið auglýst og frestur til að skila athugasemdum er til 6. apríl 2009. Hægt er að skoða kynningargögn á heimasíðu Skipulags- og byggingarsviðs: ***www.skipbygg.is*** undir mál í kynningu.

Allir eru velkomnir

Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

BÍLAR & FARATÆKI

STAÐGREIÐSLA Í BOÐI
Óskum eftir að kaupa Toyota Corolla árg.'93-'01 ,ásamt fleiri tegundun af sömu árgerð. Upplýsingar í síma.562-1717 og 8673769 hjá Bílalíf,Kletthálsi 2. bilalif@bilalif.is

Bílalíf
Kletthals 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.
www.bilalif.is

Vespur
Vorum að fá Ítalskt hannaðar vespur á verði sem þekkist ekki lengur kr 285,000,- 50cc kr. 335,000,- 125cc svartar og hvítar. Sjón er sögu ríkari

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is

CHEVROLET SILVERADO K1500 CREW CAB 4X4, árg.10/2007, ek.28þ.km, rafmagn, loftkæling, cruise control, Ásett verð 3690 þús.kr, Tilboð aðeins 2990 þús.kr!!!

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Ford Escort '87 ek. 175þ. í mjög góðu lagi er m. sk. fram í 10/'09. V. 60þ. S. 615 0210.

Benz Kompressor 180c árg. 02. 2 eigendur. Ásett 2100þ. TILBOÐ 1650 stgr. S. 695 4847.

MB Vario 818
Skrð. 04/07. Ek. 44 þús. 19+1+1 sæti. Farangursgeymsla, hljóðkerfi, loftkæling, dráttarkúla. Til greina kemur að taka góðan Econoline 4x4 uppí. Sími 894 5056 og 897 3015.

Útsala Útsala
Til sölu Benz 320C árg. '98 ek. 211 þús. Mjög fallegur og góður bíll. V. 550 þús. Skoða sk. ód.S. 615 0888 & 615 3252.

FORD F350 EXTENDED CAB 4X4 LARIaT. 03/05, ekinn 57 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 2.890.000.- með vsk. Uppl. í síma 695 7000 og 696 6689.

NISSAN PATROL ELEGANCE nýjar felgur og 35" dekk, 10/02, 80 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 2.890.000.- Uppl. í síma 695 7000 og 696 6689.

Til Sölu Hyundai Starex 4x4 dísil árg 2002 ekinn 119.000, lítur mjög vel út ný kúpling og ný dekk. Ný skoðaður. Verð 1270 þús. Skoða skipti. Uppl 860-1998.

Land Cruiser 90 í toppstandi, árg. '98 sk., nýtt hedd. Tilboð 950 þús. S. 771 1700.

VW Bora 2.0 Bsk.'99 ek. 65 þús. Silfur, Samlitaður. Búinn að vera frúarbíll frá upphafi. Verð: 590 þús. Uppl. í s. 661 8981

Golf til sölu. Uppl. í s. 893 1940.

Nissan Xtrail Sport '06 ek. 21þ. til sölu eða skipti á ódýrari. S. 698 4774.

Toyota Yaris Sol Árg. 2007 ek. 18 þús km, 5 dyra m. 1300 vél. Ekkert áhvílandi, uppl. 618 2314 - verð 1850 þús.

Nissan Murano árg. 03 - sj.sk m. öllu - 88þús. km - uppl. 8932293- TILBOÐSVERÐ 2.390 þús

Discovery Windsor TDV6, árg 2008, G4 32" breyting, leður, loftpúðafjöðrun ofl., ek 15 þús., glæsilegt eintak, sem nýr. Gott verð, uppl. í s. 825 2424.

Tilboð 300 þús.
Nissan Micra 1300, 5g., bsk., árg. '99, ek. 111 þús. Sparneytin og góður bíll. Nýskoðaður. Uppl. í s. 659 3459.

Sparneytinn dísel Benz árg '02 ssk. Fæst gegn yfirtöku eða 1.390 þús stgr. Uppl. 698-5023

Subaru Forester árg.01 ek 115þ,sjálfsk,leður,álfelg,dráttarb,sk2010.V 960þ.s 6176029

VW Passat '98 ek. 142 sk '10. Vetrar og sumard. og leður. Gott eintak hér á ferð! V. 490 þ. S. 771 1449 .

Toyota Yaris skráður 6/2006 ekinn 61 þús km. Verð 1380 þús. Uppl í síma 587-7659

SSANGYONG MUSSO Árgerð 1997 Ekinn 146 þ.km. sjálfsk. 4 cyl bensín. Nýskoðaður, einn eigandi frá upphafi. Ný dekk. Gott eintak. Verð 390 þús. Upplýsingar hjá 100 Bílum s. 517 9999 & 848 4490.

Toyota Yaris T-Sport árg 2004 ekinn 36þ.km Verð 1350 þús. Uppl í síma 587-7659

Audi A4 '00 sjsk. í góðu standi. Listaverð 720 þús. Tilboð 590 þús. S. 662 3609.

AFSLÁTTUR 600 Þ.
KYA-Sportage 4x4 árg. '05, ssk. diesel, ek. 73þ, leðurkl. Tilboð aðeins 2.100þ stgr. (afsl frá listaverði 600þ.). Fyrstur kemur fyrstur fær. S. 861 6578.

VW Passat 2,0. árg 2000. ek 100þ. VERÐ 880þ. Uppl síma 698-6404

- 55 þúsund -
MAZDA árg '92 ek. 130þ. ssk. Nýsk. til apríl 2010. Uppl. í s. 869 0635.

Bíll/mótorhj./dráttarv
í skiptum fyrir 2ja herb. íbúð 108 Rvk. og bíl (18 + 1 m.). S. 848 3377.

Peugeot Partner '99 ek. 160þ. Sk. Ný kúpling & dekk, toppgrind og krókur. Góður vinnubíll. V. 250þ. S. 847 2730.

Nissan Sunny árg '95 1.6SLX 4x4 ek. 152þ. Bsk. Uppl. í s. 862 7894.

Toyota Camri árg. '93. Verð 100 þús. Með endurskoðun 2010. Uppl. í s. 8485280

Mitsubishi L200 árg. '05. Ssk. dísel. Ek. 30þ. Með plasthúsi. Þarfnast viðg. eftir tjón. Uppl í s. 821 3770

Til sölu v/flutninga erlendis. Toy.Aygo 2007. Silfurgrár. Ekinn rúml. 19 þús. km. Mjög sparneytinn. Sumar- og vetrardekk. Verð: 1.300 þús. eða tilboð. S:867-4173.

Til sölu Toyota Avensis '00. Hvítur. Ek. 162þús. Nýyfirfarinn af Toyota. Bíll í toppstandi. Ásett verð 650þús. S: 772 6262

Til sölu MMC Lancer st. 4WD '94 sk. '10 og dráttarkúla. Fallegur og góður bíll, v. 150þ. S. 899 4096.

0-250 þús.

Huyndai station árg.00 ek.147 þús. sjálfsk. dráttarkrókur, naglad. v. tilboð S. 8200878

Til Sölu WV Polo árgerð 97. 1400 vél, Ek. 133þ. Km. Nýskoðaður Verð 140.000 stg. Uppl. í símar 8229488

Topp eintak af 5dyra VW Golf '95. Er með skoðun til 06, 2010. Tvöfaldur gangur af dekkjum á álfelgum.Bíll sem stendur fyrir því sem eigandi segir. Selst á aðeins 155þús stgr. Bara hringja. Gsm 6607603 eða 5668058

ford econoline árg 86 hár toppur verð aðeins 80þús uppl í síma 8471930

Nissan Almera árg. '00 tjónuð. Óskoð. Verð 75þ. Uppl. í s. 891 9847.

Vantar bíl til að fara hringinn um landið.Þarf að vera öruggur auk þess að rúma 7-8 fullvaxta karlmenn.(L300, Patrol, sambæril) Greiðslug.0-100þús. s:6941460 og 8218405

250-499 þús.

Mercedes benz 200E 94 árg, keyrður 244 þús, ásett verð 300 þúsund, sími 6946735

Traustur bill Peugeot 206, árg.1999 Keyrður 129 þkm Verð 450.000,- s:6639039

Vw Bora 1.6 bsk. árg.'99 ek.105 þús km. Nýl. bremsur og kúpling. S: 699 8147

500-999 þús.

til sölu Toyota avensis tera árg 2003 ekinn 130þ summardekk á felgum fylgja, beinskiftur verð ca 900.000þ uppl í síma 6994659 Dóri

Opel Zafira Comfort 1600. Beinsk 7 manna ekinn 90 þ km snyrtilegur bíll. Uppl 8622025

Ford Explorer 1997 sjálfsk ek 166þkm Gott eintak verð 490.000. Upplýsingar hjá 100 Bílum s. 517 9999 & 848 4490.

vw passat TDI syncro stadion til sölu. ekinn 230þús. í fínu standi. er á góðum vetrardekkjum og sumardekk fylgjameð. verð 690þús. uppl í síma 8480709 maggi.

1-2 milljónir

Toyota Yaris 1.3, árg.06 ek.23þús. Tilboð óskast í síma 863-8587.

Lexus GS 300 2002 ek. 215þ.km ný nagladekk leður lúga gott eintak Tillboðsverð 1399.000. uppl. í hjá 100 bílum s. 517 9999 & 848 4490.

Íbúð til sölu, möguleiki að taka bíl upp í,0-2 millur. Sjá Höfdi.is - Laugavegur

2 milljónir +

Ford F350 '05. ek 73 þ. km. óbreyttur, ný dekk, heithúð í palli. s 664 3515

Hyundai Tucson V6 2007 ek 28þkm sjálfskiptur Verð 2550.000,- síma 0045-30257956/5878888



Ford F350 King Ranch árg.08 ekinn 3þ km. Pallhús, bakkmyndavél, lúga, beisli, einn með öllu. Uppl. í s: 894-3348

Mazda5 til sölu árg.08 k.8. þ.7 sæti. Frábær bíll.Stgr.2.890þ.Sk.verð3.490 þ.s.6153938.

Bílar óskast

Nú er tími notaðra bíla
Óskum eftir öllum tegundum bifreiða á skrá. Sölukostnaður frá aðeins 29.900.- fyrir þitt ökutæki.Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbilar.is - Hlíðasmára 2 - Sími 588-5300

Óska eftir bíl.....
á allt að 150þúsund má þarfnast lagfæringar uppls 894-6383

Óska eftir station bíl, verðhugmynd 150 þús. Uppl. í s. 844 1011.

Óska eftir Honda CRV gegn staðgreiðslu 6645878

Óska eftir VW Transporter sendibíl, eða sambæril. fyrir 150-170þús stgr. Uppl. í s. 896 7579 Bjarni.

Eldri Toyota bílar óskast gegn staðgreiðslu. Skoðum allt. Getið sent Mynd á bilapartar @ bilapartar.is Uppl. í síma 587-7659

Toyota óskast staðgreitt
Óska eftir Toyota Hiace bensin árg. '95-'00 Einnig Toyota Hilux bensin. Bilaðir/skemmdir bílar koma einnig til greina. Vinsamlegast hafið samband við Sigga í s. 843 6666, geymið auglýsinguna.

Óska eftir sendibíl. Háþekju, millilengd, mb sprinter eða álíkum bíl. S. 896 6655.

Jeppar

Land Cruiser 90 GX árg. '97 ssk. diesel. Ek. 172 þ. 33" breyttur. Ath. skipti. S. 898 0581.

Nissan Patrol, 38", árg. 96, ek. 225þ km, VHF. Verð 850þ. Uppl. s: 820-7225.

Grín Verð !!
Til sölu Infiniti FX35 árg 2003 ek 43.þ mílur. Ásett verð 4.4.m fæst á 2.590.000.- stgr. engin skipti. Uppl í síma 896-5290

Ford Escape XLS 4x4 Nóv/2005 E.34þ einn eig. Brimborgarbíll. skoð 2010, sumar/vetrard-negld. TILBOÐ 1.950 þ. Uppl 844-4556.



38" breyttur Nissan Patrol árg 2000 ek. 152 þús,ssk, með leðri og lúgu, VHF talstöð, nýleg dekk, nýskoðaður 2010, tölvukubbur,loftdæla, ofl. skipt um vél í 50 þús.km og nýleg túrbína. Verð 2990 Tilboð 1790 þús. Uppl í síma 660 1334 eða 691 4441

Tilboð 220 þús !!!
Suzuki 4x4 Sjálfskiptur Árgerð 1996, ek. 125 þús. mílur ný skoðaður 2010, lítur vel út. Tilboð 220 þús!! Upplýsingar í síma 615 1556 .

Til sölu Nissan Patrol árg 95" Ekinn 290 þús skoðaður 10.fæst fyrir 250 þús stgr enginn skipti. uppl í síma 692-8188

Landcrusier 90 árg.'00 ekinn 148þús. breyttur 38" fylgir 37" dekk á felgum auka tankur fullt af aukabúnaði .Verð 2900þús. uppl. 8640990

til sölu kangoo ár 2000 ek 169000 verð 380þús uppl í s.6922429

Pallbílar

Ford Ranger árg 91, ekinn 180 þús, 33" dekk, Nánari Uppl s. 8697980. Verð 170 þús

Sendibílar

V.W.Transporter-2007 ek. 25þ. 6gíra 130hö.m/mælir, talsöð, s+vetrad. TIL SÖLU,AUÐVELD KAUP GSM 6994166.

Hópferðabílar

Atakk 200cc fjórhjól til sölu

Þetta er 2006 módel lítið notað. Fjórgengis. Selst ódýrt gegn staðgreiðslu. Björgvin s. 897 7983.

Vörubílar

www.vagnasmidjan.is

Viðgerðarþjónusta á vörubílum og vögnum. Líklega hvergi ódýrari né betri . Leitið nánari upplýsinga og tilboða Myndir og nánari upplýsingar á heimasíðu okkar: Vagnasmidjan.is Eldshöfða 21 R. S. 587 2200 & 898 4500.

Mótorhjól



Kawasaki VN 1600 Mean Streak Special Edition Árgerð 2007 ek. 1420 milur Verð 1200 þus. Simi 690 0779

Honda CR 80 2008 Ónotað

Keypt NÝTT. Aðeins notað tvær helgar. Kostar nýtt 528þ.Fæst á 350þ.stgr. Björgvin s. 897 7983.

Til sölu Kawasaki Vulcan 1500cc hippi. Mjög fallegt hjól. Árgerð 2006 keyrt 2000 mílur. Verðhugmynd kr. 1200þ. Upplýsingar 8929287

Fjórhjól

Polaris Sportsman Touring 800, götuskráð, maí 2008,spil, krókur. hiti í handföngum, vindhlífar, ljós í stýri ofl. verð 1.950 þ. s.8453300

KYMCO. HJÓLIÐ SEM HEFUR FARIÐ SIGURFÖR UM HEIMINN. GÆÐI Í GEGN OG FRÁBÆRT VERÐ. VDO EHF BORGARTÚN 36 588 9747 www.vdo.is

Fellihýsi

Óska eftir pallhýsi á amerískan pallbíl fyrir 0 til 500 þ. Uppl. 898-6499

Vinnuvélar

JCB 2cx Árg.07 til sölu.ekinn ca.400 tíma mikið af fylgihlutum. ATH skipti á skotbómulyftara. UPPL. 840-0594

Caterpillar 302,5 2,8 tonn 1090 vinnustundir, Er eins og ný, ekkert slit. 3 skóflur fylgja, þar af ein „tilt" Verð 2,5mill ath ekki vsk uppl í 820 0820

Vegna mikillar eftirspurnar eftir notuðum dráttarvélum, rúlluvélum og vörubílum vantar okkur vélar á bilinu 800.000-3.000.000 Upplýsingar í síma 4800400 Jötunn Vélar ehf

Bátar

SeaDoo Speedster 155 hestöfl árg 2008 notaður 8klst Er á kerru, ekkert áhvílandi. Eins og nýr. Uppl í 8200820

Óska eftir utanborðsmótor 30-50 hö. Einnig til sölu á sama stað 8hö Mercury utanborðsmótor. Uppl. í s. 897 6048.

Vatnabátur óskast keyptur , 4-5 manna árabátur. Uppl. í s. 699 6140

Óska eftir smábát allt að 6 m. Svar sendist á halliblondal@gmail.com

Bílaþjónusta

Varahlutir

Japanskar Vélar Varahlutasala

Erum að rífa MMC Pajero/Montero '00-'05. L200/Izuzu pick up '00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift '00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. '00-'06. Nissan pickup/Almera '00-'06. VW/skoda '00-'05. Mazda/Ford '00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet '05-'06. Citroen C2/C3 '02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284.

Notaðir varahlutir

Eigum til og getum útvegað varahluti í VW, Skoda, Getz, Yaris o.fl. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 534 1045.

Er að rífa Santa Fe, Tucson, Raf-4 og Trooper. S. 893 7203.

Mitsubishi L200 árg. '05. Ssk. dísel. Ek. 30þ. Með plasthúsi. Þarfnast viðg. eftir tjón. Uppl í s. 821 3770

555 6666

Erum að rífa Benz S Class, VW Golf, Fiat Punto, Huyndai Getz, Bora, Polo, Passat, Caddy, Suzuki Swift, Honda Jazz, Toy. Avensis, Peugeot 206 & Boxer, Citroen Berlingo, Hyundai H1 diesel, MAN dráttarbíl 2005 og margt fl. Kaupum einnig bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888.

Til sölu varahl. í Renault,Musso. Lanos,Ford ,Skoda Octavia Uppl. í sima 8940068

Pajero 2,8 T.D árg 1996 til sölu í pörtum + hedd.tryssa,altenator,startari og fl.fl af vélinni. Uppl.í S.6922970

Hjólbarðar

15" felgur með dekkjum undir VW 5 gata. Og 18" King Ranch felgur undir F-350 8 gata. Bæði nýlegar felgur. Seljast ódýrt. S. 869 9903.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Garðyrkja

Felli tré, klippi, grisja, snyrti runna og önnur garðverk. Halldór garðyrkjum. s. 698 1215.

Trjáklippingar. Nú er rétti tíminn til trjáklippinga. Felli tré og klippi runna. Jónas Freyr Harðarsson, Gróður og Garðar . S. 697 8588.

Runnaklippingar

Trjáfellingar, snyrting á trjágróðri.

Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur.

S. 848 1723.

Klippi runna, limgerði og felli tré. Önnur garðverk. Garðaþjónusta Hafþórs. S. 897 7279.

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald

Skattframtöl 2009
Tek að mér skattframtöl einstaklinga og rekstraraðila frá 5.500 kr. Ég er viðskiptafræðingur Cant.Oecon. Með mikla reynslu. Ódýr og góð þjónusta. Kíktu á www.skatt.is S:661-3703. S. 661 3703. www.skatt.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

FRAMTALSÞJÓNUSTA

Fyrir einstaklinga, einstaklinga með rekstur og félög. Bókhald, VSK uppgjör. Vönduð vinna - hagstætt verð - mikil reynsla. S. 517-3977. netf: framtal@visir.is

Bókhald og framtal. Stofnun ehf, heimasíður og lén. dignus.is - s: 699-5023.

Ódýr Skattframtöl

Ódýr Skattframtöl:Viðskiptafræðingur MS í endurskoðun. Einfalt framtal: 3000 kr. Flóknari skv. samkomulagi. Sími: 5904552 alla daga eftir 16:00

Þjónusta

Bátaþjónusta Innri Njarðvík.
Tökum inn báta í upphitað húsnæði til viðhalds eða geymslu.

- Botnþvottur með öflugri dælu, unnið af sjálfum eiganda bátsins ef vill.
- Báturinn tekinn inn á stæði til viðhalds eða geymslu.
- Tökum að okkur að fara yfir bátinn, vélbúnað, olíur, fyrir okkar viðskiptavini.
- Sækjum bátinn ef óskað er, og skilum honum til baka eftir óskum viðskiptavina.
- Eigendur geta unnið í sínum bátum á sínu stæði við bestu aðstæður.
- Tökum að okkur vélaviðgerðir, rafmagnsviðgerðir, plastviðgerðir, skrúfuviðgerðir.
- Seljum varahluti, málningu, plastefni, og annað sem til þarf.
- Útvegum allar gerðir bátavéla, nýjar eða uppgerðar.
- Erum einnig með hugsanlega kaupendur að notuðum bátum til útflutnings.

Matsala á staðnum. Þjónusta á vægu verði.

ATH! Pantið tíma í síma 770-5144 Kjartan kjartanicecode@internet.is

Til sölu

Draumabíll til sölu ! Ford - Blucamp húsbíll

árg. 2005 tegund 135T350 ek. 15000 km. 138 ha. díselvél. Aukabúnaður: 6 gíra kassi er á tvöföldu að aftan, reyðhjólagrind, rafmagns markisa, hraðtengi fyrir gasgrill, tveggja kúta gasgeymsla, loftpúðafjöðrun, bakkmyndavél, tvær sólarrafhlöður. Upplýsingar gefur Reynir í síma 820 - 6006

TÓMAS BÓKARI & VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR
Bókhald - Skattauppgjör - Stofnun Ehf Fyrirtækja. Vönduð þjónusta / Þýsk nákvæmni. S. 659 5031 tomas.bokari@gmail.com

Skattframtöl. Bókhald og ársreikningar rekstraraðila. hagstætt verð. s 892 5784

Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.
Framtöl ofl. S. 860 0266 & 840 0609 www.account.is

Framtalsaðstoð fyrir einstaklinga, sanngjarnt verð. www.framtalsskil.is S. 699 8442.

Skattframtöl.
Er viðskiptafræðingur með mikla reynslu af skattframtölum og tek að mér að telja fram fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Verð frá 3 þús.kr. Uppl. í s. 847 9988

Skattaskýrsla frá 3000. Er viðurkenndur bókari. Upplýsingar í síma 6920919 eða sre@internet.is

Fjármál

versus RÁÐGJÖF

Fjárhagserfiðleikar? Semjum við lánadrottna. Greiðsluáætlanir. www.versus.is. Sími 863 5544.

Skattframtal 2009. Einfalt framtal kr. 3.000. Framtalsþjónusta HR sími 6634141.

Lánsveð
Leita eftir einstakling/um sem geta veitt mér lánsveð, sem gæti dugað fyrir 4-5 milj.(lífeyrissjóðslán) Íbúðarhúsnæði gegn vænri þóknun að upphæð 1,5-2,0 milj. Svör sendist á Fréttablaðið, smaar@frett.is merkt „lánsveð"

Málarar

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Úti og inni. S. 869 3934.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja til Danmerkur? Tökum að okkur að flytja búslóðir eða ýmislegt annað hvert á land sem er í Danmörku. Erum Íslendingar staðsettir í Árhús. Upplýsingar gefur Óskar í 24seventransport@gmail.com eða í síma 0045 256 13361

Búslóðaflutningar
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Stór lyftibíll....S.661 1977
Lítill lyftubíll..S.893 5235
Búslóðaflutn, píanóflutn, vöruflutn, og aukamenn ef óskað er. Góð verð.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Vöruflutningar

Ódýrari flutningar. Tilboð á sendibílaþjónustu. S. 892 6363 og á www.vefsida.is/skutlari.

Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir, breytingar og aðra almenna smíðavinnu, utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Tökum að okkur alla smíðavinnu. Nýtt-Gamalt. GS Smiðir S. 893 6022.

Nú er góður tími til að huga að viðgerðum á sumarbústöðum, pallasmíði og alhliða smíðavinnu. Getum bætt við okkur verkefnum. Hafið samband í s. 771 1700 eða sgreisning@gmail.com

parketogsmidar.is
Parketlögn/slípun, gluggaskipti, þakviðgerðir, uppsetning á veggjum og öll almenn smíðavinna. Uppl. í s. 896 9819, hermann@parketogsmidar.is

-MÁLARAMEISTARI- Getum bætt við okkur verkefnum. Öll almenn málningarþjónusta og mikil reynsla. Gerum verðtilboð án kostnaðar S: 8956595

Glerjun og gluggaviðgerðir
Öll glerskipti - leitið tilboða. Glugga og hurðaþjónunstan sími 895 5511 - smidi.is

Húsaviðgerðir
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Húsaviðhald!
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Faglærður pípari getur bætt við sig verkefnum í pípulögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069.

Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Smíðalausnir. S. 899 3011.

Lekur þakið ?
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

Spádómar

Spákonan Michalina
Býð upp á tarotlestur, talnaspeki og/eða orkuheilun. Umsögn: „Michalina er stórkostlegur spámaður og heilari." Sigríður Klingenberg. Uppl. í s. 845 3455.

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Í spásímanum 907 1111 er spákonan Sirrý. Framtíðin, ástin, heilsan, fjárm. Opið frá 17:00-24:00.

Ljósið s. 908 6060
Tarot, miðlun, fyrirbænir, trúnaður. Opið frá 12-23. S. 894 9228 Steinunn visa/euro

Dulspeki-heilun

Spámiðill. Miðla með aðstoð kaffibolla. Miðla til þín því sem þú þarft að heyra. S. 866 6597. Ásdís Spámiðill.

Nudd

Whole body massage. Tel. 849 5247.

Snyrting

Árshátíðarsnyrting
Snyrtistofan Mist býður árshátíðarfarðanir á „gamla verðinu". Leitið upplýsinga. S. 577 1577.

Viðgerðir

Iðnaður

Uppsteypa mannvirkja
Ásamt annarri húsasmíði. Jarðvinna, uppsteypa, mót og krani. Löggiltur meistari. Dynkur ehf. Ragnar s. 894 2454.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315

Rafvirkjun

Mikið urval á öryggis og þjófavarnakerfum. Myndavélar, þjófavarnakerfi, neyðarljós. www.islandsnet.is s:4455390

Önnur þjónusta

Sandblástur
Sandblásum felgur og margt fleira. Uppl. í s. 694 9440.

KEYPT & SELT

Til sölu

Útsala!
Vertu viðbúin! Fáðu þér þjófavörn sem hringir í síman þinn og tvö önnur símanúmer sem þú velur ef brotist er inn hjá þér. Nú fáanlegt fyrir aðeins 18.900.- kr Verð áður 29.900.- kr. Þráðlaus, einfalt í uppsetningu fyrir heimili og smærri fyrirtæki.

Útsala!
Robot ryksugurnar komnar! Vinnur 3 verk, ryksugar moppar og sótthreinsar, með UV innrauðu ljósi. Fer sjálf í hleðslu, hreinsar sjálfkrafa betur þar sem óhreinindi eru. Hreinsar allar gerðir gólfa. Íslenskur leiðarvísir. Verð áður 48.900.-kr verð nú 37.900.- kr.

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is

Þvottavélar, varahlutir
Til sölu yfirfarnar þvottavélar og þurrkarar Tökum bilaðar upp í. Einnig mjög ódýrir VARAHLUTIR í þvottavélar. Opið um helgina. S. 847 5545.

HELGINA 14-15 MARS MILLI KL 13-17 VERÐUR LAGER ÚR BLÓMABÚÐ TIL SÖLU Í BÍLSKÚR AÐ YSTABÆ 1, 110-RVK. GJAFAVARA Á KREPPUVERÐI. Nánari uppl í 846-0426

Second hand fatalager til sölu
Selst í einu lagi. Megnið til sýnis í dag á Laugavegi 41 milli 12-17. Uppl. í síma 669 9121

STUBBASTANDAR
Bæði standar og á vegg. Standur ehf. S: 842-2535.

Brunavarnahurð!
Tvöföld brunavarnahurð til sölu. Selst hæstbjóðandi gengn staðgreiðslu. S. 893 4595

Óskast keypt

Kaupum ýmislegt gamalt dót
30 ára og eldra, t.d. húsgögn, ljósakrónur, hansahillur, leirtau, veski, dúka, spegla, skartgripi, leikföng og fl. og fl.
Fríða frænka, Vesturgata 3, Opið mánud - föstudaga 12-18 og laugard 12-14.
S. 551 4730 & 864 2223.

Evrur óskast
Óska eftir að kaupa evrur og dollara.
Regent Accounts Ltd. Uppl. gefur Sverris í s. 618 7001.

Herrafataverslun óskar eftir karlmanns gínum.
Upplýsingar í síma 694-2150 & 551-5425



Málara-trönur óskast
Notaðar listmálara- trönur óskast keyptar gegn staðgreiðslu. Vinsamlegast hafið samband við Jónas í s. 696 7474, geymið auglýsinguna.

Eldhúsinnrétting, baðinnr., fataskápar, leðursófasett og lazyboy óskast. S. 896 6005

Óska eftir að kaupa stillanlegann skoðunarbekk. Uppl. í s. 825 3636.

vil kaupa 6.stk DNG 6000 tölvurúllur. sími 8935074

Vantar notuð atvinnueldhústæki stór og smá GSM 843 3922.

Gullskartgripir-Gull
Kaupum til bræðslu allar tegundir gullskartgripa, gamla, nýlega, ónýta gegn stgr. demantar.is - Pósthússtræti 13 - S. 699 8000 Magnús Steinþórsson.

Heimilistæki

Óska eftir þvottavél með innbyggðum þurrkara á góðu verði. Sími 698-2449.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Tölvur

Tölvuviðgerðir og gagnabjörgun, gott verð! Kem á staðinn. Baldvin s. 699 6735.

Hljóðfæri

Harmonikur í úrvali. Harmonikukennsla. Sími 824 7610 & 660 1648.

Dúndurtilboð!
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 29.900 Hljómborð frá kr. 17.900 Trommusett kr. 49.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Edmund Pedersen til sölu. Danskt píanó, ca 50 ára gamalt. Sanngjarnt verð. S. 897 3015.

Þjónusta

AFL BINDING ehf.
JÁRNABINDINGAFÉLAG
Pantað í dag – *afgreitt á morgun*
Klippum og beygjum kambstál.
Framleiðum bita, körfur og súlur eftir teikningum
S. 692-8027 / 660-6150 • skrifstofa@aflbinding.is

Vélar og verkfæri

Pallettutjakkar á frábæru verði Lyftigeta 2,5 t. Kr. 34.900 m/vsk Plastprent. S. 580 5600.

Til bygginga

Mini Max borðsög til sölu
Vel með farin borðsög. Einnig til spónasog á sama stað. Selst saman eða í sitthvoru lagi. Uppl. Björgvin s. 897 7983.

2x4 uppitsöður - Allar lengdir - Gott verð. Einnig zetur. Uppl. í s. 892 4624.

Timbur, dokar, gips, krossviður o.fl. Upplýs. www.ulfurinn.is og S. 840-7273 Halldór.

Verslun

GreenHouse
GreenHouse vor- sumarvaran er komin. Verið velkomin að sækja frían bækling. Opið í dag, Laugardag 10-14. Green House Rauðagerði 26.

Öryggis- og peningaskápar, ný sending!

NÝJAR VÖRUR 25% afsláttur
Stærðir 34-52. Endilega kíktu inn á www.gala.is Verslunin Emilía Suðurlandsbraut 50 (Bláu húsin Faxafeni)S:588 9925 Opið 11-18.laug 11-16.



Ýmislegt

Háþrýstidælur
Eigum nokkrar bensínknúnar Karcher háþrýstidælur á frábæru verði 200 bör 9,5ltr 6hp Honda mótor
Allar nánari uppl í síma 897 2902 netfang mvehf@hive.is opið 14-21 alla daga MV heildsala ehf.

Hágæða skjávarpar með sjónvarpsmótakara
Scart,HDMI,Hdready, USB,DVB,ofl 2200 ANSI, 600:1 Skerpa Tekur flest sjónvarpskerfi 35"-230" mynd Frábært heimabíó eða í fundarsalin Tilboðsverð kr:160.000 Uppl. í síma 860 0800.

Gínur óskast! Getur einhver lánað eða leigt mér sýningargínur-saumagínur fyrir kvenfatnað vegna sýningar á héraðshátíð Dalamanna,Jörvagleði, dagana 23.-27. apríl n.k. Get séð um að sækja og skila. símar 4341124 og 8941824, thrudkri@simnet.is

Evrur til sölu. Upplýsingar í s. 8664147

HEILSA

Heilsuvörur

Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Nudd - Japanska baðið
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

Exclusive tantra massage
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Szko³a angielskiego English4Polish ul. Hátún 19 ko³o Hlemmuru zaprasza na wieczorne kursy, tel. 8933089

AM/PM ! INTER-LINGUAL LEARNING TECHNIQUE
Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 start 16/3. & 10-11:30 AM start 13/4. Level II: 4 w Md-Frd; 10-11:30 AM & 7w: 20-21:30; start 16/3 Level III: 10w: Tsd/Thsd: 20-21:30: 28/4. Level IV:10w: Sat 14-16: 13/3. Ármúli 5, s.588 1169 - www.icetrans.is/ice

Skipstjórnarskólinn býður upp á smáskipanámskeið í lotufjarnámi og skemmtibátanámskeið í fjarnámi, nánari upplýsingar www.tskoli.is.

Kennsla

Tattoo-meistarinn! Er byrjuð að taka inn fyrir vornámskeiðin í varanlegri förðun og/eða body-tattoo. Yfir 10 ára reynsla og fagmannleg vinnubrögð. Góðir tekjumöguleikar. S: 659 9508.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

HEIMILIÐ

Dýrahald

English Springer Spaniel hvolpar til sölu. Uppl. í síma 894 0735.

Yndisleg Yorkshire Terrier stelpa óskar eftir góðu framtíðarheimili. Örmerkt sprautuð og með ættbók hjá H.R.F.Í. Fyrirspurnir 553 7054 & 861 2646.

Proformance hágæða hundafóður.
Lagersala á hundafóðri, Smiðjuvegi 6 (Rauð gata). Laugardag og sunnudag. Opið frá kl. 11-17. Líttu við og gerðu góð kaup.

Óska eftir gefins kassavönum kettling á gott heimili. S. 822 9515.

Texti. Gullfallegir Íslenskir hvolpar ættbókafærðir hjá HRFÍ til afh.næstu mánaðam. Uppl. í s. 6985090 og 8970022. Sjá nánar myndir á (picasaweb.google.com/drangaraektun)

Ýmislegt

Beacomber Kanadískir heitir pottar Erum að taka niður pantanir í næstu sendingu 14 ára reynsla á íslandi
100% framleiddir í Kanada. Sendum bæklinga samdægurs. Visa/Euro greiðslur til allt að 36 mánaða.
Opið alla daga frá 09 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Orlando - Glæsilegt einbýlishús á Eagle Creek til leigu - einkasundlaug. Upplýsingar í síma 8940003

Ýmislegt

Fjölsk. með hund óskar eftir sumarhúsi á leigu um páskana. Uppl. í s: 699 67 01

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Vegna mikillar eftirspurnar stórvantar okkur eignir á skrá. Auglýsing kostar ekkert.

Nýjar 3ja og 4ra herb. íbúðir í Hfj.
Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós fylgja með.
Upplýsingar í síma 7727553

Til leigu skrifstofuhúsnæði - hagstætt leiguverð
Í Skútuvogi; 162 fm, opinn salur, ein lokuð skrifstofa, wc, kaffihorn. Í Skútuvogi; 190 fm opinn salur, 5 lokaðar skrifstofur, fullbúið eldhús. Hvorutveggja tilbúið til notkunar. Hagstætt leiguverð. Erum með allar gerðir og stærði atvinnuhúsnæðis til leigu og sölu. Upplýsingar Atvinnueignir 534-1020 & 824-6703 eða olafur@atvinnueingir.is

www.leiguherbergi.is
Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.
Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.
Uppl/info í S. 824 4535.
www.leiguherbergi.is

Herb í stóru einbýli í vesturbæ. Aðgangur að húsinu + internet. ROOM FOR RENT close to center, access to the house + internet. 45 thsnd pr month. INfo 694 5987

Stúdíóíbúð í Hafnarf. 30 fm. verð 45 þús, rafm, hiti og internet innif. S: 861 9290

2 herb.60fm íbúð i Eiðistorgi í Seltjarnarnes er til leigu með húsgögnum frá og með 1. maj.Verð 80 þús.+ rafmagn & hiti tveir mánuðir fyrirfram langtímaleiga

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Snyrtileg 2ja herbergja íbúð á 101. Skilyrði reyklaus og snyrtileg. Sími 822-5688 og 822-1483.

Room+kitchen for rent in 101 Rvk. Access to bathroom and laundry room. Free internet. 47000. Tel 6993236.

Herb. til leigu í Hraunbæ og Álftamýri. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 865 9637 & 847 6413..

Herb. í einbýli við Sogav. private inngangur/wc. Húsgögn, tæki, internet, þvottur. 15 fm. 35 þús. S. 892 0844.

Room for rent now in 101 rvk. Everithing included. S. 692 1681.

Til leigu björt og góð 93 fm 3-4herb íbúð í 104 Rvk. Efri hæð í litlu fjölbýli. Góðar suðursvalir. Langtímaleiga, 110 þús. S:8228761

Mjög góð 3 herb. íbúð í Áslandi Hafnarf. 6 íbúða hús sérinng. V. 119 þús. m. hússj. S. 893 3063.

2herb, 60fm. íbúð á 1.hæð í Mjóuhlíð 105Rvk, 90þ. rafm&hiti ekki innifalið. s:6604526

2h. 42fm íb. í 101 m/ sérinng., bílast. Leiga 88þ.+ hiti& rafm. S. 698 6260.

Til leigu tveggja herbergja íbúð í Grafarholtinu með frábæru útsýni. Upplýsingar í síma 868 9666.

3 til 4 herb. íbúð í Skipholti til leigu. Einnig lítil 2 herb. íbúð í Jöldugróf. Uppl. í s. 863 8892.

68 fm íbúð 3 herb. verð 120 þús. m/öllu Sjá myndir Hofdi.is -Laugavegur s:8220311

3herb Íbúð í Torrevejia á Spáni til leigu. Vel staðsett, stutt í alla þjónustu og strendur. Laus strax. Uppl. í s. 899 1670

Hvammar Hfj. 90fm 3ja herb. íbúð í einbýlishúsi. Sérinngangur, gott þvottahús/geymsla, lítil verönd og sérstæði Leigist á 105 þús + rafm. Laus strax. Uppl. leigahfj@zoho.com eða s. 8482912

A big room near Hlemmur for a rent. Sh. kitchen & WC. Avail. Info at 866-2745

2h. 67fm íbúð í 112, laus 1.júní. Verð 90 þús. Reyklaus íb. S:6636654 eftir kl19

Til leigu ca. 100fm 3 herb. íbúð í Árbæjarhverfi. Uppl. í s. 892 5933.

Snyrtileg 2ja herb. íbúð á 50fm á 1.hæð með svölum á svæði 107 Leigist með eða án húsgana. Upplýsingar í s.8962859 eftir kl.15

MOSFELLSBÆ 2ja herb íb 65 m2 með rafm hita,þvottav,ísskáp,sjónv. nettengi-79 þús á mán. s8960415

Til leigu 5 herb. einbýlishús í Vogum, Vatnleysuströnd. Leiga 120þ. á mán. + rafm. og hiti. Uppl. í s. 424 6421 & 869 6521.

3 herb. jarðhæð til leigu á Seltjarnarnesi. Sérinng. Fyrir rólegt. S. 690 4236.

Studio apt. and rooms with private bathroom for rent in Stapahraun 2 Hfj. Kitchen, washer, dryer and free internet. Furniture if needed. Tel 893 6060.

20fm studíóíbúð/herb. til leigu við Fossvoginn Kópavogsmegin. Laus nú þegar. Leiga 50þ. á mán. Uppl. í s. 772 2707.

Til leigu 65 fm íbúð í Mosfellsbæ. Laus stax. Uppl. í s. 864 8357. Verð 75þ. með hita og rafmagni.

Óska eftir meðleigjanda, helst stelpu sv. 101. Leiga 55þ. Uppl. í s. 868 6877.

Til leigu hús í hverfi 101, Skólavörðuholtinu. Laust strax. Uppl. í s. 822 5777.

Þjónusta

Til sölu

20 fm stúdíó í 200 Kóp. Selbrekka 20. Uppl. í s. 696 0502.

2ja herb. 60fm íbúð á 4h. í Vesturb. 107 R. verð 75þ. + húsgj. 15þ. + úttekt við afhendingu og skil, bankaáb, reyklaus, laus strax. S. 692 9531.

Studíóíbúð til leigu í póstnr. 105, miðbæ Rvk. Uppl. í síma 895 0482.

Bjort, 3ggja herb, 88m2 i Engihjalla,laus med eda an husgagna fra 14. mars i ar.

Húsnæði óskast

Fjölskylda óskar eftir 4herb. + íbúð í Rvk. Reglusemi áskilin. S. 864 1024 eða siggiivar@ok.is

Skilvís reglusamur maður óskar eftir 3-4 herb. íbúð. Góð umgengni. Uppl. sendist á: jjjj@simnet.is

Kona leitar eftir íbúð til langtíma. Sanngjörn leiga. Uppl. í s. 894 5630.

Óska eftir 1-3 herb. íbúð í Rvk. fyrir einstakling í hjólastól frá 1 apríl. Langtímaleiga. Aðg. að wc og sturtu. Uppl. í s. 864 3450.

2-3 herb. íbúð óskast fyrir 1. apríl í 101, 105. Greiðslugeta 60-90 þús. Langtímaleiga. Meðmæli. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 690 9614 & eygloski@hotmail.com

Óska eftir að taka á leigu 3 herb. íbúð í Kaupmannahöfn í nokkra mánuði. S. 692 3458.

ungt reyklaust par m/innikött óska eftir íbúð miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. greiðslugeta 60-80þ. s:6624404

Einstæð móðir óskar eftir íbúð í 110 sem fyrst greiðslugeta 50-70 upplýsingar síma 7704494

2ja herb. íbúð frá 1. apríl í langtímaleigu, helst miðsvæðis í Rvk. ekki skilyrði, stór kostur ef íbúðin er nýleg eða innréttingar nýlegar/snyrtilegar max 80þ. m/öllu (ekki húsaleigubætur). Hef meðmæli. S. 696 9144.

25 ára einstakling vantar stúdio eða eins herb. íbúð með sameiginlegri þvottaaðstöðu í Kóp. Helst reyklaus. Uppl. í s. 867 7754.

Atvinnuhúsnæði

120 fm verslunarpláss til leigu. Góð aðstaða. Hentar vel til hverskyns verslunarreksturs. Til húsa að Suðurlandsbraut 6, við hliðina á Nings. Uppl. í s. 899 3760.

Snyrtileg skrifstofuherb. til leigu við Suðurlandsbraut. Gott útsýni. Uppl. í s. 899 3760.

Iðnaðarbil/bátur
Til sölu 230 fm á 2 hæðum við Álfhellu Hfj. Verð 33,9 millj. Tek bíl, bát, sleða, fjórhjól upp í útborgun. Áhv. 22 millj. Uppl. í s. 849 9987 & 895 8299

Óska eftir skrifstofuhúsnæði til leigu eða kaups með amk. 3-4 skrifstofurým-um. ca. 100-300 fm. Mynd og nánari uppl. sendist á: g@vortex.is

Geymsluhúsnæði

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

28 fm Geymsluskúr til leigu í Móhellu Hfj. Laus strax. Uppl. í s. 899 1670

Gisting

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

Gista.is / S. 694 4314
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

www.leiguherbergi.is
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Herbergi, íbúð, stúdíóíbúð email@gistiheimilid.dk S. 0045 2460 9552.

Fasteignir

hof fasteignasala
564 6464
Stórhöfða 33
110 Reykjavík
hof@hofid.is
www.hofid.is
Guðm. Björn Steinþórsson, lögg. fasteignasali

Eyktarhæð 7
- Garðabær

Opið hús
í dag á milli kl . 15.00 og 16.00 er til sýnis glæsilegt 266 fm einbýlishús á góðum útsýnisstað. Eignin skiptist m.a. í þrjú svefnherbergi, þrjár stofur, turnstofu, tvö baðherb. og flísalagðan bílskúr. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Óvenjustór lóð með stóru bílastæði.

husaleiga.is
Veitingahús á Hellu
TIL LEIGU

Einstakt tækifæri fyrir matreiðslumann eða samhenta fjölskyldu. Snyrtilegt og fullbúið 211 m2 veitingahús á Hellu, miklir möguleikar. Getum einnig útvegað gott hús með tveimur íbúðum á Hellu.

Upplýsingar veitir Atli sölufulltrúi s: 899-1178 eða atli@husaleiga.is

LÖGGILD LEIGUMIÐLUN. SÍMI 471 1000
Svanur Guðmundsson lögg. leigumiðlari
Þarftu að kaupa, selja, skipta eða leigja? Hafðu þá samband í síma 471 1000

hof fasteignasala
564 6464
Stórhöfða 33
110 Reykjavík
hof@hofid.is
www.hofid.is
Guðm. Björn Steinþórsson, lögg. fasteignasali

Vesturbrú 1
Sjálandshverfi, Garðabæ

Opið hús
Í dag milli kl. 14.00 - 15.00 er til sýnis falleg 127 fm íbúð á 2. hæð í nýju lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Tvö barnaherb. og gott hjónaherb. með fataherb. innaf. stórar suðursvalir út af stofu, vandaðar innréttingar frá Brúnás, þvottahús innan íb. Húsið er byggt af BYGG.

Tilkynning

Hamraborg 11
200 Kópavogur
Café Catalina
S: 554-2166
Í kvöld spilar hljómsveitin
Vanir menn
Catalina
Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin
Hádegismatur alla virka daga
Sérréttaseðill – Smáréttaseðill
Allar veitingar á vægu verði.
Hamborgaratilboð !
Útleigusalur
Boltinn í beinni!

Nýtt veitingahús
Kryddlegin Hjörtu
Súpur
Salat
Fiskréttir
4 gourmet súpur á dag eldaðar í saladmaster pottum.
Nýr opnunartími,
mán.-fös. 11:30 – 20:00
lau. 11:30-17
biorestaurant bar cafe
Skólagata 17 • Sími: 588 8818 • www.kryddleginhjortu.is

Til leigu

Tjaldvagnageymsla í Reykjavík.
Til leigu upphitað og vaktað geymsluhúsnæði fyrir fellihýsi, hjólhýsi og minni tegundir húsbíla.

Hagstæð verð (350kr/fm.).

Upplýsingar eru veittar í síma 552 6210 á milli13:00 og16:00 eða í síma 895 1016, Eiríkur. Einnig er hægt að senda tölvupóst á bn@bn.is

Fasteignir

ATVINNA

Atvinna í boði

Eld Smiðjan
ENGRI LÍK!

Eldsmiðjan á Suðurlandsbraut
Yfirmaður í símveri Símsvörun, móttaka allra vafamála, kenna nýju starfsfólki. Vinnutími: Önnur hver vika fi-su: 17-22 Hæfniskröfur: 25 ára aldurstakmark, reynsla í símsvörun. Reynsla af stjórnun æskileg. Laun: 1.635,- p.t. á kvöldin og 1.784 um helgar Umsóknir aðeins á: http://umsokn.foodco.is

Geysir - Bístró bar
Erum að leita að duglegu og hressu fólki til starfa með okkur í eldhúsi og sal. Ekki yngri en 20 ára.
Upplýsingar veitir Helga í s. 517 4300 & 661 8759.

Hvernig væri að skoða þetta íslensk kynning og gott myndband sem hægt er að skoða http://olthorol.com/ezwealth.johann53.html og líka http://personalpowerline.com/?johann53er þetta ekki svarið við kreppuni.

Snyrtistofan Mist
Snyrtistofan Mist óskar eftir snyrtifræðingi til starfa.
Upplýsingar sendist á snyrtistofanmist@gmail.com

Kokkur óskast
óskum eftir kokk eða vönum manni í eldhús, unnið á vöktum, góður vinnutími og líflegur vinnustaður.
Uppl. í s. 661 7976

Rennismiður
Rennismiður eða járniðnaðarmaður vanur rennibekk óskast. Einnig vantar aðstoðarmann eða nema
Umsóknir sendist á thjonusta@365.is fyrir 15. Mars merkt: Rennismiður

starfsfólk óskast í fiskverslun í Kópavogi umsókn sendist á : fiskbud@gmail.com

Sendibílsstjóri óskast til starfa. Meirapróf ekki nauðsynlegt. - buslodir@gmail.com

Alþingi á að skila þjóðinni aftur því sem það tók af henni. Tugum þúsunda starfa við smábátaveiðar. Aðalsteinn Agnarsson.

Ljósmyndafyrirsæta óskast. Svar ásamt mynd og upplýsingum sendist á scott@simnet.is

Portið Veitinga-& Kaffihús
Við óskum eftir að ráða matreiðslumann eða mann með góða reynslu. Þarf að hafa frumkvæði, drifkraft og geta unnið sjálfstætt. Uppl. í s. 695 2378 eða brynninn@hotmail.com

Vegamálun ehf óskar eftir að ráða starfsmenn til vegmerkinga. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af störfum við vegmerkingar. Upplýsingar veitir Georg Gíslason í síma 588-4800 og georg@vegamalun.is

Atvinna óskast

Karlmaður vanur járnsmíðavinnu og vélavinnu er með meirapróf og vinnuvéla réttindi. Er með sendibíl til umráða. S. 896 3331.

Lærður múrari með áratuga reynslu af múrverki og flísalögn og vatnsskemmdum í steypu , rafmagni og smíði óskar eftir vinnu hér á landi .Hann er Austurrískur.Upplýsingar í síma 8690760. goldie@simnet.is

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Eldhress 21árs strákur óskar eftir plássi á bát. Með reynslu og slysav.sk. Skoða allt S: 8622134

Verktaki óskar eftir vinnu. Er með vinnuvélaréttindi og meirapróf. Hef öll tæki til umráða. Skoða öll störf. Uppl í síma 8629589

Vanur verkstjóri óskar e/ vinnu m. meirapróf og vanur öllum vélum. S. 893 6022.

Viðskiptatækifæri

Second hand fatalager til sölu
Selst í einu lagi. Megnið til sýnis í dag á Laugavegi 41 milli 12-17. Uppl. í síma 669 9121

TILKYNNINGAR

Einkamál

Símaþjónusta Spjalldömur
S. 908 6666. opið allan sólarhringinn

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

19 ára einmanna strákur sem er nýkominn útúr skápnum. Vantar smá félagskap og vill endilega að einhver í sömu sporum og ég hafi samband við mig. S. 846 5947, Bergur.

Við erum hérna og viljum heyra í þér í kvöld. Það er alltaf einhver á vaktinni, morgna, kvölds og nætur. Við erum hlýjar og mjúkar og langar að láta drauma þína rætast í gegnum símann. S. 908 2000.

Tvær nýjar upptökur!
Annars vegar: ung kona með bjarta rödd í heitri og mjög hnitmiðaðri upptöku, upptökunr. 8403. Hins vegar: alveg frábærlega innileg og mjög opinská upptaka konu sem svo sannarlega kann að njóta sín! Upptökunr. 8602. Þú heyrir upptökurnar hjá Sögum Rauða Torgsins í síma 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort).

Djarfir órar kvenna!
Hér eftir mun Rauða Torgið Stefnumót líka samþykkja og birta þær fantasíur sem konur vilja hljóðrita fyrir karlmenn til að njóta. Konur: hljóðritið án hiks í síma 555-4321 (karlmenn, hljóðritið ykkar óra í s. 535-9922).

Yndislegar símadömur!
Símadömur Rauða Torgsins eru fjölskrúðugur hópur sem elska daður og innileg símtöl við heita karlmenn. Hver þeirra verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort). Nánar á www.raudatorgid.is.

Hjón leita myndatöku
Hjón, 37+38 ára, myndarlegt fólk, leita að manneskju, 18-20 ára, sem vill ljós- og kvikmynda þau við innilegar athafnir. 100% trúnaður. Augl. þeirra er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8253.

29 ára flott kona
Mjög flott dökkhærð, síðhærð kona leitar tilbreytingar með karlmanni. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8497.

Samk. KK til í allt
Samkynhn. KK, heitur og djarfur, til í allt, leitar tilbreytingar. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8250.

HÖNNUN Morgunmaturinn er mikilvægasta máltíð dagsins, hennar er því hollt og gott að neyta af fallegum diskum. Butterfly postulínsstellið eftir breska hönnuðinn Polly George fer fallega á borði en einföld form og litir einkenna hönnun Polly. Stellið er handunnið og hver hlutur fyrir sig skreyttur sérstaklega með fiðrildum, rósum eða fuglum. Polly George rekur verslunina Luna & curious í London ásamt fjórum öðrum hönnuðum og er hægt að panta vörurnar gegnum vefinn hennar, www.pollygeorge.com.

Hér stingur ekkert í stúf.

Hvítt og grænt svefnherbergi.

Stílhrein og látlaus herbergi

Á ófáum heimilum ræður ákveðinn stíll ríkjum. Litir eru látnir tóna saman og innréttingar kallast á. Hjá flestum ægir þó ólíkum stílbrigðum að einhverju leyti saman og má sjá óvænta liti og tóna á víð og dreif.

Sumir ganga þó skrefinu lengra í þessum efnum, eins og meðfylgjandi myndir bera með sér, og vilja ekki að neitt stingi í stúf. Á eldhúsmyndinni tóna hvítu pottarnir við innréttingarnar og önnur áhöld og í svefnherberginu gengur ekkert nema grænt og hvítt. Útkoman er óneitanlega stílhrein en það er spurning hvort rauð bókarkápa á náttborðinu eða blá sleif í eldhúsinu myndi setja allt úr skorðum. *- ve*

Bókin Eat Love kom út í febrúar.

Matarhönnun

Í febrúar síðastliðnum kom út bókin Eat Love eftir hönnunargagnrýnandann Louise Schouwenberg. Bókin fjallar um verk hollenska matarhönnuðarins Marije Vogelzang undanfarin níu ár og vinnu hennar með mat og athöfnina að borða í tengslum við hollenska hönnun. Bókin er ekki hefðbundin matarupp-skriftabók heldur fjallar hún meira um upplifunina að borða. Nánar má lesa um þennan forvitnilega hönnuð á www. proefamsterdam.nl *- rat*

Guðlaug Jónsdóttir húsmóðir í Vesturbænum:

Ruslapokarnir björguðu lífi mínu

Í nútíma þjóðfélagi kalla breyttar neysluvenjur og auknar kröfur neytenda á sífellda aðlögun framleiðenda að breyttum skilyrðum. Æ styttri líftími vöru krefst stöðugrar vöruþróunar og framsýni fyrirtækja. Þar getur umbúðaþátturinn orðið að afgerandi samkeppnisforskoti er boðið er upp á aukin neytendanot og aðlaðandi framsetningu vörunnar. Plastprent hf. er

Zoltan Belan

Pokasa

Í nútíma þjóðfélag
neysluvenjur og au
neytenda á sífellda
leiðenda að breyttum
Æ styttri líftími vöru
stöðugrar vöruþróunar
sýni fyrirtækja.
Þar getur umbúðaþáttur
að afgerandi samkeppnis
er boðið er upp á aukin
danot og aðlaðandi f
ningu vörunnar.
leiðandi fyrirt
plastumbú
Einnig
vöru
Plastp
að bjóða
vörur og
strongustu
samkeppnish
Með þetta að l
Plastprent hf. á
að nýta nýjustu a
við framleiðslu sína
því að vera stöðugt í far
í vörugæðum og þjónustu.
gæðakerfi samkvæmt ISO-
9001 staðlinum staðfestir vilja
fyrirtæksins til að ná hámarks-
gæðum í framleiðslu og þjónustu.
Í nútíma þjóðfélagi kalla breyt-

Halldór Halldórsson:

Þvílíkur sparnaður

Í nútíma þjóðfélagi kalla breytt uknar kröfur neytenda á sífellda aðlögun fra ilyrðum. Æ styttri líftími vöru kr ramsýni fyrirtækja.
Þar getur umbúð forskoti er boðið er upp á auk vörunnar. Plastprent hf. ða og plastfilma. Einn og endursölu. Plastpre um sínum vörur og þjónu og amkeppnishæft verð ð ð þetta að leiðarljós ta nýjustu aðferðir o stöðugt brod kvæmt rks m

mt ISO staðfestir vi til að ná hámarks framleiðslu og þjónustu. uma þjóðfélagi kalla breyttar neysluvenjur og auknar

Í nútíma þjóðfélagi kalla breyttar neysluvenjur og auknar kröfur neytenda á sífellda aðlögun framleiðenda að breyttum skilyrðum. Æ styttri líftími vöru krefst stöðugrar vöruþróunar og framsýni fyrirtækja.
Þar getur umbúðaþátturinn orðið að afgerandi samkeppnisforskoti er boðið er upp á aukin neytendanot og aðlaðandi framsetningu vörunnar. Plastprent hf. er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu plastumbúða og plastfilma. Einnig býður fyrirtækið skyldar vörur

Guðrún Einarsdóttir:

Miklu Meira magn á rúllunni!!!!

Í nútíma þjóðfélagi kalla breyttar neysluvenjur og auknar kröfur neytenda á sífellda aðlögun framleiðenda að breyttum skilyrðum. Æ styttri líftími vöru krefst stöðugrar vöruþróunar og framsýni fyrirtækja. Þar getur umbúðaþátturinn orðið að afgerandi samkeppnisforskoti er boðið er upp á aukin neytendanot og aðlaðandi framsetningu vörunnar. Plastprent hf. er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu plastumbúða og plastfilma. Einnig býður fyrirtækið skyldar vörur

Gy Sól Samúelsdóttir:

Pottþéttir í skúffuna

auglýsing /Ó! 12055

Fossháls 17-25 | 110 Reykjavík | Sími: 580 5600 | Fax: 580 5690 plastprent@plastprent.is | plastprent.is

LAGERSALA Lín Design

Úrval rúmteppa, púða, dúka, rúmfatnaðar ásamt ýmsu öðru. Sýniseintök og lítillega útlitsgallaðar vörur með allt að 80% afslætti. Lagersalan er á Malarhöfða 8, í brekkunni fyrir aftan Ingvar Helgason.

Opið föstudag 16 – 19 &
laugardag 10 – 15.

Aðeins þessa einu helgi.

Lin DESIGN www.lindesign.is/lagersala

Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið | Sími 533 2220 | www.lindesign.is

Garðyrkjunámskeið

í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi

Ræktun ávaxtatrjáa
Tvö kv. mán. 16/3 og 23/3 FULLBÓKAÐ
Tvö kv. mán. 30/3 og 6/4 kl. 19:00-21:30.
Verð kr. 12.500.-

Matjurtaræktun
Tvö kvöld, þri. 17. og 24/3 kl. 19:00-21:30.
Tvö kvöld, þri. 31/3 og 7/4 kl. 19:00-21:30.
Verð kr. 12.500.-

Kryddjurtaræktun
Þriðjudaginn 31/3 kl. 17:00-18:30.
Verð kr. 3.750.-

Ræktun berjarunna og -trjáa
Þriðjudaginn 24/3 kl. 17:00-18:30.
Verð kr. 3.750.-

Klipping trjáa og runna.
Miðvikudaginn 18/3 kl. 17:00-21:30.
Verð kr. 11.500.-

Ræktun í sumarhúsalandinu
Miðvikudaginn 25/3 kl. 17:00-21:30.
Verð kr. 11.500.-



Leiðbeinendur:
Auður I. Ottesen, garðyrkjufr.
Jón Guðmundsson, garðyrkjufr.

Skráning og upplýsingar
í síma 578 4800
og á www.rit.is

Í þessum glerskáp geymir Kolbrún brúðargersemar sínar og hefur raðað þeim fallega upp.

Í raun mætti tileinka fjölskyldunni þennan stað í húsinu en þau hjónin ákváðu að breyta bílskúrnum í tómstundaherbergi. Þar má meðal annars finna hillu með fjölskyldumyndum og málverk eftir Kolbrúnu og systur hennar, G. Láru, frá unglingsaldri.



Steinstyttan er hugsanlega af fólki að dansa og er frá Indónesíu. Hún var á sínum tíma keypt í Jóni Indíafara.

Diskarekkinn setur óneitanlega rómantískan svip á umhverfi sitt. Bollastellið fékk Kolbrún í brúðargjöf en keypti diskana við.

Antíkskápinn keypti Kolbrún á flóamarkaði í Danmörku á einungis 3.000 krónur íslenskar.

Rúmteppið og púðana fékk Kolbrún í versluninni 1928, fyrir utan aflöngu púðana sem keyptir voru í Tyrklandi. Gluggatjöldin fengust í Rúmfatalagernum og eru þau í rómantískum barokkstíl, líkt og rúmteppið. Borðin á hún eftir að gera upp en notar fallega dúka þangað til. Í stað höfðagafls ákvað hún að mála vegginn í fagurbrúnum lit sem endurkastar smá vínrauðum og fjólublám blæ og dýpkar herbergið.

Veggteppið er handunnið og keypti Kolbrún það í Tyrklandi þegar hún var þar á ferð. Aflöngu púðana fékk hún líka í Tyrklandi en þá ferköntuðu í Ikea. „Ég er mikil púðakona. Þeir eru úti um allt í húsinu," segir hún og brosir.

Eldhúsinnréttingin var í húsinu þegar Kolbrún flutti inn en hún segir að hún falli vel að sínum smekk. Ljósakrónan var keypt á flóamarkaði í Danmörku og minnir á kirkjuljósakrónu. Borðstofusettið er úr Tekk Company.

Blanda saman gömlu og nýju

● Heimili Kolbrúnar Birnu Halldórsdóttur, förðunarfræðings hjá RÚV, er hlýlegt og rómantískt en þar má finna hluti með sögu og sál í samhljómi við nýrri húsbúnað.

„Ég er mikið í því að blanda saman gömlu og nýju og reyni að nýta vel alla hluti," segir Kolbrún Birna Halldórsdóttir, förðunarfræðingur hjá RÚV, en hún býr á Kjalarnesi og nýtur þess að vera þar í friði og ró með fjölskyldunni. „Hér er yndislegt að vera í sveitasælunni. Í raun nýt ég þess að keyra í vinnuna í bænum því það er eiginlega eina næðið sem fæ í sólarhringnum," segir hún og hlær en Kolbrún er þriggja barna útivinnandi móðir og er því í nógu að snúast.

„Fyrir nokkrum árum var ég mikið í dökkum húsgögnum en það hefur nú aðeins breyst og er orðið léttara yfir. Í stað þess að kaupa allt nýtt hef ég reynt að nýta það sem ég á og breyti frekar. Oft er þetta ekki flóknara en svo að ég pússa upp gamla hluti og mála þá," segir hún og bætir við: „Ég hef líka erft fallega hluti frá föðurbróður mínum en mikið af þeim eru frá ömmu og afa." Auk þess að nýta gamla hluti hefur Kolbrún gert kjarakaup í verslunum eins og Rúmfatalagernum. „Þar má finna ótrúlegustu hluti sem litið geta vel út í réttu samhengi. Hins vegar er ég mjög hrifin af því að hlutirnir eigi sér sögu. Þá er meiri sál og persónuleiki í þeim."

- hs

Kolbrún Birna er dugleg að nýta hluti og gætir þeirra sem tengjast henni tilfinningaböndum. Málverkið í baksýn er af Kolbrúnu lítilli og er málað af systur hennar, G. Láru, sem er listmálari. Fékk Kolbrún verkið að gjöf þegar hún var tvítug og keypti sína fyrstu íbúð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MÁLVERKALAMPI Myndlistarmaðurinn Ninný, eða Jónína Magnúsdóttir hefur hannað sérstæða lampa. Hver lampi er málverk, sem lýst er upp innanfrá. Hún kallar þessa lampa „Ljósmál“ og er það skírskotun í málverkið, ljósið og tungumálið. Hver lampi er einstakt listaverk og eru þeir til í mismunandi stærðum. Ninný vinnur að list sinni í Sjónlistamiðstöðinni á Korpúlfstöðum og heldur einkasýningu í Listasal Iðuhússins í Lækjargötu. Sýningin verður opnuð á laugardag klukkan 15 og stendur til 31.mars og er opið alla daga frá klukkan 9 - 22.

Blóm, sólir og aðrar skreytingar gefa líflegan blæ.

Lífgað upp á tóma veggi

Veggmyndir geta verið skemmtilegur valkostur þegar kemur að því að skreyta heimilið. Þær lífga upp á veggi heimilisins en einnig er hægt að gefa hurðum, húsgögnum og jafnvel gólfum nýtt útlit með þeim. Á síðunni www.domestic.fr má finna heilmargar útfærslur á veggmyndum og nú er bara að finna listamanninn í sjálfum sér.

Líflausar hurðir er hægt að poppa upp með fallegum límmiðum.

hönnun

● **ÓTRÚLEG LÝSING** Pierre Gonalons stofnaði hönnunarstúdíóið Ascéte árið 2004. Það starfar í París og tekur að sér að hanna hina ólíkustu hluti fyrir þekkt merki á borð við Lalique, Knoll, Chloé og Pernod.



Hér eru dæmi um skemmtilegt hugmyndaflug Ascéte en frá hönnunarstúdíóinu hafa komið hinir ýmsu lampar og ljós.



Þægindin í fyrirrúmi

Frábærir hvíldarsófar, stólar og tungusófar í miklu úrvali á frábæru verði, þrír litir í boði, alklæddir leðri. Hægt er að velja um vinstri eða hægri tungu, margar stærðir. Einnig góðir vinnustólar sem stuðla að réttri líkamsstöðu við vinnuna.

Passion, Góður lúr - gulli betri

Ef þú vilt þægindi og góða hvíld eru rúmin frá Passion góður kostur fyrir þig. Passion framleiðir afar vönduð rúm og eru þau tvímælalaust með bestu rúmakaupunum í dag.

Dýnan bíður upp á tvo stífleika sem þú getur alltaf breytt á einfaldan hátt.

Hægt er að velja um sjö tegundir fóta og fimm mismunandi áklæði á rúmin. Þá er hægt að velja þrjár tegundir af yfirdýnu, latex-, þrýstijöfnunar- eða svampdýnu. Passion rúmin koma í ýmsum stærðum.

Þráðlaus fjarstýring með barnalæsingu fylgir Passion rúmunum og kraftmiklir en hljóðlátir rafmagnsmótorar gera það að verkum að Passion rúmið færist mjúklega og hljóðlega í hvaða stöðu sem þú velur.

Passion Slide Back

Passion Box

Passion Continental

Hægt er að velja úr fjölmörgum útgáfum af fótum og áklæði fyrir rúmin frá Passion



PASSION

DÖNSK HÖNNUN DÖNSK GÆÐI

LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

Opnunartímar:
mán fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

Þú sefur betur í rúmi frá Lúr

hönnun: www.origami-art.net

Amerískar pönnukökur með hlynsýrópi og beikoni að hætti Vox.

Í gulrótar- og hnetuböku er notuð kókosmjólk í stað rjóma.

unni sé gott að bera fram amerískar pönnukökur, en um þær gildi sömu lögmál og bökuna. Klassískar en með nýjum áherslum. „Við setjum til dæmis örlítið af anís út í sýrópið. Pönnukökurnar eru rosalega vinsælar fyrir vikið; þær rjúka út," segir hún og telur vinsældirnar meðal annars stafa af því að pönnukökurnar séu mitt á milli þess að vera góð máltíð og eftirréttur og svo auðvitað ómótstæðilegar á bragðið.

„Svo er ferskur vatnsmelónu- og trönuberjadjús, alltaf góður og auðvitað hollur," segir hún. „Punkturinn yfir i-ið."

Sigurrós Pálsdóttir og Björk Óskarsdóttir taka vel á móti gestum veitingastaðarins Vox, sem er í Hilton Hotel. Þar er boðið upp á morgunverð alla daga, sem er öllum opinn, ekki aðeins hótelgestum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gnægð matar er á hlaðborði Vox um helgar. Hér má líta alla þá rétti sem gefnar eru uppskriftir að.

Múffur með hvítu súkkulaði og hindberjum, og melónu- og trönuberjaskot.

hreinsið kjarnann úr. Skerið melónurnar í bita. Setjið trönuberjasafann í blandara og kreistið limesafann út í. Melónubitarnir eru settir út í með klakanum og blandarinn settur í gang. Hellt í glös.

GULRÓTAR- OG HNETUBAKA

Fylling

1 kg gulrætur, skornar í teninga
½ kg sætkartöflur, í teninga
200 g laukur, saxaður
3 stk. hvítlauksrif, kramin
200 ml kókosmjólk
200 ml rjómi
1 msk. graskersfræ
1 msk. saxaðar pekanhnetur
½ msk. timjan, ferskt (eða ¼ msk. þurrkað)
½ búnt steinselja, söxuð
5 egg

Bökudeig

8 msk. kalt smjör, í litlum bitum
300 ml hveiti
salt
5-6 msk. ískalt vatn

Búið til deig. Setjið hveiti og salt í blandara ásamt smá af smjöri og hakkkið saman, bætið smjöri smátt og smátt saman við þar til það lítur út eins og gróft haframjöl. Bætið þá vatni saman við og hakkið áfram þar til myndast stórar bollur.

Takið deig upp úr skálinni, setjið á hveitistráð borð og mótið kúlu með höndunum. Gott að kæla deigið í 15 mínútur áður.

Fletjið deig út í stóran hring. Gott er að fletja deig það vel út að það sé aukahringur utan um formið.

Setjið deig í frysti í 30 mínútur. Leggið síðan smjörpappír eða álpappír í deigbotn og fyllið með baunum og bakið við 200-210°C í 15 mínútur. Takið baunir úr og hendið. Setjið deigbotn aftur í ofn og bakið í um 5 mínútur.

Takið þá til við fyllingu. Léttsteikið lauk og hvítlauk í djúpum potti. Á meðan eru gulræturnar forsoðnar. Þegar laukur er mjúkur er kókosmjólk og rjóma bætt við ásamt sætu kartöflunum, kryddi, salti og pipar. Soðið vel saman. Þegar kartöflur eru næstum meyrar er gulrótum bætt við og soðið áfram í nokkrar mínútur. Kælt og eggjum, fræjum og hnetum bætt við.

Bakið við 150°C í 30-40 mínútur eða þar til fyllingin hristist ekki í deigskálinni. Berið fram með salati og kotasælu.



Brunch

á Nítjándu alla laugardaga og sunnudaga
frá 11:30 - 14:00

Egg benedikt, stökkt beikon, fersk salöt, amerískar pönnukökur
með sýrópi, nautasteik, lamb béarnaise, frönsk súkkulaðikaka
og margt, margt fleira

Frábært fyrir alla fjölskylduna

nítjánda.

www.veisluturninn.is

Pantanir í síma 575-7500

Biotta Fit Breakfast
Næringarrík byrjun á góðum degi.
heilsa –hafðu það gott

Biotta Digest
Betri melting!
heilsa –hafðu það gott

Gróft brauð með maukuðu fiskiáleggi ásamt ávöxtum og grænmeti er hollur og góður morgunmatur. Anna Sigríður Ólafsdóttir segir að auka þurfi fiskneyslu barna og unglinga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Morgunverður barnanna

Hafragrauturinn í morgunmat stendur alltaf fyrir sínu. Það getur þó verið skemmtilegt og hollt að breyta til, sérstaklega fyrir krakkana.

Hollt og gott!

Flestir krakkar, ekki síður en við fullorðna fólkið, vilja gjarnan sama morgunmat dag eftir dag og hann ræðst oft af þeim takmarkaða tíma sem flestir hafa á morgnana. Því má segja að hafragrauturinn eða morgunkornið standi alveg fyrir sínu. Hins vegar er bæði gott og skemmtilegt að venja börnin á meiri og fjölbreyttari morgunmat þá daga sem tími gefst til að verja lengri tíma saman við matarborðið, eins og um helgar og í fríum," segir Anna Sigríður Ólafsdóttir næringarfræðingur en hún gefur lesendum uppskrift að grófu brauði og einföldu fiskiáleggi.

„Fiskiáleggið er vinsælt á mínu heimili og litla stelpan er svo sólgin í það að hún skóflar því helst upp í sig með skeið," segir Anna Sigríður og bætir því við að nauðsynlegt sé að auka fiskneyslu barna og unglinga. Einnig megi auka gróft korn, ávexti og grænmeti í daglegum matarskammti krakkanna en hún segir matvendni barna oft afleiðingu einhæfs fæðis.

„Oft erum við fullorðna fólkið of fljót að afgreiða matinn út af borðinu ef hann gengur ekki vel í barnið í fyrstu tilraun, en börn þurfa að bragða á sama matnum oft til að venjast bragðinu. Það þarf bæði þjálfun, hrós og hvatningu til að auka fjölbreytni í fæðu matvöndustu barnanna. Þá getur verið sniðugt að búa til umbunarkerfi og gera smökkunina að skemmtilegum leik." - rat

Einfalt er að mauka egg, fisk og rjómaost í matvinnsluvél ofan á brauð.

HOLLUR MORGUNVERÐUR FYRIR KRAKKANA

FISKIÁLEGG

100-150 g af reyktum silungi eða reyktum laxi (má líka nota afganga af soðnum fiski í staðinn)
2 harðsoðin egg
1 kúfuð matskeið rjómaostur

Öllu hrært saman í matvinnsluvél eða með töfrasprota og maukað, þó ekki of lengi. Mjúkt maukið er síðan tilbúið beint á brauðið.

Gott er að setja nýmalaðan pipar ofan á fyrir þá sem vilja meira bragð.

Berið fram með fersku grænmeti eða ávöxtum að eigin vali. Appelsínur og epli geta verið vinsæl, eins brokkólí og gulrætur. Þurrkaðir ávextir, t.d. apríkósur, eru líka góðir með.

HNETUBRAUÐ ALFONSAR

2 dl gróft hveiti (eða gróft spelt)
2 dl haframjöl
4 dl brauðhveiti
3 dl maltöl
½-1 dl hnetur að eigin vali, t.d. valhnetur
4 msk. sólblómafræ eða önnur fræ
2 tsk. þurrger
2 tsk. salt
1 msk. olía
½ msk. púðursykur

Setjið olíu, salt og púðursykur í skál. Hitið síðan maltölið í um það bil mínútu í örbylgjuofni og bætið svo út í skálina. Hinum innihaldsefnunum er svo bætt út í skálina. Hnoðið í hrærivél í 5 mínútur þar til deigið er slétt og losnar frá skálinni. Getur þurft að bæta við 1-2 msk. hveiti.

Smyrjið form og slétt- ið deigið í formið. Látið standa í 1-2 klst. á hlýjum stað, eða þar til deigið hefur tvöfaldast að stærð. Bakið í 25 mín. við 200° C.

Knorr

Ljúffengar, tilbúnar súpur úr úrvals hráefni sem bara þarf að hita. Góðar jafnt sem forréttur eða aðalréttur fyrir tvo. **Bara að hita og njóta!**

Hlýtt í vetur

Á köldum og dimmum vetri er nauðsynlegt að fá bæði fallegan lit í tilveruna og yl í kroppinn með því að hjúfra sig inni í hlýjunni yfir heitri súpu eða pastarétti frá Knorr.
Alltaf einfalt, litríkt og gott með Knorr!

Fíton/SÍA F102465 5

Listilega útbúnir réttir eru einkennismerki Food and fun-hátíðarinnar.

FOOD AND FUN AÐ HEFJAST

Áttunda Food and fun-hátíðin hefst í Reykjavík miðvikudaginn 18. mars. Sextán veitingastaðir víðs vegar um borgina fá til sín gestakokka frá Evrópu og Bandaríkjunum sem reiða fram fjögurra rétta matseðil á hverjum stað fyrir sig. Verðið er það sama á öllum veitingastöðunum, eða 6.400 krónur.

Hin árlega kokkakeppni matreiðslumeistara verður á sínum stað en matreiðslumeistarar sækja það stíft að fá að taka þátt enda eftirsótt að vera með þátttöku í keppninni á ferilskránni.

Hátíðinni í ár var seinkað sökum efnahagsástandsins en hún er jafnan haldin um mánaðamótin febrúar/mars. Ekki verður þó slegið slöku við og verður meðal annars bryddað upp á þeirri nýjung að sjónvarpa keppninni. Hátíðin stendur til sunnudagsins 22. mars og mun komandi vika eflaust kitla bragðlauka margra. - ve



Ískaffi er hressandi drykkur.

ÍSKALT KAFFI SEM HRESSIR

Enginn vandi er að útbúa ískaffi í morgunsárið en fátt er eins hressandi. Eftirfarandi þarf að hafa við höndina:

1/3 espresso-kaffi (nú eða uppáhellingur ef annað er ekki fyrir hendi)
2/3 mjólk
ísmolar
skvetta af vanillusírópi
þeyttur rjómi og súkkulaðispænir á tyllidögum

Fyllið hátt glas af ísmolum. Hellið kaffi og mjólk út í í réttum hlutföllum. Færið innihaldið í matvinnsluvél og þeytið þar til blandan er orðin að léttu krapi. Hellið aftur yfir í glasið og bætið skvettu af vanillusírópi út í. Á tyllidögum er gott að bæta rjóma og súkkulaðispæni ofan á. Drekkið með röri.

MIKILVÆGI MORGUNMATAR

Margar rannsóknir styðja að morgunmaturinn skipti máli en fylgni er á neyslu morgunmatar við betra fæðuval og bætta heilsu. Fylgni hefur einnig fundist við bætta athygli og aukin afköst við leik og störf og morgunmaturinn er jafnvel talinn auðvelda fólki að halda líkamsþyngdinni í lagi.

Með tilliti til orkuþarfar er talið æskilegt að morgunmaturinn sé nokkuð stór máltíð og veiti um 15-20% af dagsþörfinni, sem samsvarar um 200-300 hitaeiningum fyrir fimm ára barn. Þannig er í rauninni heppilegt að barn fái bæði graut með mjólk og brauðbita eða að minnsta kosti ávöxt til viðbótar við grautinn eða morgunkornið. Stundum eru börn lystarlítil en þá er betra að þau borði eitthvað en alls ekki neitt. *Heimild: www.landspitali.is*



SÖFN OG SJÁVARFANG Á SUÐURNESJUM

DAGANA 14. TIL 15. MARS

ÓKEYPIS Á ÖLL SÖFN

Fjölbreytt menningardagskrá í boði fyrir alla landsmenn

Sýningar
Tónleikar
Fyrirlestrar
Upplestrar og leiðsagnir
Kaffi og vöfflur með rjóma
Humarsúpa
Saltfiskréttir
Rokkárin og bryggjuball
Skessur og skrímsli
Gallerí; handverk og listiðnaður

Sjá alla dagskrána á vf.is

SPARISJÓÐURINN Sparisjóðurinn í Keflavík

LJÚFAR OG SÆTAR MELÓNUR

Ekki er vitað með vissu hvort melónur eru upprunnar á Indlandi eða í Afríku. Þó er talið líklegt að þær hafi fyrst verið ræktaðar í Súdan og víðar í Austur-Afríku fyrir um fjögur þúsund árum. Þaðan bárust þær til Miðjarðarhafslanda og til Kína þar sem þær voru þekktar fyrir þrjú þúsund árum. Þeirra er meira að segja getið í Biblíunni þar sem Ísraelsmenn kveina af söknuði eftir melónum sem þeir átu í Egyptalandi.

Erfitt er að sjá utan á hörðum melónum hvort þær eru fullþroskaðar. Þær eiga að virðast fremur þungar miðað við stærð og gefa örlítið eftir þegar ýtt er á þær á endanum andspænis stilknum. Ilmi þær vel er líklegt að þær séu alveg mátulega þroskaðar. Ef þær virðast linar eru þær sennilega orðnar ofþroskaðar en þá má oft nota þær í krapís (sorbet).

Melónur eru annars oftast bornar fram kaldar í sneiðum, stundum með skinku, eða í salötum.



Heimild: Matarást

VIÐ MÆLUM MEÐ...

...NÝKREISTUM APPELSÍNUSAFA Gott er að byrja daginn á ferskum appelsínusafa með morgunmatnum. Hann er bæði hollur og góður og uppfullur af c-vítamínum.

...SUNDSPRETTI Sund er holl hreyfing sem eykur þol og vellíðan. Svo er ekki verra að sólin er farin að hækka á lofti og jafnvel farin að lita hvíta kroppa.

...MORGUNGÖNGU Nú þegar farið er að birta á morgnana er fátt betra en að fá sér göngutúr í morgunsárið. Þá er tilvalið að hugsa um og skipuleggja daginn á meðan maður andar að sér ferskri lofti.

...AÐ SKELLA SÉR Á SKAUTA Ef að vetur konungur hefur ekki sagt sitt síðasta og skellir á okkur einu hretinu enn þá er alltaf gaman að skella sér á skauta. Skautahallir borgarinnar bjóða upp á leiguskauta og þetta er skemmtileg íþrótt sem allir fjölskyldumeðlimir geta stundað saman.

Maturinn á Gullfoss á að vera upplifun

Veitingastaðurinn Gullfoss er staðsettur í einu af fallegustu og virðulegustu byggingum Íslands, þar sem höfuðstöðvar Hf Eimskip voru frá árinu 1919 til ársins 2003. Með virðingu fyrir fortíð hússins ásamt nafni gamla flaggskipi Íslands reka Einar Gústavsson og Jón Páll Haraldsson veitingastaðinn Gullfoss Seafood and Grill. Einar hefur starfað sem matreiðslumaður á nokkrum af vinsælustu veitingastöðum landsins og var yfirmatreiðslumaður á veitingahúsinu Einari Ben, þar sem hann varð þekktur fyrir að leggja höfuðáherslu á að nota íslenskt hráefni. Einar leggur enn mikla áherslu á íslenskt hráefni. Einar notar ekki flókna eldamennsku, því hann vill að hráefnið fái að njóta sín án mikilla inngripa með sterkum og/eða framandi kryddum. Það þarf ekkert að fela þegar íslenskt hráefni er annars vegar. Aðaláhersla matseðilsins eru íslenskir sjávarréttir og íslenskt lambakjöt.

Food & Fun gestakokkur Gullfoss er;
Jimmy Lappalainen – Executive Chef
www.riingo.com

GULLFOSS SEAFOOD & GRILL

Pósthússtræti 2 • IS-101 Reykjavík • S: 599 1050
gullfoss@1919.is • Heimasíða í vinnslu www.gullfoss.1919.is

Vildarklúbbur

Flug til Stavanger gefur 2.500–8.000 Vildarpunkta.

Timburhús og olía
Stavanger er stærsti timburhúsabær í Evrópu og hér er því margt fallegt að skoða. Ég mæli með bílaleigubíl í nokkra daga. Statoil er með höfuðstöðvar í Stavanger og öll umferð til og frá olíuborpöllum Norðmanna fer um flugvöllinn á Sola.

Gamle Stavanger
Gamla Stavanger, við höfnina, er elsti bæjarhlutinn í Stavanger. Húsin eru timburhús frá 18. og 19. öld og hverfið er friðað. Hérna eru þröngar götur og öll bílaumferð er bönnuð.

Norsk Hermetikk Museum
Norsk Hermetikk Museum er í gamla bænum. Þetta er gömul síldarverksmiðja sem breytt var í safn. Hérna er hægt að kynnast „síldaræventýrinu“ í Stavanger sem breytti öllu í bænum þegar sjórinn fylltist af síld árið 1810. Ef heppnin er með gefst tækifæri til að bragða á nýreyktri síld.

Dómkirkjan í Stavanger
Dómkirkjan í Stavanger er stór og falleg bygging frá miðöldum, merkasta dómkirkja í Noregi að Niðarósdómkirkju einni undanskilinni. Kirkjan var fyrst byggð árið 1125, brann árið 1272 en var endurbyggð í kringum 1300. Kirkjan er í hjarta borgarinnar við Breiavatnet („Tjörnina“).

Bjergstedparken
Fallegur garður í Stavanger, í göngufæri frá miðbænum. Hérna eru oft ókeypis tónleikar og aðrar uppákomur á sumrin.

Skemmtilegar uppákomur
Geta má þess að „Glad mat festivalen“ er haldin á hverju ári. Margir veitingastaðir eru þá með bása niðri við höfnina og selja sýnishorn. Þetta er tilvalið tækifæri til að prófa eitthvað nýtt og spennandi.

Sigling inn Lysefjorden
Í grennd við Stavanger eru fjölmörg sýnishorn af hinum heimsfrægu norsku fjörðum. Einn hinn þekktasti á þessum slóðum er Lysefjorden, 42 km langur og girtur allt að 1.000 mháum klettaveggjum sem rísa nær lóðrétt upp frá sjávarfletinum. Það er einstök upplifun að sigla um fjörðinn.

Fallegar strendur og hellir
Sola stranden er 2.300 m löng, hvít sandströnd. Þetta er falleg strönd sem hefur verið útnefnd fallegasta ströndin í Noregi. Viste stranden er einnig falleg sandströnd. Við ströndina er stór og fallegur sólblómaakur. Ekki langt frá Viste ströndinni er Svarthola, lítill hellir þar sem talið er að fólk hafi búið fyrir 8.000 árum.

Hafursfjörður
„Sverð i fjell“ er stór bronsmynd eftir Fritz Røed, við Møllebukta í Hafursfirði, 6 km frá miðbæ Stavanger. Sverðin þrjú, sem voru afhjúpuð árið 1983, eru minnismerki um Hafursfjarðarorrustu sem var háð á þessum stað árið 872 þegar Haraldur hárfagri barði niður síðustu skipulögðu mótspyrnuna innanlands og gerði Noreg að einu konungsríki. Við Møllebukta er einnig lítil falleg strönd og afar fallegt að horfa þaðan á sólarlagið.

Prekestolen
Predikunarstóllinn, þessi víðfrægi klettastapi við Lysefjorden, er 600 m hár og einhver fjölsóttasti ferðamannastaður á Rogalandi. Tilkomumest er að koma að Predikunarstólnum að ofan, úr fjalllendinu. Til að komast á Prekestolen verður að taka ferjuna frá Stavanger til Tau. Þaðan má taka rútu upp í fjöllin og síðan er gengið í um tvær klst. eftir merktum göngustígum. Þetta er falleg gönguleið og stórkostlegt útsýni yfir Lysefjorden. Það er þó ekki heiglum hent að standa úti á stapanum sjálfum og njóta útsýnisins.

NÝR ÁFANGASTAÐUR

Reykjavík – Stavanger frá 14.900 kr.

Flug aðra leiðina með flugvallarsköttum. Flogið er 2 sinnum í viku.

Flug og gisting í 2 nætur frá 49.900 kr.

*á mann í tvíbýli á á Thon Hotel Stavanger *** Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar, gisting og morgunverður.*

Kolbrún Ásta Jónsdóttir þroskaþjálfanemi

MÍN STAVANGER

Veitingastaðir

Veksthuset mat og vin *Skagen 10*
Veitingastaður við höfnina, kjörinn fyrir þá sem langar að prófa „alvöru“ norskan mat.

Charlottenlund *Við Breiavatnet*
Mjög góður matur og gott útsýni yfir „Tjörnina“ í kvöldsólinni.

Akropolis *Solvberg Gata 14*
Grískur veitingastaður við eina af mörgum, örmjóum hliðargötum í Stavanger. Á sunnudögum er hlaðborð til kl 18:00; kostar 150 norskar kr. á mann. Þetta er minn uppáhaldsveitingarstaður. Góður matur og frábær þjónusta.

Næturlífið
Fyrir ykkur sem viljið fjörga upp á tilveruna mæli ég með The Cardinal bar í Skagen 21. Þar er hægt að velja á milli 388 tegunda af bjór. Skemmtistaðurinn New York, við höfnina, er feiknavinsæll í Stavanger.

DUSSELDORF

Kraftmikil og skemmtileg menningar- og viðskiptaborg á Rínarbökkum

Düsseldorf, sem stendur á bökkum Rínar nokkru norðar en Köln, er borg þar sem viðskipti, tískuhönnun og listir hafa blómstrað á undanförnum árum og framsækin húsagerðarlist setur mikinn svip á borgina. Næturlífið er fjörugt og kraftmikið. Þar eru gamli bærinn, Altstadt, og nýtt hafnarsvæði, Medienhafen, í aðalhlutverki.

Skáldjöfurinn Heinrich Heine fæddist í Düsseldorf og er meðal annars hægt að heimsækja húsið þar sem hann fæddist. Hallir og söfn eru mörg í Düsseldorf og má t.d. nefna Goethesafnið, Heinrich Heine stofnunina, K20 og K21 söfnin, Museum Kunst Palast og síðast en ekki síst má nefna áhrifamikið safn um Þriðja ríkið og ofsóknir þess.

Düsseldorf stendur við neðanverða Rín og er tilvalinn áfangastaður fyrir þá sem hafa áhuga á að aka um þessar slóðir, bregða sér til Kölnar og Aachen eða aka um Holland og Belgíu.

NÝR ÁFANGASTAÐUR

Reykjavík – Dusseldorf frá 17.300 kr.

Flug aðra leiðina með flugvallarsköttum. Flogið er 2 sinnum í viku.

Flug og gisting í 2 nætur frá 59.900 kr.

*á mann í tvíbýli á Hotel Nikko Dusseldorf **** Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar, gisting og morgunverður.*

Vildarklúbbur

Flug til Dusseldorf gefur 3.000–9.600 Vildarpunkta.

Styðjum veik börn
og fjölskyldur þeirra

Vildarbörn Icelandair er ferðasjóður fyrir langveik börn og börn sem búa við sérstakar aðstæður.

Þú getur lagt þitt af mörkum til Vildarbarna með því að:

- Gefa afgangsmynt, áður en þú ferð frá borði að lokinni flugferð með Icelandair.
- Setja peninga í söfnunarbaukinn í höfuðstöðvum félagsins við Reykjavíkurflugvöll.
- Gefa árlega ákveðinn fjölda ferðapunkta, sem þú safnar sem félagi í Vildarklúbbi Icelandair, til Vildarbarna.

TIL HAMINGJU
MEÐ BORGINA ÞÍNA!

Vinningshafi í Borgarlukkuleiknum um síðustu helgi var Bjarnfríður Leósdóttir sem fær í vinning tvo farseðla á Economy Class til einhvers af áfangastöðum Icelandair í Evrópu. Hún hefur stundað nám í Kennaraháskólanum og vinnur nú að lokaritgerð. Bjarnfríður var í námi í Madrid og hana langar til að heimsækja aftur höfuðborg Spánar og hafa unnustann með.

BURBERRY Wolford LLOYD LONGCHAMP BOSS SAND

Gefið ykkur góðan tíma fyrir flugið. Lítið við í Saga Shop í Leifsstöð.

Frábært verð á heimsþekktum vörumerkjum.

Afsláttur af merktum vörum frá 10–40%.

Saga Shop

NEW YORK
Biti af Stóra Eplinu

10.–14. september 2009.
Fararstjóri er Hallfríður Þórarinsdóttir.

Lystisemdir borgarinnar, stórkostlegt menningarlíf og hið óviðjafnanlega mannlíf, lyfta sálinni upp í hæstu hæðir. Hallfríður mun fara með ferðalanga á áhugaverða staði s.s. SoHo, China Town, Little Italy, Times Square, Central Park, Empire State, South Street Seaport, City Hall, Wall Street, World Trade Center, Fifth Avenue og marga fleiri.

Verð á mann í tvíbýli frá 146.900 kr.

*Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 4 nætur á Edison hótelinu **, rútuferðir til og frá flugvelli erlendis og íslensk fararstjórn.*

LEYNDARDÓMAR NEW YORK
í haust

Frá 15.–19. október 2009 með íslenskum fararstjóra, Hauki Inga Jónassyni.

Í ferðinni gefst þátttakendum kostur á að kynnast New York borg undir tryggri leiðsögn Hauks Inga Jónassonar sem gjörþekkir borgina og leyndardóma hennar.

Verð á mann í tvíbýli frá 146.900 kr.

*Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 4 nætur á Edison hótelinu **, rútuferðir til og frá flugvelli erlendis og íslensk fararstjórn.*

Berlín
saga og menning í haust

Menningarferð frá 3.–6. sep. 2009.

Frábær borg sem býr yfir endalausri sögu og menningu. Gísli Jón Matthíasson fararstjóri býr í Berlín og mun leiða hópinn um borgina og miðla upplýsingum og fróðleik um borgina til farþega.

Verð á mann í tvíbýli frá 72.900 kr.

*Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 3 nætur á Berlin Mark Hotel **, morgunverður, rútuferðir til og frá flugvelli erlendis.*

Nánari upplýsingar um þessar ferðir og margar aðrar er að finna á heimasíðu okkar www.icelandair.is

ICELANDAIR GOLFERS

Icelandair Golfers er sérstakur klúbbur fyrir kylfinga, stofnaður í þeim tilgangi að auðvelda þeim að leggja stund á íþrótt sína á völlum erlendis. Félagar í klúbbnum greiða hóflegt árgjald en á móti kemur að verður auðveldara að ferðast með golfsettin.

Klúbbfélagar eru lausir við umstangið sem fylgir sérstakri innritun fyrir golfsettið og innheimtu á gjaldi fyrir yfirvigt, og spara sér þannig innritunartíma og aukaútgjöld. Hægt er að sækja um inngöngu í Icelandairs Golfers á heimasíðu okkar, *www.icelandairgolfers.is*

TRAUSTUR *íslenskur* FERÐAFÉLAGI

Haustið 1972 hófust viðræður um að sameina Loftleiðir og Flugfélag Íslands. Þó að ágreiningur væri um einstök atriði var rekstri félaganna svo illa komið að flestir sáu hagræðinguna sem fólgin var í sameiningu. Samkomulag náðist 11. apríl 1973 og stofnfundur Flugleiða var haldinn 20. júlí þá um sumarið.

BORGARLUKKUPOTTUR

VINNINGUR: **FLUGFAR FYRIR TVO TIL EINHVERS AF ÁFANGASTÖÐUM ICELANDAIR Í EVRÓPU**

Þú finnur rétt svör við þremur spurningum.
Síðan geturðu gert annað hvort:

1) Farðu inn á www.icelandair.is og svaraðu spurningunum þar. Skilafrestur til og með 18. mars.
2) Merktu við rétt svör og skrifaðu síðan nafn og símanúmer. Klipptu seðilinn út og sendu hann til okkar, merkt:

   Icelandair
   Mín borg/spurningaleikur
   Reykjavíkurflugvelli
   101 Reykjavík

Skilafrestur er til og með 18. mars
Við drögum úr pottinum á fimmtudaginn kemur, 19. mars, og nafn vinningshafans verður birt í ferðablaði Icelandair sem fylgir með Fréttablaðinu um næstu helgi (laugard. 21. mars).

SETJIÐ X VIÐ RÉTT SVAR:

1. Hvað heitir frægasta mörgæsin í Sædýrasafninu í Bergen?
- ☐ Mörilín Monnró
- ☐ Pingrid Alexandra
- ☐ Pennrik Pibsen

2. Hvaða ár brann dómkirkjan í Stavanger?
- ☐ 1189
- ☐ 1304
- ☐ 1272

3. Í hvaða borg fæddist ljóðskáldið Heinrich Heine?
- ☐ Düsseldorf
- ☐ Berlín
- ☐ Heineken

Icelandair áskilur sér rétt að leiðrétta villur sem kunna að leynast í blaðinu eða gera breytingar á flugáætlun og verði.
Gengi miðast við janúar 2009. Almennir ferðaskilmálar gilda. Sjá www.icelandair.is/skilmalar

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 45462 03/09

2010 VIÐURINN Starfsmenn Ásgarðs höggva sjálfir viðinn sem þeir smíða úr. Þessi viður var höggvinn í fyrra og hefur legið úti í vetur. Í vor verður hann tekinn inn og grófþurrkaður áður en hann endar á lofti verkstæðisins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

2009 VIÐURINN Þessi viður er á lokaskeiði þurrkunar og verða hagleiksmennirnir í Ásgarði, ef að líkum lætur, búnir að umbreyta honum öllum í fallega muni fyrir næstu jól. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

➜ ÁSGARÐUR

Handverkstæðið Ásgarður var stofnað árið 1993 og hefur starfsleyfi frá félagsmálaráðuneytinu sem verndaður vinnustaður. Þar starfa nú 30 manns með þroskaskerðingu í 21,5 stöðugildi og 9 aðstoðarmenn. Á verkstæðinu eru framleidd leikföng og húsbúnaður, allt úr tré. Einnig er nokkuð um sérsmíði.

Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að hanna og þróa einföld, sterk og skemmtileg leikföng sem eiga sér samsvörun í íslenskum þjóðháttum.

Mikil áhersla er lögð á að virkja sköpunarkraft starfsmanna og að örva þá til að stíga feti framar en fötlun þeirra gefur tilefni til. Starfsmenn fylgja hugmynd um leikfang frá teikniborði, í framleiðslu og svo áfram í markaðsetningu og sölu.

HUGMYNDAFRÆÐIN

Starfsemi Ásgarðs byggir á hugmyndafræði sem ættuð er frá Austurríkismanninum Rudolf Steiner (1861-1925).

Fræði sín nefndi hann mannspeki og eitt svið hennar tekur til uppeldis þroskaskertra.

Í Ásgarði er ekki litið á fötlun sem vandamál heldur sem möguleika og gengið er út frá því að í hverri manneskju sé heilbrigður kjarni sem unnið er með. Þannig er reynt að aðstoða fatlaðan einstakling við að vinna með sína fötlun, til að hæfileikar hans njóti sín sem best. Í Ásgarði er lagður metnaður í að þroska manneskjulegan þátt vinnunnar. Þannig er framleiðslan löguð að getu hvers og eins fremur en að laga starfsmennina að framleiðslunni.

Meiri upplýsingar um Ásgarð er að finna að heimasíðunni asgardur.is.

LISTASMÍÐ Þar sem áður var ölstofan Álafoss föt bezt er nú kaffistofa starfsmanna í Ásgarði, samkomusalur og verslun, allt á einum stað. Þar er gólfið farið að gefa sig og verður Samfélagsverðlaunafénu meðal annars varið í endurnýjun þess. Með fram veggjum getur að líta gripina sem eru til sölu.

Eigi leyna augun

Fréttablaðinu þótti það forvitnileg stúdía að vita hvað álitsgjafar nokkrir þóttust geta lesið í augu þjóðþekktra Íslendinga án þess að hafa hugmynd um hverjum augun tilheyrðu. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* fékk að vita hvað almannatenglarnir **Ómar R. Valdimarsson** og **Andrés Jónsson** sem og **Gurrí Haraldsdóttir** blaðamaður lásu í linsurnar.

Ómar: Þessi augu virka á mig eins og augun í Matlock. Svona týpa sem er ótrúlega réttsýn og leitar að því góða í öllum. Þessi manneskja er búin að lifa tímana tvenna og veit til dæmis muninn á kreppu og því að geta ekki endilega keypt sér nýjan flatskjá á morgun. Þessi einstaklingur býr í skuldlausu húsnæði og fussar þegar hann heyrir minnst á myntkörfulán.

Gurrí: Þessi manneskja hefur marga fjöruna sopið… Hann hefur sérkennilega sýn á lífið, jafnvel kaldranalega. Hann er góðmenni… með svartan húmor og er stundum hugsunarlaus sem fólk misskilur sem tillitsleysi.

Andrés: Lífskúnstner fram í fingurgóma. Sjónin aðeins farin að daprast. En það kemur ekki að sök. Hann er enn hinn sprækasti og hleypir reglulega upp kokkteilboðum, vítt og breitt um miðbæinn, með analystískum anekdótum sínum um lífið og tilveruna. Kemur hann þá jafnan flatt upp á menn. Hann er meira hrifinn af Honey Corn Flakes en þessu gamla þarna venjulega. Fátt veitir honum eins mikinn unað og hunangið – en hann segir engum frá þessari nautn. Ekki viðhlæjendum sínum í kokkteilboðunum allavega.

Augun tilheyra: *Thor Vilhjálmssyni rithöfundi*



Ómar: Þessi augu gætu tilheyrt einhverjum í stjórnmálum, í Fjármálaeftirlitinu eða einni af skilanefndum bankanna. Líklega er viðkomandi orðinn pínu þreyttur og búinn að fá sig pakksaddan af bankamönnum, ofurlaunum, kaupréttum og bónusum. Gallinn er bara sá að út af djobbinu kæmi það manni ekki á óvart að þessi manneskja þurfi að garfa í þessari ruslatunnu næstu tíu árin eða svo.

Gurrí: Þessi manneskja sér á einhvern hátt lengra en nef hennar nær. Í augum hennar má greina visku og lærdóm. Hún er þreytt eða undir álagi.

Andrés: Þessi lítur flest fólk og félagasamtök hornauga. Honum er illa við Lions-klúbba og þolir ekki Rotary. Þá vill hann frekar fá að horfa á sitt sjónvarp og tala upphátt við sjálfan sig um auglýsingarnar sem eru í sjónvarpinu. Hann er mikið fyrir útivist og er með öll örnefni á hringveginum á hreinu. Hann þverskallast jafnan við ef honum er boðið til útlanda. Honum finnst lítið þangað að sækja. Hann leggur mikla áherslu á að opna augu annarra fyrir því mikla vandamáli sem er dræm þátttaka í kröfugöngum.

(Augun tilheyra: *Steingrímí J. Sigfússyni fjármálaráðherra)*

Ómar: Þessi augu tilheyra pottþétt manneskju sem auðvelt er að kunna vel við. Ljúf, brún augu sem gefa frá sér hlýju og vingjarnleika. Þau gætu til að mynda tilheyrt einhverjum sem er að passa börn eða vinnur við umönnunarstörf. Ég myndi treysta henni til þess að passa annaðhvort dóttur mína eða mömmu og pabba, þegar þau komast á aldur.

Gurrí: Falleg augu, þrungin visku og galdri en jafnframt svolítilli þreytu. Hún fer sínar eigin leiðir og þolir illa að láta segja sér fyrir verkum. Fólk veit ekki alltaf hvar það hefur hana.

Andrés: Þetta líkar mér. Smekklegar broshrukkur kæta viðmælendur þessarar hógværu og hæglátu konu. Hún hefur lifað margar gæðastundir, ein með góða bók. Hún býr í Vesturbænum í kjallaraíbúð, en fer alltaf einu sinni ári í sumarfrí til Laugavatns og dvelur þá á Hótel Eddu og stundar gufubaðið grimmt. Einu sinni fór hún nakin í gufubaðið með nokkrum þýskum landfræðingum af báðum kynjum og þegar hún rifjar það upp þá verða augun svona dreymin eins og sést hér. Hefur mikinn áhuga á garðrækt og er þekkt fyrir einstakt lag á túlípönum.

(Augun tilheyra: *Svandísi Svavarsdóttur stjórnmálamanni)*

Ómar: Þetta er hörkutól og glamúrgæi. Hann kallar ekki allt ömmu sína og hikar aldrei, þegar hann þarf að taka ákvörðun. Hann segir líklega hlutina algjörlega umbúðalaust og nennir ekki að velta því of mikið fyrir sér hvort einhverjir fari að væla undan honum – það bara skiptir ekki máli. Hann elskar mömmu sína út af lífinu og pabbi hans er hans helsta fyrirmynd.

Gurrí: Þessi augu segja mikið en halda samt svo mörgu leyndu. Viðkvæmni býr í þeim en jafnframt ótti við að opinbera hana fyrir öðrum. Vill ekki sýna „veikleikamerki".

Andrés: Annað augað stærra en hitt benda til að þessi maður sé slóttugur og undirförull. Gæti hafa starfað í stjórn einhvers lífeyrissjóðs. Keyrir um á dýrum slyddujeppa sem er farinn að síga í veskið með gengisruglinu öllu, sem hann getur þó ekki kennt neinum um nema sjálfum sér og starfssystkinum sínum í fjármálageiranum. Bræðir öll kvensmannshjörtu og dáleiðir þær með „bad-boy" lúkki. Er mættur í ræktina á þeim tímum þar sem hann á von á að hitta flesta nýríku kunningjana sína. Er búinn að vera með VIP-kort í Laugum frá því áður en stöðin var opnuð.

Augun tilheyra: *Loga Geirssyni íþróttamanni*

Ómar: Þessi augu eru mjög falleg, en þó dálítið stjörf, hugsanlega eftir að hafa sökkt sér ofan í lestur stórtíðinda í boði perezhilton.com og people.com. Það kæmi mér ekki á óvart ef líf þessarar manneskju hefði verið mun skemmtilegra árið 2007 heldur en í dag.

Gurrí: Augun eru svolítið dapurleg og bera vott um viðkvæmni. Þessi kona hleypir ekki hverjum sem er að sér þótt hún virðist opin. Hún hefur lært af lífinu að ekki er öllum treystandi.

Andrés: Hér er komin hörð kona – nagli. Rannsakandi augu hennar sjá í gegnum slægustu lygalaupa og skilja þá eftir vopnlausa. Hún er eins og tvær manneskjur, eftir því hvort hún er heima hjá sér eða í vinnunni. Er mjög prívat manneskja sem nýtur þess að vera í faðmi fjölskyldunnar. Hún á páfagauk sem heitir Jens og er nefndur eftir mjög skemmtilegum félaga hennar og mannsins hennar, sem þau fara árlega með í gönguskíðaferð um túndrur Lapplands. Af páfagauknum er það að segja að hann er orðinn fjörgamall og þjáist af þunglyndi. Deilt er um það á heimilinu hvort endurtekin flug hans á eldhúsgluggann séu raunverulegar sjálfsvígstilraunir.

Augun tilheyra: *Rannveigu Rist forstjóra*



Ómar: Glimrandi sjarmerandi augu sem tilheyra einhverri manneskju sem þarf ekki annað en að blikka mann til þess að heilla mann upp úr skónum. Eitt ofurlítið bros og svo blikk og hvaða karlmaður sem er yfirgefur fjölskylduna sína og býðst til þess að fremja landráð. Sem betur fer bera þessi augu þó það með sér að kæra sig ekkert um slíka karlpunga.

Gurrí: Mikill húmor og lífsgleði ríkir hjá þessari manneskju, útlitið skiptir hana máli, en alls ekki öllu. Hún kann að meta það góða í lífinu og veltir sér ekki upp úr smámunum.

Andrés: Þetta er fín frú. Svona yfirstéttarkona með öllu; pels, Range Rover, hús á Flórída þar sem hún iðkar golfíþróttina af miklum krafti. Ekki ólíklegt að maðurinn hennar sé stæltur stælgæi með fortíð í íþróttaheiminum. Hún vill stóra og stæðilega menn sem opna dyrnar fyrir henni þegar hún stígur út úr Range Rovernum og inn á frumsýningar í Óperunni eða Þjóðleikhúsinu. Fáir vita, að neðarlega á öðrum kálfanum má sjá móta fyrir lítilli rós með gaddavír í kring. Húðflúrið er nær alveg horfið – bernskubrek frá því í útskriftarferð með MS til Rimini.

Augun tilheyra: *Svövu Johansen versluna rkonu*

Ómar: Biddu fyrir þér, Denni dæmalausi er mættur á svæðið! Það er einhver pínu góðlátleg stríðni í þessum augum. Ekkert vont eða neitt í þá áttina, heldur kannski frekar manneskja sem myndi hlæja að þér ef þú rynnir á rassgatið í hálkunni – eftir að hún væri búin að ganga úr skugga um að þú hefðir ekki meitt þig.

Gurrí: Þetta er frekar varkár manneskja sem getur verið hinn mesti stríðnipúki gagnvart þeim sem hún þekkir vel. Hefur kalda sýn á lífið sem hlýnar ekki með hækkandi aldri.

Andrés: Þessi kattaraugu tilheyra viðkvæmri listaspíru sem breytist í djammdrottningu um helgar. Þú finnur þessi augu skimandi yfir svæðið frá hornborðinu innst á Kaffibarnum seint um kvöld. Er oft spurð af útlendingum hvort hún sé með bláar linsur, því blá augun lýsa svo skært í bjarta sumarnóttina. Kýs Vinstri græna og ekki er ólíklegt að hún hafi átt náið samband við Caterpillar-vinnuvél, eitt sumarið sem leið. Þekkir allt fólkið sem vinnur á veitingastaðnum Maður lifandi og man eftir afmælisdögunum þeirra. Föndrar þá fyrir þau lítil kreppappírshjörtu skreyttum glimmeri og litlum gullkornum um lífið og tilveruna. Það er alltaf verið að segja henni að opna feisbúkk-síðu og selja hjörtun þar til almennings. Þetta er svo krúttlegt hjá henni nefnilega.

Augun tilheyra: *Margréti Láru Viðarsdóttur íþróttamanni*

Ómar: Þessi náungi er hokinn af reynslu lífsins. Honum finnst fáránlegt að ekki sé hægt að senda krakka út á vinnumarkaðinn þegar þeir eru orðnir 12 ára og skilur ekkert í því að börn séu ekki enn þá send í sveit á sumrin. Hann sótti sjóinn á sínum unglingsárum og gerir sér fyllilega grein fyrir því að verðmæti verða ekki til með pappírsgjörningum. Hann er rosalega stoltur af börnunum sínum – sérstaklega því sem vann sem sumarafleysingamanneskja í álverinu í Straumsvík.

Gurrí: Þessi manneskja hefur marga fjöruna sopið… Hann hefur sérkennilega sýn á lífið, jafnvel kaldranalega. Hann er góðmenni… með svartan húmor og er stundum hugsunarlaus sem fólk misskilur sem tillitsleysi.

Andrés: Þessi er refur, þótt hann sé vissulega réttsýnn. Augnaráðið er ískalt og spyrjandi. Hann hefur séð tímana tvenna. Veit að það er ekki allt sem sýnist í heimi hér. Ef hann sér eitthvert óréttlæti þá skjóta augun gneistum og menn hrökklast frá af augnaráðinu einu saman. Hann nennir aldrei að gefa útlenskum ferðamönnum leiðbeiningar, heldur þusar eitthvað og stikar hratt í burtu. Gæti hafa leikið nasistaforingja, já eða breskan njósnara á sviði eða í bíómynd. Nei, nú sé ég hver þetta er. Þetta er framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Augun tilheyra: *Einríki Jónssyni ritstjóra*

Álitsgjafar Fréttablaðsins voru:

GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR

ANDRÉS JÓNSSON

ÓMAR R. VALDIMARSSON

Danskir dagar

Svínasíða
ribbensteg

Svínahakk

Hamborgarhryggur
með beini

Svínahnakki
úrbeinaður

Daloon kínarúllur
3 tegundir

Ota haframjöl

Gosh snyrtivörur
20% afsláttur af öllum Gosh vörum

Bornholm kaldpressaðar olíur, 3 teg. og sinnep

First price rúllutertur

Axa músli
hunangsristað músli með súkkulaði

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ÚTSALA Á SVÍNAKJÖTI

43% afsláttur
398 kr. kg
Grísabógur hringskorinn

50% afsláttur
1349 kr. kg
Grísalundir

50% afsláttur
849 kr. kg
Grísahnakki úrbeinaður

50% afsláttur
349 kr. kg
Grísarifjur/ Spare ribs

40% afsláttur
998 kr. kg
Grísasnitzel

40% afsláttur
899 kr. kg
Grísakótilettur

898 kr. kg
Núðlur Chinese Wok & grísakjöt

398 kr. pk.
Grillborgarar m/brauði - 4stk.

469 kr. pk.
Greens Woklína frosin

3 í pakka
269 kr. pk.
Super snittubrauð frosin

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl EXPO • www.expo.is

KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

Opnunartímar í Krónunni:

Krónan Höfða
virka daga 11-19
lau 10-19 sun 11-19

Krónan Lindum
virka daga 11-20
helgar 10-19

Krónan Granda
alla daga 10-19

Krónan Breiðholti
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun.12-21

Krónan Árbæ
virka daga 11-21
helgar 10-21

KRÓNAN

fyrst og fremst ódýr

Krónan Mosfellsbæ
alla daga 10-20

Krónan Reykjavíkurvegi
virka daga 11-21
helgar 10-21

Krónan Hvaleyrarbraut
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun. 12-21

Krónan Akranesi
alla daga 10-19

Krónan Reyðarfirði
mán-fim 11-18
fös 11-19
lau. 11-17 sun.12-16

Krónan Vestmannaeyjum
virka daga 11-19
lau 11-18 sun lokað

Uppáhaldsorðið er matur

Hin ofurkvenlega **Vigdís Másdóttir** fer með hlutverk tveggja karlmanna í Þrettándakvöldi Shakespeares sem frumsýnt var í Þjóðleikhúsinu í gærkvöldi. *Anna Margrét Björnsson* tók hana í þriðju gráðu yfirheyrslu.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: Vigdís Másdóttir.

STARFSFERILL Í HNOTSKURN: Götu-, áhuga-, brúðu- og senn útskrifaður leikari frá Listaháskóla Íslands.

FÆÐINGARÁR OG HVAÐ GERÐIST MARKVERÐAST Á ÞVÍ ÁRI: 1978, Jóhannes Páll I og II settust á páfastól. Fyrsta glasabarnið fæðist. Skál fyrir því.

HVENÆR VARSTU HAMINGJUSÖMUST? Ég bý við þá gæfu að vera yfirleitt hamingjusöm. Síðasta eftirminnilega hamingjurús var uppi á fjalli vestur á fjörðum í fyrrasumar.

VIGDÍS MÁSDÓTTIR LEIKKONA Ældi af hræðslu þegar plastsnáki var slengt framan í hana á unga aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN

Ef þú værir ekki leikkona hvað myndirðu þá vera? Kokkur, það jafnast fátt á við góðan mat sem gleður.

Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér? Háskólamenntun.

Ef þú byggir ekki í Reykjavík hvar myndirðu vilja búa? Það færi eftir því hvað ég væri að gera, en Pat-reksfjörður á stóran hlut í hjarta mínu.

Uppáhaldsleikskáld og af hverju? Shakespeare af því að ég er að vinna að honum núna.

Draumahelgin þín í einni setningu? Fjallganga með góðu fólki sem endar á lúxusgististað með öllu tilheyrandi, sumsé nuddi, frábærum mat og góðu stuði.

Uppáhalds Shakespeare-karakterinn og af hverju? Hirðmey Adriönu í Allt í misgripum, hún er hress.

Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðunni? Sjaldan upplifað aðra eins fegurð og í Drangey í Skagafirði, mæli með ferð þangað og dýfa sér í Grettislaug á eftir.

Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag ertu að hlusta mest á í dag? Það fer eftir því hvernig mér líður, annars er ég búin að hlusta mikið á Hercules and Love Affair undanfarið og nýja diskinn hennar Beyoncé, hún kemur mér alltaf í stuð.

Ef að þú ættir tímavél, hvert myndirðu fara og af hverju? Þegar Siggi köttur slengdi plastsnák á öxlina á mér í myndmennt í 12 ára bekk og ég ældi af hræðslu. Ég myndi fara í hugræna atferlismeðferð til að losna við snákafælnina, það er miklu betra að vinna með hugann á unga aldri. Svo væri ekki úr vegi að fljúga til Hollywood á gullaldarárunum og skála við Ritu Hayworth.

Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni? Æ sjaldnar.

Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni, hvað myndi það vera? Engu held ég, fortíðin hefur gert mig að þeirri manneskju sem ég er í dag.

Hvenær fékkstu síðast hláturskast? Í gær, ég bý með konungi fimm aura brandaranna.

Áttu þér einhverja leynda nautn? Ó já!

Uppáhaldsbókin þessa stundina? Konur eftir Steinar Braga, ég fæ enn hroll þegar ég geng eftir Skúlagötunni.

Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til? Það er engin ein, það er svo mikið af frábæru fólki í kringum mig bæði í leik og starfi sem ég virði og lít upp til. Foreldrar mínir eiga þó efstu sætin á þeim lista.

Uppáhaldsorðið þitt? Matur og já, helst í sömu setningu.

Hvaða eitt atriði myndi fullkomna lífsgæði þín? Að fá borgað fyrir að leika.

Hvaða eitt hlutverk verður þú að leika áður en þú deyrð? Soffíu frænku.

Hvað verða þín frægu hinstu orð? Nú er lokið leik.

Hvað er næst á dagskrá? Sýningar á Þrettándakvöldi í Þjóðleikhúsinu og BA-ritgerð.

Meistaranám í skattarétti og reikningsskilum

LAGADEILD www.lagadeild.hi.is
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD www.vidskipti.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Haustið 2009 hefst nýtt þverfaglegt meistaranám skipulagt af viðskiptafræðideild og lagadeild Háskóla Íslands.

Námið hentar mjög vel fyrir alla útskrifaða lögfræðinga og viðskiptafræðinga sem vilja styrkja þekkingu og auka sérhæfingu á þessu sviði.

Skipulag námsins, sem er 90 einingar, er sem hér segir:

Haust 2009	Vor 2010	Haust 2010	Vor 2011
Íslenskur skattaréttur - almennur hluti	Alþjóðlegur skattaréttur - almennur hluti	Stjórnsýslu-endurskoðun	Samstæðu-reikningsskil
Íslenskur skattaréttur - sérstakur hluti	Alþjóðlegur skattaréttur - sérstakur hluti	Félagaréttur I	Félagaréttur II
Ársreikningagerð A	Ársreikningagerð B	Ritgerð	Greining ársreikninga
Endurskoðun			Ritgerð

Umsækjendur þurfa að hafa lokið BA prófi frá lagadeild Háskóla Íslands eða BS prófi eða BA prófi frá viðskiptafræðideild háskólans eða öðru háskólanámi sem metið er jafngilt fyrsta háskólaprófi í sambærilegum greinum.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2009.

Sjá nánar á **vidskipti.hi.is og lagadeild.hi.is**

MÆLISTIKAN

Á uppleið

Litagleði. Tískuhönnuðir vilja sjá okkur í öllum regnbogans litum næsta haust. Dásamlegt.

Matarboð. Þemaboð koma aftur sterkt inn þegar enginn tímir að fara út að borða. Allir elda saman og mæta með rauðvín. Skál!

Leggings fyrir karlmenn. Ha? Jú, þetta er það sem koma skal fyrir herrana. Þægilegt og svalt, en bara fyrir þá mjóu og leggjalöngu.

Á niðurleið

Karlrembulegar vefsíður. Vettvangur þar sem menm með vömb blása út um pólitík en kvenfólk fær sitt fiðrildableika „horn" undir tísku og ilmvötn. Einmitt það.

Mojito og aðrir góðæriskokkteilar. Ekkert nema hallærislegt að sötra rándýra drykki á öldurhúsum. Vodka í vatni væri nær lagi.

Lestur tímarita. Þangað til kosningar eru afstaðnar verður ekki friður fyrir pólitíkusum að sýna inn í ísskápinn hjá sér eða opnandi fataskápinn sinn í tímaritum landsins og gera þau algerlega ólestrarhæf.

42 TOMMU TÆKI

PHILIPS
Panasonic

TH42PX80EA
42" Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 punkta uppl., V-Real Pro3 Engine, Colour management, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, HD Ready, DVB-T stafrænn móttakari, Progressive Scan, Real Black Drive 15.000:1 skerpa, SDHC kortalesari, 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround, 2 x Scart (með RGB), 3 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatólstengi, textavarp ofl.

TILBOÐ
179.995
FULLT VERÐ 249.995

V real 3

Panasonic TH42PZ80
42" Full HD 1080p 16:9 Plasma BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, V-Real Pro3 Engine, 100Hz, 24p Cinema, x.v Colour, Real Black Drive 1.000.000:1 skerpa, 20w Nicam Stereó með V-Audio ofl.

TILBOÐ
229.995
FULLT VERÐ 349.995

Philips 42PFL5603D
42" LCD Pixel Plus HD BREIÐTJALD með full HD 1080, 1920x1080 punkta uppl., 30.000:1 skerpu, Progressive Scan, stafr. DVBT móttakara ofl.

TILBOÐ
219.995
FULLT VERÐ 279.995

PIXEL PLUS 3HD

Philips 42PFL7403D
32" LCD BREIÐTJALD, 1920x1080 p. uppl., Perfect Pixel Plus 3 HD, HD Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 29.000:1 skerpu, 100Hz LCD, ljósskynjara og Active Control, Innb., digital DVB-T mótt., 30w Nicam Stereó, BBE Virtual Dolby Digital, 2 Scart, 4 HDMI v1.3, Component, SVHS, CVBS og heyrnart., Coax út og USB, textav. ofl.

TILBOÐ
269.995
FULLT VERÐ 349.995

HDMI

Philips 42PFL9703H
42" 100Hz Clear LCD BREIÐTJALD með Perfect Pixel HD örgjörva, Ambilight Spectra 3 baklýsingu, Perfect Natural Motion, 30.000:1 skerpu, 2ms svartíma, Wide Color Gamut skjá, 2.250 trilljón litum, DVBT og DVBS móttakara, 30w Nicam Stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Digital og 2 bassahát., 2 Scart, 4 HDMI 1.3 ofl.

TILBOÐ
449.995
FULLT VERÐ 549.995

HDMI

Philips 42PFL9803H
42" 100Hz Clear LCD BREIÐTJALD með Perfect Pixel HD örgjörva, Ambilight Spectra 2 baklýsingu, Perfect Natural Motion, 200.000:1 skerpu, 2ms svartíma, Led LUX Wide Color Gamut skjá, innb. digital DVB-T móttakara, 30w Nicam Stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Digital og 2 bassahát., 2 Scart, 4 HDMI 1.3 ofl. BEST TÆKI EVRÓPU - EISA

TILBOÐ
549.995
FULLT VERÐ 799.995

HDMI

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700

Heimilistæki ht.is

ALBERT EINSTEIN (1879-1955) FÆDDIST FYRIR 130 ÁRUM

„Ég hef enga sérstaka hæfileika. Ég er aðeins ákaflega forvitinn.“

Albert Einstein var merkasti eðlisfræðingur 20. aldar. Þekktasta verk hans er líklega afstæðiskenningin en auk þess hafði hann áhrif á skammtafræði og aðrar greinar innan eðlisfræði. Hann fékk nóbelsverðlaunin í eðlisfræði árið 1921.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 14. MARS 1950

Tíu hættulegustu glæpamennirnir

Á þessum degi árið 1950 gaf alríkislögreglan í Bandaríkjunum í fyrsta sinn út lista yfir tíu hættulegustu glæpamennina sem gengu lausir. Listinn heitir á ensku „Ten most wanted“ og er þekktur um allan heim enda mikið verið notaður og nefndur í kvikmyndum í gegnum tíðina.

Forsögu listans má rekja til fréttagreinar sem skrifuð var árið áður um „mestu hrottana“ sem FBI vildi handsama. Greinin vakti það mikla athygli að J. Edgar Hoover gaf samþykki sitt fyrir útgáfu opinbers lista ári síðar.

Árið 2007 höfðu 420 glæpamenn sem komist höfðu á listann verið handsamaðir, þar af um 140 vegna ábendinga almennings.

Almennt er eina leiðin til að losna af listanum sú að deyja eða vera handsamaður. Aðeins í nokkrum tilvikum hefur flóttamaður verið tekinn af listanum þar sem ekki var talin stafa af honum hætta lengur. Aðeins sjö konur hafa birst á listanum. Ruth Eisemann-Shier var sú fyrsta árið 1968.

Alríkislögreglan vinnur náið með sjónvarpsþætti á Fox-sjónvarpsstöðinni sem ber nafnið „America's most Wanted“ og er ætlunin að vekja athygli almennings sem vonandi getur gefið upplýsingar um flóttamennina hættulegu.

MERKISATBURÐIR

1883 Karl Marx, faðir kommúnismans, andast.

1911 Kristján Jónsson verður ráðherra Íslands. Hann situr fram í júlí árið eftir.

1987 Þyrla Landhelgisgæslunnar bjargar níu manns þegar Barðinn strandar við Dritvík á Snæfellsnesi.

1989 Lífsbjörg í Norðurhöfum, kvikmynd Magnúsar Guðmundssonar, er frumsýnd í Sjónvarpinu. Grænfriðungar kröfðust lögbanns á sýningu myndarinnar.

1990 Mikhail Gorbachev er kjörinn forseti Sovétríkjanna.

2004 Vladimir Pútín er endurkjörinn forseti Rússlands.

SGI Á ÍSLANDI Samræðufundur verður í Ráðhúsinu í dag í tengslum við sýninguna Sjálfbær þróun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Frá einu hjarta til annars hjarta

Ungmennahreyfing SGI á Íslandi mun standa fyrir samræðufundi í dag klukkan 16 í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Fundurinn er í tengslum við sýningu sem stendur nú yfir í Ráðhúsinu um sjálfbæra þróun sem byggir á hugmyndum Jarðarsáttmálans. Jarðarsáttmálinn var saminn af nefnd skipaðri af Sameinuðu þjóðunum með fólki úr öllum heimshornum og byggir sáttmálinn á þeim grundvallaratriðum sem einstaklingar, fyrirtæki og þjóðir þurfa að tileinka sér til að hægt sé að skapa heim sem byggir á sjálfbærri þróun, umhverfisvernd og félagslegu réttlæti.

Í fréttatilkynningu ungmennahreyfingarinnar segjast SGI vilja „með einlægum samræðum hvetja fólk til að skiptast á hugmyndum um hvernig hvert og eitt okkar geti tekið ábyrgð á því að skapa nýtt samfélag sem byggir á virðingu fyrir öllu lífi, umhverfisvernd og mannréttindum“.

Fundurinn er öllum opinn.

ATVINNA MEÐ STUÐNINGI: TILRAUNAVERKEFNI VERÐUR TÍU ÁRA

Mannréttindi að fá að vinna

„Í upphafi var þetta aðeins tilraunaverkefni með einu og hálfu stöðugildi. Svo hefur þetta vaxið jafnt og þétt og í dag vinna átta manns við Atvinnu með stuðningi,“ segir Bryndís Theódórsdóttir, forstöðumaður Atvinnu með stuðningi í Reykjavík, sem stofnuð var 15. mars fyrir tíu árum af Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra í Reykjavík og Styrktarfélagi vangefinna. Hinn 1. september er þó ætlunin að Atvinna með stuðningi fari undir Vinnumálastofnun.

Atvinna með stuðningi þjónar sem nokkurs konar atvinnumiðlun en tilgangurinn er að fatlaðir geti fengið vinnu á almennum vinnumarkaði.

„Þjónustunotendur okkar í dag eru um 135 og þar af eru um hundrað í störfum á almennum vinnumarkaði,“ útskýrir Bryndís en enn er verið að leita að vinnu sem hentar fyrir hina.

Bryndís segir mikinn vilja vera í fyrirtækjum fyrir því að fá fatlaða einstaklinga í vinnu enda eru fyrirtækin sem eru í samstarfi við Atvinnu með stuðningi mjög fjölbreytt. „Við erum í mjög góðu samstarfi við verslanir, leikskóla, bókasöfn, hjúkrunarheimili, spítala og fyrirtæki í iðnaði,“ segir Bryndís. „Við reynum að finna störf eftir getu og vilja hvers og eins,“ útskýrir hún en þeir sem sækja um vinnu í gegnum Atvinnu með stuðningi eru fólk sem er með fötlun, samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, til dæmis fólk með geðfötlun og þroskaraskanir.

Nú er Bryndís beðin um að lýsa umsóknarferlinu. „Þegar umsækjendur koma inn er búin til umsókn og athugað hvar áhugasviðið liggur og hver getan er. Síðan er parað saman starfi og starfsmanni. Svo fylgir ráðgjafi héðan fólki eftir og aðstoðar það við að ná tökum á starfinu og er með því fyrst til að byrja með. Smám saman er dregið úr stuðningi eftir því sem einstaklingurinn er öruggari í starfi,“ segir Bryndís og tekur fram að Atvinna með stuðningi gæti bæði hagsmuna starfsmanna og fyrirtækjanna sem þeir vinna hjá.

En hvernig er með launin? „Starfsmenn frá okkur fá sömu laun og gerist á almennum vinnumarkaði,“ segir Bryndís og eru laun starfsmanna ávallt greidd af fyrirtækinu sem þeir vinna hjá. Hins vegar fá fyrirtækin endurgreiðslu samkvæmt vinnusamningum öryrkja. „Þetta eru endurgreiðslusamningar sem miða að því að fólk með skerta starfsgetu fái betri tíma til að ná tökum á starfinu,“ útskýrir Bryndís. Samkvæmt þeim fá fyrirtækin endurgreidd 75 prósent af launum og launatengdum gjöldum tvö fyrstu árin en endurgreiðslan lækkar um tíu prósent á ári eftir það.

FORSTÖÐUMAÐUR Bryndís Theódórsdóttir segir miklu máli skipta fyrir fatlaða að geta unnið á almennum vinnumarkaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bryndís segir að það að geta unnið á almennum vinnumarkaði skipti fólk mjög miklu. „Möguleikar þessa fólks á að fá vinnu eru minni og að fá starf á almennum vinnumarkaði er gríðarlega stórt skref fyrir marga,“ segir Bryndís sem telur ákveðin gæði og mannréttindi fylgja því að vinna á almennum vinnumarkaði. „Það skiptir höfuðmáli varðandi bata og lífið í heild sinni,“ segir Bryndís en boðið verður til lítillar afmælisveislu í næstu viku. Þar verður boðið bæði þjónustunotendum og forsvarsmönnum fyrirtækja.

solveig@frettabladid.is

Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og vináttu við andlát elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Óskar Ingibjargar Eiríksdóttur.

Sérstakar þakkir til heimahjúkrunar í Kópavogi, heimahlynningar krabbameinsfélagsins og líknardeildar LSH í Kópavogi.

Unnur Hjartardóttir
Þorvaldur P. Böðvarsson
Böðvar Már Böðvarsson
Bergþór Grétar Böðvarsson
Jón Bjarni Bjarnason
Jenný Jóna Sveinsdóttir
Shirly Moralde
ömmubörn og langömmubörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,

Soffía Árnadóttir

Ólafsvegi 15, Ólafsfirði,

andaðist á hjúkrunardeild Hornbrekku 8. mars. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 21. mars kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Slysavarnardeild kvenna í Ólafsfirði.

Rúnar Kristinsson
Auður Ósk Rögnvaldsdóttir
Lísbet Kristinsdóttir
Rögnvaldur Brynjar Rúnarsson
systkini og makar.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

NAFNIÐ MITT: GUÐMUNDUR BERGKVIST JÓNSSON

Nafnið dregið af umhverfinu

„Þetta er nafn afa míns, sem var frá Höfðahúsum í Fáskrúðsfjarðarhreppi og var fæddur 1903," segir Guðmundur Bergkvist Jónsson, eða Beggi eins og hann er alltaf kallaður. Beggi er kvikmyndagerðarmaður hjá Ríkissjónvarpinu og á ekki marga nafna. „Foreldrar mínir ákváðu að skíra mig í höfuðið á báðum öfum mínum, en ég hef alltaf verið kallaður Beggi eins og afi var kallaður. Ég á frænda sem heitir Bergkvist Ómar og býr hann á Fáskrúðsfirði. Við erum sem sagt þrír sem höfum borið þetta nafn frá upphafi og allir frá Fáskrúðsfirði. Ekki beint tískunafn þótt fallegt sé. Afi dó árið 1986 og erum við því tveir á lífi," segir hann.

„Einu skýringarnar sem ég hef fengið á nafninu mínu eru að afi minn hafi á sínum tíma verið skírður í höfuðið á náttúrunni, nafnið hafi verið dregið af kjarri sem stóð á bergi fyrir ofan bæinn," segir Beggi. Samkvæmt nafnabók hefur nafnið enga þýðingu, það er sett saman af forliðnum Berg- og nafnorðinu kvistur.

„Ég skrifa hins vegar nafnið yfirleitt eins og eftirnafn eða ættarnafn þótt ég noti alltaf Beggi í talmáli. Skrifa Guðmundur Bergkvist og sleppi ávallt Jónsson. Hef svona verið að gæla við að sækja um að taka þetta upp sem eftirnafn." Aðspurður segir hann nafnið ekki vera til trafala, síður en svo. „Ég lendi reyndar oft í því að fólk skrifi nafnið með q-i og einnig er ég iðulega spurður að því hvort ég sé ættaður frá Svíðþjóð," segir hann hlæjandi að lokum, sáttur við nafnið sitt.

BERGKVIST ekki ennþá orðið að tískunafni þótt fallegt sé. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Félagið vill fleiri lönd

Nýtt ættleiðingafélag, Alþjóðleg ættleiðing, hefur verið stofnað. Markmið félagsins er að fjölga þeim löndum sem kemur til greina að ættleiða börn frá þannig að biðlistar hér á landi styttist og ættleiðingar gangi hraðar fyrir sig.

Birna Ósk Einarsdóttir, formaður Alþjóðlegrar ættleiðingar, segir að félagið sé í samstarfi við dómsmálaráðuneytið að vinna að því að fá löggildingu til að geta starfað sem ættleiðingafélag. Löggildingin fáist ekki nema búið sé að gera samning við annað land og nú sé verið að skoða möguleikana á að gera slíka samninga við Kenýa og Pólland.

„Ættleiðingar hafa dregist saman hér á landi á síðustu árum, jafnvel meira en á alþjóðavísu. Nú er erfiðara en áður að ættleiða frá Kína og biðlistinn langur," segir hún og nefnir sem dæmi að sum pör hafi nú beðið vel á fjórða ár. Átjándi hópurinn bíði eftir barni en hún og hennar maður séu í hópi 26 og þau hafi þegar beðið í tvö ár.

„Við viljum hafa áhrif á þróunina þannig að ættleiðingum haldi ekki áfram að fækka. Á Íslandi er bara eitt félag sem hefur unnið snilldarstarf í gegnum tíðina en það hefur ekki marga samninga. Ef lönd lokast og engir samningar koma í staðinn þá fækkar ættleiðingum hratt og biðin lengist."

TÆKIFÆRI VÍÐA „Tækifærin eru víða," segir Birna Ósk Einarsdóttir, formaður Alþjóðlegrar ættleiðingar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mörg lönd eru til skoðunar. „Afríkuríki eru til dæmis farin að taka meiri þátt í alþjóðlegum ættleiðingum þannig að það er kannski mögulegt að stofna til sambanda þar. Tækifærin eru víða og geta breyst mjög hratt. Við viljum bæta við það góða starf sem þegar er unnið hjá Íslenskri ættleiðingu fjölskyldum og börnum til hagsbóta," segir hún.

---

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Lilja Margrét Karlesdóttir
Fjallalind 10, Kópavogi,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut, sunnudaginn 8. mars. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 19. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast Lilju Margrétar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Aðalgeir G. Finnsson
Erla Hrönn Aðalgeirsdóttir — **Stefán Héðinn Stefánsson**
Arnar Aðalgeirsson — **Sigríður Gísladóttir**
Freyr Aðalgeirsson — **Pálína S. Sigurðardóttir**
Davíð, Daníel, Rakel, Sara, Valgerður Lilja, Óðinn Arnar, Stefán Aðalgeir, Garðar, Baldur og Hugrún Helga.

---

†

Við sendum innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför dóttur okkar og systur,

Sóleyjar Kötlu Kristinsdóttur.

Sérstakar þakkir til starfsfólks fæðingardeildar Landspítalans og séra Braga Skúlasonar.

Kristinn I. Pálsson
Dóra Hrund Bragadóttir
Svanhildur Lóa Kristinsdóttir

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jónfríður Gunnarsdóttir
Sóltúni 2, áður til heimilis að Ferjubakka 4,

lést fimmtudaginn 12. mars.

Ólöf Björg Einarsdóttir — **Grétar Hartmannsson**
Gunnur Inga Einarsdóttir
Helgi Einarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Elskuleg móðir okkar,

Björg Svava Gunnlaugsdóttir
kaupmaður, frá Flatey á Breiðafirði,
fædd 18. september 1927,

er látin. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Aðstandendur þakka séra Sigfinni Þorleifssyni fyrir aðstoð hans og umhyggju, Útfararþjónustu Rúnars Gunnarssonar fyrir auðsýnda samúð og vinarhug, og starfsfólki Landspítala Háskólasjúkrahúss fyrir umhyggju og hlýhug þeirra í garð móður okkar.

Sigrún Gallagher — **Kevin Gallagher**
Jóhann Páll Símonarson — **Viktoría Hólm Gunnarsdóttir**
Gunnlaugur Marteinn Símonarson
Borghildur Símonardóttir — **Þorgeir Daníelsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við fráfall og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Laufeyjar Torfadóttur
Hjaltabakka 16, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á K-1 á Landakoti og Hjúkrunardeildar Grundar, L-1 á Landakoti fyrir góða umönnun og hlýlegt viðmót.

Guðrún G. Bergmann
Guðni Guðjónsson — **Hrafnhildur Steingrímsdóttir**
Hermann Guðjónsson — **Guðný Ólafsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát elskulegrar

Ingibjargar Þorsteinsdóttur
frá Hrauni, Tálknafirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði.

Birgir Aðalsteinsson — **María Jónsdóttir**
Þorsteinn Aðalsteinsson — **Svandís Jeremíasdóttir**
Guðrún Aðalsteinsdóttir — **Ástráður Ö. Gunnarsson**
Ingibergur Aðalsteinsson
Stella Aðalsteinsdóttir — **Örn Þórisson**
ömmubörn og langömmubörn.

---

†

Ástkær konan mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Birna Hervarsdóttir
Hamraborg 18, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 8. mars. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 16. mars kl. 13.00.

Guðmundur Maríasson
Hafsteinn Gunnar Jakobsson — **Þórunn Sif Björnsdóttir**
Svanhvít Jakobsdóttir — **Stefán Jens Hjaltalín**
Jón Þorkell Jakobsson — **Júlíana Harðardóttir**
Sóley Jakobsdóttir — **Bjarni Sigurbjörnsson**
Guðmunda Jakobsdóttir — **Hannes Ingi Jónasson**
og barnabörn.

---

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurfinnur Arason
úrsmíðameistari, til heimilis að Hjúkrunarheimilinu Sóltúni í Reykjavík,

lést aðfaranótt föstudagsins 13. mars að Sóltúni. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Guðlaug A. Sigurfinnsdóttir — **Yngvi Þ. Kristinsson**
Jón Kjartan Sigurfinnsson — **Bryndís Þorgeirsdóttir**
Rúnar Sigurfinnsson — **Sandra S. Ragnarsson**
Ari Sigurfinnsson — **Dóra Þórhallsdóttir**
Logi Sigurfinnsson — **Jónína Ágústsdóttir**
Guðrún Sigurfinnsdóttir — **Gústav Gústavsson**
afabörn og langafabörn.

---

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Helgi Hersveinsson
Sólvangi,
áður Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi, laugardaginn 7. mars, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 16. mars kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeir sem vildu minnast hans eru beðnir að láta líknarfélög njóta þess.

M. Hera Helgadóttir — **Reimar Georgsson**
Kristján A. Helgason — **Jóna S. Marvinsdóttir**
Helgi Hrafn Reimarsson
Arnar Marvin Kristjánsson



Erfidrykkjur af alúð

Hótel Saga annast erfidrykkjur af virðingu og alúð. Fágað umhverfi, góðar veitingar og styrk þjónusta.

Sími: 525 9930
hotelsaga@hotelsaga.is
www.hotelsaga.is

Radisson SAS SAGA HOTEL, REYKJAVÍK

Kjölfestan í starfsemi FRAMTAKS er vel menntað og þjálfað starfsfólk.

FRAMTAK leggur áherslu á góða vinnustaðakennslu enda felst framtíð fyrirtækisins í góðum iðnaðar– og tæknimönnum.

FRAMTAK þakkar Samtökum iðnaðarins fyrir myndarlegan styrk til kennslu á vinnustað.

Framtak hefur áratugareynslu af krefjandi verkefnum í málm- og véltækni. Viðskiptavinirnir geta treyst þjónustu okkar.

FRAMTAK
VÉLAVIÐGERÐIR OG ÞJÓNUSTA
NÝSMÍÐI OG BREYTINGAR
Traust þjónusta í 20 ár
Vesturhraun 1 - 210 Garðabæ - sími 535 5800 - www.framtak.is

• Er raflögnin orðin gömul eða úr sér gengin?
• Hefur þú áhyggjur af öryggi fjölskyldunnar?

ÓKEYPIS SKOÐUN!

Við hjá **Rafsól** skoðum eldri raflagnir og gerum kostnaðaráætlanir á þeim úrbótum sem þurfa þykir, **húseigendum að kostnaðarlausu**.

Fyrirbyggjum slys - aukum öryggi!

Upplýsingar í síma:
553 5600 og 696 5600 (Ómar)
rafsol@rafsol.is

RAFSÓL

Skúlagata 30 • 101 Reykjavík • Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

Rafsól er löggiltur rafverktaki og starfar í Reykjavík og nágrenni

EINN, TVEIR OG FRÍR 266.032

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

Ertu með slitgigt?

Haldið verður 3ja kvölda fræðslunámskeið fyrir fólk með slitgigt miðvikudagana 18. og 25. mars, og 1. apríl í húsnæði félagsins Ármúla 5 Reykjvík á 2. hæð. ***Sjá, www.gigt.is***

Frekari upplýsingar og skráning eru á skrifstofu félagsins í síma 530-3600.

Gigtarfélag Íslands

Kattasýning

Sýningin
Verður haldin dagana 14. og 15. mars nk í húsnæði Just4kids Miðhrauni 2, Garðabæ

10% sýningarafsláttur Vís/Agria
Sýningin er opin frá kl. 10 - 17.30 báða daganna

Kettir velja whiskas

Margrét Gísladóttir, Aliosha Romero

NOKKUR ORÐ
Ragnheiður Tryggvadóttir

Drengurinn sér um sína

Ég hef alltaf talið mig geta séð um mig sjálf og verið stolt af því. Hef jafnvel sagt grobbsögur af því hvernig það að flytja nánast að heiman sjö ára í heimavistarskóla, hafi mótað staðfasta sjálfsbjargarviðleitni. Ég hef líka oft haldið því fram að stelpur séu meira sjálfbjarga en strákar. Þær gangi í málin sjálfar meðan strákum er tamt að bíða eftir að einhver annar geri verkin fyrir þá. Ég hef meira að segja nuddað þvottadrengnum upp úr þessu þegar hann reynir að fá mig til að strauja fyrir sig skyrtur og sagt honum að hunskast bara til þess sjálfur.

Nú brá svo við að þvottadrengurinn ætlaði í ferðalag og ég sæti ein í kotinu í þrjá heila daga á meðan. Ég hafði nú litlar áhyggjur af því en þegar leið að kvöldmat fyrsta daginn hafði ég ekki gert neinar ráðstafanir. Drengurinn sér yfirleitt um matinn. Ég endaði því úti í búð eftir tilbúnum grjónagraut í pakka. Hann rann ágætlega niður þó tilfinnanlega vantaði í hann alla sál. Kvöldið eftir horfði ég á vísana á klukkunni nálgast sjö en hafði enn ekki gert neinar ráðstafanir um kvöldmat. Ég var orðin of góðu vön. Tvístígandi yfir því hvað ég ætti að gera varð mér hugsað til dýrindis heimagerðra hamborgara og nýbakaðs brauðs. Ég saknaði þvottadrengsins. Dauf í dálkinn opnaði ég ísskápinn til að finna mér gamlan ost til að naga. Þá rak ég augun í dularfullan bauk með bláu loki. Blessaður þvottadrengurinn hafði hugsað til mín og skilið eftir steiktan kjúkling í einni af sínum frábæru tupperware-dósum. Það er víst best að ég straui skyrturnar í kvöld.



myndasögur

Pondus
Eftir Frode Overli



Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið
Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell

Barnalán
Eftir Kirkman/Scott

Heimabíó Magnarar Hátalarar Snúrur Ferða DVD Veggfestingar

Bílgræjur Útvörp Vekjarar Hljómtæki Ferðatæki Prentarar Tölvuhátalarar

Flakkarar Mýs Lyklaborð Skrifanlegir diskar Tölvuvörur Fartölvutös Myndavélatöskur MP3 aukahlutir Tölvuleikjahlutir Nýir

Tölvuleikir á borði DVD - nýtt efni Seríur á DVD

Ray diskar Snúrur ÓdýrirDVD Heimasímar

Heyrnatól Hljómborð

Símahlutir GSM Myndavélar

Minniskort Straujárn

Frystiskápar Blásarar

Rakvélar Pizzaofnar

Vogir Viftur Hárvörur

Rafmagnspottar Brauðvélar

Töfrasprotar Hraðsuðukatlar

Kaffivélar Hitakönnur Senseo Kaffivélar

Pottar Pönnur Saumavélar Ryksugur Ryksugupokar

Barnavörur Roomba Heilsuvörur Batterí Fjöltengi Perur B-borð Örbylgjuofnar

Ísskápar Örbylgjuofnar í hillu Sjónvörp Amerískir ísskápar Þvottavélar Frystikistur

Ofnar Þurrkarar Vínkælar Helluborð Gufugleypar Eldavélar ofl.

Enn meiri afsl.

Á morgun lokum við verslun okkar í HOLTAGÖRÐUM.

Laugardag til sun. verða öll SÝNINGAREINTÖK á ótrúlegu verði og allt á að seljast.

15-90% afsl.

Verslun okkar í KAUPTÚNI heldur ótrauð áfram að tryggja LÁGT vöruverð á raftækjum.

Nýtt kortatímabil

OPNUNARTÍMI

Mánudaga	kl. 11-19	Föstudaga	kl. 11-19
Þriðjudaga	kl. 11-19	Laugardaga	kl. 11-18
Miðvikudaga	kl. 11-19	Sunnudaga	kl. 12-18
Fimmtudaga	kl. 11-19		

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

MAX RAFTÆKI

! **Kl. 17.00**
Þriðja sýning á sviðsetningu Antonys Mingella (English Patient, Ripley´s game) á Madame Butterfly verður í dag í Kringlubíó kl. 17. Troðfullt var á fyrri sýningarnar tvær. Óperur í beinni frá Metropolitan hitta í mark. Svo er bein útsending í kvöld frá Metropolitan á Rás 1 þar sem Kristinn Sigmundsson syngur á móti Rene Fleming.

menning

menning@frettabladid.is

Þrjú verk eftir Andrés flutt

Næstu sunnudaga flytur Útvarpsleikhúsið nýjan þríleik eftir Andrés Indriðason sem Ásdís Thoroddsen leikstýrir. Í þremur sjálfstæðum leikverkum eru sögur af Íslendingum. Í hverju verki eru tvær persónur, venjulegir Íslendingar sem heita venjulegum nöfnum, Jón og Sigríður. Verkin eiga það sameiginlegt að þau gerast á skömmum tíma, á sólarhring, eina dagstund eða eina klukkustund á okkar tímum. Sögusviðið er í Reykjavík, Borgarfirði og á Snæfellsnesi. Verkin heita Sól og blíða í Paradís, Sannleikurinn og lífið og Í Undralandi.

Í fyrsta verkinu sem flutt er á morgun, Sól og blíða í Paradís, segir af Jóni sem vill koma konu sinni, Sigríði, á óvart að morgni gullbrúðkaupsdags þeirra. Hann leggur af stað í ferðalag í jeppa sínum með stórt hjólhýsi í eftirdragi og er þögull sem gröfin þegar kona hans vill vita hvert þau séu að fara. Segir það eitt að hann ætli að koma henni á óvart. Og það tekst honum – og sjálfum sér líka. Margrét Guðmundsdóttir og Pétur Einarsson fara með hlutverk þeirra hjóna. Hljóðvinnslu annast Ragnar Gunnarsson.



LEIKLIST Andrés Indriðason

> Ekki missa af...

Á morgun kl. 15 tekur Helgi Gíslason þátt í leiðsögn um sýningu sína VERUND í Hafnarborg. Helgi er á meðal þekktustu myndhöggvara þjóðarinnar og á sýningunni eru nýjar lágmyndir, teikningar og skúlptúrar. Einnig eru skissur sem sýna vel hugmyndavinnu listamannsins.

MANNAMYNDIR JIM SMART

Í tengslum við ljósmyndasýningu Blaðaljósmyndarafélags Íslands í Gerðarsafni, Mynd ársins 2008, hefur félagið kallað til heiðursfélaga, Jim Smart ljósmyndara. Hefur Jim valið nokkrar myndir úr sínu stóra myndasafni, sem nú telur yfir tvær milljónir verka. Eru það allt saman portrett, mannamyndir, frá þriggja áratuga ferli hans við blaðaljósmyndun.

Við skoðun rifjast margar þessara mynda upp: hin einstaka mynd af Finni Jónssyni eða glaðhlakkalegt portrett af Halldóri Laxness. Jim kom til Íslands 1972 með Sigurlaugu konu sinni en þau kynntust þar ytra. Jim stundaði nám í listaskóla í Lowestoft í Austur-Anglíu og lærði þar grunninn í ljósmyndun. Þegar hingað kom fór hann að vinna við auglýsingateiknun eins og það hét þá fagið sem nú kallast hönnun. Hann fór fljótt að taka myndir og var ráðinn í það verk á Vikunni. Þaðan lá leiðin á Dagblaðið 1975 og fimm árum síðar á Helgarpóstinn þar sem Jim hóf mannamyndir upp á hærra stig, þeim var loks gefið rými og úrvinnsla hans á myndunum gerði þær sterkari í hvítum tilbrigðum og dökkum grunni. Hafa margir elt þá slóð síðan og sú dramatíska dirfska sem hann stundaði hafði ekki síður áhrif á marga í tökum á stafrænar vélar þegar þær komu til.

Jim tók fyrst á filmur og vann myndir sínar mikið í framköllun fyrir prentun. Eftirvinnslan var í þann tíma meira erfiði, handverk sem sumir urðu góðir í en aðrir ekki. Nú vinna menn myndir sínar á skjá en verða að þekkja litprentið, pappírinn til að elta rétta ásýnd ljósmyndarinnar sem þeir vilja hneppa.

Jim starfaði eftir daga Helgarpóstsins á ýmsum blöðum: Þjóðviljanum, Pressunni, Helgarblaðinu og Moggnum. Hann hefur prýtt öll þau blöð sem hann hefur starfað við. Myndirnar frá sýningunni eru sýnilega frá nokkuð löngu tímabili á ferlinum en allar bregða þær skýru ljósi á þær persónur sem þeim er ætlað að lýsa. Það er Blaðaljósmyndarafélagið sem stendur fyrir sýningunni í samstarfi við Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

pbb@frettabladid.is



FINNUR JÓNSSON LISTMÁLARI Ein af myndum Jim Smart á sýningunni

MÁLVERKAUPPBOÐ Í GALLERÍ BORG, SUNNUDAGINN 15. MARS KL. 20:30

NÚ ER DAGINN FARIÐ AÐ LENGJA, STUTT Í SUMARIÐ. VIÐ FÖGNUM ÞVÍ.
EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON SKEMMTIR GESTUM. BOÐIÐ VERÐUR UPP Á VEITINGAR



SÝNING UPPBOÐSVERKA FER FRAM Í GALLERÍ BORG, SKIPHOLTI 35 Í DAG, LAUGARDAG KL. 11 TIL 17 OG Á MORGUN, SUNNUDAG KL. 13 TIL 17

Nú er rétti tíminn til að fjárfesta í verkum gömlu meistaranna

Galleri BORG
Skipholti 35
105 Reykjavík. sími 511 7010
Gsm: 847-1600
petur@galleriborg.is

Ath !
Uppboðið hefst kl. 20:30 og lýkur um kl. 22:10

TÖLVULEIKJA MARKAÐUR

Mikill fjöldi titla í boði á frábæru verði!

TÖLVULEIKIR

999.-

999.-

999.-

1.999.-

1.999.-

999.-

2.999.-

1.999.-

999.-

4.699.-

2.999.-

999.-

Fáanlegt í Skeifu, Kringlu, Smáralind, Holtagörðum og Akureyri*
*Allt úrvalið færst í Hagkaup Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

Gildir til 19. mars eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Tískuverslunin
Yfir 46
Rýmum til fyrir nýjum vörum.
35% afsláttur af öllum vörum verslunarinnar til 21. mars.
Borgarbraut 55
310 Borgarnesi
Sími: 4371930
Opnunartími:
Virka daga 13-18
Laugardaga 12-14

Listaháskóli Íslands
Umsóknir 27.03.09
Arkitektúr
Hönnun
Myndlist
Tónlist
30.04.09 Listkennsla
Rafrænar umsóknir og nánari upplýsingar eru á www.lhi.is
LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 14. mars

Tónleikar

14.00 **Nemendur Tónlistarskólans í Reykjavík** verða með tónleika í Norræna húsinu við Sturlugötu. Á efnisskránni eru m.a. verk eftir **Mozart** og **Haydn**. Aðgangur er ókeypis.

20.00 **Gunnar Þórðason** spjallar og spilar fyrir áheyrendur í Tónbergi, tónlistarsal Tónlistarskólans á Akranesi við Dalbraut.

20.00 Sópran söngkonurnar **Auður Gunnarsdóttir**, **Elín Ósk Óskarsdóttir**, **Hulda Björk Garðarsdóttir** og **Þóra Einarsdóttir** verða með tónleika í Íslensku Óperunni við Ingólfsstræti.

20.00 **Magnús Þór Sigmundsson** er gestur **Jóns Ólafssonar** í tónleikaröðinni **„Af fingrum fram“** sem verður í kvöld á Græna Hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri.

Söngleikir

17.00 **KFUM** og **KFUK** sýna rokkóperuna **Hero** í Loftkastalanum við Seljaveg.

Leiklist

20.00 **Elvar Logi Hannesson** flytur einleik um Gísla Súrsson á Sögulofti Landnámssetur við Brákarbraut á Borgarnesi.

Nám

14.00 **Endurmenntun Háskóla Íslands** við Dunhaga 7 verður með kynningu á námsbrautum sem hefjast haustið 2009. Nánari upplýsingar á www.endurmenntun.is.

Töfrabrögð

Sýningin **„Heimur töfra og dirfsku“** í Iðnó við Vonarstræti. Fram koma **Lalli töframaður**, **sjónhvefingamaðurinn John**, **Pétur pókus** og **Sirkustrúðurinn Wally**. Tvær sýningar verða í dag kl. 15.00 og kl. 20.30.

Dansleikir

23.30 **Papar** spila á Players við Bæjarlind 4 í Kópavogi.

Tónlist

21.00 **Steed Lord** verða Á Q Bar við Ingólfsstræti 3. **Danni Deluxxx**, **Sykur** og **Jungle Fiction** sjá um upphitun.

21.30 Rokkveisla á Sódóma Reykjavík við Tryggvagötu. Fram koma **Agent Fresco**, **Vicky**, **Skorpulifur**, **Nögl**, **Bad Carburetor**, **Thingtak**, **What About** og **Sudoku**.

23.00 **Deep Jimi and the Zep Creams** verða á Grand Rokk við Smiðjustíg.

Ljósmyndasýningar

Í Minjasafninu á Akureyri við Aðalstræti 58, hefur sýningin **„Þekkir þú áningarstaðinn“** verið framlengd til 22. mars. Þar leitar safnið eftir aðstoð glöggra einstaklinga við að setja nöfn á andlit og áningarstaði á um 80 óþekktum myndum. Opið um helgar kl. 14-16.

í **Þjóðminjasafninu** við Suðurgötu hefur verið opnuð sýning á ljósmyndum sem sýna börn við vinnu á sjó og á landi á árunum 1920-1950. Opið þri.-sun. kl. 11-17.is

Myndlist

Sesselja Tómasdóttir sýnir olíumálverk á Mokka við Skólavörðustíg 3a. Sýningin er opin daglega 09.00 – 18.30 lýkur fimmtudaginn 19. mars.

Opnuð hefur verið í **Skaftfelli**, miðstöð myndlistar við Austurveg á Seyðisfirði, sýning **sex nemenda LHÍ** auk tveggja nemenda frá Listaháskólanum Valand í Gautaborg. Sýningin er opin mið.-fim. kl. 13-17 og föst. – sun. kl. 13-20.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 15. mars 2009

Tónleikar

16.00 **Alexandra Chernyshova** sópran söngkona verður með tónleika í félgasheimilinu við Klapparstíg á Hvammstanga. Á efnisskránni verða lög eftir **S. Rachmininov**.

16.00 **Þórir Jóhannsson** kontrabassaleikari og **Sólveig Anna Jónsdóttir** píanóleikari verða með tónleika í Dalvíkurkirkju á Dalvík þar sem á efniskránni verða m.a. verk eftir **Schubert** og **Bottesini**. Aðgangur er ókeypis.

16.00 **Karlakór Reykjavíkur** heldur sína árlegu vortónleika í Langholtskirkju við Sólheima. Einnig mun koma fram Drengjakór Reykjavíkur.

17.00 **Kvintett Lýðveldisins Íslands** verður með tónleika í Aðventkirkjunni við Ingólfsstræti 19. Kvintettinn sérhæfir sig í flutningi sönglaga án undirleiks. Á efnisskránni verða m.a. ættjarðar- og dægurlög.

20.00 **Magnús Eiríksson** er gestur **Jóns Ólafssonar** í tónleikaröðinni **„Af fingrum fram“** sem verður í kvöld á Græna Hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri.

Leiklist

20.00 Stúdentaleikhúsið sýnir leikverkið **„Þöglir farþegar“** eftir **Snæbjörn Bynjarsson** að Eyjaslóð 1b í Örfirisey.

Söngleikir

17.00 **KFUM** og **KFUK** sýna rokkóperuna **Hero** í Loftkastalanum við Seljaveg.

Kvikmyndir

15.00 Heimildarmyndin **„Grenada, Grenada, Grenada mín“** eftir **Roman Karmen** sem fjallar um borgarastyrjöldina á Spáni, verður sýnd í MIR-salnum við Hverfisgötu 105. Aðgangur ókeypis.

Töfrabrögð

16.00 Sýningin **„Heimur töfra og dirfsku“** í Iðnó við Vonarstræti.

Leiðsögn

15.00 **Sjón** og **Jóhann Hjálmarsson** fjalla um ritverk og myndlist **Alfreðs Flóka** í tengslun við sýninguna **Skuggadrengur**. Listasafn Reykjavíkur við Tryggvagötu.

15.00 **Helgi Gíslason** myndhöggvari verður með leiðsögn um sýningu sína **VERUND** í Hafnarborg við Strandgötu 34, í Harnarfirði.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Fridu frestað

GUNNAR EYJÓLFSSON

Ekkert lát er á vinsældum sýningarinnar Hart í bak eftir Jökul Jakobsson sem frumsýnd var 17. október sl. Því hefur verið ákveðið að framlengja sýningartímabilið fram í maí. Einnig þarf að rýmka fyrir Kardemommubæ. Nú þegar eru hátt í fimmtíu sýningar uppseldar, enda rjúka sýningarnar út um leið og þær koma í sölu.

Því er frumsýningu á Frida, viva la vida, frestað til haustsins. Hún verður frumsýnd á Stóra sviðinu í byrjun september. Á næstu þremur vikum frumsýnir Þjóðleikhúsið þrjú verk á þremur sviðum. Í gærkvöldi var Þrettándakvöld frumsýnt á Stóra sviðinu í leikstjórn Rafaels Bianciotto, sem er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Nemendaleikhúss LHÍ. Verkið Eterinn verður frumsýnt á Smíðaverkstæði 20. mars og helgina þar á eftir Sædýrasafnið eftir Marie Darrieussecq í Kassanum.

- pbb

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

Lau 14/3 kl. 14:00 U	Sun 29/3 kl. 14:00 U	Sun 19/4 kl. 17:00 U
Sun 15/3 kl. 14:00 U	Sun 29/3 kl. 17:00 U	Lau 25/4 kl. 14:00 U
Sun 15/3 kl. 17:00 U	Lau 4/4 kl. 14:00 U	Lau 25/4 kl. 17:00 U
Lau 21/3 kl. 14:00 U	Lau 4/4 kl. 14:00 U	Sun 26/4 kl. 14:00 U
Lau 21/3 kl. 17:00 U	Sun 5/4 kl. 17:00 U	Sun 26/4 kl. 17:00 U
Sun 22/3 kl. 14:00 U	Sun 5/4 kl. 17:00 U	Þri 28/4 kl. 18:00 aukas. U
Sun 22/3 kl. 17:00 U	Lau 18/4 kl. 14:00 U	Sun 3/5 kl. 14:00 U
Lau 28/3 kl. 14:00 U	Lau 18/4 kl. 17:00 U	Sun 3/5 kl. 17:00 U
Lau 28/3 kl. 17:00 U	Sun 19/4 kl. 14:00 U	Þri 5/5 kl. 18:00 U

Ósóttar pantanir seldar þremur dögum fyrir sýningu

Hart í bak (Stóra sviðið)

Mið 18/3 kl. 20:00 U	Mið 1/4 kl. 20:00 aukas.
Mið 25/3 kl. 20:00 aukas. Ö	Fim 2/4 kl. 20:00 aukas.

Þrettándakvöld (Stóra sviðið)

Fim 19/3 kl. 20:00 2.sýn. Ö	Fös 27/3 kl. 20:00 5.sýn.	Fös 17/4 kl. 20:00 8.sýn
Fös 20/3 kl. 20:00 3.sýn. Ö	Fös 3/4 kl. 20:00 6.sýn.	
Fim 26/3 kl. 20:00 4.sýn.	Fim 16/4 kl. 20:00 7.sýn.	

Í samstarfi við Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands

Sædýrasafnið (Kassinn)

Þri 24/3 kl. 21:00 fors. Ö	Fös 3/4 kl. 21:00	Fös 24/4 kl. 21:00
Fim 26/3 kl. 21:00 fors. Ö	Sun 5/4 kl. 21:00	Lau 25/4 kl. 21:00
Fös 27/3 kl. 21:00 frums. U	Fös 17/4 kl. 21:00	
Lau 28/3 kl. 21:00 Ö	Lau 18/4 kl. 21:00	

Ath. snarpt sýningatímabil

Skoppa og Skrítla í söng-leik (Kúlan)

Lau 14/3 kl. 13:00 Ö	Lau 21/3 kl. 13:00 Ö	Lau 28/3 kl. 13:00 U
Lau 14/3 kl. 14.30 Ö	Lau 21/3 kl. 14:30 Ö	Lau 28/3 kl. 14:30 Ö

Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

Eterinn (Smíðaverkstæðið)

Mán 16/3 kl. 21:00 fors. Ö	Fös 20/4 kl. 21:00 frums. Ö	Fös 27/3 kl. 21:00
Þri 17/3 kl. 21:00 fors. Ö	Fim 26/3 kl. 21:00	Fös 17/4 kl. 21:00
Fim 19/3 kl. 21:00 fors. Ö	Fös 27/3 kl. 21:00	

Við auglýsum eftir borgurum frá landinu öllu sem hafa hugrekki til að fara inn á þing og hreinsa út spillinguna í samfélaginu

Kröfur til umsækjenda:

1. Að þeir finni til þeirrar borgaralegu skyldu að vilja uppræta spillingu í samfélagi sínu.

2. Að hafa EKKI verið áður á þingi. Við höfum slæma reynslu af því að treysta stjórnmálamönnum til að sjá um samfélagið okkar.

Umsækjendur og aðrir sem vilja hjálpa geta skráð sig á xo.is, hringt í kosningastjórana Jóhann 897 7099 eða Lilju 699 4455

BORGARAHREYFINGIN
þjóðin á þing
XO.IS

LJÓSMYNDIR Eitt verka Keiko á sýningunni í Skotinu.

Kyrrt vatn og snjór

Keiko Kurita er ungur japanskur listamaður og ljósmyndari. Hún er orðin hagvön hér á landi og hefur sótt hingað viðfangsefni í myndir sínar. Nú er komið að því að hún sýni hér á landi en á fimmtudag hófst sýning hennar, Kyrrt vatn, í Skotinu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur og stendur hún til 5. maí. Sýningin er styrkt af Nomuramenningarstofnuninni í Japan.

Keiko hefur sótt Ísland heim sjö sinnum á tímabilinu 2004-2006. Sýningin Kyrrt vatn samanstendur af myndröð þar sem kastljósinu er beint að íslenskri vetrarstemningu: „Hin undarlega kyrrð landslagsins, brot úr vetrarlífi eins og sundlaugar með heitu vatni sem á upptök sín í heitum hverum og göngutúrar á frosnum stöðuvötnum draga fram hlýju og fegurð í óhemju kaldri veröld.“ Á sýningunni eru 10 c-týpu print ásamt bók sem er fáanleg í aðeins tíu eintökum. Bókin er myndafrásögn 43 ljósmynda og eru tíu þeirra sýndar í myndvarpasýningunni.

Keiko valdi 10 print (ca 40x40cm) sem ná fram helstu aðalatriðum myndraðarinnar.

Þess má geta að einnig verður sýning á verkum Keiko opnuð í Listasafni ASÍ 4. apríl og mun standa til 26. apríl. Sýningin ber heitið tree/sleep sem samanstendur einnig af 10 c-týpu printum. Grænn andi svífur yfir vötnum á þeirri sýningu og eru sýningarnar ólíkar að því leyti en það sem einkennir þær báðar er hins vegar sérstakt næmi og hreint gegnsætt yfirbragð.

- pbb

Sumar 2009

Áfangastaðir Úrvals-Útsýnar í sólina í sumar eru valdir af kostgæfni og gististaðirnir uppfylla allar gæðakröfur. Njóttu sumarfrísins á bestu kjörum á góðum stað. Tenerife, Marmaris, Madeira, Meloneras, þitt er valið.

Úrval-Útsýn – Lágmúla 4 – 108 Reykjavík – Sími 585 4000 – info@uu.is – www.uu.is

ÚRVAL·ÚTSÝN

Verðdæmi miðað við 2 fullorðna: 89.990 kr. **Innifalið:** Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting.
Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

MasterCard VISA

Margar hendur vinna létt verk

PIPAR • SÍA • 90443

Umsóknum skal skila í síðasta lagi 8. apríl með vefumsókn á www.lv.is

Samstarfsaðilar óskast!

Við leitum eftir samstarfi við félagasamtök, sveitarfélög og stofnanir sem ætla að vinna að verkefnum á sviði umhverfis- eða ferðamála í sumar.

Við bjóðum fram krafta vinnuhópa ungmenna á aldrinum 16 til 20 ára sem starfa hjá okkur á sumrin. Hóparnir sinna viðhaldi og snyrtingu í nágrenni mannvirkja okkar en um árabil hafa þeir sinnt umhverfismálum og bætt aðstöðu til útivistar og ferðamennsku víða um land. Við viljum eiga samstarf um verkefni sem lúta að ræktun, hreinsun og öðrum umhverfisbótum ásamt t.d. stígagerð og stikun gönguleiða.

- **Við bjóðum fram** vinnuframlag unglinganna og flokkstjórn yfir þeim.
- **Við óskum eftir** að samstarfsaðilar leggi fram vel skilgreind verkefni, samkvæmt nánari lýsingu á umsóknareyðublaði sem er að finna á vefsíðu Landsvirkjunar, **www.lv.is**.

Nánari upplýsingar veita: Þorsteinn Hilmarsson upplýsingafulltrúi og Ragnheiður Ólafsdóttir umhverfisstjóri í síma **515 9000** – **thorsteinn@lv.is** og **ragnheidur@lv.is**.

Landsvirkjun

> FARÐI FRÁ GARETH PUGH

Enski hönnuðurinn **Gareth Pugh** staðfesti orðróm í síðustu viku um að hann væri að setja á fót förðunarlínu. Líkt og með fatnað hans má búast við sérstaklega frumlegum vörum.

stíll

utlit@frettabladid.is

... dimmfjólublátt naglalakk frá nýju Bohemian Fantasy línu Chanel. Seiðandi!

OKKUR LANGAR Í ...

... nýju sumarlitina á augun frá Make Up Store í grænum og fjólubláum tónum.

... unaðslega tælandi nýjan hunangs og sítrónuilm með glimmeri frá L'Occitane.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

Eighties-jakkar og varalitur

Í fljótu bragði virðist tískan sem hönnuðir boðuðu fyrir næsta haust og vetur á nýafstaðinni tískuviku í París einkennast af áhrifum frá fimmta áratugnum og hinum níunda ásamt fjöldanum öllum af mótorhjólaleðurjökkum. Fyrir þá sem vilja fylgja nýjustu straumunum áður en þeir koma í verslanir eru ákveðnir hlutir sem maður ætti greinilega að eiga í fataskápnum. Herralegir blazerjakkar eru enn afar heitir en í þetta sinn eru þeir með afskaplega þröngum ermum sem eiga væntanlega að láta okkur líta út fyrir að vera með súpermjóa handleggi. Balenciaga var til dæmis með níðþröngar ermar á silkijökkum sem skörtuðu rennilás til að gera þær enn þrengri. Hlébarðamynstur eru víst ennþá heit samkvæmt Parísartískunni, ásamt slatta af pallíettum og glitri. Sniðug leið til að ná „eighties" Duran Duran-lúkkinu án þess að verða hallærislegur er að klæða sig í stóran herralegan blazer með breiðum herðum, bretta upp ermarnar og vera í níðþröngum gallabuxum eða leggings við. Þær djörfu ættu að notfæra sér litagleðina sem tröllreið öllu og sækja innblástur í bláa hlébarðamynstraða kjóla hjá Lanvin eða skærappelsínugular peysur hjá Christopher Kane. Svo má geta þess að mikill andlitsfarði er í tísku. Augu eru stórýkt með miklum kattarlegum augnskugga og varirnar iðulega rauðar.



FRAMTÍÐARLEGT Ævintýralegur kjóll með breiðum herðum og mjöðmum alsettur kristöllum.

PÁFUGL Dásamlega fallegur dimmblár kjóll með risavöxnum páfugli.

SIMPANSATASKA Fylgihlutir Arora Manish vöktu mikla athygli.

FIÐRILDI Hreint ótrúlegt dress sem minnir á einhvers konar skrautlegt skordýr.

INDVERSK EXÓTÍK Í PARÍS

Manish Arora heillar tískuheiminn

Indverski hönnuðurinn Manish Arora hélt eina litríkustu sýninguna á nýyfirstaðinni tískuviku í París. Honum var lýst af tískuspekúlöntum sem einum af trylltustu hugsjónamönnum tískuheimsins í dag og sendi fyrirsætur eftir pallinum skreyttar fuglum, dýrum og öllum regnbogans litum. Einnig var að finna veski í formi ljónshöfuðs og simpansahöfuðs úr swarovski-kristöllum. Exótísk og skemmtilega dramatísk sýning sem sannarlega lífgaði upp á tískuvikuna.

- amb

RÁÐSTEFNA Á NORDICA HILTON REYKJAVÍK 19. MARS

FRUMKVÆÐI
FÆRNI
FORYSTA

DAGSETNING: 19. mars 2009 TÍMASETNING: 8:00 - 13:00
STAÐSETNING: Nordica Hilton Reykjavik
SKRÁNING: www.mbahi.is og www.mba.is
ÞÁTTTÖKUGJALD: 9.500 kr.

FRUMKVÆÐI, FÆRNI, FORYSTA er yfirheitið á ráðstefnu MBA 2009 -lykilþættir til að koma nýjum hugmyndum í framkvæmd.

DAGSKRÁ

8:00 Skráning og afhending gagna
8:30 Setningarávarp Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra
8:45 Vandamálið sem varð að fyrirtæki
Frosti Sigurjónsson stofnandi Dohop.
9:15 Gagnaver á Íslandi í náinni framtíð
Sveinn Óskar Sigurðsson, stjórnarformaður Greenstone á Íslandi.
9:45 Kaffihlé
10:00 3G local - Be connected
MBA-nemar á 2. ári.
10:30 Nýting atvinnuhúsnæðis til góðs
MBA-nemar á 1. ári.
11:00 Hlé
11:15 Pallborðsumræður
Magnús Ragnarsson framleiðandi stýrir pallborðsumræðum
Ingjaldur Hannibalsson, deildarforseti Viðskiptafræðideildar
Sigríður Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar
Hilmar Bragi Janusson, framkvæmdastjóri hjá Össuri hf.
Eyþór Jónsson, framkvæmdastjóri Klaks
13:00 Ráðstefnuslit - Kaffi
Anna María Proppé, formaður félags MBA frá HÍ.

MBA-HÍ MBA

Ráðstefnan er haldin á vegum félags viðskiptafræðinga MBA frá HÍ og MBA-námsins við Háskóla Íslands - www.mbahi.is.

Handverks-samkeppni

Melrakkaseturs Íslands ehf

Melrakkasetur Íslands ehf efnir til samkeppni um handverk til að selja í netverslun og á sýningu um íslenska melrakkann sem staðsett verður í Súðavík. Óskað er eftir tillögum að handverki sem getur flokkast undir t.d. nytjahluti, listmuni eða klæðnað og hefur tilvísun í íslenska melrakkann (tófuna). Efnisval er frjálst og hægt er að senda inn fleiri en eina tillögu. Dómnefnd mun fara yfir allar innsendar tillögur og velja úr þeim. Stjórn félagsins mun í framhaldi óska eftir samningi um sölu vörunnar við viðkomandi höfunda.

Frekari upplýsingar um samkeppnina er að finna á heimasíðu Melrakkaseturs Íslands ehf á slóðinni: www.melrakkasetur.is
Sýnishornum, ljósmyndum eða öðrum upplýsingum um tillögurnar skal skila til Melrakkaseturs Íslands ehf, Grundarstræti 3, 420 Súðavík fyrir 1. maí 2009.

Skemmtilegustu fermingargjafirnar

Guitar Hero 4 PS3
World Tour Super Bundle
einnig fáanlegt á
WII,PS2 OG XBOX360

37.999 •

SINGSTAR

• 4.999

• 11.999

20% AFSLÁTTUR

20% afsláttur

20 % afsláttur af öðrum Singstar diskum

NÝIR TÖLVULEIKIR

8.999 •

6.499 •

PLAYSTATION3

69.999 •

- 80GB Harður Diskur
- Þráðlaus DualShock 3 stýripinni
- Resistance 2 fylgir

PLAYSTATION2

24.999 •

TOSHIBA

L300D-14Y
- AMD Dual Core X2 QL-62 Turion64 örgjörvi, 2.0GHz
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 15.4" WXGA TruBrite skjár með 1280x800 upplausn
- 256MB ATI Radeon 3100 PCI-E16X skjástýring með HyperMemory
- 0.3MP vefmyndavél sem þekkir andlit
- Windows VISTA Home Basic

• 99.999

Nýtt kortatímabil

TOSHIBA

P300-1DA
- Intel Pentium Dual-Core T3200 2.0GHz
- 3 GB DDR 800 MHz
- 250GB SATA 5400rpm diskur
- 17" WXGA TRUBRITE 8ms Skjár
- 256MB ATI HD3470 Skjákort HDMI
- 1.3 MP vefmyndavél sem greinir andlit
- Windows Vista Home Premium

• 149.999

BT

BT Smáralind • BT Akureyri • www.bt.is • Sími 550 4444

> SKILDI LÍFVÖRÐINN EFTIR

Leikkonan Lindsay Lohan skildi einn lífvarða sinna eftir í óvissu í Las Vegas þegar hún lét sig hverfa frá Las Vegas eftir rifrildi við kærustu sína, Samönthu Ronson. Lindsay og Samantha rifust eins og hundur og köttur og Ronson stakk af. Þá rauk Lindsay á eftir henni og gleymdi því að lífvörðurinn var með í för. Það síðasta sem sást til hans var þegar hann reyndi að koma sér aftur til Los Angeles.

fólk

folk@frettabladid.is

HIN HLIÐIN SARA MARÍA JÚLÍUSDÓTTIR Í NAKTA APANUM

Elskar alla og trúir á alls konar bull

Hvað er að frétta? Við erum að breyta Nakta apanum aðeins þannig að búðin er lokuð núna. Svo er ég byrjuð á hugmyndavinnu fyrir Airwaves 2009, er að fara til Vestmannaeyja að kenna smá, undirbúa sýningu í Norræna húsinu – Nordic Fashion Biennale og er í spennandi verkefni í Bretlandi.
Augnlitur: Stjörnuþoka.
Starf: CEO.
Fjölskylduhagir: Ég elska alla.
Hvaðan ertu? Ég á velska ömmu, franskan langafa, kínverska langalangömmu og rússneska forfeður. Ég er alheimsbarn.
Ertu hjátrúarfull? Ég trúi á alls konar bull.
Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Allt með dýrum, en ég elskaði Transformers og get ekki beðið eftir að nr. 2 komi.
Uppáhaldsmaturinn: Ommilettur og kótilettur.
Fallegasti staðurinn: Vinnustofan mín.
iPod eða geislaspilari: Magnari.
Hvað er skemmtilegast? Dýragarðar og rússíbanar.
Hvað er leiðinlegast? Rottan!
Helsti veikleiki: Ég er He-Man.
Helsti kostur: Ég trúi að ég geti snert stjörnurnar, ég hvet fleiri til að tileinka sér þá tilfinningu.
Helsta afrek: Börnin mín eru snilld, merkilegar manneskjur sem ég á að vinum. Svo að ná að halda búðinni minni opinni.
Mestu vonbrigðin? Þegar mysudrykkurinn Garpur var tekinn af markaðnum.
Hver er draumurinn? Að eignast Liger, sem er afkvæmi ljóns og tígrisdýrs og eru risavaxnir!
Hver er fyndnastur/fyndnust? Ásgrímur Már Friðriksson, fatahönnuður og lífskúnstner, Árni Hlöðversson, söngvari FM BELFAST, og síðast en ekki síst Ólöf Skaftadóttir, „she´s my favorite dog“.
Hvað fer mest í taugarnar á þér? Þegar ég er á 1.000 földum yfirsnúning og næ samt ekki að gera allt sem ég ætla mér.
Hvað er mikilvægast? Að gæta að sál og líkama, ef allt þrýtur er það það eina sem þú átt

Höfum opnað

Nýtt Outlet verslun með barna og unglingafatnað.
Full verslun af flottum vörum frá m.a. **Babyface, LCKR, Roxy, Tony Hawk, O´Neill** og margt, margt fleira á frábærum verðum - kíktu við.

RIHANNA Söngkonan Rihanna, sem er þekktust fyrir lagið Umbrella, virðist hafa fyrirgefið Chris Brown.

Tóku upp ástardúett

Söngvararnir Chris Brown og kærasta hans, Rihanna, hafa hljóðritað dúett saman. Lagið þykir vera sykursætt og tilfinningaríkt og fjallar textinn um þær áskoranir sem fylgja ástarsambandi. Brown hefur verið ákærður fyrir að hafa ráðist á Rihönnu í síðasta mánuði þannig að stórsá á henni. Miðað við dúettinn virðist hún hafa fyrirgefið honum verknaðinn. „Ég finn bæði til með Chris og Rihönnu vegna þess sem gerðist,“ sagði upptökustjóri lagsins, Polow Da Don. Hinn nítján ára Brown hefur beðist afsökunar á árásinni. „Orð geta ekki lýst því hversu sorgmæddur ég er yfir því sem gerðist,“ sagði hann í yfirlýsingu sinni.

KAMUI Þjóðverjarnir Dominik og Patrich skipa hljómsveitina Kamui.

Þýskt stuð hjá Kamui

Þýsku plötusnúðarnir Kamui spila á Nasa í kvöld. Kamui samanstendur af félögunum Dominik Felsmann og Patrich Scheidt sem kynntust á netinu vegna áhuga beggja á danstónlist. Þeir hittust fyrst árið 2003 og ákváðu í framhaldinu að búa til tónlist saman.

Kamui hafa skapað sinn eigin hljóm og eru með sérstakan stíl. Þeim hefur tekist að tvinna saman ólíka þætti danstónlistar með flottri útkomu. Tvær plötur eru væntanlegar fyrir sumarið með Kamui sem nefnast Thrill Kill og Excee og hafa þær þegar fengið góðar viðtökur gagnrýnenda.

Alexandra áfram

Í SMÁRALIND Alexandra Elfa Björnsdóttir fær að keppa í Smáralind eftir að henni var úthlutað svokölluðu „WildCard“-sæti í Idol-stjörnuleit Stöðvar 2.

Alexandra Elfa Björnsdóttir fékk óvænta gjöf í gærkvöldi þegar tilkynnt var að hún hefði hlotið sérstakt „wildcard“-sæti í Idol-stjörnuleit Stöðvar 2. Að sögn Pálma Guðmundssonar, sjónvarpsstjóra Stöðvar 2, var þetta gert í fullu samráði við erlenda eigendur Idol-keppninnar. „Alexandra fékk flest atkvæði þeirra sem ekki komust áfram og því fékk hún sætið.“

Björn Jörundur Friðbjörnsson var sérlegur aðdáandi Alexöndru og barðist fyrir því að láta hana fá fimmta sætið í síðasta þætti. Alexandra varð þó að horfa á eftir því í hendurnar á Guðrúnu Lísu Einarsdóttur en sú ákvörðun olli nokkrum titringi meðal annarra keppenda en Guðrún Lísa hafði sungið bakraddir í þriðju Idol-seríunni. Pálmi þvertekur fyrir að ákvörðunin hafi eitthvað með það mál að gera. „Nei, hér er ekkert stórt samsæri á seyði. Alexandra er vinsæl og vel að þessu sæti komin.“

Sekt og sýkna í máli sonar Ladda

Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði Eirík Jónsson, ritstjóra Séð og heyrt, og blaðamann tímaritsins, Svan Má Snorrason, í meiðyrðamáli sem Ívar Örn Þórhallsson höfðaði á hendur því vegna fyrirsagnarinnar „Sonur Ladda: Hommi á barnalandi“. Fyrirsögnin birtist á forsíðu blaðsins í lok ágúst og krafðist Ívar Örn 400 þúsund króna í miskabætur og að fyrirsögnin yrði dæmd dauð og ómerk.

Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu Ívar Örn hefði sjálfur átt upptökin að umræddu máli, hann hefði lýst því yfir á opnu vefsvæði að hann væri að koma út úr skápnum sem hommi. Fyrirsögnin „Hommi á barnalandi“ væri því ekki röng í sjálfu sér eins og umfjöllun Ívars Arnar um kynhneigð sína var háttað á vefsvæðinu. Þá kemst dómurinn jafnframt að þeirri niðurstöðu að í fréttinni sjálfri hafi sjónarmið Ívars um að þetta hafi verið grín komið skýrt fram. Að sögn lögmanns Ívars, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar, eru meiri líkur en minni að dómnum verði áfrýjað til Hæstaréttar.

Útgáfufélagið Birtingur var hins vegar dæmt fyrir að taka myndir í leyfisleysi af vefsvæði Ívars og nota í umrædda frétt. Var Birtingi gert að greiða Ívari Erni 180 þúsund krónur í skaðabætur og 600 þúsund krónur í málskostnað. Þetta er í annað sinn á tiltölulega skömmum tíma sem Birtingur er dæmt fyrir slíkt athæfi. Hið fyrra var í Tarantino-málinu svokallaða.

- fgg

ÍVAR ÖRN ÞÓRHALLSSON Séð & Heyrt var sýknað í meiðyrðarmáli sonar Ladda.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÓSÁTTUR Bono, söngvari U2, býst við því að viðurlög við niðurhali verði hert á næstunni.
NORDICPHOTOS/GETTY

Bono mótmælir niðurhali á tónlist

Bono, söngvari U2, er ósáttur við tónlistaraðdáendur sem hala tónlist niður ólöglega. Hann staðhæfir að lög gegn niðurhali verði hert þegar kvikmyndaver fara að tapa peningum. Bono telur að það verði ekki fyrr en stóru fyrirtækin í Hollywood fara að finna fyrir niðurhalinu að yfirvöld fái þau tæki og tól sem þarf til að vinna baráttuna.

„Það er ekki rétt að ríkar rokkstjörnur biðji um meiri peninga en einhver verður að berjast fyrir aðra listamenn því þetta er orðin alger geðveiki,“ segir Bono. „Tónlist er orðin eins og kranavatn og ég er hálf móðgaður,“ segir söngvarinn sem býst við því að þetta breytist á næstunni. „Þegar skráarskipti á sjónvarpsþáttum og bíómyndum verða eins auðveld og á lögum þá breytist þetta. Einhver mun hringja í lögguna.“

REYKJAVÍK! Hljómsveitin Reykjavík! fær góða dóma á heimasíðu bandaríska tímaritsins Rolling Stone.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Reykjavík! í Rolling Stone

Rokksveitinni Reykjavík! er gefinn gaumur í dálki á heimasíðu hins virta tímarits Rolling Stone. Dálkurinn nefnist Hype Monitor þar sem fjallað er um nýjar og spennandi hljómsveitir sem eru mest í umræðunni á netinu.

„Þetta íslenska band segir harðkjarnanum stríð á hendur með grimmilegum og prakkaralegum lögum sem sýna enga miskunn,“ segir á síðunni. Titillag plötunnar The Blood er nefnt sem besta lag plötunnar. Einkennist það af „kraftmiklum trommuleik, öflugu „feedbakki“ og æðislegum gítarstefjum í anda hljómsveitarinnar Birthday Party.“



Elítan snæddi íslenskt lamb

Einvalalið bresks fjölmiðlafólks mætti í hádegisverðarboð sem sendiherra Íslands í London, Sverrir Haukur Gunnlaugsson, hélt til að kynna tónlistarkonuna Lay Low.

Á meðal gesta voru ritstjórar tónlistartímaritanna Mojo og Q, aðilar frá sjónvarpsþáttunum The Culture Show og Friday Night With Jonathan Ross á BBC og fólk frá ITV-sjónvarpsstöðinni. „Þetta heppnaðist rosavel. Það er rosalega gaman að geta gert svona því það er svo mikil nálægð. Þarna sitja allir í tvo til þrjá tíma saman," segir Kári Sturluson, umboðsmaður Lay Low.

Nýjasta plata hennar, Farewell Good Night´s Sleep, kom út í Evrópu síðastliðinn mánudag og var hádegisverðarboðið haldið í tilefni af því. „Það væri frekar ótrúlegt ef ekkert kæmi út úr þessu," segir Kári og útskýrir að allir hafi verið mjög áhugasamir um Lay Low. „Það voru allir mjög spenntir. Útgáfan okkar hérna [Nettwerk] var svolítið hissa á því hvað þetta gekk vel. Þetta er eitthvað sem þeir eru ekki vanir að gera."

Eftir hádegisverðinn, þar sem snætt var íslenskt lambakjöt, spilaði Lay Low tvö lög fyrir gestina. Síðar um kvöldið hitaði hún síðan upp fyrir Emilíönu Torrini á tónleikum í London sem uppselt var á fyrir löngu. **- fb**

Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP Lay Low ásamt breska fjölmiðlafólkinu og þeim Sverri Hauki Gunnlaugssyni, Kára Sturlusyni og Önnu Hildi Hildibrandsdóttur hjá Útón.

Spiluðu fyrir Karl Lagerfeld

Krakkarnir í Steed Lord spiluðu í flottu partíi á tískuvikunni í París. Í næstu viku fara þau til Texas.

STEED LORD Hljómsveitin Steed Lord heldur fjáröflunartónleika á Q-Bar í kvöld vegna Bandaríkjafarar.

„Maður finnur þegar Karl Lagerfeld mætir á svæðið. Það er einhver ára yfir honum," segir Egill Örn Einarsson úr hljómsveitinni Steed Lord.

Tískuhönnuðirnir heimsfrægu Karl Lagerfeld og Jeremy Scott ásamt hópi valinkunnra fyrirsætna voru á meðal gesta í partíi á tískuvikunni í París þar sem Steed Lord var aðalnúmerið. „Þetta var rosaflott partí og vel heppnað," segir Einar Örn. „Við spiluðum á stað sem er einn heitasti klúbburinn þarna og maður þekkti þessa risahönnuði."

Partíið var haldið í tilefni af hálfrar aldar afmæli dúkkunnar Barbie. Collette-tískumerkið stóð fyrir því en hönnuðurinn Jeremy Scott hannaði línu fyrir merkið í anda Barbie. „Allir fengu gjafapoka með barbídúkkum, barbísúkkulaði og barbívodka. Þetta var mjög sniðugt," segir Einar.

KARL LAGERFELD Tískuhönnuðurinn Karl Lagerfeld hlustaði á Steed Lord í partíinu.

Steed Lord heldur tónleika á Q-Bar í kvöld til að fjármagna ferðalag sitt til Bandaríkjanna þar sem sveitin spilar á hátíðinni South By Southwest í næstu viku. „Við fengum ekki þann styrk sem við sóttumst eftir í þetta. Við erum að reyna að halda þetta til að koma okkur þarna út. Við ætluðum í sex vikna túr í kringum þetta en síðan skall þetta kreppudrasl á," segir hann. Meðal annars átti sveitin að spila á WMC-hátíðinni á afmælistónleikum Fergie úr Black Eyed Peas í lok mars en ekkert varð af því. „Afmælið hjá Fergie var ekkert aðalmálið. Það er bara gaman að spila á hverju einasta kvöldi á hátíðinni. Við spiluðum þarna 2007 og það var meiri hátt-ar gaman."

Tónleikarnir á Q-Bar í kvöld hefjast klukkan 21 og vonast Einar eftir troðfullu húsi.

freyr@frettabladid.is

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
WATCHMEN	kl. 5D - 8D - 11:10D	16
WATCHMEN	kl. 2 - 5 - 8 - 11:10	VIP
ELEGY	kl. 5:50 - 8 - 10:10	12
GRAN TORINO	kl. 5 - 8 - 10:40	12
SHOPAHOLIC	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8	L
DESPEREAUX m/ísl. tali	kl. 2 - 3:40 - 5:50	L
FRIDAY THE 13TH	kl. 10:10	16
CHIHUAHUA m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L
ROLE MODELS	kl. 1:30	12
BENJAMIN BUTTON	kl. 8:30	7
MADAGASCAR 2 m/ísl. tali	kl. 2	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
WATCHMEN	kl. 6D - 9D	16
MADAMA BUTTERFLY	kl. 5 ÓPERA (Örfá sæti laus)	L
GRAN TORINO	kl. 9D	12
SHOPAHOLIC	kl. 3:50 - 6 - 8:10	L
CHIHUAHUA m/ísl. tali	kl. 1:50 - 4D	L
DEFIANCE	kl. 10:20	16
BOLT 3-D m/ísl. tali	kl. 2(3D)	L

SAMBÍÓIN SELFOSS		
HE´S JUST NOT..	kl. 5:30 - 8	12
DEFIANCE	kl. 10:30	16
CHIHUAHUA m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:30	L
SKÓGARSTRÍÐ 2 m/ísl. tali	kl. 1:30	L
SHOPAHOLIC	kl. 3:30 - 5:50	L
PINK PANTHER 2	kl. 8	L
FANBOYS	kl. 10:20	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI		
WATCHMEN	kl. 5 – 8 – 11:10	16
SHOPAHOLIC	kl. 2 - 4 - 6	L
GRAN TORINO	kl. 8 - 10:20	12

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		
WATCHMEN	kl. 5 - 8 - 11:10	16
MARLEY AND ME	kl. 5:40 - 8	L
GRAN TORINO	kl. 10:20	12
CHIHUAHUA m/ísl. tali	kl. 2	L
SKÓGARSTRÍÐ 2 m/ísl. tali	kl. 2 - 4	12

SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU
SparBíó 850kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ GRÆNU

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ		
WATCHMEN D	kl. 5 - 8 - 11.10	16
WATCHMEN LÚXUS D	kl. 2 - 5 - 8 - 11.10	16
MARLEY AND ME	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	L
THE INTERNATIONAL	kl. 8 - 10.30	16
ÆVINTÝRI DESPERAUX	kl. 1 - 3	L
VILTU VINNA MILLJARÐ	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
THE PINK PANTHER 2	kl. 1 - 4 - 6	L
SKÓGARSTRÍÐ 2	kl. 1	L
SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ	kl. 1	L

5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!		
THE INTERNATIONAL	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	16
HE'S JUST NOT THAT INTO YOU	kl. 3 - 6 - 9	12
THE PINK PANTHER 2	kl. 4 - 6 - 8 - 10	L
FANBOYS	kl. 3.30 - 5.50 - 8 - 10.10	L

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ		
LAST CHANCE HARVEY	kl. 5.50 - 8 - 10.10	L
MARLEY AND ME	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	L
ÆVINTÝRI DESPERAUX	kl. 3 - 6	L
MILK	kl. 8	12
THE WRESTLER	kl. 10.30	14
THE READER	kl. 3 - 8 - 10.20	14
VICKY CRISTINA BARCELONA	kl. 3 - 5.50	L

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ		
MARLEY AND ME	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	L
ÆVINTÝRI DESPERAUX	kl. 3.40 - 5.50	L
VILTU VINNA MILLJARÐ	kl. 8	12
FROST/NIXON	kl. 10.10	14

5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI
AUKAKRÓNUR

WATCHMEN - POWER	kl. 4, 7 og 10	16
ÆVINTÝRI DESPEREAUX	kl. 2 og 3.50 - Ísl.tal	L
HE'S JUST NOT THAT INTO YOU	kl. 5.30, 8 og 10.30	12
HOTEL FOR DOGS	kl. 1.50 og 3.30	L
VILLTU VINNA MILLJARÐ	kl. 5.45, 8 og 10.15	12
BEVERLY HILLS CHIHUAHUA	kl. 1.50 - Ísl.tal	L

singstar
KOMINN Í ELKO!
QUEEN
20 af bestu lögum rokksveitarinnar Queen
NOTHER ONE BITES THE DUST · BICYCLE RACE · BOHEMIAN RHAPSODY · BREAKTHRU · CRAZY LITTLE THING CALLED LOVE · DON'T STOP ME NOW · FA
TTOMED GIRLS · I WANT IT ALL · I WANT TO BREAK FREE · INNUENDO · ONE VISION · PLAY THE GAME · SOMEBODY TO LOVE · THESE ARE THE DAYS O
R LIVES · TIE YOUR MOTHER DOWN · UNDER PRESSURE · WE ARE THE CHAMPIONS · WE WILL ROCK YOU · WHO WANTS TO LIVE FOREVER · YOU'RE M
T FRIEND· ANOTHER ONE BITES THE DUST · BICYCLE RACE · BOHEMIAN RHAPSODY · BREAKTHRU · CRAZY LITTLE THING CALLED LOVE · DON'T STOP M
W · FAT BOTTOMED GIRLS · I WANT IT ALL · I WANT TO BREAK FREE · INNUENDO · ONE VISION · PLAY THE GAME · SOMEBODY TO LOVE · THESE ARE T
9. HVER VINNUR!
SENDU SMS EST SSV Á NÚMERIÐ 1900
- ÞÚ GÆTIR UNNIÐ EINTAK!
AÐALVINNINGUR ER SINGSTAR QUEEN
ÁSAMT SINGSTAR HLJÓÐNEMUM!
ELKO
VEFVERSLUN ELKO.is
FULLT AF AUKAVINNINGUM: BÍÓMIÐAR,
TÖLVULEIKIR, DVD MYNDIR, GOS
OG MARGT FLEIRA!
WWW.SENA.IS/SINGSTAR
PlayStation 2
singstar
QUEEN
SMS LEIKUR
Vinningar verða afhendir hjá ELKO Lindum – Skógarlind 2. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr/skeytið.

> Úrslitakeppnin byrjar í dag

Úrslitakeppnin í Iceland Express-deild karla byrjar að rúlla í dag með tveimur leikjum sem báðir hefjast klukkan 16.00. Þá tekur Snæfell á móti Stjörnunni í Hólminum og ÍR sækir Grindavík heim í Röstina. Annað kvöld fara svo einnig fram tveir leikir í átta liða úrslitunum en þá tekur KR á móti Breiðablik og í Keflavík er risaslagur þar sem heimamenn taka á móti nágrönnum sínum í Njarðvík.

sport
sport@frettabladid.is

ÁSDÍS HJÁLMSDÓTTIR ÚR ÁRMANNI: KEPPIR Á NÍUNDA VETRARKASTMÓTI EVRÓPU UM HELGINA

Vonbrigði ef ég set ekki Íslandsmet í sumar

Ásdís Hjálmsdóttir, spjótkastari úr Ármanni, var valin á dögunum til að keppa á Vetrarkastmóti Evrópu en mótið fer fram á Los Realejos á Tenerife á sunnudaginn.

„Þetta mót kemur mjög snemma á keppnistímabilinu og í raun áður en það byrjar. Ég tek því sem hálfgerðu æfingamóti til að geta metið stöðuna á mér. Það má segja að þetta mót sé fyrsti liður í undirbúningnum fyrir HM í ágúst. Markmiðið fyrir sunnudaginn er bara að kasta vel, ná taktinum í atrennunni og vonandi að kasta yfir 55 metra," segir Ásdís sem hefur verið nokkuð óheppin með meiðsli á síðustu misserum.

„Skrokkurinn er fínn, ég hef ekkert fundið til í olnboganum síðan ég byrjaði að kasta aftur eftir hvíldina eftir Ólympíuleikana," segir Ásdís sem hefur undirbúið sig vel fyrir tímabilið þrátt fyrir erfiðar aðstæður fyrir spjótkastara heima á Íslandi.

„Æfingarnar að undanförnu hafa gengið mjög vel en vegna þess hvernig veðrið er búið að vera heima í vetur þá hafði ég ekkert getað kastað úti fyrr en ég kom hingað," sagði Ásdís sem hefur þó reynt að bjarga sér.

„Ég er búin að vera að kasta í net inni í Laugardalshöllinni sem hefur hjálpað mér mikið en þar er þó ekki hægt að fínstilla svifið á spjótinu. Ég er búin að ná að taka tvær kastæfingar til að fínstilla tæknina og þær gengu bara ótrúlega vel miðað við árstíma svo að ég er bjartsýn á mótið á sunnudaginn og enn bjartsýnni á sumarið," segir Ásdís.

Ásdís sló Íslandsmetið þegar hún kastaði 59,80 metra í Finnland í júlí í fyrra en er nýtt met inni í myndinni? „Eins og æfingarnar hafa gengið í vetur og miðað við formið sem ég er í núna þá yrði ég fyrir miklum vonbrigðum ef ég myndi ekki setja met í sumar. Íslandsmetið er þó í raun ekki markmiðið sjálft en til þess að ná mínum markmiðum í sumar þá þarf ég að setja met," sagði Ásdís sem ætlar sér mikið á árinu 2009.

ÚRSLIT

N1-deild karla:

Akureyri-Haukar 23-28
Mörk Akureyrar: Árni Þór Sigtryggsson 5, Andri Snær Stefánsson 4, Hreinn Þór Hauksson 4, Goran Gusic 4, Brynjar Þór Hreinsson 3, Jónatan Þór Magnússon 2, Hörður Fannar Sigþórsson 1.
Mörk Hauka: Kári Kristján Kristjánsson 6, Freyr Brynjarsson 6, Andri Stefan 6, Sigurbergur Sveinsson 4, Tjörvi Þorgeirsson 3, Elías Már Halldórsson 2, Einar Örn Jónsson 1.

Iceland Express-deild kvk:

KR-Keflavík 69-54
Stig KR: Hildur Sigurðardóttir 19 (6 frák.), Margrét Kara Sturludóttir 13, Guðrún Ámundadóttir 9, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 9 (16 frák.), Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 8 (8 frák.), Helga Einarsdóttir 8, Heiðrún Kristmundsdóttir 3.
Stig Keflavíkur: Bryndís Guðmundsdóttir 21 (12 frák.), TaKesha Watson 15 (11 frák.), Birna Valgarðsdóttir 9, Pálína Gunnlaugsdóttir 6, Svava Stefánsdóttir 2, Erla Reynisdóttir 1.

N1-deild karla:

Haukasigur á Akureyri

HANDBOLTI Haukar unnu fimm marka sigur, 23-28, á Akureyringum í gær.

Munurinn var tvö mörk í leikhléi, 11-13, fyrir gestina. Haukar leiddu lengstum örugglega í síðari hálfleik en Akureyringar minnkuðu muninn í eitt mark, 23-24, þegar skammt var eftir. Þá stigu Haukar aftur á bensínið, skoruðu fjögur síðustu mörk leiksins og tryggðu sér sigur.

Haukar endurheimtu þar með þriggja stiga forskot sitt á toppi deildarinnar. Þetta var jafnframt tólfti sigurleikur liðsins í röð.

Akureyringar eru í sjötta sæti deildarinnar. **- hbg**

Sigursælustu liðin mætast

Það verður stríð á Old Trafford í dag þegar erkifjendurnir og sigursælustu félögin í enska boltanum, Man. Utd og Liverpool, mætast. Mikið hefur verið gert úr orðum Waynes Rooney í aðdraganda leiksins en hann sagðist hata Liverpool.

FÓTBOLTI Það er sannkallaður stórleikur í hádeginu í dag þegar Man. Utd tekur á móti Liverpool. Heimamenn eru í þægilegri stöðu á toppi deildarinnar og allt annað en sigur er tap fyrir Liverpool.

Wayne Rooney hefur heldur betur kynt undir bálið fyrir leikinn með því að segja að hann hefði alist upp við að hata Liverpool. Þau ummæli fjarlægði Man. Utd síðar af heimasíðu sinni en skaðinn var skeður.

„Hatur er auðvelt orð að nota, auðveldara að segja það en að manni sé illa við einhvern. Þetta var samt kannski ekki rétta orðið," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri United, sem reyndi að lægja öldurnar í gær. „Hann er alinn upp við að styðja Everton og það er mikill rígur á milli Everton og Liverpool. Svo kom hann hingað og hann vill vinna. Þetta er í raun ekkert til að tala um."

Ferguson þrífst á svona stórleikjum og hann getur ekki beðið eftir að flautað verði til leiks í dag.

„Liverpool hefur alltaf verið okkar höfuðandstæðingur. Þetta eru tvö sigursælustu félög landsins og þegar þau mætast er alltaf hasar. Við erum í fínni stöðu í deildinni og með sigri erum við nokkurn veginn búnir að gera út um þeirra vonir," sagði Ferguson en United er sjö stigum á undan Liverpool í deildinni fyrir leikinn.

Rafael Benítez, stjóri Liverpool, gerir sér vel grein fyrir mikilvægi leiksins og ekkert nema þrjú stig í dag nægja að hans mati.

HELLTI OLÍU Á ELDINN Wayne Rooney sá um að kynda bálið fyrir stórleik dagsins. Hann er hér í harðri baráttu við Fabio Aurelio. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

„Við verðum að fá þrjú stig til þess að minnka muninn og eiga möguleika á titlinum. Það eina sem við getum gert er að næla í þrjú stig og sjá svo hvað gerist," sagði Benítez sem hefur aldrei fagnað sigri á Old Trafford í fjórum tilraunum.

„Það er samt ekki víst að sigur dugi til að stöðva þá frá því að verða meistarar en við munum reyna. United er gott lið með mikla breidd þannig að stöðugleikinn er til staðar." henry@frettabladid.is

EINVALDURINN Er með fjölda nýliða í hópnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Færeyjahópurinn valinn:

Átta nýliðar

FÓTBOLTI Ólafur Jóhannesson hefur valið landsliðshópinn sem mætir Færeyjum í Kórnum um næstu helgi. Liðið er að mestu skipað óreyndum leikmönnum og alls átta nýliðum. Leikurinn fer ekki fram á alþjóðlegum leikdegi og því fáir atvinnumenn sem standa til boða.

„Ég hefði vissulega getað valið aðra leikmenn enda margir sem hafa verið að standa sig vel," sagði Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari. **- esá**

LANDSLIÐSHÓPURINN

Stefán Logi Magnússon	KR
Þórður Ingason	Fjölnir
Bjarni Ólafur Eiríksson	Valur
Atli Sveinn Þórarinsson	Valur
Ásgeir Gunnar Ásgeirsson	FH
Guðmundur Reynir Gunnarsson	GAIS
Guðjón Árni Antoníusson	Keflavík
Davíð Þór Viðarsson	FH
Jónas Guðni Sævarsson	KR
Eyjólfur Héðinsson	GAIS
Matthías Guðmundsson	FH
Jóhann Berg Guðmundsson	AZ Alkm.
Guðmundur Kristjánsson	Breiðablik
Gunnar Már Guðmundsson	Fjölnir
Guðjón Baldvinsson	GAIS
Matthías Vilhjálmsson	FH
Óskar Örn Hauksson	KR
Rúrik Gíslason	Viborg

PARKETLAGNIR - PARKETSLÍPUN
veldu fagmenn til verksins
www.fip.is
félag íslenskra parketmanna
tryggir viðskiptavinum faglega og góða þjónustu

Vellíðan án lyfja
með verkfærum sálfræðinnar

Fjögurra vikna námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar til að takast á við vanlíðan, álag og spennu. Kenndar leiðir hugrænnar atferlismeðferðar til að skoða og breyta hugsunum og viðbrögðum sem viðhalda kvíða og depurð. Öflugar slökunar- og hugleiðsluaðferðir jafnframt kenndar.

Mánudagar og fimmtudagar frá 20:00 til 21:30 auk eftirfylgdartíma, alls 14 klst.

Kennarar: **Oddi Erlingsson** og **Sóley D. Davíðsdóttir,** sérfræðingar í klínískri sálfræði.
Kynningarverð: **42 000.**
Niðurgreiðsla möguleg hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga.
Næsta námskeið hefst mánudaginn 23. mars n.k.

Skráning og fyrirspurnir í símum 5340110, 8220043 og 5624444, oddier@simnet.is og kms@kms.is

KR-stúlkur aðeins einum sigri frá því að komast í úrslitaeinvígið:

Í meistaraham í fyrri hálfleik

KÖRFUBOLTI KR-konur eru komnar í lykilstöðu á móti Keflavík í undanúrslitaeinvígi liðanna í Iceland Express deild kvenna eftir 69-54 sigur á Keflavík í DHL-höllinni í gær. KR er þar með 2-0 yfir í einvíginu og aðeins einum sigri frá því að slá út Íslandsmeistara Keflavíkur og komast í lokaúrslitin.

KR lagði grunninn að sigrinum með stórskotlegum fyrri hálfleik sem liðið vann 45-25 og lét Íslandsmeistarana úr Keflavík líta vandræðalega illa út.

Keflavík mætti til seinni hálfleiks eins og flestir höfðu búist við að liðið gerði í upphafi eftir tapið í fyrsta leiknum. Það var þó ekki nóg, liðið kom muninum reyndar niður í fjögur stig með 15-0 spretti. Tvær þriggja stiga körfur Guðrúnar Óskar Ámundadóttur í röð komu KR-liðinu aftur í gang og í fjórða leikhlutanum var aldrei spurning um hvernig að þetta færi.

„Þrátt fyrir bikarinn sé kominn í hús þá erum við mjög hungraðar að ná í hinn líka. Við byrjuðum leikinn stórkostlega og náðum góðu forskoti. Við náðum ekki að halda því en við kláruðum leikinn," sagði Hildur Sigurðardóttir sem er að spila eins og sannur fyrirliði inn á vellinum.

ÖFLUG Margrét Kara Sturludóttir fann sig vel gegn sínum gömlu félögum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hlutverkskipanin innan KR-liðsins er orðin mjög skýr og allir leikmenn eru með sitt á hreinu sérstaklega í vörninni sem náði stóran hluta leiksins að riðla algjörlega sóknarleik Keflavíkurliðsins.

Þar spilar Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir stórt hlutverk og Kesha Watson ætti að vera í bestri aðstöðu til að meta hversu miklum framförum Gróa hefur tekið á einu ári.

Kesha er ekki að fara vinna titilinn ein, þjálfarinn hefur tönnlast á því í viðtölum en á meðan aðrir leikmenn liðsins fara ekki að átta sig á því kemur sumarfríið snemma í ár.

„Við höfum náð því að koma upp á réttum tíma. Við erum búnar að eiga toppleiki þegar við höfum þurft á því að halda," sagði Hildur og liðið getur klárað einvígi í næsta leik.

Hildur átti góðan leik alveg eins og Guðrún Gróa, Margrét Kara Sturludóttir og Sigrún Ámundadóttir sem hitti kannski illa en tók 16 fráköst og stjórnaði leik liðsins ásamt Hildi.

Hjá Keflavík var Bryndís Guðmundsdóttir í sérflokki en lítið framlag frá bæði Birnu Valgarðsdóttur og Pálínu Gunnlaugsdóttur í fyrstu tveimur leikjunum hlýtur að vera þjálfaranum Jóni Halldóri Eðvaldssyni mikið áhyggjuefni. **- óój**

DVD í Skífunni!



2.999
The Simpsons allar seríur

Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is

SJÓNVARPSSERÍUR Á TILBOÐI

Family Guy allar seríur 2.699

Futurama allar seríur 2.699

American Dad allar seríur 2.699



24 allar seríur 3.299

Dagvaktin 3.299

Næturvaktin 2.699

NÝTT DVD

Pineapple Express 2.299

Burn after Reading 2.299

Meet Dave 2.299

Hamlet 2 2.299

Allar myndir Græna ljóssins eru á tilboði í Skífunni...

> Amy Jo Johnson

„Ég æfði fimleika í mörg ár og þar lærði ég að óttinn getur verið manns versti óvinur. Það er dýrmætasta lexían sem ég hef lært í þessu lífi."
Johnson leikur Jules Callaghan í þættinum Flashpoint sem sýndur er á SkjáEinum í kvöld.

dagskrá
sunnudagur

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.15

Damages

Önnur serían í þessari mögnuðu spennuþáttaröð. Patty Hewes er virtur lögfræðingur sem lætur ekkert stöðva sig. Ellen sem fylgdi Patty hvert fótmál í fyrstu seríunni þarf núna að starfa leynilega fyrir FBI en hennar markmið er að ná sér niður á Patty Hewes og knésetja hana. Stóra spurningin er hvort Ellen tekst að koma upp um Patty eða hvort Patty muni komast að ráðabrugginu? Með aðalhlutverk fara Rose Byrne, Ted Danson, William Hurt og Glenn Close sem hlaut bæði Emmy- og Golden Globe-verðlaunin 2008.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Sjálfstætt fólk
Stöð 2 kl. 19.45

Gestur Jóns Ársæls í kvöld er Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra. Katrín er eins og ferskur stormsveipur í íslenskum stjórnmálum en í þættinum mun hún meðal annars ræða áform sín fyrir þá 80 daga sem núverandi ríkisstjórn hefur. Hún segir frá fjölskyldu sinni en Katrín er af Thoroddsen-ættinni sem sett hefur svip á samtímann og einnig leiðir hún Jón Ársæl inn í undirheima glæpasögunnar íslensku sem hún hefur rannsakað á vísindalegan hátt. Þetta og margt fleira í Sjálfstæðu fólki í kvöld.

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Í næturgarði, Róbert bangsi, Friðþjófur forvitni, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Nýi skólinn keisarans og Frumskógar Goggi.
10.20 Feðgar í eldhúsinu (1:6)
10.50 Gettu betur (e)
12.00 Kastljós - Samantekt
12.30 Silfur Egils Umræðu- og viðtalsþáttur Egils Helgasonar um pólitík, dægurmál og það sem efst er á baugi.
13.50 Villta Kína (1:6) (e)
14.40 Viðtalið (e)
15.10 Strákur eins og Hodder
16.30 Skólahreysti (e)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Úps!
17.45 Stína stóra systir og spítalinn hans Dodda bróður
17.52 Sögurnar hennar Sölku
18.00 Stundin okkar Fjölbreytt og skemmtilegt efni fyrir yngstu börnin. Umsjónarmaður er Björgvin Franz Gíslason
18.30 Spaugstofan (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Fréttaaukinn Þáttur í umsjón Boga Ágústssonar og Elínar Hirst. Leitast er við að varpa ljósi á og skýra málefni líðandi stundar bæði innanlands og erlendis
20.10 Sjónleikur í átta þáttum Þáttaröð um leikið efni í Sjónvarpinu. Sýnd eru brot úr leikritum og listamenn sem tengjast verkunum segja frá.
20.55 Sommer (Sommer) (15:20) Danskur myndaflokkur um viðburðaríkt líf læknisfjölskyldu í skugga Alzheimersjúkdóms fjölskylduföðurins. Aðalhlutverk: Lars Ranthe, Marie Louise Wille, Cecilie Bøcker Rosling, Jesper Langberg, Lisbet Dahl, Mikael Birkkjær og Camilla Bendix.
21.55 Skipið sekkur (Der Untergang der Pamir) (1:2) Þýsk mynd í tveimur hlutum um síðustu sjóferð þýska skólaskipsins Pamír sem sökk árið 1957. Aðalhlutverk. Klaus J. Behrendt og Dietmar Bär.
23.25 Silfur Egils (e)
00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Kalli á þakinu, Lalli, Þorlákur og Gulla og grænjaxlarni.
08.00 Algjör Sveppi Doddi litli og Eyrnastór, Svampur Sveinsson, Áfram Diego, áfram! og Könnuðurinn Dóra.
09.35 Stóra teiknimyndastundin
10.00 Adventures of Jimmy Neutron
10.25 Ný skammastrik Emils
12.00 Nágrannar
12.20 Nágrannar
12.40 Nágrannar
13.00 Nágrannar
13.20 Nágrannar
13.45 American Idol (16:40)
15.10 American Idol (17:40)
15.55 American Idol (18:40)
16.55 Oprah
17.45 60 mínútur
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.49 Íþróttir
18.55 Veður
19.10 Atvinnumennirnir okkar Fjórði í röðinni er Grétar Rafn Steinsson sem leikur með Bolton á Englandi. Auðunn Blöndal heimsækir Siglfirðinginn knáa.
19.45 Sjálfstætt fólk (26:40)
20.20 Cold Case (11:23) Ein vinsælasta spennuþáttaröð Stöðvar 2 snýr aftur í sjöttu seríunni. Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.
21.05 Damages (3:13)
21.50 Mad Men (13:13) Þættir sem gerast snemma á 7. áratugnum í New York, nánar tiltekið á Madison Avenue þar sem þá var miðstöð bandarískra auglýsingabransans.
22.40 The Sopranos Stöð 2 og Stöð 2 Extra rifja upp þessa geysivinsælu þætti.
23.30 60 mínútur
00.15 Twenty Four (7:24)
01.00 Killer Wave
04.00 Cold Case (11:23)
04.45 Damages (3:13)
05.30 Fréttir

SPORT *besta sætið*

08.20 Gillette World Sport
08.50 PGA Tour 2009 - Hápunktar
09.45 Atl. Bilbao - Real Madrid Útsending frá leik í spænska boltanum.
11.25 Atvinnumennirnir okkar Hermann Hreiðarsson.
12.00 Man. Utd. - Inter Útsending frá leik í Meistaradeil Evrópu.
13.40 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk
14.10 Inside the PGA Tour
14.40 CA Championship 2009 Útsending frá CA Championship mótinu í golfi.
17.40 NBA tilþrif
18.05 Fréttaþáttur spænska boltans
18.35 The Science of Golf
19.00 CA Championship 2009 Bein útsending frá lokadeginum.
23.00 Almeria - Barcelona Leikurinn er sýndur beint kl 19.55 á Sport 3.

SPORT 2 *enski boltinn*

08.20 Hull - Newcastle Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
10.00 Bolton - Fulham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
11.40 Premier League World Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
12.10 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni.
13.20 Chelsea - Man. City Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
15.20 PL Classic Matches Tottenham - Chelsea, 1997.
15.50 Aston Villa - Tottenham Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
17.55 Everton - Stoke Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
19.35 4 4 2
20.45 Man. Utd. - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
22.25 Middlesbrough - Portsmouth Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

EXTRA

16.00 Hollyoaks (141:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
16.25 Hollyoaks (142:260)
16.50 Hollyoaks (143:260)
17.15 Hollyoaks (144:260)
17.40 Hollyoaks (145:260)
18.05 Seinfeld (4:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.
18.30 Seinfeld (5:22)
19.00 Seinfeld (19:24)
19.30 Seinfeld (20:24)
20.00 Idol stjörnuleit (5:14) Dómnefndin hefur nú valið föngulegan hóp söngvara til að halda áfram í keppninni. Í þessum þætti keppa efnilegustu strákarnir um áframhaldandi sæti í Idol Stjörnuleit.
21.30 ET Weekend Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
22.10 Lucky Louie (8:13) Bráðskemmtilegir gamanþættir um draumóramanninn Louie og hans skrautlega fjölskyldulíf.
22.40 Osbournes (4:10) Eins og flestum er kunnugt hefur mikið gengið á í lífi Osbourne fjölskyldunnar sem seint verður talin til fyrirmyndar. Það er komin tími til að rifja upp gamla og góða tíma þessara frábæru karaktera.
23.05 Seinfeld (4:22)
00.45 Sjáðu
01.05 Idol stjörnuleit (5:14)
02.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

18.00 Hrafnaþing
19.00 Ármann á alþingi
19.30 Kristinn H.
20.00 Lífsblómið Steinunn Anna
21.00 Kolfinna
21.30 Birkir Jón
22.00 Hrafnaþing
23.00 HH Umsjón Hitt húsið
23.30 Suðurnesjamenn Páll Ketilsson

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist
12.55 Vörutorg
13.55 Rachael Ray (e)
14.40 Rachael Ray (e)
15.25 Spjallið með Sölva (4:12) (e)
16.25 Britain's Next Top Model (9:10)
17.15 Káta maskínan (6:12) Menningarþáttur í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar þar sem fjallað er um það sem efst á baugi í menningarlífi landsmanna. (e)
17.45 Top Design (10:10) Ný, bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir innanhússhönnuðir keppa til sigurs. (e)
18.35 The Biggest Loser (7:24) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna. (e)
19.40 Fyndnar fjölskyldumyndir (4:12) Skemmtilegur þáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem sýnd eru bráðfyndin myndbönd, bæði innlend og erlend, sem kitla hláturtaugarnar og koma öllum í gott skap.
20.10 Psych (3:16) Shawn grunar að það sé maðkur í mysunni þegar ofurhugi á mótorhjóli er heppinn að sleppa lifandi eftir misheppnað áhættuatriði.
21.00 Flashpoint (9:13) Sérsveitin reynir að bjarga stúlku sem var rænt en kemst fljótt að því að það eru fleiri fórnarlömb. Það reynir á samningshæfileika Jules þegar hún reynir að leiða málið til lykta á farsælan hátt.
21.50 Californication (6:12) Hank reynir að finna stóru ástina í lífi Ashbys. Hann stendur Julian að verki með rokkpíu og vill segja Sonju frá því. En Hank er sjálfur með augastað á blaðamanni frá Rolling Stone sem er að gera grein um Miu.
22.25 Boston Legal (2:13) (e)
23.15 Top Chef (1:13) (e)
00.05 Vörutorg
01.05 Óstöðvandi tónlist

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

BÍÓ

06.15 The Queen
08.00 Aquamarine
10.00 Paris, Texas
12.20 Keeping Up With the Steins
14.00 The Queen
16.00 Aquamarine
18.00 Paris, Texas
20.20 Keeping Up With the Steins Gamanmynd um ungan dreng sem þarf að takast á við unglingsárin ásamt því að reyna skilja afar torskilda fjölskyldu sína.
22.00 Sur le seuil
00.00 Primal Fear
02.10 Æon Flux
04.00 Sur le seuil
06.00 Raise Your Voice

DR 1

10.00 Plan dk **10.30** Når mor og far drikker **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boxen **11.25** OBS **11.30** Family Guy **11.55** SPAM - Din digitale medieguide **12.15** Chapper & Pharfar **12.30** Pigerne Mod Drengene **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Krøniken **14.45** HåndboldSøndag **16.30** Peter Pedal **16.50** Gurli Gris **17.00** Lones aber **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Geniale dyr **18.25** Høvdingebold **19.00** Maria Wern. Fremmed fugl **20.00** 21 Søndag **20.40** SportNyt med SAS liga **20.55** Slavebørn **21.40** Piger med anoreksi **22.35** DR1 Dokumentaren - De danske terrorister **23.35** Kærlighed og kaos

NRK 1

10.45 V-cup kombinert **11.30** VM skøyter enkeltdistanser **12.00** V-cup hopp **14.45** V-cupfinale alpint **15.30** Sport i dag **16.30** Åpen himmel **17.00** Emil i Lønneberget **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.05** Kampen om Sørpolen **19.35** Himmelblå **20.20** My Super Ex-Girlfriend **21.55** Billedbrev fra Europa **22.05** Kveldsnytt **22.20** Dokumentar **23.20** Kunsten å gjøre det slutt

SVT 1

10.50 Alpint **12.00** Vinterstudion **14.45** Bandy **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Djursjukhuset **17.45** Merlin **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Melodifestivalen 2009 - Dagen efter **19.30** Sportspegeln **20.15** Nip/Tuck **21.00** Ordet och bomben **21.30** Ljudets färg **22.00** Andra Avenyn **22.45** På liv och död **23.15** The Best Man

Listmunauppboð

Gallerí Fold stendur fyrir reglulegum uppboðum sem ávallt eru vel sótt



Erum að taka á móti verkum

LISTMUNASALA fold

Opið í Galleríi Fold á Rauðarárstíg, virka daga 10–18, laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga kl. 14–16

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

NÝIR LEIKIR Á BETRA VERÐI

PC
4.999,-

IGN 9,5 AF 10
GAMESPY 10 AF 10

EINNIG FÁANLEGUR Í COLLECTORS EDITION - 5.999,-





PS3 & XBOX 360
7.999,-

IGN 9 AF 10
GAMESPY 9 AF 10

EINNIG FÁANLEGUR Í COLLECTORS EDITION - 8.999,-

VINSÆLASTA FERMINGARGJÖFIN Í ÁR?

GUITAR HERO WORLD TOUR

Leikur án hljóðfæra
Frá **5.499,-**
PS2, XBOX 360 & PS3

Leikur með hljóðfærum
Frá **33.999,-**
PS2, XBOX 360 & PS3

GUITAR HERO WORLD TOUR SUPER BUNDLE
LEIKURINN, TROMMUSETT, GÍTAR OG MÍKRAFÓN!
PS3 MEÐ HLJÓÐFÆRUM - 37.999,- ÁN 7.999,- // XB360 MEÐ HLJÓÐFÆRUM - 37.999,- ÁN 7.999,-

FÁÐU ENN MEIRA FYRIR LEIKINA MEÐ SÓLKERFINU!

NÝTT í Gamestöðinni!

Sólkerfi Gamestöðvarinnar er bónuskort þar sem þú getur fengið Pizzuveislu, Biómiða, Moutain Dew, Orku, inneignir og fleira!

GERÐU VERÐSAMANBURÐ Á NÝJUSTU LEIKJUNUM!

PS3 **3.999,-**

PS3 **8.499,-**

PS2 **4.499,-**

Wii **6.999,-**

3 FYRIR 2 AF SPILUÐUM XBOX 360 LEIKJUM!

GAME STÖÐIN

SPILAÐU MEIRA - BORGAÐU MINNA

KRINGLAN & SELFOSS - 553 0377

dagskrá

> Ashley Judd

„Þó svo að ég hafi allt sem ég þarf í lífinu þá er ekki þar með sagt að ég vilji ekki meira."
Judd leikur í kvikmyndinni Þegar dagur rís (Come Early Morning) sem sýnd er í Sjónvarpinu í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ STÍGUR HELGASON LÆTUR SVOKÖLLUÐ „MANNRÉTTINDI" LÖND OG LEIÐ

Tilgangurinn helgar alltaf meðalið

Hafi sjónvarpsþættirnir 24 kennt mér eitthvað – fyrir utan það að allar bandarískar þjóðaröryggiskrísur standi í nákvæmlega sólarhring – þá er það hversu sniðugar pyntingar eru. Pyntingar eru sannarlega fordæmdar í flestum siðuðum ríkjum, en það er hins vegar augljóst að þeir formælendur og úrtölumenn sem sömdu „mannréttindasáttmála" og hvað þetta allt heitir hafa ekki fylgst nógu vel með Jack Bauer leika listir sínar síðustu sjö ár eða svo.

Ef þeir hefðu gert það myndu þeir vita að tilgangurinn helgar alltaf meðalið. Allar pyntingaraðgerðir sem Bauer hefur gripið til hafa skilað tilætluðum árangri. Ekki má til dæmis gleyma því þegar hetjan okkar skaut saklausa eiginkonu spillts fyrrverandi yfirmanns síns í hnéð svo hann myndi tala. Sem hann og gerði. Þessa einföldu lógík skilja allir þeir sem viðskipti eiga við Bauer. Jafnvel saklausa eiginkonan.

Og við sem á horfum skiljum líka annað; að Jack Bauer má pynta miklu meira en flestir aðrir vegna þess að hann hefur verið pyntaður svo mikið sjálfur. Þetta gefur augaleið. Myndin af Bauer berum að ofan og glitrandi sveittum, hangandi í keðju úr lofti skítugrar vöruskemmu með ryðgaða startkapla á geirvörtunum og blóðuga hnífsegg við bringuna er greypt í minni allra þeirra sem séð hafa. Hví skyldi maður sem sætt hefur slíkri meðferð ekki mega beita henni á misindismenn? Er von að maður spyrji?

Í upphafi nýjustu þáttaraðarinnar stendur Bauer frammi fyrir því óskaplega óréttlæti að þurfa að svara til saka fyrir einhverjar af meintum misgjörðum sínum í dómsal. Hafi einhverjir hjartahreinir einfeldningar efast um ágæti Bauer-aðferðafræðinnar þegar serían hófst eru hins vegar allar líkur á að harðjaxlinn þjóðholli hafi snúið þeim á sitt band og unnið óskoraða samúð þeirra einhvern tíma í kringum miðbik hennar.

Slíkur er áhrifamáttur hans að jafnvel litla, bláeyga og smáfríða lögreglukonan sem hann er fenginn til að aðstoða í fyrsta þættinum og mætir honum full skeptísisma er farin að ota byssuhlaupum í skotsár grunaðra og reyna að kæfa úr þeim upplýsingar örfáum stundum síðar. Sem er vitanlega vel, enda hefur hún þá gengið af hinni hvimleiðu villutrú á lagabókstafi og mannréttindi.

LAUGARDAGUR

▶ **18.50 CA Championship 2009, beint** STÖÐ 2 SPORT

▶ **19.35 Spaugstofan** SJÓNVARPIÐ

▶ **19.55 Spjallið með Sölva** SKJÁREINN

▶ **20.00 Idol-stjörnuleit** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **21.00 Blades of Glory** STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Pósturinn Páll, Herramenn, Sammi, Músahús Mikka, Húrra fyrir Kela!, Ævintýri Kötu kanínu, Elías knái, Millý og Mollý, Fræknir ferðalangar, Þessir grallaraspóar,
10.30 Leiðarljós (e)
11.55 Kastljós (e)
12.30 Kiljan (e)
13.15 Klútatilraunin (2:3) (e)
13.45 Staðgöngumóðir til sölu (e)
14.45 Horfin börn (e)
15.45 Mótorsport 2008
16.10 Meistaradeildin í hestaíþróttum (e)
16.40 Útsvar (e)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Skólahreysti
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
▶**19.35 Spaugstofan**
20.05 Gettu betur (Menntaskólinn á Egilsstöðum - Menntaskólinn í Reykjavík)
21.15 Þegar dagur rís (Come Early Morning) Bandarísk bíómynd frá 2006. Suðurríkjakona á fertugsaldri leitar að ástinni en burðast um leið með fortíð sína. Aðalhlutverk: Ashley Judd, Laura Prepon, Diane Ladd og Jeffrey Donovan.
22.50 Illfygli II - Dómsdagur (Resident Evil: Apocalypse) Spennumynd frá 2004 um hóp fólks sem á í höggi við stórhættulegt stökkbreytt drápsskrímsli. Aðalhlutverk: Milla Jovovich, Sienna Guillory, Oded Fehr og Thomas Kretschmann.
00.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

06.15 Fíaskó
08.00 Zathura. A Space Adventure
10.00 A Little Thing Called Murder
12.00 Nancy Drew
14.00 Fíaskó
16.00 Zathura. A Space Adventure
18.00 A Little Thing Called Murder
20.00 Nancy Drew
22.00 Happy Endings
00.10 Die Hard
02.20 Jagged Edge
04.05 Happy Endings

STÖÐ 2

07.10 Barnatími Stöðvar 2 Dynkur smáeðla, The Flinstone Kids og Ruff's Patch.
08.00 Algjör Sveppi Hlaupin, Blær, Lalli, Þorlákur, Refurinn Pablo, Boowa and Kwala, Sumardalsmyllan, Doddi litli og Eyrnastór, Gulla og grænjaxlarnir og Kalli og Lóa.
09.40 Elías
09.50 Hvellur keppnisbíll
10.00 Könnuðurinn Dóra
10.25 Kalli litli Kanína og vinir
10.45 Ævintýri Juniper Lee
11.10 Nornafélagið
11.35 Njósnaskólinn
12.00 Bold and the Beautiful
12.20 Bold and the Beautiful
12.40 Bold and the Beautiful
13.00 Bold and the Beautiful
13.20 Bold and the Beautiful
13.45 Idol stjörnuleit (5:14)
15.25 Gossip Girl (6:25)
16.10 How I Met Your Mother (1:20)
16.35 Sjálfstætt fólk (25:40)
17.10 ET Weekend
18.00 Sjáðu
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Íþróttir
18.52 Ísland í dag - helgarúrval
19.23 Veður
19.28 Lottó
19.35 TMNT. Teenage Mutant Ninja Turtles
▶**21.00 Blades of Glory** Gamanmynd með Will Ferrell og Jon Heder úr Napoleon Dynamite. Þeir leika framúrskarandi listdansara á skautum og erkiféndur hina mestu sem dæmdir eru í lífstíðarbann og sviptir Ólympíumedalíum eftir að rígur þeirra fer endanlega úr böndunum. Báðir þrá þeir að snúa aftur á ísinn en eina leiðin til þess er að þeir snúi á kerfið og skrái sig til keppni í paradansi.
22.35 The Omen Mögnuð endurgerð á einni allra frægustu hrollvekju sögunnar með Liev Schreiber og Julia Stiles í aðalhlutverkum en myndin fjallar um auðkýfing sem fer að gruna að sonur hans sé í raun afkvæmi djöfulsins, sendur í mannheima til að valda varanlegum skaða.
00.30 Being Julia
02.10 Blast!
03.40 Uninvited Guest
05.20 How I Met Your Mother (1:20)
05.45 Fréttir

SPORT *besta sætið*

09.00 PGA Tour 2009 - Hápunktar
09.55 Inside the PGA Tour 2009
10.20 World Supercross GP
11.15 Meistaradeild Evrópu Endursýndur leikur.
13.00 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð.
13.30 NBA tilþrif Öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
14.00 Orlando - Washington Útsending frá leik í NBA körfuboltanum.
16.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu Hver umferð skoðuð í bak og fyrir.
16.30 Man. City - Álaborg Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.
18.20 Fréttaþárru Spænska boltans Hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir.
▶**18.50 CA Championship 2009** Bein útsending frá CA Championship mótinu í golfi.
22.00 Atl. Bilbao - Real Madrid Útsending frá leik í spænska boltanum. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl 20.55.
23.40 UFC Unleashed Bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
00.25 Box Ricky Hatton vs. Paul

SPORT 2 *enski boltinn*

08.05 Fulham - Blackburn Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
09.45 Premier League World Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá óvæntum hliðum.
10.15 PL Classic Matches Liverpool - Manchester Utd, 2001.
10.45 PL Classic Matches Liverpool - Man. United, 1993.
11.15 PL Classic Matches Liverpool - Man United, 1997.
11.45 Premier League Preview Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum.
12.15 Man. Utd. - Liverpool Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
14.50 Arsenal - Blackburn Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Bolton - Fulham Sport 4. Middlesbrough - Portsmouth Sport 5. Hull - Newcastle Sport 6. Sunderland - Wigan
17.15 PL Classic Matches Arsenal - Blackburn, 2001.
17.45 Bolton - Fulham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
19.30 4 4 2

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist
12.50 Vörutorg
13.50 Rachael Ray (e)
14.35 Rachael Ray (e)
15.20 Rachael Ray (e)
16.05 Rules of Engagement (11:15) (e)
16.35 Top Chef (1:13) (e)
17.25 Survivor (3:16) (e)
18.15 Game Tíví (6:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)
18.55 The Office (9:19) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. (e)
19.25 Fyndnar fjölskyldumyndir (4:12) Skemmtilegur þáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem sýnd eru bráðfyndin myndbönd, bæði innlend og erlend, sem kitla hláturtaugarnar og koma öllum í gott skap.
▶**19.55 Spjallið með Sölva** (4:12) Nýr og ferskur umræðuþáttur, þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr.
20.55 90210 (10:24) Bandarísk unglingasería sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum. (e)
21.45 Heroes (13.26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrulegum hæfileikum. (e)
22.35 Californication (5:12) (e)
23.10 The 51st State (e)
00.45 Battlestar Galactica (4:20) (e)
01.35 Painkiller Jane (5:22) (e)
02.25 Jay Leno (e)
04.05 Vörutorg
05.05 Óstöðvandi tónlist

INN

18.00 Mér finnst Lára Ómarsdóttir, Bergljót Davíðsdóttir og Katrín Bessadóttir
19.00 Leið til léttara lífs
19.30 Í nærveru sálar Kolbrún Baldursdóttir
20.00 Skýjum ofar
21.00 Í prófkjöri
21.30 Hrafnaþing Ingvi Hrafn Jónsson
22.00 Lífsblómið Steinunn Anna
23.00 Kolfinna Kolfinna Baldvinsdóttir
23.30 Birkir Jón Birkir Jón Jónsson

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Nesbyggð
við byggjum fyrir þig
www.nesbyggd.is

Verslunar- og þjónustuhúsnæði til sölu

Að Tjarnabraut 24 Reykjanesbæ er til sölu 1800 fermetra verslunar- og þjónustuhúsnæði. Húsið er í nýju hverfi þar sem vantar alla þjónustu. Upplagt tækifæri fyrir þá sem hafa hug á að setja upp einhverskonar stafsemi í nýju hverfi. Húsið verður selt í misstórum einingum.

Allar upplýsingar á heimasíðu Nesbyggðar www.nesbyggd.is eða hjá fasteignasölum í Reykjanesbæ.

Í DAG

STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 12.15
Man. Utd. - Liverpool

Það verður magnaður slagur á Old Trafford þegar Englandsmeistararnir taka á móti Liverpool í stærsta leik ársins í ensku úrvalsdeildinni. Liverpool vann fyrri leik liðanna í vetur á Anfield og þarf nauðsynlega að vinna United aftur ætli liðið að eiga raunhæfa möguleika á að vinna enska meistaratitilinn í vor. Sigur Liverpool á Anfield í fyrri leiknum var fyrsti sigur Liverpool á Man. Utd undir stjórn Rafa Benitez en Manchester vann aftur á móti 3-0 sigur í leik liðanna á Old Trafford í fyrra. Manchester United hefur verið á miklu skriði og er búið að vinna ellefu deildarleiki í röð og það er því ljóst að Liverpool verður að eiga algjöran toppleik ætli liðið sér að leggja toppliðið að velli. Liverpool-menn eru samt örugglega bjartsýnir því liðið leikur jafnan best á móti bestu liðunum og er sem dæmi búið að vinna alla þrjá leiki sína á móti United og Chelsea í vetur. Þetta er leikur sem enginn má láta framhjá sér fara.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

TMNT
Stöð 2 kl. 19.35

Ævintýramynd um stökkbreyttu skjaldbökurnar vinsælu. Nú þurfa þær að stöðva dularfullan andstæðing sem hefur illt í hyggju. Kevin Smith, Sarah Michelle Geller og Laurence Fishburne eru meðal þeirra leikara sem ljá raddir sínar í myndinni.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
08.00 Morgunfréttir
08.05 Gatan mín
09.03 Út um græna grundu
10.05 Veðurfregnir
10.15 Kvika
11.00 Vikulokin
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Krossgötur
14.00 Til allra átta
14.40 Stjörnukíkir
15.25 Lostafulli listræninginn
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Orð skulu standa
17.05 Flakk
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Bláar nótur í bland
18.50 Dánarfregnir
19.00 Óperukvöld Útvarpsins: Rusalka
22.07 Veðurfregnir
22.12 Lestur Passíusálma
22.18 Hvað er að heyra?
23.10 Stefnumót
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

17.00 Nágrannar
17.25 Nágrannar
17.50 Nágrannar
18.15 Nágrannar
18.40 Nágrannar Lífið í Ramsey-götu gengur sjaldnast sinn vanagang enda eru íbúar þar einkar skrautlegir og skemmtilegir.
19.15 Logi í beinni Hér verður farið yfir það allra besta úr þáttum vetrarins en landslið þekktra leikara, söngvara, stjórnmálamanna og valinkunnra einstaklinga hefur komið í heimsókn til Loga og því verður enginn svikinn af þessari einstöku samantekt.
▶ **20.00 Idol stjörnuleit** (5:14) Dómnefndin hefur nú valið föngulegan hóp söngvara til að halda áfram í keppninni. Í þessum þætti keppa efnilegustu strákarnir um áframhaldandi sæti í Idol Stjörnuleit.
21.30 American Idol (16:40) Undanúrslitin halda áfram í American Idol. Í kvöld sjáum við þriðja 12 manna hópinn af þremur en aðeins þrír keppendur komast í gegnum þennan niðurskurð.
22.55 American Idol (17:40)
23.40 American Idol (18:40)
00.25 Skins (3:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
01.10 E.R. (2:22) Stöð 2 og Stöð 2 Extra sýna eina allra vinsælustu þáttaröð síðari ára frá upphafi. Þættirnir gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
01.55 X-Files (2:24)
02.40 American Idol (16:40)
04.05 American Idol (17:40)
04.50 American Idol (18:40)
05.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.20 Blackadder II **10.50** The Inspector Lynley Mysteries **11.40** The Inspector Lynley Mysteries **12.25** EastEnders **12.55** EastEnders **13.25** EastEnders **13.55** EastEnders **14.25** The Weakest Link **15.10** The Inspector Lynley Mysteries **16.00** The Inspector Lynley Mysteries **16.45** Dalziel and Pascoe **17.35** Strictly Come Dancing **19.00** Rob Brydon's Annually Retentive **19.30** Extras **20.00** The Catherine Tate Show **20.30** Jonathan Creek **21.20** The Chase **22.10** The Chase **23.00** Extras **23.30** Jonathan Creek **00.20** The Chase

DR 1

10.00 Børneblæksprutten **10.15** Tidens tegn **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Troldspejlet **11.30** S, P eller K **11.40** Boogie Update **12.15** S, P eller K **12.25** Høvdingebold **13.00** X Factor **14.00** X Factor Afgørelsen **14.25** Min italienske drøm **15.25** Landsbyhospitalet **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Afrikas Øje **17.00** Radiserne **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** SportNyt **18.30** Mille **19.00** Krøniken **20.00** Kriminalkommissær Barnaby **21.35** Havana **23.50** Conviction

NRK 1

10.55 V-cup kombinert **11.40** V-cup langrenn **13.55** V-cup kombinert **14.45** V-cup hopp **17.00** Kometkameratene **17.30** Gaven **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** 4·4·2 **21.10** Med hjartet på rette staden **21.55** Finnmarksløpet **22.15** Kveldsnytt **22.30** Sophie Scholls siste dager **00.25**

SVT 1

10.00 Vinterstudion **10.20** Alpint **12.30** Vinterstudion **12.35** Skidor **14.00** Vinterstudion **14.45** Bandy **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Disneydags **18.00** Bobster **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Melodifestivalen 2009 **21.05** The Best Man **22.15** Hjärtan i Atlantis **23.55** Sändningar från SVT24

PERSÓNAN

Selma Björnsdóttir

Aldur: 34 ára.
Starf: Söngkona og leikstjóri.
Stjörnumerki: Tvíburi.
Búseta: 105 Reykjavík.
Fjölskylda: Gift Rúnari Frey Gíslasyni leikara og á dótturina Selmu Rún og soninn Gísla Björn.

Selma hefur gengið til liðs við Eurobandið í staðinn fyrir Regínu Ósk, en hún er jafnframt dómari í Idol-stjörnuleit og leikstýrir Grease í Loftkastalanum.

Íslenskar stelpur unnu við tískuvikuna í París

„Við gerum allt frá því að hjálpa hönnuðum við að klippa efni, sauma og sníða klæðnað fyrir sýningar og vísa til sætis, allt upp í að vera í „show-room“ sem eru sölurnar eftir sýningar,“ segir Elsa María Blöndal, en ellefu nemendur í fatahönnun við LHÍ hafa á undanförnum vikum starfað í kringum tískuvikuna í París.

„Það er nokkurs konar hefð að fyrsta árs nemendur fari út. Við dveljum í um það bil fimm vikur í París og erum búnar að vera að vinna á hverjum degi, tíu til tólf tíma á dag. Þær sem eru að vinna hjá hönnuðum eru að mestu búnar því sýningarnar eru að klárast, en „show-room“ eru enn þá. Þar erum við að taka upp úr og setja ofan í kassa og dressa módelin,“ útskýrir Elsa María og segir stelpurnar hafa skipt sér niður í tvær íbúðir sem þær búi í á meðan þær dvelja úti.

Stelpurnar hafa unnið hjá fatahönnuðum á borð við Martine Sitbon, Sharon Wauchob og Gaspard Yurkievich. Þau „show-room“ sem stelpurnar hafa starfað við eru MC2, GIBO og Totem, en þau eru meðal annars með hönnuðina Manish Arora, Undercover og Rochas. Aðspurð segir Elsa María þetta vera einstakt tækifæri. „Ég upplifi þetta alveg milljón sinnum skemmtilegra en ég hafði vonað. Þetta veitir manni mikinn innblástur og við teljum okkur alveg afskaplega heppnar.“ - ag

BLEIKT OG BLÓMLEGT Einn af kjólum Manish Arora af tískusýningunni í París sem fram fór 9. mars síðastliðinn.

SKEMMTA SÉR VEL Í PARÍS Elsa María og Gígja Ísis eru meðal þeirra ellefu íslensku nema sem hafa unnið í kringum tískuvikuna í París að undanförnu.



LÁRÉTT 2. bifa, **6.** í röð, **8.** gagn, **9.** taug, **11.** átt, **12.** hlutdeild, **14.** kjötstykki, **16.** bardagi, **17.** rá, **18.** tálknblað, **20.** tveir eins, **21.** innyfla.

LÓÐRÉTT 1. dæsa, **3.** öfug röð, **4.** blys, **5.** óhreinka, **7.** stoppistöð, **10.** lúsaegg, **13.** prjónavarningur, **15.** drepa, **16.** ái, **19.** númer.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. poka, **6.** áb, **8.** nyt, **9.** sin, **11.** na, **12.** aðild, **14.** stæik, **16.** at, **17.** slá, **18.** fún, **20.** ll, **21.** iðra.

LÓÐRÉTT: 1. mása, **3.** on, **4.** kyndill, **5.** æta, **7.** biðstöð, **10.** nit, **13.** les, **15.** kæla, **16.** æli, **19.** nr.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Breiðavíkurdrengina.
2. Fyrirtækið Mentis Cura.
3. Lög Gylfa Ægissonar.

DAVÍÐ ODDSSON: Á ERFITT MEÐ AÐ PANTA SÉR PITSU

Umkringdur af mönnum í hvítum eiturefnabúningum

„Já, ég skildi nú ekkert í þessari sendingu fyrst og ætlaði bara að henda umslaginu og duftinu í ruslið. Svo fór ég nú að spá í það hvort sendingin hefði hugsanlega átt að fara til hins Davíðs Oddssonar,“ segir Davíð Oddsson forritari, alnafni Davíðs Oddssonar, fyrrverandi seðlabankastjóra og forsætisráðherra, sem í nokkur ár hefur ekki haft nafn sitt og símanúmer í símaskránni vegna áreitis. Steininn tók þó úr þegar hann fékk hvítt duft í pósti sent til sín fyrir nokkrum árum, í kringum þann tíma er menn hræddust miltisbrandssendingar hryðjuverkamanna.

„Ég hringdi niður á lögreglustöð og náði loks í einhvern sem sagði mér að hringja í 112. Ég hringdi þangað og hélt að það kæmi kannski bara einhver að sækja umslagið svona í rólegheitum. Þess í stað mætti her manns heim til mín, slökkviliðið og allir í einhverjum undarlegum hvítum göllum. Sloppar? Nei, þetta líktist mun frekar einhverjum geimbúningum. Þeir þorðu ekki að koma inn í húsið út af þessu efni og voru því á ráfi fyrir utan hjá mér þar sem efnafræðingurinn var ekki mættur.“ Efnafræðingurinn mætti svo um klukkutíma síðar. „Við fjölskyldan höfðum þá verið föst heima allan tímann og horft á herskarann taka einhverjar æfingar fyrir utan.“ Viðbrögð efnafræðingsins komu því verulega á óvart er hann mætti en hann tók umslagið, stakk því ofan í tösku hjá sér og sagðist „ætla að kíkja á þetta í fyrramálið“ að sögn Davíðs. „Ég held að það hafi enginn átt von á því að þetta væri neitt annað en hveiti, en viðbúnaðurinn var nú samt svona rosalegur.“

KONAN LÉT TAKA DAVÍÐ ODDSSON ÚR SÍMASKRÁNNI Davíð Oddsson forritari lét það ekki raska ró sinni þótt hringt væri í hann að nóttu til í mörg ár. Konan hans vaknaði nefnilega alltaf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Davíð frétti ekkert frekar af hvítadufts-málinu en þetta er ekki í fyrsta skipti sem það hefur einhverjar afleiðingar fyrir hann að heita Davíð Oddsson. „Það var mikið hringt í mig, á nóttunni sérstaklega, þegar menn voru orðnir aðeins í glasi, jafnvel á virkum dögum. Ég vaknaði hins vegar aldrei við símann heldur lenti þetta allt á konunni minni. Það fór því svo að einn daginn tilkynnti hún mér að hún væri búin að láta taka mig úr símaskránni.“

Eftir að Davíð lét taka sig úr símaskránni hefur hann að mestu fengið frið nema hann hefur lent í því að það sé vandkvæðum búnið að panta pitsu. „Stuttu eftir pöntun hefur verið hringt í mig og spurt hvort ég heiti örugglega Davíð Oddsson og hafi verið að panta mér pitsu.“ Á árum áður þegar ávísanir voru skrifaðar var líka stundum horft á hann kímnislega þegar hann ritaði Davíð Oddsson undir tékkana. Davíð Oddsson forritari sér þó fram á að geta jafnvel bráðlega látið birta símanúmerið sitt aftur í símaskránni. „Jú, hver veit nema það líði ekki á löngu þar til ég geri það.“ juliam@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kvikmyndaframleiðendurnir Ingvar Þórðarson og **Júlíus Kemp** vinna nú að málsókn gegn NBC-sjónvarpsrisanum vegna meintra höfundarréttarbrota í sjónvarpsþáttunum Heroes. Þeir félagar staðhæfa að atriði í síðasta þætti hafi verið stolið úr kvikmyndinni Astrópíu og að fleira slíkt gæti komið í ljós í næstu þáttum. Töluverð umræða hefur verið um málið á netinu, meðal annars á Twitchfilm.net og á heimasíðu Fantastic Fest, kvikmyndahátíðar þar sem Astrópía var einmitt sýnd í fyrra.

Ingvar sagði í samtali við Fréttablaðið að þeir væru að kanna málsóknir á hendur Heroes á fleiri stöðum en í Bandaríkjunum, til að mynda í Japan og Þýskalandi, enda væri þátturinn sýndur og nyti vinsælda um allan heim. Lögfræðingar þeirra í Bandaríkjunum meti þó möguleika þeirra nokkuð sterka þar í landi, í það minnsta hafi þeir fallist á að vinna að málsókninni launalaust en gegn því að fá hluta af mögulegum ágóða. Það verður að teljast gott fyrir íslenska kvikmyndagerðarmenn því kostnaðurinn við að koma slíkri málsókn af stað getur numið 15-20 milljónum króna. Og það er bara byrjunin.

Bloggarinn og tónlistarspekúlantinn **Jens Guð** lýsir yfir stuðningi sínum við teiknarann Sigurð Val Sigurðsson í máli hans vegna Plöntuhandbókarinnar sem Fréttablaðið greindi frá í vikunni. Sjálfur segist Jens hafa orðið fyrir þeim óþægindum að verk hans hafi verið gefin út að honum forspurðum á geisladisk og þá oft afbökuð.

Jens er nefnilega höfundur umslaga þekktra íslenskra hljómplatna og nægir þar að nefna Loftmynd Megasar og Konu Bubba Morhtens.

- hdm, fgg

Langar þig í spennandi námsár í Noregi?
Lýðháskólinn í Romerike

Fremstur í sinni röð í leiklist, tónlist og leikhúshönnun. Enn eru laus pláss í leikmyndahönnun skólaárið 2009/10.

- Erum í næsta nágrenni við flugvöllinn í Oslo
- Skólinn byrjar 23 . ágúst 2009
- Þú verður að vera 18 ára
- Hægt er að sækja um skólastyrk til norden@norden.is

Sjá heimasíðu skólans: www.romerike.fhs.no
Hafðu samband sem fyrst. Sími 004763970910, post@romerike.fhs.no

Hjartamiðstöðin

Axel F. Sigurðsson Dr.Med.
hjartalæknir

Hef flutt læknastofu mína í Hjartamiðstöðina, Holtasmára 1, 6. hæð í Kópavogi.

Tímapantanir eru í síma 550 3030 eða á www.hjartamidstodin.is

Tilkynning – Hjartalæknar

Holtasmára 1 • 6. hæð • 201 Kópavogi • Sími 550 3030 • www.hjartamidstodin.is

Vaktmenn verða kvikmynd

„Georg er alveg sérsniðinn fyrir Hollywood,“ segir Jón Gnarr en í gær var það tilkynnt að kvikmynd byggð á Næturvaktinni, Dagvaktinni og Fangavaktinni hefði fengið vilyrði fyrir styrk úr Kvikmyndasjóði. Fréttablaðið greindi frá því á fimmtudaginn að átta myndir hefðu fengið ámóta vilyrði en kvikmyndin um Georg, Daníel og Ólaf Ragnar bættist í hópinn á síðustu stundu.

Jón segir aðstandendur sjónvarpsþáttannna hafa legið yfir handritinu, það sé nú klárt. Myndin mun taka upp þráðinn þegar Georg losnar úr fangelsi en eins og Fréttablaðið hefur greint frá er nú unnið að gerð þriðju þáttaraðarinnar sem ber heitið Fangavaktin. Jón lítur svo á að Georg verði hent í ruslið þegar kvikmyndin lítur dagsins ljós. „Já, hann kallar alltaf fram allt það versta í manni enda bæði leiðinlegur og heimskur maður.“ Jón er nú að undirbúa Georg fyrir fangelsisvistina en hann hefur lagt mikið á sig við að túlka þennan karakter. Ekki var þó mögulegt að láta loka sig inni á Litla-Hrauni sökum plássleysis. „Mig hefur oft langað til að sitja af mér sekt en ég hef bara aldrei verið sektaður,“ segir Jón.

Fastlega má gera ráð fyrir því að Jörundur Ragnarsson, Pétur Jóhann Sigfússon og áðurnefndur Jón

Á HVÍTA TJALDIÐ Orðrómur um gerð bíómyndar sem byggist á sjónvarpsþáttunum Næturvaktin, Dagvaktin og Fangavaktin hefur lengi verið á kreiki. Hann var loks staðfestur í gær þegar kvikmyndinni var úthlutað vilyrði fyrir styrk.

Gnarr verði í aðalhlutverkum en ekki hefur verið gengið frá ráðningu í önnur hlutverk. Leikstjóri verður sem fyrr Ragnar Bragason. - fgg

Lagersala í Askalind 2A, Kópavogi

โกดังสินค้าเลหลัง | Wyprzedaż zapasów magazynowych | sales outlet

30-70% afsláttur



Vorum að bæta við vörum og stækka gólfplássið

Opið í dag kl. 12-17, sunnud. kl. 13-17.
Askalind 2a, Kópavogi

HEIMA HÚSIÐ
heima Ondvegi

heima

Nýkomin sending af klukkum

25% afsláttur af öllum vörum!

ATH! Eingöngu í Síðumúla 30, 108 Reykjavík.

Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Ondvegi
BÚUM BETUR

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

BAKÞANKAR
Davíðs Þórs Jónssonar

Gert út á greindarskort almennings

Árdagar búsáhaldabyltingarinnar eru mér enn í fersku minni, þótt þeir virðist mörgum öðrum gleymdir nú. Þjóðin stóð á Austurvelli og barði saman pottum og pönnum til að koma þeim skilaboðum inn í Alþingishúsið að hún væri búin að fá sig fullsadda af vanhæfni og úrræðaleysi valdhafa. Ég man líka að snertileysi sjálfstæðismanna við raunveruleikann var svo algert að það sem átti að taka til umfjöllunar var frumvarp um að leyfa sölu áfengra drykkja í matvöruverslunum.

ÞEIR héldu í alvörunni að þeir gætu haldið áfram eins og ekkert hefði í skorist, að óbeit þjóðarinnar á stjórnarfari þeirra og starfsaðferðum væri eitthvað tímabundið óþol sem ekkert myndi skilja eftir sig og hægt væri að sitja af sér uns það gengi yfir. Þeir héldu að fólkið með pottana og pönnurnar væri fámennur hópur kverúlanta og „atvinnumótmælenda“ á launaskrá Vinstri grænna. Það er nefnilega löng hefð fyrir því innan Sjálfstæðisflokksins að hafa hvítliðasveitir á sínum snærum og þess vegna halda þeir að aðrir flokkar vinni eins. Hvítliðum sjálfstæðismanna hefur að vísu aðeins einu sinni í lýðveldissögunni verið sigað á almenning, en hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér.

MARGUR heldur mig sig. Þannig trúir Davíð Oddsson því að í Fréttablaðinu séu birtar upplognar skoðanakannanir til að koma höggi á sig. Hann vann nefnilega sjálfur á Mogganum í kalda stríðinu og finnst slík vinnubrögð því ekki fráleit.

ÞJÓÐIN kom á óvart. Ógeð hennar á ríkisstjórn Geirs Haarde blés henni í brjóst áður óþekktri elju og með seiglunni tókst að svæla sjálfstæðismenn frá völdum. Þeir kunna því illa og í síðustu viku sóuðu þeir takmörkuðum tíma Alþingis í að mótmæla því að lýðræði í landinu sé aukið og eflt í stað þess að þar sé fjallað um bráðnauðsynlegar efnahagsaðgerðir. Þær hljóta væntanlega að felast í því að koma brennivíni í búðir. Alltjent hafði Sjálfstæðisflokkurinn lítið annað til málanna að leggja þegar hann var í ríkisstjórn og hagkerfið var nýhrunið.

EKKI kom fram í málþófi sjálfstæðismanna nákvæmlega hve heimska þeir telja kjósendur vera, en ljóst má vera af tilburðunum að þeir álíta þá annaðhvort verulega greindarskerta eða minnislausa. Í apríl verður þeim vonandi sýnt að það er ranglega ályktað.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 14. mars, 73. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	7.49	13.37	19.26
Akureyri	7.35	13.22	19.10

Heimild: Almanak Háskólans

Góða nótt ...

MALM rúmgrind B90×L200cm. Svart **17.950,-**

KILAN rúmteppi B180×L280cm. Ýmsir litir **4.290,-/stk.**

LYCKSELE 2ja sæta svefnsófi B140×188cm. Blátt **42.900,-**

HEMNES rúmgrind B80×L200cm. Hvítt **49.950,-**

MALM rúmgrind B140×L200cm. Birkispónn **25.900,-**

SULTAN HÖGBO springdýna B90×L200cm. Dökkgrátt **13.950,-**

ALVINE ANTIK rúmteppi B180×L280cm. **5.990,-**

19.950,-
SULTAN STORFORS rúm B90×L200cm.

29.900,-
HOPEN rúmgrind B160×L200cm. Svarbrúnt


MELDAL rúmgrind B90×L200cm. Svarbrúnt **9.950,-**

KILAN rúmteppi B180×L280cm. Ýmsir litir **4.290,-/stk.**

VINSTRA rúmgrind B140×L200cm. Háglans beinhvítt **31.900,-**

1.790,-/stk.
INDIRA rúmteppi B150×L250cm. Ýmsir litir

MALM rúmgrind B160×L200cm. Eikarspónn **29.900,-**

JORUN teppi B150×L240cm. Svart/drapplitað **3.490,-**

BEDDINGE 3ja sæta svefnsófi B140×L200cm. Brúnt **49.900,-**

29.900,-
IKEA PS 2ja sæta svefnsófi B160×L205cm. Rautt

TILBOÐ 1.550,-
Sænskar kjötbollur 1kg. rjómasósa og týtuberjasulta

IKEA®
Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2009